

**Mál nr. 1/2007**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ greiðslutryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr greiðslutryggingu vegna sjúkdóms.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 3.1.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 17.1.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Með skriflegri váttryggingarbeiðni, dags. 9.12.2004, sótti M um svokallaða greiðslutryggingu hjá váttryggingafélaginu X. Váttryggingin er tengd greiðsluþjónustusamningi hjá nánar tilgreindum banka og er annars vegar váttrygging vegna tímabundins starfsorkumissis af völdum slyss eða sjúkdóms og hins vegar líftrygging. Nánari fyrirmæli eru í skilmálum um greiðslu bóta úr váttryggingunni. Í fyrrnefndri váttryggingarbeiðni undirritaði M yfirlýsingu um að hann gerði sér grein fyrir að undanskilinn í váttryggingunni er starfsorkumissir sem rekja megi til ástands hans fyrir töku váttryggingarinnar. Jafnframt staðfesti M m.a. að við undirritun beiðninnar og síðustu sex mánuði á undan hafi hann verið heilsuhausstur og að fullu vinnufær. Þá er tekið fram í beiðninni að umsækjandi eigi ekki kost á váttryggingunni, ef hann fullnægir ekki þessum skilyrðum.

Með tjónstilkynningu, dags. 20.2.2006, tilkynnti M til X að í mars 2005 hafi hann greinst með liðagigt eða iktsýki og sykursýki og í sama mánuði hafi verið fyrsti veikindadagur með fjarveru úr vinnu af völdum sjúkdómanna.

Í læknisvottorði heilsugæslulæknis á heilsugæslustöðinni S, dags. 11.4.2006, kemur fram að M hafi greinst með liðagigt í febrúar 2005 og í byrjun sama árs hafi hann einnig greinst með sykursýki. Frá haustinu 2004 hafi hann verið með verki og bólgu í ýmsum liðum. Varðandi sjúkrasögu M síðustu sex mánuði áður en hann undirritaði váttryggingarbeiðnina eru eftirfarandi tilvik skráð í sjúkraskrá S:

20.7.2004: Hækkaður blóðþrýstingur, settur á lyfið Atenolol.

8.8.2004: Leitaði á slyshadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH) með frosna öxl. Mun hafa verið sprautaður í öxlina og settur á bólgueyðandi lyf.

6.10.2004: Hafði leitað til hjartalæknis vegna háþrýstings. Lögð hafi verið drög að áreynsluprófi sem M fór ekki í.

7.12.2004: Leitaði á bráðamóttöku LSH í Fossvogi með verk í vinstra hné og væga bólgu. Stungið var á liðnum og tappað af 15 ml af tærum liðvökva sem sendur var í rannsókn. Fékk bólgueyðandi töflu og átti tíma hjá heimilislækni daginn eftir og vísað til eftirlits hjá honum.

8.12.2004: Við skoðun á heilsugæslustöðinni er lýst þreifiefmslum og verkjum við hreyfingu, en ekki mikill vökvi. Var grunur um slitgigt í hnénu og var sprautað í það með sterum.

Næst kom M til lækni þann 25.1.2005 vegna verkja í hæl og bólgu og verkja í hægri hendi. Við skoðun þá greindust liðbólgu og vaknaði grunur um liðagigt. Var honum vísað til gigtarlæknis.

Í læknisvottorði sérfræðings í lyflækningum og gigtsjúkdómum, dags. 13.10.2006, segir að nálægt árinu 1978 hafi M byrjað að fá verki og þá mest á mjaðma- og axlasvæði og hafi þá verið greindur með “slitgigt í mjöðm”. Eftir það hafi hann haft verki hér og þar og á árinu 1993 hafi hann dvalist á Reykjalundi og farið í ítarlegar rannsóknir. Frá hausti 2004 hafi honum farið versnandi

af einkennum, aðallega verkjum í hálsi, herðasvæði og í öxlum, en síðan í vaxandi mæli frá desember 2004 vegna verkja í hné og í kjölfar þess í tábergi og smáliðum handa.

#### **Álit.**

Samkvæmt gögnum málsins er ljóst að frá haustinu 2004 bjó M við versnandi heilsu vegna einkenna í hálsi, herðasvæði og í öxlum. Þann 7.12.2004, eða tveimur dögum áður en hann sótti um váttrygginguna, leitaði hann á bráðamóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúss vegna verkja og bólgu í vinstra hné. Hann hafði ekki verið heilsuhraustur síðustu sex mánuði fyrir töku váttryggingarinnar. Af þeim sökum uppfyllti hann ekki skilyrði, sem fram koma í váttryggingarbeiðninni, til að eiga kost á váttryggingunni. Hefði X því ekki tekið á sig váttrygginguna hefði það haft vinteskju um hvernig heilsufari M var háttað síðustu sex mánuði áður en hún var tekin. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga, sem í gildi voru er váttryggingin var tekin, telst X þegar á því tímamarki hafa verið laust undan váttryggingarsamningnum. Af því leiðir að M á ekki rétt til bóta úr váttryggingunni.

#### **Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr greiðslutryggingu hjá X.

Reykjavík, 30. janúar 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 2/2007**

**M**

og

**Vátryggingafélagið X v/A**

og

**Vátryggingfélagið Y v/B**

**Árekstur við bensínstöð að Ártúnshöfða þann 18.11. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 04.01. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 10.01. 2007.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 15.01. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Áreksturinn varð þegar A var ekið af stað frá bensíndælu í þann mund sem B var ekið vinstra megin framhjá A og beygt til hægri.

Vátryggingafélögin telja að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að gæta ekki nægjanlegrar varúðar er hann ók af stað úr kyrrstöðu sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. M telur að ökumaður B hafi ekið óvarlega, hann hafi ekið á ”nokkurri ferð og svínaði fyrir mig...”

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að gæta ekki nægjanlega að annarri umferð er hann ók af stað sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Fyrirliggjandi frásögn starfsmanns bensínstöðvarinnar gefur ekki tilefni til að leggja ábyrgð á B þrátt fyrir að starfsmaðurinn telji að B hafi verið á ”þónokkurri ferð”.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 30. janúar 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 3/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á eftirvagni.**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 4.1.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 18.1.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 4.10.2006 var vörubifreiðinni A ekið norður þjóðveg nr. 76, Siglufjarðarveg. A dró eftirvagn í eigu M. Á vagninum var beltagrafa, um 36 tonn að þyngd. Á móts við Mánárskriður varð eldur laus í hjólabúnaði eftirvagnsins. Skemmdir urðu á eftirvagninum auk skemmda á hjólabúnaðinum.

Eigandi og ökumaður A kvaðst hafa verið að koma frá Reykjavík. Hafi hann stöðvað bifreiðina um leið og hann varð eldsins var og tekið beltagröfuna ofan af vagninum til að forða henni frá skemmdum. Hann hafi haft vagninn að láni hjá M. Ökmaðurinn taldi að legur í hjólabúnaði eftirvagnsins hafi gefið sig og við það myndast mikill hiti sem hafi leitt til þess að eldur kviknaði í dekkjum og loftpúðum.

Í málskoti segir að færa megi sterk rök að því að lega hafi gefið sig og það hafi valdið tjóninu.

A var vátryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá Vátryggingafélaginu X. Hefur félagið fallist á að greiða bætur vegna tjóns á eftirvagninum að undanskildum kostnaði við viðgerð á öxli sem bilunin er rakin til. M krefst þess að kostnaður verði einnig bættur úr ábyrgðartryggingu A, auk bóta fyrir afnotamissi “þar sem viðgerð hefur dregist allt of lengi”.

**Álit.**

Ekki virðist deilt um það með aðilum að eldinn, sem kviknaði í hjólabúnaði eftirvagnsins, megi rekja til bilunar í legu í hjólinu. Deilt er hins vegar um það hvort tjón á öxli eftirvagnsins skuli bætt úr ábyrgðartryggingu A á grundvelli ábyrgðarreglu 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1988, en þar er mælt fyrir um það að sá sem ber ábyrgð á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skuli bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Eftirvagn, eins og hér um ræðir, er ökutæki sem er hannað til að vera dregið af öðru ökutæki og aðallega er ætlað til vöruflutninga, sbr. skilgreiningu á slíku tæki í 2. gr. ufl. Örsök eldsins er bilun í legu í hjólabúnaði eftirvagnsins. Þegar litið er til þess að vagninn er hannaður sérstaklega til að vera dreginn af öðru ökutæki, verður eins og hér stóð á ekki fallist á að tjónið verði rakið til notkunar A í skilningi 1. mgr. 88. gr. ufl. Tjón það, sem deilt er um í málinu, verður því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A. Þegar af þeirri ástæðu verður afnotamissiskrafa M heldur ekki tekin til greina.

**Niðurstaða.**

Tjón á eftirvagni í eigu M, sem deilt er um í máli þessu, bættist ekki úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík, 7. febrúar 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 4/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/A sem var með hjólhýsi**  
**og**  
**v/B sem var með tjaldvagn**

**Árekstur við mætingu bifreiða á Þjóðvegi 1 um Berufjörð 06.07. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 05.01. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 22.01. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Áreksturinn varð við mætingu bifreiðanna.

Vátryggingafélagið telur að skipta skuli sök til helminga þar sem óupplýst sé hvar á veginum áreksturinn varð. Ósannað sé hvor ökumanna hafi farið yfir á vegarhelming hins.

M telur að ökumaður B skuli bera ábyrgð á árekstrinum fyrir ógætilegan akstur og hafa ekið of innarlega á veginum. Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

**Álit.**

Ökumönnum ber ekki saman um aðdraganda árekstursins, hvor ber hinn sökum um að hafa vikið illa eða ekki við mætingu bifreiðanna.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er óupplýst um staðsetningu bifreiðanna við áreksturinn. Ekki verður ráðið með nægjanlegri vissu um staðsetningu bifreiðanna og ekki eru forsendur til að láta halla á annan ökumanninn fremur en hinn. Sök er því skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 7. febrúar 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 5/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v. A og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v B**

**Áræktur bifreiða á Miklubraut í Reykjavík þ.13.11.2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið þ. 3.1.2007 ásamt tölvubréfum, reikningi og millifærslu
2. Niðurstaða tjonanefndar nr.989/06
3. Tjónaskýrsla dags. 13.11.2006
4. Bréf V-2 dags. 10.1.2007 og 13.11.2006.
5. Bréf V-1 dags. 13.12.2006 og 13.1.2007.

**Málsatvik.**

A ók aftan á B á Miklubraut í Reykjavík. Ökumaður A segir að B hafi verið snarhemað vegna þess að B hafi ekið of nálægt annarri bifreið C og vegna þess að B hafi snarhemað þá hafi áræktur orðið. Ekki liggur fyrir framburður ökumanns B og á sameiginlegri tjónstilkynningu er merkt við reit nr. 8 fyrir A þ.e. ók aftan á hitt ökutækið í akstri. Þá segir að B hafi snarhemað en C sem rætt er um sem bifreiðina sem var á undan B hafi hemað.

**Álit.**

Gögn málsins eru takmörkuð. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað ráðið en að A sem ók á eftir B hafi verið ekið aftan á B. Ekki hefur verið sýnt fram á að B beri að einhverju leyti sök á árækstrinum og verður því öll sök felld á ökumann A.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík. 7 .2. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 6/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið(V-1) v. A og**  
**Vátryggingafélagið (V-2) v B**

**Árekstur bifreiða á Geirsgötu í Reykjavík þ. 15.11.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 9.1.2007
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 944/06
3. Lögregluskýrsla dags. 15.11.2006 ásamt ljósmyndum.
4. Bréf V-2 dags. 19.1.2007
5. Bréf V-1 dags. 22.1.2007

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu segir að A hafi ekki staðið lengur þar sem óhappið var en B hafi staðið þar sem henni hafi verið bremsað síðast. Þá segir að greinileg bremsuför á yfir 30 metra kafla og skil á milli hafi verið eftir B. Ökumaður B segist hafa ekið niður Ægisgötu að Geirsgötu með fyrirhugaða akstursstefnu austur þá götu og þegar grænt ljós hafi komið hafi A verið ekið í veg fyrir B og hafi hann þá flautað og síðan ekið á eftir A og verið á vinstri akrein en A á hægri akrein og allt í einu hafi ökumaður A byrjað að aka í veg fyrir B yfir á vinstri akrein þangað til árekstur varð. Ökumaður A bar upphaflega að B hafi bremsað og runnið og lent á A síðar greindi ökumaður A svo frá að hann hafi verið á gatnamótum Geirsgötu og Suðurbugtar og svínað fyrir B og síðan hafi B ekið á eftir A og síðan samhliða á vinstri akrein en A var á þeirri hægri og hafi B verið bremsað einkennilega og runnið í átt til sín og bifreiðarnar snerst. Á myndum af vettvangi má sjá bremsuför eftir B á vinstri akrein en plastbrot úr A var við miðju kaflann á vinstri akrein um 20 cm. frá akreinarskiptum.

**Álit.**

Ökumenn greinir á en af ummerkjum að dæma sbr lögregluskýrslu verður ekki annað ráðið en að A hafi ekið inn á vinstri akrein þar sem B var ekið og á B. A ber því alla sök á árekstrinum

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík. 7.2.2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 7/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/B og A**

**Árekstur á bifreiðaplani við Geirsgötu 1 þann 30.10. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 10.01. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.01. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Áreksturinn varð á bifreiðaplani skammt frá matsölustað sem þarna er. B var að aka aftur á bak í stæði í þann sama mund sem A var ekið til hægri inn á bifreiðaplanið. Ökumaður B heldur því fram að hann hafi verið kyrrstæður þegar áreksturinn varð.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi bakkað í veg fyrir A.

M telur að ökumaður A skuli bera ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á B.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum og aðstæðum á vettvangi verður sök skipt til helminga. Ósannað er um nákvæma staðsetningu bifreiðanna og frásagnir ökumanna eru misvísandi. Eftir atvikum þykir því rétt að skipa sök til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 13. febrúar 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 8/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.**

**Árekstur á Miklubraut í Reykjavík við gatnamót Kringlumýrarbrautar þann 10.11.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 10.1.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 25.1.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið vestur Miklubraut. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið suður Kringlumýrarbraut og beygt til hægri áleiðis vestur Miklubraut. Rakst þá framendi A aftan á B vinstra megin. Hámarkshraði á Miklubraut er 60 km á klst.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið eftir miðakrein Miklubrautar á 50-60 km hraða á klst., þegar B hafi verið ekið af afrein frá Kringlumýrarbraut og beint inn á miðakreinina í veg fyrir A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 40 km hraða og er hann kom inn á Miklubraut hafi hann stefnt inn á akrein nr. 2. Hann hafi gefið stefnumerki. Hann kvaðst aldrei hafa séð A koma og hafi A verið ekið aftan á B vinstra megin. Taldi hann ekki ólíklegt að ökumaður A hafi ekið of hratt.

**Álit.**

Á Miklubraut, þar sem áreksturinn varð, eru þrjár akreinar til vesturs. Skýrslu ökumanns B verður að skilja svo að hann hafi ekið inn á Miklubraut og stefnt inn á miðakreinina til vesturs, þ.e. aðra akrein frá hægri, þegar áreksturinn varð. Á Kringlumýrarbraut hvílir biðskylda gagnvart umferð á Miklubraut og ber ökumanni B því að veita umferð á Miklubraut forgang, sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt gögnum málsins er ljóst að ökumaður B ók inn á Miklubraut í veg fyrir A. Með því braut ökumaður B biðskyldu gagnvart A og ber því ábyrgð á árekstrinum nema sannað sé að ökumaður A hafi einnig átt þátt í því með saknæmri háttsemi að áreksturinn varð, svo sem með of hröðum akstri eða akstri yfir gatnamót án þess að það hafi verið heimilt vegna stöðu umferðarljósa. Slík sönnun um sök ökumanns A liggur ekki fyrir í máli þessu. Verður því ekki hjá því komist að leggja alla sök á ökumann B.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 13. febrúar 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 9/2007

M og  
V-1 v. A og  
V-2 v B

### Árekstur bifreiða á Langholtsvegi í Reykjavík þ. 2.5.2006 .

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 11.1.2007 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 479/06
3. Lögregluskýrsla dags. 3.5., 22.6. og 19.12.2006

#### Málsatvik.

A var ekið vestur Langholtsveg í fyrirhugaða U beygju og leggja í stæði. B var ekið í sömu átt og varð árekstur með bifreiðunum skammt vestan við Holtaveg. Ökumaður A segist hafa ætlað að taka U beygju og gefið stefnuljós og ekið örlítið til vinstri í því skyni að hafa betra pláss til að beygja en þá hafi B verið ekið inn í hliðina á A en A hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. Ökumaður B segir að A hafi verið ekið til vinstri eins og meiningin væri að leggja A í stæði vinstra megin götunnar en allt í einu hafi A verið snúið til hægri og árekstur orðið. Bremsuför eftir B mældust 18.9 metrar. Í viðbótarskýrslum hjá lögreglu segir ökumaður B að hann hafi e.t.v. ekið á 60 km. hraða en hámarkshraði þar sem áreksturinn varð eru 50 km. Ökumaður B segir að A hafi ekki verið kyrrstæð þegar árekstur varð en ökumaður A heldur fast við þann framburð. Af hálfu ökumanns A er því haldið fram að ástæða árekstursins hafi verið sú að B hafi ekið of hratt og ekki veitt A athygli.

#### Álit.

Ágreiningslaust er með öikumönnum að A hafi verið ekið til hægri áður en bifreiðinni var ekið til vinstri í fyrirhugaða U beygju. Þá liggur fyrir að B var ekið of hratt í umrætt sinn og yfir leyfilegum hámarkshraða á götunni þar sem áreksturinn varð. Báðir öikumenn bera því sök á árekstrinum en A þó megin sökina þar sem hann beygir í veg fyrir B. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að fella 2/3 sakar á A og 1/3 sakar á B

#### Niðurstaða.

Aber 2/3 sakar og Bber 1/3 sakar.

Reykjavík 13.2. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 10/2007**

**M**

**og**

**X v/óþekkts ökutækis (A)**

**Umferðaróhapp við útkeyrslu bifreiðaplans við Nordica hótél  
þann 28.08. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 11.01. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf váttryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.01. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var á ferð á reiðhjóli á móti einstefnu útkeyrslu frá Nordica hóteli umræddan dag. Hann féll af reiðhjólinu að því er hann telur vegna ökutækis sem ók í veg fyrir hann.

A telur bótaábyrgð ekki fyrir hendi þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að ökutæki hafi ekið í veg fyrir M. A telur að tjóni M hafi ekki verið valdið af óþekktu ökutæki í þeim skilningi að kröfu verði beint að A. Málið heyri ekki undir A sbr. V. kafla reglugerðar um lögmæltar ökutækjategyggingar nr. 392/2003.

Varakrafa A er sú að vegna stórkostlegs gáleysis M sjálfs verði bótakrafa hans felld niður að öllu leyti sbr. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta. Hann telur nægjanlega sannað að óþekkt ökutæki hafi valdið líkamstjóni hans enda bendi öll gögn til þess að tjón hans hafi orðið af völdum ökutækis.

**Álit.**

M heldur því staðfastlega fram að hann hafi fallið í götuna af reiðhjóli sínu þegar óþekkt ökutæki hafi ekið í veg fyrir hann á umræddum stað.

Fyrirliggjandi gögn benda eindregið til þess að óhapp M megi rekja til óþekkts ökutækis. M hefur verið staðfastur í frásögn sinni af atvikum máls þessa þegar í kjölfar meiðsla sinna. Hann gerði slasaður vart við sig á umræddu hóteli og leitaði á slysadeild í framhaldi þessa.

Með hliðsjón af framanrituðu er fallist á að M eigi bótakröfu á hendur A skv. nefndri reglugerð um lögmæltar ökutækjategyggingar.

Það var óvarlegt af M að hjóla á móti einstefnu í umrætt en það gáleysi fellur ekki undir stórkostlegt gáleysi. Vegna þessa er ekki tilefni til að skerða bótarétt M skv. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

**Niðurstaða.**

M á bótarétt á hendur A skv. reglugerð um lögmæltar ökutækjategyggingar nr. 392/2003.

Reykjavík 7. febrúar 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 11/2007**

**M og  
V-1 v. A og  
V-2 v B**

**Árekstur bifreiða á gatnamótum Borgarbrautar og Glerárgötu á Akureyri þ.27.11.2006**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið þ. 12.1.2007
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 1002/06
3. Tjónaskýrsla dags. 27.11.2006.
4. Bréf V 1 dags. 26.1.2007
5. Bréf V-2 dags.30.1.2007
6. Úr dagbók sýslumannsins á Akureyri dags. 27.11.2007 og ljósmyndir.

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa ætlað að beygja inn á Glerárgötu og taldi að bifreiðin á undan honum mundi fara beint áfram en þá hafi B skipt snögglega um akrein og hafi ökumaður A ekki náð að hemla í tæka tíð vegna hálfu og árekstur orðið. Ökumaður B segist viðurkenna að hafa verið þínu rangt staðsettur á akreininni miðað við að hafa ætlað að aka í hægri beygju en hann hafi gefið stefnumerki í tjónstilkynningu segir ökumaður B að hann hafi verið á afreininni þegar A hafi komið á eftir B og ekið of nálægt og árekstur orðið.

**Álit.**

Á sameiginlegri tjónstilkynningu og fyrirbyggjandi gögnum verður ekki annað ráðið en að B hafi í umrætt sinn ekið í veg fyrir A og ber því alla sök á árekstrinum

**Niðurstaða.**

B ber alla sök

Reykjavík. 13. 2.2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 12/2007**

**H  
og  
X hf. vegna slysalíðar fjölskyldutryggingar**

**Tjón vegna handalögmála 13. október 2002.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 12. janúar 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur frá X hf. dags. 22. janúar 2007.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að H var á gangi á götu þegar til handalögmála kom milli hans og annars manns. Þeim var stíað í sundur. H hélt áfram göngu sinni og stökk sá sem hann hafði áður átt í handalömmálum við aftan á H og féll H áfram í götuna og hinn ofan á. H slasaðist í fallinu.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ráðið að nánast strax eftir að H og öðrum manni hafði verið stíað sundur vegna handalögmála stökk maðurinn á H með þeim afleiðingum að H féll fram á við og slasaðist. Með vísan til gr. 34.3 í vátryggingarskilmálum slysalíðar fjölskyldutryggingar H telst tjónið ekki bótaskyldt vegna áhættutöku H.

**Niðurstaða.**

Tjón H bætist ekki úr slysalíð fjölskyldutryggingar H.

Reykjavík, 13. febrúar 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 13/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar V.**

**Vinnuslys í endurvinnslustöð V í Reykjavík þann 5.10.2004.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 16.1.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 5.2.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M starfaði sem vaktstjóri í endurvinnslustöð hjá V. Þann 5.10.2004 fór hún ofan í gám til að raða timbri í honum. Vildi þá svo til að vörubretti var hent ofan í gáminn með þeim afleiðingum að það lenti í höfði M og baki og hlaut hún meiðsl af. M kvaðst hafa snúið baki í þann sem henti brettinu og ekki tekið eftir því þegar því var hent ofan í gáminn. M var ekki með hjálm á höfði, þegar slysið varð. M hafði starfað um 8 ½ ár hjá V er slysið varð.

Í öryggisbók V, dags. 25.8.2005, segir m.a. svo um gáma og gámalosun: *“Þegar starfsmaður fer ofan í gám til þess að raða í hann ber honum að nota hjálm. Hafa ber í huga að hætta getur skapast ef viskiptavinur sem ætlar að losa í gáminn sér ekki starfsmanninn sem er ofan í honum.”*

Í starfslýsingu fyrir vaktstjóra á endurvinnslustöð hjá V, dags. 2.2.2005, kemur fram í 1. gr. að á hverri vakt sé einn vaktstjóri og hann beri ábyrgð á vaktinni. Það þýði m.a. að hann þekki vel til allra vinnuferla. Þá segir að vaktstjórinn skuli tryggja að allir starfsmenn fari eftir settum starfsreglum sem og öryggisreglum. Í 6. gr. starfslýsingarinnar segir: *“Verkstjóri ber ábyrgð á því að öllum öryggismálum sé framfylgt í hvívetna. Hann kemur með tillögur til úrbóta og bendir á það sem má fara betur og kemur þeim til umsjónarmanna.”*

**Álit.**

Þótt framangreind öryggisbók V og starfslýsing fyrir vaktstjóra hafi verið gefin út á árinu 2005 verður ekki annað ráðið en sams konar starfslýsing og öryggisreglur hafi verið í gildi þegar slysið varð. Mátti M vera ljóst að mjög hættulegt gat verið að fara ofan í gám til vinnu þar án þess að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hlutum væri hent ofan í gáminn, svo sem með því að annar starfsmaður vaktaði gáminn meðan á vinnunni stóð. M gegndi stöðu vaktstjóra í endurvinnslustöðinni með þeim starfsskyldum sem því fylgdi, jafnframt sem hún hafði margra ára starfsreynslu hjá V. Síndi M gáleysi með því að hafa farið ofan í gáminn umrætt sinn án þess að hafa gert viðhlítandi ráðstafanir til að koma í veg slys eins og hún varð fyrir. Ekki hefur verið sýnt fram á að slysið verði rakið til ófullnægjandi öryggisreglna, ónógrar verkstjórnar eða annarra atvika sem V getur borið ábyrgð á. Bótaábyrgð verður því ekki lögð á V vegna líkamstjóns M.

**Niðurstaða.**

V ber ekki bótábyrgð á líkamstjóni M.

Reykjavík, 27. febrúar 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 14/2007**

**M og  
V-1**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þ. 16.4.2001.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 18.1.2007 ásamt bréfi dags. 10.1.2006.
2. Bréf V-1 dags. 31.1.2006 ásamt fylgiskjölum 1-13
3. Læknisvottorð dags. 28.8.2006 og læknabréf dags. 23.1.2006.

**Málsatvik.**

M byggir á því að hann hafi orðið fyrir heilaskaða við vinnu sína þ.16.4.2001 og sé það tjón sem er afleiðing þess þ.e. heilaskaði, bótaskyldar úr tryggingu sem hann er með hjá V-1. V-1 hafnar bótakröfu M og heldur því fram að heilaskaði sé ekki eitt af bótasviðum þeirrar tryggingar sem M er með hjá V-1. og hafnar félagið bótaskyldu með vísan til 3. og 5. gr. váttryggingarskilmála. Í lýsingu í læknisvottorði þ.28.8.2006 kemur fram með svipuðum hætti og í öðrum læknisfræðilegum gögnum sem lögð eru fram í málinu að M hafi fengið heilaskaða við líkamsárás þ. 16.4.2001 sem hafi haft ýmsar afleiðingar m.a. skerta vinnugetu auk ýmiss annars sem nefnt er.

**Álit.**

Fallist er á það með V-1 að bótaskylda sé ekki fyrir hendi með vísan til 3. gr. váttryggingarskilmála aðila og fyrirbyggjandi læknisfræðilegra gagna sem lögð hafa verið fram í málinu.

**Niðurstaða.**

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 27.2. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 15/2007**

**M og**

**Vátryggingafélagið V-1 v. Húftryggingar á fiskiskipum v. bátsins S**

**Krafa um bætur vegna báts sem sökk þ. 25.8.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 18.1.2007 ásamt fylgiskjölum 1-13
2. Bréf Kjartans Reynis Ólafssonar hrl. Dags. 12.2.2007.

**Málsatvik.**

Báturinn S sökk um 14 sjómílur norður af Rifi á Breiðafirði þ.25.8.2006. Skipverjar sögðu að drepist hefði á aðalvél bátsins eftir að þeir höfðu vitjað neta. Skipstjórinn sem jafnframt var vélstjóri reyndi að starta vélinni en án árangurs og sá þegar hann leit ofan í vélarrúmið að það var að fyllast af sjó. Vatnsdælur voru í gangi en þær urðu fljótt straumlausar. Í lögregluskýrslu kemur fram að skipverjar hafi sagt að báturinn hefði skömmu áður farið í gegn um skoðun þó að vitað væri að hann læki. Veður var gott þegar þetta gerðist. M krefst bóta vegna þess tjóns sem félagið varð fyrir vegna þess að S sökk. V hafnar bótaskyldu og bendir á að talsverður leki hafi verið á bátnum og dælur hafi stöðugt þurft að vera í gangi til að báturinn fylltist ekki af sjó og því telur V að skipið hafi ekki verið haffært þegar það lagði á sjó í umrætt sinn. V byggir á því að skilmálar þeir sem um tryggingu M hjá V gilda hafi verið brotnir og með vísan til framburðar aðila og vitna við sjópróf komi fram að báturinn hafi ekki verið haffær þrátt fyrir að haffærisskírteini hafi verið gefið út dags.2. ágúst 2006.

**Álit.**

Rökstuðningur M fyrir bótakröfu er mjög takmarkaður. Fallast verður á það með V að með framburði í lögregluskýrslu og við sjópróf kemur fram að verulegur leki hafi verið á bátnum og því varhugavert að fara á honum á sjó í umrætt sinn. Með vísan til þessa og með vísan til greinar 13.3. og 14 í vátryggingaskilmálum þeim sem gilda um umrædda tryggingu verður ekki á það fallist að tjón M sé bótaskyldt úr húftryggingu M hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr húftryggingu sinni hjá V.

Reykjavík. 16.3. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 16/2007**

**M eigandi A**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A og v/B**

**Árekstur á gatnamótum Réttarholtsvegur og Sogavegar 24.12. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 19.01. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.01. 2007.
3. Bréf fulltrúa B vegna málskotsins, dags. 05.02. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var ekið norður Réttarholtsveg og beygt til vinstri áleiðis vestur Sogaveg en B var ekið suður Réttarholtsveg. Ökumenn voru sammála um stöðu umferðarljósanna sem þarna eru þ.e. að grænt ljós hafi logað fyrir akstursstefnu þeirra.

Haft er efnislega eftir ökumanni A í skýrslu lögreglu að á gatnamótunum hafi verið kyrrstæð jeppabifreið með stefnu af Réttarholtsvegi til suðurs inn á Sogaveg til austurs. Hann hafi litið eftir umferð úr gagnstæðri átt en ekki séð neina og því ekið áfram. Um leið og hann ók áfram fyrir h-framhornið á jeppabifreiðinni hafi hann veitt B athygli, hann hafi aukið hraða til að komast undan en árekstur orðið.

Haft er eftir ökumanni B að hann hafi ekið hægra megin fram með nefndri jeppabifreið. Skyndilega hafi A birst og árekstur orðið.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi ekið í veg fyrir B.

Óþarft er að geta viðbótarfrásagna fulltrúa aðila máls þessa.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B. Honum bar að veita umferð suður Réttarholtsveg forgang sbr. 6. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þessa gætti hann ekki.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B miðað við gögn málsins.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 13. febrúar 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 17/2007

M og  
V-1 v. A og  
V-2 v B

### Árekstur bifreiða í Kjarrhólma í Kópavogi þ.7.10.2006 .

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 19.1.2007 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Niðurstaða tjonanefndar nr.972/06
3. Tjónaskýrsla dags. 7.10.2006
4. Bréf V-1 dags. 20.12.2006 og 26.1.2007
5. Bréf V-2 dags. 31.1.2007

#### Málsatvik.

Árekstur varð milli bifreiðanna á bifreiðastæði við Kjarrhólma í Kópavogi. B var ekið eftir bifreiðastæðinu framhjá A sem var í stöðureit og beið færís að bakka. Eftir að B hafði ekið framhjá A stöðvaði ökumaður B bifreiðina og ók henni síðan aftur á bak og í sama mund var A að aka út úr stöðureit og lenti A í vinstri hlið B. Ökumaður A segist hafa verið byrjaður að bakka og séð þá hvar B var ekið aftur á bak og hafi hann þá stöðvað en ekki getað komið í veg fyrir árekstur. Ökumaður B segist hafa verið að bakka til að komast í bílastæði þegar A hafi bakkað í vinstri hlið B

#### Álit.

Báðir ökumenn bökkuðu í umrætt sinn án þess að sýna nægjanlega varúð. Hvoudur ökumanna gætti þeirrar víðtæku varúðarreglu sem sett er um bifreiðar sem aka aftur á bak. Ekki verður séð að unnt sé að leggja sök á annan ökumann umfram hinn og er því sök skipt til helminga.

#### Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík. 27.2.2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 18/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar vinnuveitanda**

**Vinnuslys þann 1. júlí 2005, meiðsl á auga.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 19.01. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.02. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M vann við að losa rafmagnsdós úr vegg til að geta tengt tengla tveggja samliggjandi rafmagnsdósa. Hann mun hafa gripið um með svokallaðri spóatöng í dósina en ekki vildi betur til en svo að töngin skaust í auga hans þannig að meiðsl hlutust af.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. röksemdafærslu í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Ekki hafi verið sýnt fram á vanrækslu fyrirtækisins. Félagið vísað m.a. til þess að Vinnueftirlit ríkisins láti þess getið að ekki hafi verið skorið úr rafmagnsdósinni sem M var að losa og að það hafi verið orsök slyssins. Vinnueftirlitið taki ekki afstöðu til þess hvort um vanbúnað hafi verið að ræða. Félagið telur að M hafi notað verkfæri sem algenget sé að nota við þessar aðstæður, þrátt fyrir umfjöllun vinnueftirlitsins um það. Félagið telur að skaðabótaskylda verði ekki byggð á því að verkfæri þau sem M hafi notast við hafi ekki hentað til verksins. Það telur að starf M hafi verið "einfalt og hættulítið". M hafi togað í dósina af "þvílíku afli að hann missti takið á henni og kippti tönginni að sér með þeim afleiðingum að hún lenti í auga hans". Rekja megi slysið til óhappatilviljunar og eigin gáleysis M. Engin atvik liggja fyrir í málinu sem geti felld sök á vátryggingartaka eða starfsmenn hans.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á skaðabótaskyldu vátryggingartaka. Tjónsatburð máls þessa virðist fyrst og fremst mega rekja til óhappatilviljunar og verklags M í umrætt sinn. M á því ekki rétt á greiðslu bóta úr þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

**Niðurstaða.**

Skaðabótaskylda þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 27. febrúar 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 19/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

### Vinnuslys 8. febrúar 2001, hönd lenti í skurðarvél

#### Gögn.

1. Málskot móttakið 22.01. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.02. 2007.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M slasaðist við vinnu sína. Hann lenti með hægri hönd í skurðarvél sem mótar og sker bylgjupappa svo af tók hluta fingurs.

Stöku sinnum festist afskurður í vélinni og þá hefur þurft að stöðva vélina og fjarlægja afskurðinn. Þegar M slasaðist var hann að fjarlægja afskurð og hafði stöðvað vélina með stöðvunarrofa. Hann átti í erfiðleikum með að ná afskurðinum. Þegar hann var að teygja sig niður milli valsanna rak hann hné í rofabúnað vélarinnar. Við það fór vélin í gang með fyrrgreindum afleiðingum. Engar öryggishlífar voru yfir þessum hluta vélarinnar. M mun hafa haft 3 ára starfsreynslu við vinnu við vélina.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. röksemdafærslu í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Það telur að leggja verði frumskýrslu lögreglu til grundvallar en þá hafi M haldið því fram að hann hafi reynt að ná afskurði án þess að stöðva vélina. Vinnueftirlit ríkisins hafi ekki gert kröfur um úrbætur á vinnustaðnum í kjölfar slyssins. Þá hafi M reynslu af vinnu þessari. Félagið telur að leggja verði til grundvallar að M hafi reynt að losa afskurðinn án þess að stöðva vélina, andsætt hefðbundnum vinnubrögðum. Sú háttsemi hans sé meginorsök slyssins.

Vinnueftirlit lætur þess m.a. getið í endurskoðaðri skýrslu sinni að við skoðun á vélinni þann 29.10. 2001 hafi komið í ljós að búið var að skipta um rofa sem stjórnar fráslagsfæribandi. Rofabúnaðurinn uppfylli ekki öryggiskröfur um rofabúnað, hvorki eldri reglum né gildandi lögum um vélar og tæknilegan búnað nr. 580/1995. Það telur að örsök slyssins megi rekja til þess að engar öryggishlífar voru á vélinni og að rofabúnaður var þannig að hægt var að setja vélina af stað óviljandi. Vegna þessa gerði eftirlitið tilteknar kröfur um úrbætur sem getið er í nefndri skýrslu.

#### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. niðurstöðum Vinnueftirlits ríkisins varðandi orsök slyssins og athugasemdir sem það gerði við ástand vélarinnar, eru fram komnar nægar upplýsingar til að telja að umrætt slys M megi rekja til vanbúnaðar á vinnustað sem vinnuveitandi M ber skaðabótaábyrgð á.

M hafði nokkra starfsreynslu við þá vinnu sem framkvæmd var. Hefði hann átt að gæta aukinnar aðgæslu við vinnu sína vegna ástands vélarinnar. Þessa gætti hann ekki nægjanlega og því ber hann nokkra ábyrgð á slysinu.

Með hliðsjón af framanrituðu er fallist á bótaábyrgð þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir sem nemur 2/3 hluta. M ber 1/3 hluta tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar.

#### Niðurstaða.

Skaðabótaskylda þeirrar váttryggingar sem hér um ræðir er fyrir hendi sem nemur 2/3 hluta.

Reykjavík 27. febrúar 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 21/2007**

**M**  
**og**  
**X hf. vegna A**  
**og**  
**Y hf. vegna B**

**Árekstur á gatnamótum 4. janúar 2005.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 24. janúar 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur frá X hf. dags. 1. febrúar 2007.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að ökumaður A ók eftir Ægisgötu og beygði síðan til hægri vestur Túngötu. Strætisvagnin B ók austur Túngötu. Í lögregluskýrslu segir ökumaður B að vegna bíla sem var lagt misvel við Túngötuna þurfti hann að aka með miðlínu götunnar nokkuð undir ökutækinu. Þegar ökumaður B kom að gatnamótum Ægisgötu sá hann A aka af stað til vesturs og er þeir mættust skulu þeir saman. Ökumaður A segist enga umferð hafa séð þegar hann ók inn á götuna. Síðan hafi hann alltí einu séð strætó go árekstur hafi orðið.

**Álit.**

Fyrir liggur af gögnum málsins að biðskylda var á A. Honum bar að veita allri umferð eftir Ægisgötu forgang. Eins og aðdragandi árekstursins var og aðstæður allar telst A eiga alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Öll sök á A.

Reykjavík, 27. febrúar 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 22/2007**

**M**

**og**

**V-1 v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar R**

**Ágreiningur um bótaskyldu þegar bifreið var ekið ofan í djúpan poll á Miklubraut í Reykjavík þ.10.12. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið þ. 24.1.2007.
2. Niðurstaða tjonanefndar nr.19/07
3. Lögregluskýrsla dags. 12.12.2007
4. Bréf V-1 dags. 1.2.2007.

**Málsatvik.**

M segir að dóttir hans hafi ekið ofan í vatnspoll við undirgöng undir Miklubraut við Kringluna sunnudaginn 10.12.2006 en pollurinn hafi myndast vegna mikilla rigninga. M segir að vatn hafi flotið inn í bílinn meðan hann var ofan í pollinum upp að sætum. V-1 segir að ökumaður umræddrar bifreiðar hafi ekið áfram ofan í vatnið í umrætt sinn en það hafi verið óvarlegt að aka lágum bíl áfram ofan í vatnið miðað við þær aðstæður sem voru fyrir hendi. V-1 segir að starfsmönnum R hafi ekki verið kunnugt um að ræsi hafi stíflast vegna þess að laufblöð og rusl hefðu stíflað ræsið. Ekki sé því um sök þeirra að ræða í málinu

**Álit.**

Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn R beri sök á því að pollur var í umrætt sinn við undirgöng undir Miklubraut við Kringluna. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V-1.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík. 27. 2.2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 23/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar a**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.**

**Áræktur á gatnamótum Túngötu og Suðurgötu í Reykjavík þann 19.11.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 24.1.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 1.2.2007.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið norður Suðurgötu að gatnamótum Túngötu og beygt til vinstri áleiðis vestur Túngötu. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið til austurs niður Túngötu að gatnamótum Suðurgötu. Á gatnamótunum rákust saman vinstri hlið A og framendi B. Hálsa og snjór var á akbrautinni. Á Suðurgötu hvílir biðskylda gagnvart umferð á Túngötu. Túngötu hallar niður til austurs í átt að Suðurgötu.

Ökumaður A kvaðst hafa ætlað að beygja til vinstri upp Túngötu til vesturs. Hann hafi hinkrað við biðskyldumerki og séð til ferða B niður Túngötu með stefnumerki til hægri. Hann hafi þá tekið beygjuna upp Túngötu, en þá hafi B runnið í hálkunni og lent í vinstri hlið A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 30-35 km hraða á klst. niður Túngötu og ætlað að beygja til hægri á gatnamótum Suðurgötu. Hann hafi gefið stefnumerki um 25 m áður en hann ætlaði að beygja, en þegar hann ætlaði að draga úr hraða hafi B runnið í hálkunni um 10 m og rekist á A.

**Álit.**

Ökumaður A hafði biðskyldu gagnvart umferð á Túngötu. Með hliðsjón af hinum slæmu akstursskilyrðum, sem þarna voru, bar honum að gæta ýtrustu varúðar er hann ók inn á götuna. Á því varð misbrestur og ber hann sök á árekstrinum. Ökumaður B ók allt of hratt niður götuna miðað við aðstæður og hafði af þeim sökum ekki stjórn á bifreiðinni. Á hann einnig sök á því hvernig fór. Eftir aðstæðum öllum þykir rétt að hvor ökumanna beri helming sakar.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 27. febrúar 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 24/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A**

**og**

**Vátryggingfélagið Y v/B**

**Árekstur Höfðabakkabru 03.01. 2007**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 25.01. 2007, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 01.02. 2007.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 05.02. 2007, ásamt fylgiskjöllum þ.á m. greinargerð ökumanns B, dags. 15.01. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. B var ekið suður Höfðabakka en A frárein af Vesturlandsvegi til austurs með ætlaða akstursstefnu norður Höfðabakka. Á gatnamótum Vesturlandsvegur og Höfðabakka varð árekstur bifreiðanna. Ágreiningur er um stöðu umferðarljósa við áreksturinn. Var ákoma á hægri afturhlið B en framan á A.

Vátryggingafélag A telur að skipta skuli sök til helminga m.a. vegna óvissu um stöðu umferðarljósa.

Vátryggingafélag B telur að A beri ábyrgð á árekstrinum. Ökumaður B sé fullviss um að hann hafi ekið inn á gatnamótin á móti grænu ljósi á eftir annarri bifreið. Hann hafi litið til hægri og séð þar kyrrstæðar bifreiðar á vinstri akrein og að A hafi verið ekið viðstöðulaust inn á gatnamótin á hægri akrein örugglega á móti rauðu ljósi.

Óþarft er að geta viðbótarfrásagna aðila vegna máls þessa.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á B. Ökumaður B kveðst viss um að hann hafi ekið á móti grænu ljósi en haft er eftir ökumanni A í frumskýrslu lögreglu að hann kvaðst ekki geta "sagt það með fullri vissu en taldi að það hafi verið grænt ljós frekar en annað..." Þar sem ökumaður A er óviss í frásögn sinni um stöðu umferðarljósa verður látið halla á hann í máli þessu.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B miðað við gögn málsins.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 13. febrúar 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 25/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/B**

**og**

**Vátryggingafélagið Y v/A (dráttarbifreið með tengivagn)**

**Árekstur Hæðarsmára 14.11. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 25.01. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 12.02. 2007.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 12.02. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið í sömu áttina eftir Hæðarsmára og var A á undan B. A var beygt til hægri af vinstri beygjufráreini í þann sama mund sem B ók hægra megin frammeð A.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi verið kominn inn á vinstri beygjufráreini en beygir síðan til hægri og lendir á B sem ekið var áfram Hæðarsmárann. Félagið telur að A hafi ekki sýnt nægilega aðgæslu við þessar aðstæður.

Vátryggingafélag A telur að B beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi reynt að aka hægra megin framúr A sem hafi verið að taka hægri beygju inná bifreiðastæði. Félagið vísar til þess að ökumaður A kveðst hafa gefið stefnumerki til hægri áður en hann tók beygjuna.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum. Samkvæmt framhlið tjónstilkynningar ökumanna tekur ökumaðurinn hægri beygju inn að lóð frá vinstri brún akbrautar þ.e. af beygjufráreini. Ökumaðurinn hugaði ekki nægjanlega að annarri umferð áður en hann beygði til hægri. Hann gætti ekki 1. - 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B miðað við gögn málsins. Ökumaðurinn mátti ætla að A yrði beygt til vinstri.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 2. mars 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 26/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v. A og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v B**

**Árekstur bifreiða á Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði þ. 2.1. 2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 26.1.2007
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 39/07
3. Tjónaskýrsla dags. 2.1.2007. og ljósmyndir.
4. Bréf V-1 dags. 5.2.3007
5. Bréf V-2 dags. 17.1. og 12.2.2007.
6. Yfirlýsing ökumanns A ódagsett.
7. Yfirlýsing vitnis dags. 12.1.200

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa ekið á B og telur hann að B hafi verið ekið niður af kanti og út á götu. Ökumaður B segist hafa ekið af stað frá gangstétt og séð A koma inn á Hvaleyrarbraut og hafi verið búinn að aka 40-50 metra þegar árekstur varð með þeim hætti að A ók aftan á B. Á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita er merkt við tl. 2 fyrir B þ.e. ók úr kyrrstöðu frá gangstétt/vegarkanti. Í yfirlýsingu vitnis segir að áreksturinn hafi verið bein aftanákeyrsla.

**Álit.**

Ökumanni B bar að sýna sérstaka varúð áður en hann ók af stað úr kyrrstöðu inn á götuna sbr. 2. mgr. 17.gr umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður B ber því alla sök á árekstrinum þar sem gögn málsins bera ekki með sér að forsenda sé til að leggja hluta sakar á ökumann A.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík 2.3. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 27/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar rekstraraðila hitaveitu.**

**Slys af völdum hitaveituvatns er lak úr sprunginni hitaveituleiðslu þann 25.1.2004.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 29.1.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.2.2007.

**Málsatvik.**

M var á ferð um tiltekið sumarhúsasvæði. Varð hann þá fyrir því að hægri fótur hans sökk upp fyrir ökkla í jarðveg sem mun hafa verið gljúpur og gegnsósa af heitu vatni. Hlaut M brunaáverka á fætinum í kringum ökkla. Í ljós kom að heitavatnsleiðsla, sem var grafin í jörð, hafði sprungið og heitt vatn flætt yfir næsta nágrenni. Eigandi heitavatnsleiðslunnar og rekstraraðili er A.

Í lögregluskýrslu sem tekin var af M þann 23.2.2004 kvaðst hann umræddan dag hafa verið í sumarhúsi á svæðinu og verið að fara með sorp. Hafi hann þá séð töluverða vatnsgufu stíga upp úr polli til hliðar við veginn skammt frá þjónustumiðstöð svæðisins. Hafi hann viljað athuga hvað þetta var og stigið út af veginum. Hafi hann þá strax sokkið með fótinn upp fyrir ökkla í jarðvegin sem hafi verið gljúpur og gegnsósa af heitu vatni.

Þann 30.11.2004 ritaði M undir lýsingu á atvikinu sem skráð var hjá X, vátryggjanda A. Þar kemur fram að M hafi verið á leið að sumarbústaðnum sem hann var í. Er hann var að aka þar í nágrenninu hafi hann séð að vatn hafði safnast upp við veginn og því stigið út úr bifreiðinni til að aðgæta hvað um var að vera. Nóttina áður hafði verið hörkufrost, en þegar hann steig út fyrir götuna hafi hann lent í pytti sem var fullur af sjóðandi heitu vatni. Hafi hann brennst töluvert á rist og legg hægri fótur.

A hafði tekið við rekstri sumarhúsasvæðisins þegar slysið varð. Í málskoti er því haldið fram að leiðslan hafi verið sprungin í nokkurn tíma og staðarhaldari hafi vitað af því. Af hálfu A er því mótmælt að starfsmenn A hafi vitað af lekanum áður en slysið varð.

**Álit.**

Eins og M hefur lýst atvikum, bæði í lögregluskýrslu og í skýrslu hjá X, má ráða að hann hafi gert sér grein fyrir að heitt vatn hafi verið að renna um svæðið og ekki hafi allt verið með felldu er hann steig út úr bifreið sinni til að aðgæta hvað væri á seyði. Við þessar aðstæður verður að virða það honum til aðgæsluleysis, er hann steig út fyrir veginn með fyrrgreindum afleiðingum. Ósannað er samkvæmt gögnum málsins að starfsmenn A hafi þá vitað eða mátt vita hvers kyns var. Eru ekki talin efni til að fella bótaábyrgð á A vegna líkamstjóns M.

**Niðurstaða.**

A ber ekki bótaábyrgð á líkamstjóni M.

Reykjavík, 2. mars 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 28/2007**

**Kristinn S. Gunnarsson (M)**  
**og**  
**Tryggingamiðstöðin hf.**  
**vegna**  
**ábyrgðartryggingar Kvarna ehf. (K)**

**Vinnuslys 13. október 2004**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 31. janúar 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf frá Tryggingamiðstöðinni hf. dags. 5. febrúar 2007.

**Málsatvik.**

M var að vinna á vinnupöllum sem K flutti inn. Festingar á vinnupalli gáfu sig þótt um nýjan pall væri að ræða með þeim afleiðingum að M féll af pallinum. Tilkvaddir álitsefendur telja að ekki sé um neina einstaka afgerandi orsök slyssins. Bilun á suðum í festingum gólfborða sé ein af samverkandi orsökum. Röng uppsetning vinnupalls ásamt bilun í festingum séu jafngildar orsakir.

**Álit.**

Samkvæmt greinargerð álitsefenda er bilun á suðum í festingum vinnupallsins ein af samverkandi orsökum slyssins. Telja verður að K sem innflytjandi vinnupallsins beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum þess galla á pallinum. Þótt fyrir liggi að röng uppsetning vinnupalls sé einnig orsök slyssins þá leysir það K ekki undan bótaábyrgð gagnvart M þar sem M beinir allri bótakröfu sinni að K. Hugsanleg endurkrafa K á vinnuveitanda M vegna ágalla á uppsetningu pallsins kemur ekki til skoðunar í málinu eins og það er sett fram.

**Niðurstaða.**

Tjón M greiðist úr ábyrgðartryggingu K.

Reykjavík, 16. mars 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 29/2007

M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B

### Árekstur á Norðausturvegi 15.11. 2006

#### Gögn.

1. Málskot móttakið 31.01. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 12.02. 2007, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 05.02. 2007, ásamt fylgiskjölum.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið í sömu áttina til norðurs og var B á undan A. Ökumaður B var að snúa bifreiðinni við þegar A var ekið á hana. Akstursskilyrði voru slæm, lítið skyggni og hálka.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður B hefði þurft að sýna sérstaka aðgæslu þegar hann snéri við á miðjum þjóðvegi. Hins vegar hafi A borið að gæta að umferð á veginum, einkum í ljósi slæmra akstursskilyrða. Félagið telur að B hafi verið "kyrrstæð eða því sem næst". Það telur rétt að skipta sök til helminga. Vísar félagið til niðurstöðu úrskurðarnefndar í máli 27/2006, sem það telur fjalla um sambærilegt tilvik.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstirnum fyrir að taka U-beygju á "miðjum þjóðveginum". Slíkt hafi verið varhugavert í ljósi aðstæðna.

M telur að það hafi verið vítavert að snúa við við þessar aðstæður þar sem "einungis 20-30 metra skyggni er á veginum og hálka".

#### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er sök skipt til helminga. Það var óvarlegt af ökumanni B að reyna að snúa við líkt og hann gerði. Hann hefði þurft að huga betur að umferð sem á eftir kom eða huga að útskoti þar sem hann gæti snúið við án hættu fyrir þá sem á eftir komu. Ökumaður A virðist hafa ekið of hratt miðað við aðstæður og ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var. Til hliðsjónar má nefna niðurstöðu nefndarinnar í máli 27/2006.

#### Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 16. mars 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 30/2007**

**M  
og  
V v ferðatryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr ferðatryggingu vegna innlagnar á sjúkrahús þ. 20.9.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 1.2.2007 ásamt fylgiskjölum 1-11.
2. Bréf V dags. 2.3.2007 ásamt fylgiskjölum 1-3

**Málsatvik.**

M veiktist þegar hann var staddur í Thailandi og var lagður inn á sjúkrahús. Krafist er bóta úr ferðatryggingu hans. V hafnar bótaskyldu og bendir á að í skýrslu sjúkrahússins komi fram að M hafi verið lagður inn vegna áfengisneyslu. Lögmaður hans segir að það hafi ekki verið afgerandi þáttur í veikindum M. auk þess sem M hafi staðfastlega neitað því að hafa verið undir áhrifum áfengis. V hafnar bótaskyldu og bendir á að innlögn M hafi verið vegna áfengisneyslu og með vísan til skilmála þeir sem giltu um váttryggingu M. grein 11.21 þá komi fram að félagið greiði ekki bætur vegna sjúkdóms sem stafar af neyslu áfengis.

**Álit.**

Fram kemur í gögnum frá sjúkrastofnun þeirri sem M var lagður inn á að innlögnin hafi stafað af mikilli áfengisneyslu auk fleiri atriða í því sambandi sem lýst er. Fyrir liggur miðað við gögn málsins að ákvæði greinar 11.21 í váttryggingarskilmálum fyrir tryggingu M koma í veg fyrir að hann eigi rétt til bóta úr ferðatryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 20.3. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 31/2007**

**M og**

**Vátryggingafélagið V v. réttaraðstoðartryggingar í fjölskyldutryggingu**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr réttaraðstoðartryggingu vegna innsetningarmáls  
þ.13.12.2006 .**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 2.2.2007 ásamt fskj. 1-7
2. Bréf V dags. 15.2.2007 ásamt vátryggingaskilmálum.

**Málsatvik.**

M höfðaði innsetningarmál og gerði þær dómkröfur að börn hans yrðu tekin af barnsmóður hans og gerði kröfur til að kostnaður við málið yrði greiddur úr réttaraðstoðartryggingu hjá V. Lögmaður M bendir á að túlkun V á vátryggingaskilmálum sé ekki réttmæt og innsetningarmál það sem um ræði varði hvorki ágreining um forræði eða umgengnisrétt heldur sé málið rekið á grundvelli 78.gr. aðfararlaga nr. 90/1989 með heimild í 45 gr. Barnalaga nr. 76/2003. Þá segir lögmaðurinn að ágreiningur í málinu snúist ekki um umgengni eða forsjá heldur sé spurningin um að koma á réttu og lögmætu ástandi. V hafnar bótaskyldu og vísar til ákvæðis í 2. gr a í skilmálum réttaraðstoðartryggingarinnar. Þá bendir V á að ekki væri verið að fara í umrætt innsetningarmál nema um væri að ræða ágreining um forræði barna og/eða umgengni við börnin. Móðirin hafi numið börnin á brott og hafi neitað að skila þeim til rétts forsjármanns.

**Álit.**

Innsetningarmál það sem lögmaður M fer með fyrir hann byrjar nokkru eftir að gengið hafði verið frá því hvaða aðili skyldi fara með forsjá barnanna sem um ræðir og hvernig umgengni við þau skyldi háttað. Í vátryggingaskilmálum er undanþáguákvæði þegar um er að ræða mál sem varðar hjónaskilnað eða mál sem koma í sambandi við hjónaskilnað svo og ágreining um forræði barna og umgengnisrétt. Fallast ber á það með lögmanni M að innsetningarmál það sem hér ræðir um varði ekki ágreining um forsjá barna eða umgengnisrétt. Þá varðar það heldur ekki hjónaskilnað. Mál það sem hér ræðir um snýst um það að lögmaður M gerir kröfu til að M nái fram rétti sínum sem forsjáraðili. Undanþáguákvæði 2.gr. a tekur því ekki til þess réttarágreinings sem hér ræðir um og því um bótaskyldu að ræða af hálfu V vegna innsetningarmáls M.

**Niðurstaða.**

M á rétt á greiðslu úr réttaraðstoðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 16.3.2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 32/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar K**

**Vinnuslys við fiskþurkun þ. 9.5.2003 .**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 2.2.2003 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 926/04
3. Bréf V dags. 26.2.2007 ásamt fylgiskjölum 1-3

**Málsatvik.**

M slasaðist við vinnu sína hjá K þegar hún var að ferma vörugám og spyrnti M með vinstra fæti í gálga lyftarans á sama tíma og stjórnandi lyftarans færði hliðarfærsluna og klemmdist M illa. Í skýrslu Vinnueftirlitsins segir að M hafi ekki sýnt næga varkárni í umrætt sinn og stjórnandi lyftarans hafi ekki gætt að sér þegar hann færði hliðarfærslu lyftarans. Lögmaður M heldur því fram að atvinnurekandi og starfsmaður hans hafi brugðist skyldum sínum og ekki kennt M nægjanlega vel hvernig standa skyldi að verki auk þess sem stjórnandi lyftarans hafi hagað sér gáleysislega. V fellst á bótaskyldu að 2/3 í málinu vegna aðgæsluleysis lyftarastjórnandans en telur að tjónþoli eigi að bera 1/3 tjónsins vegna eigin sakar. V bendir á að M hafi mikla reynslu í starfi og hafi verið góður starfskraftur þótt hún eigi við ákveðna þroskahömlun að stríða.

**Álit.**

Tjón M er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu K hjá V. Ágreiningur í málinu lítur að því hvort að M skuli bera 1/3 tjóns síns vegna eigin sakar eða fá tjón sitt bætt að fullu. Að virtum öllum gögnum málsins verður ekki framhjá því litið að M sýndi óvarkárni við framkvæmd starfa síns í umrætt sinn. Af þeim sökum ber hún 1/3 tjónsins vegna eigin sakar.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu K hjá V að 2/3 en ber 1/3 tjóns síns sjálfs vegna eigin sakar.

Reykjavík. 16.3. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 33/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar ökumanns.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr slysátryggingu ökumanns.**

1. Málskot, móttakið 5.2.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 22.6.2006 gaf M skýrslu hjá lögreglu vegna umferðaróhapps sem hún kvaðst hafa lent í þann 3. sama mánaðar í botni Hvalfjarðar. Hún kvaðst hafa ekið bifhjólinu A á u.þ.b. 40 km hraða á klst. í austurátt áleiðis inn í botn Hvalfjarðar. Hafi hún þá mætt húsbifreið, B, sem hafi komið út úr beygju á móti henni á öfugri akrein. Um leið og hún hafi tekið eftir B hafi hún beygt út í kant, en höfuð hennar hafi rekist utan í hliðarspegil B þar sem hún hafi verið að taka vinstri beygju. Hún hafi ekki áttað sig á hvað hafi gerst og haldið för sinni áfram. Ökumaður B hafi heldur ekki stöðvað eftir óhappið. Þegar hún kom í áfangastað hafi hún fundið til í hálsinum og einnig tekið eftir að hjálmur hennar hafði rispast eftir að hafa rekið höfuðið í spegil B. Nokkrum dögum síðar hafi hún leitað til læknis og þá komið í ljós að hún hafi tagnað í hálsi.

Samkvæmt fyrirbyggjandi læknisvottorði leitaði M á slysa- og bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss þann 20.6.2006. Lýsti hún þá atvikum á svipaðan veg og að ofan greinir. Kvaðst hún vera með verki í herðum, hálsi og hnakka og ofanverðu baki og þetta hafi farið versnandi. Daginn, sem hún kom á slysadeild, segir hún að sér hafi orðið óglatt við hreyfingar vegna þessara verkja. Var álitnið að um væri að ræða tognun í herðum og ofanverðu baki.

Samkvæmt fyrirbyggjandi læknisgögnum lenti M í bílslysi í desember 1999 og kom eftir það endurtekið á heilsugæslustöð vegna einkenna. Kemur fram að í október 2004 hafi hún alltaf verið stíf í herðum og hálsi eftir slysið.

M hefur krafist bóta úr slysátryggingu ökumanns og eiganda A sem keypt hafði verið hjá X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

M gaf fyrst skýrslu hjá lögreglu 18 dögum eftir að slysið átti að hafa gerst. Engin vitni voru að sjálfum tjónsatburðinum og ekki hefur tekist að hafa upp á bifreið þeirri sem M kveðst hafa rekist utan í. Rispur á hjálmi M og lýsing á meiðslum hennar við læknisskoðun þann 20.6.2006 eru ekki næg sönnun þess að M hafi í umrætt sinn orðið fyrir líkamstjóni sem telst vera bótaskyld úr slysátryggingu ökumanns A. Gegn neitun tryggingafélagsins á M því ekki rétt til bóta úr vátryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr slysátryggingu ökumanns og eiganda bifhjólsins A hjá X.

Reykjavík, 16. mars 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 34/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar sjómanna.**

**Ágreiningur um gildissvið slysatryggingar sjómanna vegna atviks um borð í fiskiskipi.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 6.2.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 15.2.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 6.9.2005 var M við störf um borð í fiskiskipinu S, þar sem það var bundið við bryggju í höfninni í bænum A. Í málskoti segir að unnið hafi verið við að taka veiðarfæri um borð í skipið. Hafi M staðið uppi á svo kölluðum rílum, sem séu 40-50 cm hár stálkantur með ávölu yfirborði og er ætlaður til að halda bobbingum í skorðum á dekkinu. Bleyta hafi verið á dekkinu og á rílunum. Hafi M stigið til hliðar, en þá runnið til í bleytu á ávölu yfirborði ríllanna. Við það hafi snúist upp á hægri ökkla hans með þeim afleiðingum að hann féll niður af rílunum. Skall höfuð hans í dekkið svo að hann rotaðist. Þá urðu afleiðingar fallsins þær að hann ökklabrotnaði á hægri ökkla.

Í frumskýrslu lögreglunnar á A um atvikið segir að M hafi verið að vinna við að taka á móti veiðarfærum með öðrum, er skyndilega hafi liðið hann og hann slegið höfðinu í dekkið og rotast. Hann hafi verið kominn til meðvitundar er lögregla kom á staðinn og verið í annarlegu ástandi, ruglaður og hræddur. Hann hafi verið fluttur á sjúkrahús til skoðunar. Á samstarfsmönnum M hafi mátt heyra að “yfirlíðið hafi orsakast af langvarandi áfengisneyslu undandarið.” Í sérstakri upplýsingaskýrslu lögreglunnar kemur fram að lögreglumaður sá, er skráði frumskýrsluna, muni ekki hver hafi viðhaft hin tilgreindu ummæli um áfengisneyslu M.

Í lögregluskýrslu, sem tekin var af M þann 20.3.2006, kveðst hann hafa verið annar stýrimaður um borð í S og hann hafi verið á skipinu frá maí 2005. Í skýrslunni lýsir M atvikum á sama veg og gert er í málskoti. Hann hafi staðið uppi á fyrrgreindum rílum er hann skyndilega hafi misstigið sig og dottið út á hlið. Við það hafi höfuð hans skolið á dekkið og hann rotast. Við skoðun á sjúkrahúsi daginn eftir atvikið hafi komið í ljós að hægri ökkli hans hafi brotnað. M kveður alrangt, sem fram komi í frumskýrslu lögreglu, að liðið hafi yfir hann af völdum áfengisneyslu. Í umrætt sinn hafi hann verið í venjulegum vinnustígvélum með stáltá. Hann hafi einnig verið með öryggishjálmi, sem reyndar hafi dottið af honum þrátt fyrir að hann hafi verið með hökuól (teygju) á réttum stað.

Í málinu liggur fyrir ljósrit, óundirritað og ódagsett, sem sagt er vera úr skipsdagbók S. Þar er atvikinu lýst svo að M virtist skyndilega hafa misst meðvitund og fallið á dekkið. Komið hafi í ljós að hann hafi misstigið sig á rílum sem eru á dekkinu og við það fallið á dekkið.

Teknar voru lögregluskýrslur af átta skipsfélögum M sem í umrætt sinn voru að störfum um borð í S eða við skipshlið.

Vitnið B kvaðst hafa verið á bryggjunni er hann hafi heyrt öskur koma úr skipinu. Hann hafi þegar farið um borð og séð M liggja á dekkinu. Vitnið vissi ekki til að M hafi verið undir áhrifum áfengis eða áfengislykt hafi verið af honum, hafi hann ekkert verið að spá í það.

Vitnið C kvað M hafa staðið á fiskilúgunni á dekki. Hafi verið eins og hann hafi fengið krampa því hann hafi staðið á annarri löppinni og gripið báðum höndum um sjálfan sig. Hann hafi síðan fallið með hægri snúningi. Vitnið vissi ekki til að M hafi verið undir áhrifum áfengis né að hann hafi að öðru leyti verið í annarlegu ástandi. Hins vegar kvað vitnið einn skipsfélaga þeirra, H, hafa talað um að M hafi verið fullur í einhverja daga á undan.

Vitnið D kvaðst hafa staðið uppi á bátapalli er urðu einhver hróp og köll. Hann hafi snúið sér við og séð hvar M lá á dekkinu. Vitnið kvaðst hafa heyrt það frá H að M hafi verið “búinn að vera að drekka allt fríið.” Áður en atvikið varð virtist vitninu M hafa verið “skelþunnur” og hann hafi skolfið eins og hrísla við vinnu sína, þegar vitnið mætti um borð og hitti M.

Vitnið E kvaðst hafa verið staddur í brú skipsins ásamt skipstjóra og hafi þeir verið að horfa aftur með skipinu, en ekki beint á M þegar hann féll. Ekkert hafi komið við hann sem olli því að hann féll og í fallinu hafi hann ekki borið hendur fyrir sig. Vitnið vissi ekki hvort hann hafi verið undir áhrifum áfengis, en hann virtist ekki vera hress að sjá og útlitið á honum hafi verið eins og hann hafi verið veikur. Vitnið kvaðst ekki vita til þess að M hafi verið í annarlegu ástandi.

Vitnið F kvaðst hafa verið í brúnni ásamt E og hafi hann séð útundan sér er M datt eins og hann hafi verið skotinn. Vitnið kvaðst engu geta svarað um það hvort M hafi verið undir áhrifum áfengis eða verið í annarlegu ástandi. Hann hafi ekki orðið var við að áfengisþef hafi legið frá vitum M er hann var að aðstoða hann, þar sem hann lá eftir byltuna.

Vitnið G kvaðst hafa séð, þegar M datt í dekkið, en í lögregluskýrslu lýsti hann ekki frekar hvernig það bar að höndum. Vitnið kvaðst ekki gera sér grein fyrir hvort M hafi verið undir áhrifum áfengis, en allavega hafi vínlykt verið af honum. Þá vissi vitnið ekki til þess að M hafi að öðru leyti verið í annarlegu ástandi nema það sem hann heyrði hjá öðrum, en gat þó ekki tilgreint hjá hverjum hann hafi heyrt slíkt.

Vitnið H kvaðst hafa snúið baki í M, er hann féll. Hann kvaðst ekki vita til að M hafi verið undir áhrifum áfengis eða að hann hafi verið í annarlegu ástandi fyrir byltuna og ekki verið að fylgjast með því. Þá hafi hann ekki veitt því athygli hvort áfengislykt hafi verið af honum, enda hafi hann ekki verið upp við hann.

Vitnið I kvaðst hafa verið við hlið M, þar sem hann hafi staðið aftur á fiskilúgunni og beygt sig saman og snúist niður á dekkið. Kvað vitnið vínlykt hafa fundist af M, en hann hafi ekki verið fullur. Áður en M féll hafi hann titrað allur og skolfið og nánast ekki getað haldið á hamri og úrreki.

Í vottorði K, heimilislæknis á Heilsugæslustöðinni á K, dags. 17.8.2006, segir að í dagálum hans komi hvergi fram skrif um ofnotkun áfengis. Hins vegar komi fram í dagál annars tilgreinds læknis frá 15.1.2003 að M hafi verið að sulla mikið í bjór. Þá sé talað um í læknabréfi frá Heilsugæslunni á A, dags. 7.9.2005, að fram komi saga um mikið bjórsull í langri landlegu og hugsanlega fengið krampa í kjölfar þess. Um krampaköst séu engin skrif í dagálum hjá læknum eða öðrum dagálum innan Heilsugæslustöðvarinnar.

Í læknisvottorði L, læknis á Heilbrigðisstofnuninni A, dags. 27.11.2005, segir að læknirinn hafi verið kallaður í bráðaútkall um borð í S, þegar M meiddi sig. Segir í vottorðinu að samkvæmt lýsingum sjónarvotta hafi hann misstigið sig á þilfarinu, þar sem hann hafi verið að vinna við að taka veiðarfæri um borð, og við það fallið og misst meðvitund. Hafi M verið lagður inn á

sjúkrahús til eftirlits. Hann hafi verið með stórt mar (hematóm) á hægri augabrún sem síðan hafi sigið niður og valdið miklu glóðarauga. Við röntgenrannsókn daginn eftir af hægri ökkli hafi komið í ljós brot á aftanverðum neðri enda sköflungs (tibia) sem hafi gengið inn í ökkliðinn.

Áhöfn S var tryggð samkvæmt slysatriyggingu sjómanna samkvæmt kjarasamningi hjá Vátryggingafélaginu X. M hefur krafist bóta úr slysatriyggingu. X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að tjónið teljist ekki slys í skilningi vátryggingarréttar.

#### **Álit.**

Ekki virðist um það deilt að M var í umrætt sinn að störfum hjá útgerð S um borð í skipinu og í vinnu í beinum tengslum við rekstur þess. Er óumdeilt að hann telst vera vátryggður. Ekki virðist heldur um það deilt að M varð fyrir líkamstjóni við byltuna. Aðila greinir hins vegar á um það hvort meiðsl M verði rakin til slyss í skilningi skilmála.

Samkvæmt vátryggingarskilmálum, sem sagðir eru hafa gilt um vátrygginguna á tjónsdegi, er með hugtakinu slys átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Ekki virðist um það deilt að M hafi í umrætt sinn staðið uppi á rílum og fallið af þeim niður á dekkið. Eftir fallið kom í ljós að M hafði hlotið áverka á höfði og brot á hægri ökkli. M kveðst hafa misstigið sig og það hafi leitt til fallsins. Verður ekki hjá því komist að álykta að fallið niður á dekkið hafi valdið meiðslum M. Meiðslin urðu ekki við það eitt að hann missteig. Er því um að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð er olli meiðslunum. Af framburðum nokkurra skipsfélaga M má ráða að hann hafi beygt sig saman og snúist niður á dekkið án þess að hafa borið fyrir sig hendur, jafnframt að hann hafi fyrir byltuna skolfið eins og hrísla og af honum hafi mátt finna vínlykt. Þessar lýsingar á líkamsástandi M og hvernig hann kann að hafa borið sig að við fallið geta með engu móti talist sönnun þess að fall M niður á dekkið hafi ekki verið skyndilegur utanaðkomandi atburður. Þá liggur ekkert fyrir um það í gögnum málsins að önnur ákvæði skilmála, eða laga, eigi að leiða til þess að bótaréttur M skerðist eða falli niður. Samkvæmt þessu á M óskoraðan rétt til bóta úr téðri slysatriyggingu sjómanna.

#### **Niðurstaða.**

M á óskertan rétt til bóta úr slysatriyggingu sjómanna hjá X vegna slyss um borð í S, þann 6.9.2005.

Reykjavík, 16. mars 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 35/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A með hjólhýsi í eftirdragi**

**og**

**Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur á hringveginum, afleggjara við Bjarnanes Hornafjarðarbæ, 18.07. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 06.02. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 12.02. 2007.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 12.02. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Bifreiðunum var ekið á móti hvor annarri þegar árekstur varð. Hliðarspegill á B rakst utan í hjólhýsi sem A var með í eftirdragi.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum. Ökumaður A og farþegi hafi verið staðfastir í frásögn sinni um að B hafi verið ekið yfir miðlínu vegarins.

Vátryggingafélag B telur rétt að skipta sök til helminga vegna þeirrar óvissu sem sé um staðsetningu bifreiðanna við áreksturinn.

**Álit.**

Ökumenn bera hvorn annan sökum. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið um staðsetningu bifreiðanna þegar áreksturinn varð. Ekki eru forsendur til að láta halla á annan ökumanninn fremur en hinn. Sök er því skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 2. mars 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 36/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

**Vinnuslys þegar M féll við þegar hann var að halda á olútank úr steypubifreið á milli svæða á verkstæði þann 14.10. 2003**

### Gögn.

1. Málskot móttakið 08.02. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.02. 2007, ásamt fylgiskjölum.

### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M slasaðist við vinnu sína þegar hann var að flyta við annan mann 40 kg olútank úr steypubifreið á milli svæða á verkstæði. Þeir gengu með takinn á milli sín og varð M fyrir því óhappi að flækja buxnaskálm í loftstút á loftpressu, sem stóð á gólfinu, með þeim afleiðingum að hann féll við og slasaðist á olnboga.

Vátryggingafélagið fellst á greiðsluskyldu sem nemur 2/3 hlutum en að mati þess sé rétt að M beri 1/3 hluta tjóns síns sjálfur vegna aðgæsluleysis. Vinnueftirlitið hafi ekki gert athugasemdir við lýsingu eða gólf en að loftpressa hafi verið staðsett þannig að hún þrengdi að gönguleið. Félagið telur að starfsmenn geti ekki gengið út frá því sem vísu að gönguleiðir séu alfarið án hindrana enda ljóst að á slíkum stöðum sé mikið í notkun af verkfærum og ýmsum tækjabúnaði. Verði að gera auknar kröfur til aðgæslu. Ganga þurfi úr skugga um fyrirfram hvort leiðin sé greið. Þetta eigi ekki hvað sýst við þegar haldið er á hlut sem byrgir sýn. Það telur að stúturinn á loftpressunni hafi átt að vera sýnilegur. Ekki sé upplýst um hvort samstarfsmaður M hafi orðið var við stútinn eða að slysið megi rekja til vangæslu hans eða annarra starfsmanna. Til stuðnings afstöðu sinni vísar félagið til Hrd. 81/2004 og dóms Hæstaréttar 15. febrúar 2007 í máli nr. 370/2006.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Vinnueftirlitið lætur þess getið m.a. að tankurinn hafi takmarkað útsýni M. Lýsing hafi verið fullnægjandi, gólfið sæmilega hreint og ekki hált. Það telur orsök slyssins vera þá að loftpressan hafi verið flutt inná verkstæðið og verið sett það innarlega á gólfið að hún þrengdi gönguleiðina talsvert, jafnframt sem tankurinn byrgði M sýn á stút lofpressunnar.

### Álit.

Vátryggingfélagið hefur fallist á greiðsluskyldu sína sem nemur 2/3 hlutum. Álitafni máls þessa er hvort M skuli bera hluta tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar. Starfsmenn geta ekki reiknað með því að gönguleiðir séu án hindrana. Á verkstæðum má gera ráð fyrir hlutum sem lagðir hafa verið til hliðar t.d. verkfæri og tækjabúnaður líkt og var í þessu tilviki. Starfsmenn verða að gæta aukinnar aðgæslu vegna þessa og ganga úr skugga um hvort leiðin sé greið. Á því varð misbrestur. Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum ber M hluta tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar. Hann hefði þurft að gæta aukinnar aðgæslu því útsýni hans var takmarkað. Þessa gætti hann ekki nægjanlega. Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum ber M 1/3 hluta tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar.

**Niðurstaða.**

Vátryggingafélagið er greiðsluskylt sem nemur 2/3 hlutum, M ber 1/3 sjálfur vegna eigin sakar.

Reykjavík 16. mars 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 37/2007**  
**M og**  
**Vátryggngafélagið V v. A og B**

**Árekstur bifreiða á Flatahrauni í Hafnarfirði þ. 30.12.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið þ. 13.2.2007 ásamt frekari upplýsingum um tjónsatburð.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 94/07
3. Tjónaskýrsla dags. 30.12.2006
4. Bréf ökumanns B dags. 21.1.2007 og farþega í B dags. sama dag.

**Málsatvik.**

Ökumaður A segir að B hafi ekið á sig af bílaplani og hafi ekki virt stöðvunarskyldu. Ökumaður B segir að B hafi verið nýlögð á stað inn á aðalbraut þegar A hafi komið á miklum hraða og ákveðið að fara fram úr B þrátt fyrir eyju á miðri götunni og hafi A sveigt að B vegna eyjunnar og árekstur orðið. Farþegi í B ber með sama hætti og ökumaður B

**Álit.**

Ágreiningur er með aðilum um aðdraganda árekstursins og staðsetningu bifreiðanna. Ekki verður miðað við fyrirliggjandi gögn lögð sök á annan ökumann umfram hinn og er sök því skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor aðila ber helming sakar.

Reykjavík, 16.3. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 38/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V**

**Krafa um greiðslu málskostnaðartryggingar vegna stefnu dags.4.10.2006 .**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 13.2.2007 ásamt fylgiskjölum nr. 1-6
2. Bréf V dags. 26.2.2007.

**Málsatvik.**

M var í óvígðri sambúð með konu og slitu þau samvistum 2002 samkvæmt sambúðarslitasamningi aðila skyldi M greiða að jöfnu námslán konunnar. Misbrestur varð á greiðslum M og var honum stefnt til greiðslu vegna þess að hann hefði ekki greitt sinn hluta. Í málsvörn M kemur fram að málið snýst um túlkun á skyldu M skv sambúðarslitasamningum og öðrum atvikum honum tengdum. M gerir kröfu um greiðslu úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar. Lögmaður M bendir á að forsendur séu brostnar fyrir sambúðarslitasamningi aðila og ekki sé um dómsmál að ræða sem höfðað sé til efnda á sambúðarslitasamningi. V hafnar bótaskyldu og bendir á ákvæði í vátryggingarskilmálum þar sem segir að vátryggingin bæti ekki málskostnað við mál sem varða hjónaskilnaði eða mál sem koma upp í sambandi við hjónaskilnaði eða sambúðarslit.

**Álit.**

Mál það sem hér ræðir um fellur ótvírætt undir undanþáguákvæði 1.tl. 2.gr. 5. kafla umræddrar tryggingar. Réttarágreiningurinn varðar sambúðarslitasamning og málið varðar því sambúðarslit aðila. M á því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík. 15.3 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 39/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á Þingvallastræti á Akureyri þann 16.1.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 13.2.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 22.2.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið inn á Þingvallastræti úr innkeyrslu við tiltekið hús. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið vestur Þingvallastræti. Rakst framendi B í vinstri hlið A. Bjart var af degi og ísing og hálka á akbraut, þegar áreksturinn varð. Mikið tjón er sagt hafa orðið á A, en lítið á B. Hámarkshraði á Þingvallastræti er 50 km á klst.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið inn á Þingvallastræti og ætlað suður fyrir umferðareyju á götunni og aka síðan til austurs. Hann hafi ásamt eiginkonu sinni litið eftir umferð úr báðum áttum og enga séð. Rautt ljós hafi hafi logað fyrir umferð á Þingvallastræti á umferðarljósum á gantamótum Þingvallastrætis og Þórunnarstrætis skammt austan við árekstrarstaðinn. Hann hafi ekki orðið var við B fyrr en árekstur varð.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 40-45 km hraða á klst., en þó ekki viss. Er hann hafi rétt verið kominn yfir gatnamót Þingvallastrætis og Þórunnarstrætis hafi A verið ekið út á götuna þvert á akstursstefnu hans. Hann hafi hemlað og reynt að beygja frá til vinstri, en án árangurs.

Farþegi í A, eiginkona ökumanns, kvaðst hafa séð B koma á miklum hraða og hún hafi ekki stöðvað fyrr en hún skall í hlið A.

**Álit.**

Ökumaður ók úr innkeyrslu inn á Þingvallastræti. Bar honum að veita B, sem kom aðvífandi úr austri, forgang, sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á því varð misbrestur og ber því ökumaður A sök á árekstrinum. Samkvæmt gögnum málsins er ósannað að ökumaður B hafi í umrætt sinn ekið hraðar en heimilt var eða aðstæður leyfðu eða á annan hátt hagað akstri sínum svo að á hann verði lögð sök.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 16. mars 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 40/2007

M

og

## Vátryggingafélagið X v/frjálsrar ábyrgðartryggingar atvinnureksturs og slysatriyggingar sjómanna

### Meiðsl við vinnu um borð í skipi í ágúst 2006

#### Gögn.

1. Málskot móttakið 13.02. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.02. 2007, ásamt fylgiskjölum.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M slasaðist við vinnu sína þegar hann var að slá úr frystipönnum. Reyndist ein þannan vera föst í pönnuvagni neðarlegar. Þegar hann rykkti í pönnuna kom slinkur á bakið á honum og fékk hann töluverðan verk. Í síðari tíma frásögn er staðhæft að M hafi runnið til og fengið slynk á bakið.

M lætur getið afstöðu sinnar í málskotinu. Hann getur þess m.a. að fyrirliggjandi séu tvær tjonstilkynningar sem lýsa atvikum á sama hátt fyrir utan það að skipstjóra hafi láðst að tilgeina að M hafi fallið og við það fengið slink á bakið. M staðhæfir að hann hafi runnið til við að losa pönnur úr frystitæki og við það fengið slink á bakið. Ekki sé hægt að fallast á að mistritun í fyrri tjonstilkynningu leiði til þess að vátryggingafélagið geti hafnað bótaskyldu sérstaklega í ljósi þess að tilkynningin hafi verið leiðrétt.

Vátryggingafélagið vísar til niðurstöðu tjonanefndar vátryggingafélaganna, en þar er fjallað um slysatriyggingu sjómanna. Getið er lýsingar tjonstilkynningar. Félagið hafnar bótaábyrgð vegna þess að umræddur atburður falli ekki undir skilgreiningu skilmála á hugtakinu slys. Eftir að félagið hafi hafnað bótaábyrgð hafi verið gerð ný tjonstilkynning þar sem málsatvikalýsingu hafi verið breytt á þann veg að M hafi runnið til og fengið slink á bakið. Félagið telur að skoða verði sönnunargildi síðari tjonstilkynningar í ljósi þess að bótaskyldu hafði verið hafnað. Félagið telur ósannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna skyndilegs utanaðkomandi atburðar.

#### Álit.

Í málskottseyðublaðinu er heiti þeirrar vátryggingar sem um er rætt sögð vera frjáls ábyrgðartrygging atvinnureksturs. Umföllum M tekur hins vegar mið af slysatriyggingu sjómanna og það gerir umfjöllun tjonanefndar vátryggingafélaganna og umfjöllun vátryggingafélagsins einnig.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu vátryggingafélagsins.

#### Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. mars 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 41/2007**

**Brynjar Friðleifsson (C)**  
**og**  
**Tryggingamiðstöðin hf. vegna YN-635**  
**og**  
**Vátryggingafélag Íslands hf. vegna ZS-703**

**Árekstur Á Akureyri 24. janúar 2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 13. febrúar 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Vátryggingafélags Íslands hf. dags. 22. febrúar 2007.
3. Tölvupóstur frá Tryggingamiðstöðinni hf. dags. 27. febrúar 2007.

**Málsatvik.**

Málavextir koma fram í gögnum málsins. Ökumaður YN-365 (hér nefnd A) ók vestur Þingvallastræti á vinstri akrein og ætlaði að beygja suður Dalsbraut. Hann gaf stefnumerki til vinstri og var á lítilli ferð. Hann varð ekki var við ZS-703 (hér nefnd B) fyrr en bifreiðin kom fram með honum vinstra megin og lenti á framhorni A. Ökumaður B ók vestur Þingvallastræti á vinstri akrein á löglegum hraða. Hann ók á eftir A sem var nálægt miðju götunnar eða á hægri akrein. Hann tók ekki eftir stefnumerki á A og taldi því að A ætlaði að halda áfram. A hafi síðan skyndilega ekið í veg fyrir hann með þeim afleiðingum að árekstur varð. Farþegi í A staðfestir frásögnina.

**Álit.**

Af gögnum málsins er ljóst að ökumaður A tók vinstri beygju af hægri akrein. Öll sök er því á ökumanni A.

**Niðurstaða.**

YN-635 ber alla sök.

Reykjavík, 16. mars 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 42/2007

M

og

### Vátryggingafélagið X v/sjúkdómatryggingar

#### Ágreiningur um réttarstöðu vegna upplýsingaskyldu við töku vátryggingar 28.04. 2002

#### Gögn.

1. Málskot móttakið 16.02. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.02. 2007, ásamt fylgiskjölum.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Þann 28.04. 2002 veitti eiginkona M heilsufarsupplýsingar við töku sjúkdómatryggingar. Hún lest af krabbameini á árinu 2005. Við töku vátryggingarinnar “láðist kæranda að upplýsa um kvíða- og þunglyndiseinkenni” og voru bætur til M því skertar um 1/3 vegna vanrækrar upplýsingaskyldu. M telur að engin töluleg rök hafi verið færð fyrir þeirri skerðingu auk þess sem sá sjúkdómur sem olli andláti eiginkonu hans hafi ekki tengst þeim sjúkdómi sem félagið telur að láðst hafi að geta um.

Vátryggingafélagið vísar til þess að félaginu hafi verið tilýnt í janúar 2006 að eiginkona M hafi í byrjun júlí 2005 greinst með bótaskyldan sjúkdóm þ.e. lungnakrabbamein. Hún hafi látist í desember 2005. Í kjölfarið hafi farið fram reglubundin gagnaöflun af hálfu félagsins og þá hafi komið í ljós að svör hennar á umsókn um vátrygginguna hafi ekki verið í samræmi við þau gögn sem félagið aflaði sér. Í læknisvottorði, dags. 12.01. 2006, sé þess getið m.a. að hún “er með þekktá slítgigt, hefur legið nokkrum sinnum á geðdeild BSP og LSH vegna þunglyndis og kvíða”. Jafnframt hafi verið upplýst um lyf sem viðkomandi hafi tekið í nokkur ár vegna kvíða og þunglyndis. Síðasta skráða færsla á endurnýjun lyfja fyrir undirritun vátryggingarinnar hafi verið 27.11. 2001. Félagið telur með vísan til vinnureglna félagsins á þeim tíma (sbr. fyrirliggjandi gögn) ljóst að “hefðu ofangreindar upplýsingar um heilsufar legið fyrir hefði ekki verið hægt að gefa út vátryggingu” án aukaiðgjalds sem næmi “50-100% vegna sögu um langvarandi þunglyndi”. Niðurstaða félagsins hafi því verið sú “með vísan til 6. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, að ákvarða að umsóknin hefði verið samþykkt með 50% aukaiðgjaldi og þar af leiðandi að skerða bætur um 33,3%”. Félagið telur að það að sá sjúkdómur sem hafi valdið andláti viðkomandi tengist á engan hátt þeim sjúkdómi sem ekki var getið um á umsókninni, og áður er rakið, breyti “í engu niðurstöðu félagsins enda er ekki gerð krafa um orsakatengsl í lögum nr. 20/1954”. Viðkomandi hafi svarað neitandi spurningum á beiðni nr. 2.3 og 2.4 og 2.6f og 2.6t (varðandi lyf, lækniþerfirlit, geðsjúkdóma/þunglyndi og sjúkdómseinkenni). Vátryggingafélagið vísar í umfjöllun sinni til vinnureglna þess varðandi ákvörðun um 50-100% aukaiðgjald þar sem fram kemur “Slow response to treatment, chronic symptoms or impairment of social functioning +100/+50”.

#### Álit.

Afstaða til máls þessa er tekin út frá þágildandi lögum um vátryggingarsamninga nr. 20/1954. Í 1. mgr. 6. gr. kemur fram að hafi vátryggingartaki gefið rangar upplýsingar en öðruvísi stendur á en segir í 4. – 5. gr. er félagið laust mála, ef ætla má að það hefði ekki tekið á sig vátrygginguna hefði það haft rétta vitneskju um málavexti. Í 2. mgr. 6. gr. er þess getið að ef ætla má að

vátryggingafélagið hefði tekið vátrygginguna á sig, en með öðrum kjörum, ábyrgist félagið það af þeim mun sem, það mundi hafa skuldbundið sig fyrir hið umsamda iðgjald.

Í skýringum við nefnda grein í athugasemdum frumvarpsins er þess getið m.a. að ef vátryggingartaki mátti ætla að atvik skiptu félagið engu máli er félagið skuldbundið samkvæmt efni sammingsins.

Það var óvarlegt að upplýsa vátryggingafélagið ekki af meiri nákvæmni um sjúkdómssögu viðkomandi. Aðilar máttu ætla að atvik þessi skiptu máli fyrir félagið. Miðað við fyrirliggjandi gögn er ljóst að félagið hefði tekið vátrygginguna á sig þótt það hefði vitað hið rétta en með öðrum kjörum sbr. nánar fyrirliggjandi gögn. Í nefndu ákvæði 2. mgr. 6. gr. er kveðið á um svonefnda hlutfallsreglu við aðstæður sem þessar. Afstaða vátrygginga-félagsins til skerðingar á bótarétti er í samræmi við þá hlutfallsreglu.

Með hliðsjón af framanrituðu, fyrirliggjandi gögnum og 6. gr. þágildandi laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, er vátryggingafélaginu rétt að skerða bætur sem nemur 33,3%.

#### **Niðurstaða.**

Bótaábyrgð nemur 2/3 hlutum.

Reykjavík 20. mars 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 43/2007**

**TTB ehf. (C)**

**og**

**Sjóvá Almennar tryggingar hf. vegna PY-400**

**og**

**Tryggingamiðstöðin hf. vegna OJ-200**

**Árekstur á Bústaðarvegi 17. janúar 2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 19. febrúar 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur frá Tryggingamiðstöðinni hf. dags. 1. mars 2007.

**Málsatvik.**

Málavextir koma fram í gögnum málsins. Ökumaður PY-400 (hér nefnd A) ók austur Bústaðaveg með fyrirhugaða akstursstefnu norður afreind að Kringlumýrarbraut. Ökumaðurinn ók inn á gatnamótin gegn grænu ljósi og stöðvaði vegna umferðar vestur Bústaðaveg. Ljós skipti yfir á gult og ók hann þá af stað þegar þau voru að skipta yfir á rautt. Þá ók ökumaður OJ-200 (hér nefnd B) inn á gatnamótin gegn rauðu ljósi þannig að árekstur varð. Ökumaður B sagðist hafa ekið vestur Bústaðaveg með fyrirhugaða akstursstefnu áfram vestur þá götu. Umferðarljósi hafi skipt af grænu yfir á gult þegar hann var að koma að þeim og hann hafði ekki svigrúm til að stöðva. A hafi þá ekið í veg fyrir sig. Vitni sem ók bifreið vestur Bústaðaveg sagðist hafa stöðvð við gult umferðarljós. B hafi ekið til vesturs inn á gatnamótin skömmu síðar. Ljósinn hafi verið að skipta yfir á rautt þegar B ók inn á gatnamótin.

**Álit.**

Gögn málsins bera það ekki glögg með sér hvort rautt ljós var komið þegar B ók yfir gatnamótin. Fyrir liggur að bifreið fyrir framan B var búin að stöðva þar sem ljós hafði breyst yfir í gult. Ökumaður A fullyrðir að hann hafi fyrst byrjað að beygja þegar ljós voru að skipta úr gulu yfir í rautt. Í ljósi óvissrar stöðu umferðarljósa er sök skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 20. mars 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 44/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar hunda**

**Hundur beit póstburðarmann þann 14.03. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16.02. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.03. 2007, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M slasaðist við vinnu sína þegar hann var að bera út póst á heimili vátryggingartaka. M hitti fyrir dóttur vátryggingartaka (13 ára gamla) og opnaði hún útihurðina. M mun hafa “rétt þá póstinn inn” um hurðina og hafnaði hann á gólfinu (hent póstinum inn um gættina). Vildi þá ekki betur til en svo að hundur vátryggingartaka stökk á M og beit hann í mjöðmina. Um atvik að öðru leyti vísast til fyrirliggjandi gagna þ.á m. skýrslu lögreglu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Röksemdafærslu þess er getið í gögnum málsins þ.á m. bréfi til nefndarinnar, dags. 02.03. 2007. Það telur að tjóni M hafi ekki verið valdið með saknæmri háttsemi. Félagið vísar og til niðurstöðu úrskurðarnefndar í máli 167/2006.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. röksemdafærslu hans í fyrirliggjandi gögnum.

**Álit.**

Ekki hefur verið sýnt fram á að tjónsatburður máls þessa hafi verið valdið með saknæmri háttsemi.

Ekki er unnt að líta svo á að vörslur hundsins eða gæsla hafi verið áfátt miðað við aðstæður.

Til hliðsjónar má nefna niðurstöðu úrskurðarnefndar í máli 167/2006, eftir því sem við getur átt.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. mars 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 45/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v kaskótryggingar**

**Ökumaður ók bifreið á ljósastaur undir áhrifum áfengis og lyfja þ. 20.11.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 19.2.2007
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 15/07
3. Lögregluskýrsla dags. 21.11.2006
4. Læknisvottorð um ökuhæfni dags. 20.11.2006
5. Matsgerð dags. 20.12.2006
6. Niðurstöður úr alkahól- og lyfjarannsóknnum
7. Bréf V dags. 5.3.2007

**Málsatvik.**

M ók bifreið sinni á ljósastaur og segir í lögregluskýrslu að eftir að hann kom á lögreglustöð hafi hann verið mjög sljór og virst sofna um stund og vakna aftur. Í læknisvottorði um ökuhæfni M kemur fram að lækninum virðist M ekki hafa verið fær um að stjórna bifreið örugglega. Samkvæmt matsgerð rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði kemur fram að M hafi verið undir slævandi áhrifum klónazepams og því líklegt að hann hafi ekki getað stjórnað bifreið örugglega þá kom einnig fram að M var undir nokkrum áhrifum áfengis auk ofangreinds lyfs. M krefst bóta úr alkaskó tryggingu sinni hjá V og telur ósannað og rangt að hann hafi verið undir áhrifum áfengis og slævandi lyfja við aksturinn og hafi ekki sýnt af sér gáleysi miðað við aðstæður. V hafnar bótaárbyrgð og bendir á 6.gr. skilmála umræddrar tryggingar þar sem kemur fram sú varúðarregla að ökumenn aki ekki undir áhrifum áfengis. Þá vísar V einnig í 7.gr. skilmálanna máli sínu til stuðnings.

**Álit.**

Samkvæmt lögregluskýrslu og læknisvottorði um ökuhæfni sama dag og M ók á ljósastaurinn, var M ekki fær um að stjórna bifreið örugglega vegna áfengisneyslu og lyfjanotkunar. Niðurstöður úr alkahól- og lyfjarannsókn styðja ofangreinda niðurstöðu enn frekar. Miðað við þessar aðstæður var það stórkostlegt gáleysi af M að aka bifreiðinni við slíkar aðstæður og má rekja tjónið til þess. M á því ekki rétt á bótum úr kaskó tryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr kaskó tryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 27.3. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 46/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.**

**Gangandi vegfarandi varð fyrir bifreið á Miklubraut í Reykjavík þann 27.11.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 20.2.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 19.3.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið vestur Miklubraut. Á móts við Engihlíð, skammt vestan gangbrautarljósa til móts við Reykjahlíð, varð M fyrir bifreiðinni. Slysið varð laust fyrir kl. 2.30 aðfaranótt 27.11.2005. Þá var myrkur, en færi er sagt hafa verið þurrt og götulýsing góð.

Á vettvangsteikningu lögreglu má greina slitrótt allt að 51 m löng hemlaför eftir A. Fyrst má greina um 18 m löng för eftir hægri hjól og um 12 m löng för eftir vinstri hjól. Um 18 m löng för eru fyrir aftan hægri hjól A, þar sem hún var stöðvaðist eftir að slysið varð. Að öðru leyti eru hemlaförin nokkuð ógreinileg að því er ráða má af teikningunni. Þó markar fyrir förum eftir hægri hjól A þannig að sjá má að þau hafi farið upp á gangstéttarkant eða graseyju hægra megin við akbrautina og síðan niður af kantinum aftur, þar sem virðist tekið úr honum eða hlykkur kemur á hann. Þar sem bifreiðin stöðvaðist virðast hægri hjólin að nýju hafa verið komin upp á gangstéttarkantinn.

Þar sem slysið gerðist er nyrðri akbraut Miklubrautar 8 m á breidd og skiptist í tvær akreinar. Vinstri akreinin er 3,8 m á breidd og sú hægri 4,2 m. Miðeyja er á milli akbrauta til austurs og vesturs, 2,5 m á breidd. Eftir henni endilangri er 1,3 m há járngríðing. Um 75 m austan við slysstaðinn á móts við Reykjahlíð er ljósastryð gangbraut yfir götuna. Hámarkshraði á Miklubraut á slysstað er 60 km á klst.

Við slysið hlaut M alvarlega líkamsáverka, svo sem beinbrot og höfuðáverka. Hann man ekkert eftir slysinu eða tildrögum þess og hefur því ekkert getað borið um málsatvik. Um kl. 5 að morgni slysdags var blóð tekið úr M. Magn alkóhóls í blóði hans mældist 1,90 prómill.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið vestur Miklubraut á vinstri akrein. Hann hafi stöðvað á umferðarljósum á gatnamótum Lönguhlíðar. Á hægri akrein hafi bifreið, B, verið stöðvuð við hlið A. Er grænt ljós kviknaði hafi bifreiðunum verið ekið áfram til vesturs. Ökumaður A vissi ekki nákvæmlega um hraða bifreiðar sinnar, en hann hafi í mesta lagi verið um 60 km á klst. B hafi á hinn bóginn verið ekið örlítið hraðar. Á móts við biðstöð strætisvagna hægra megin við götuna hafi ökumaðurinn séð að B var hemlað og skyndilega verið sveigt af hægri akreininni yfir á þá vinstri án þess að stefnumerki væru gefin. Bilið á milli bifreiðanna hafi verið svo lítið að til að lenda ekki aftan á B hafi hann sveigt A af vinstri akreininni yfir á hægri akreinina. Hafi hann þá séð M standa á hægri akrein götunnar alveg við akreinalínu og veifað höndum. Hafi hann þá átt mjög stutt ófarið að M. Hann hafi því hemlað strax og sveigt undan til hægri til að reyna að komast hjá að lenda á honum. Þá hafi M hlaupið til hægri og orðið fyrir bifreiðinni. Við það hafi hann kastast út fyrir akbrautina. Hann hafi svo ekið A út í hægri kant og stöðvað.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið vestur Miklubraut á 60-65 km hraða á klst., er hann hafi veitt M athygli á akbrautinni framundan í um 100-130 m fjarlægð eða e.t.v. lengra. Hann hafi þá dregið úr hraða og litið eftir umferð á vinstri akrein, en enga séð og því skipt um akrein yfir á þá vinstri. Hann hafi þó heyrt í bifreið sem var greinilega í inngjöf. Þegar hann hafi svo verið á móts við M hafi hann séð er M stökk til norðurs áleiðis út fyrir akbrautina. Er hann hafi verið kominn fram hjá honum hafi hann heyrt tvö högg.

Annað vitni kvaðst hafa ekið vestur Miklubraut á hægri akrein á um 40 km hraða á klst. Það kvaðst hafa séð er A var ekið af vinstri akreininni yfir á þá hægri og hafi hraði A þá verið um 50 km á klst. Skyndilega hafi eitthvað kastast frá bifreiðinni til hægri út fyrir akbrautina. Þá kvaðst vitnið hafa séð að A var fyrst sveigt til hægri og síðan til vinstri, en loks verið beygt til hægri út fyrir akbrautina þar sem hún hafi stöðvast.

Þriðja vitnið sagðist hafa hjólað til vesturs eftir gangstétt að norðanverðu við Miklubraut. Það hafi veitt M athygli þar sem hann hafi verið staddur úti á miðri nyrðri akbraut Miklubrautar og veifað höndum eins og hann hafi verið að reyna að stöðva bifreiðir. Hvíttri fólksbifreið hafi verið sveigt yfir á vinstri akrein frá M. Er hann hafi verið kominn um 20-30 m fram hjá M hafi hann snúið sér við í þeim tilgangi að kalla til M að koma sér af götunni. Í sama mund hafi hann séð að ekið var á M og hann kastast út fyrir akbrautina.

Í þágu rannsóknar málsins var af hálfu Fræðslumiðstöðvar bílgreina hf. framkvæmd ítarleg bíltæknirannsókn á A. Bifreiðin, sem er af BMW gerð, var fyrst skráð hér á landi í ágúst 1989 og var því rúmlega 16 ára gömul. Henni hafði verið ekið rúmlega 200.000 km. Fundið var að ýmsum atriðum sem úr lagi voru í bifreiðinni. Má þar m.a. nefna að báðir stýrisendar út við framhjól voru verulega slitnir og á hættustigi. Segir í skýrslu um rannsóknina að þetta slit hafi veruleg áhrif á stjórnun bifreiðarinnar og skriðstefnu hennar í hemlum. Í niðurstöðukafla skýrslunnar segir að rannsókn hafi leitt í ljós að hemlabúnaður og hjólbarðar hafi verið í fullnægjandi ástandi fyrir árekstur. Hins vegar leiti ökutækið undan hliðarhalla þegar hemað er og heldur óvissri stefnu vegna verulegs slits í stýrisendum út við bæði framhjól, en ástand stýrisendanna hafi verið á hættustigi. Vegna slits í stýrisendunum hafi framhjólin ekki látið fullkomlega að stjórn eins og þau gera þegar stýrisbúnaður er í lagi. Þá hafi aðstaða ökumanns til að hafa stjórn á ökutækinu verið skert vegna ástands bílstjórásætis, slitinna stýrisenda og vegna þess að fetil vantaði á bensíngjöf.

### Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Bætur fyrir líkamstjón má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Í ljósi þessarar ströngu ábyrgðarreglu ber ökumaður A sem eigandi hennar ábyrgð á líkamstjóni M að því marki sem bótaréttur hans skerðist ekki eða falli niður vegna háttsemi hans sem jöfnuð verður við ásetning eða stórkostlegt gáleysi.

Slysið varð að nóttu til í myrkri við eina af fjölförnustu götum borgarinnar, þar sem umferðarhraði er að jafnaði nokkuð mikill. M stóð úti á miðri akbrautinni og veifaði höndum án þess að séð verði hver tilgangurinn hafi verið með þessu háttalagi nema þá e.t.v. til að stöðva aðvifandi bifreiðir. Ógerlegt var að komast þarna yfir götuna vegna girðingar á umferðareyjuni, en um 75 m austar var ljósastýrð gangbraut yfir götuna. Þá var M mjög ölvaður. Með háttsemi sinni umrætt sinn sýndi M stórkostlegt gáleysi sem leiðir til þess að skerða ber rétt hans til bóta.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að slysið verði rakið til ógætni ökumanns A. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að bifreiðin lét ekki fullkomlega að stjórn vegna hins bága ástands hennar eins og rakið er í skýrslu Fræðslumiðstöðvar bílgreina. Þá verður heldur ekki horft fram

hjá því að hemlaför eftir A voru löng og slitrótt, sem að einhverju leyti kann að skýrast af ásigkomulagi bifreiðarinnar.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið og málsatvikum að öðru leyti þykir mega skerða bótarétt M að helmingi. Skal tjón hans þá sömuleiðis bætast að helmingi.

**Niðurstaða.**

Líkamstjóns M bætist að helmingi.

Reykjavík, 27. mars 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 47/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ fjölskyldutryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr innbútryggingu vegna hvarfs á fartölvu.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 20.2.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 5.3.2007.

**Málsatvik.**

Þann 12.11.2006 gaf málskotsaðili M skýrslu hjá lögreglunni á Höfn í Hornafirði vegna þess atviks er hann kveður fartölvu hafa horfið úr íbúð sem hann býr í að A, Kópavogi, ásamt sambýliskonu sinni. Kvaðst M vera háskólanemi. Föstudaginn 3.11.2006 hafi hann komið heim úr skólanum með fartölvu sína í tösku eins og venjulega og lagt hana frá sér innandyrá. Um helgina hafi hann ásamt sambýliskonu sinni verið að vinna á veitingastað og af þeim sökum hafi hann ekki verið mikið heima. Mánudagsmorguninn 6.11. hafi hann farið í skólann, en þá hafi komið í ljós að tölvuna vantaði í töskuna. Í fyrstu hafi hann haldið að hann hafi gleymt henni heima; hélt kannski að hann hefði notað tölvuna um helgina, en hélt þó að svo hafi ekki verið. Við leit heima hjá sér hafi hann ekki fundið tölvuna. Síðan hafi það rifjast upp fyrir honum að hann hefði notað tölvuna seinnipart laugardagsins. Því sé ljóst að hún hafi horfið á tímabilinu frá laugardegi til mánudags.

Kvað M að ekki hafi verið merki um innbrot, en þau hafi íbúðina ávallt læsta og passað upp á að það væri alltaf læst. Það sé því ekki önnur skýring á hvarfinu en að farið hafi verið inn í íbúðina og tölvunni stolið ásamt ýmsu öðru.

Í gr. 4.5.1 í skilmálum þeim sem M krefst bóta úr, segir að vátryggingin bæti tjón vegna þjófnaðar úr íbúðarhúsnæði eða geymslu tilheyrandi lögheimili vátryggingartaka. Í gr. 4.5.7 er tilgreind sú varúðarregla að læsa skuli íbúðarhúsum og öðrum húsum eða rýmum, sem fallið geta undir vátrygginguna, auk þess sem loka skuli gluggum og krækja aftur. Tryggingafélagið hefur hafnað bótaskyldu þar sem ekki liggja fyrir sönnun um innbrot.

**Álit.**

Samkvæmt fyrrgreindu ákvæði í skilmálum vátryggingarinnar bætist tjón m.a. vegna þjófnaðar úr íbúðarhúsnæði. Ekki er berum orðið tekið fram að þjófnaðurinn skuli hafa orðið við innbrot. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að lögregla hafi rannskað verksummerki á vettvangi. Frásögn M um notkun tölvunnar umrædda helgi er reikul. Þá gerði hann sér ekki grein fyrir hvarfi tölvunnar fyrr en hann ætlaði að nota hana í háskólanum að morgni mánudags. Af þessum sökum þykir skýrsla M um atvikið ekki vera nægileg sönnun þess að tölvunni hafi verið stolið úr íbúð hans að A. Slík sönnun verður heldur ekki leidd af öðrum gögnum málsins. Verður því ekki talið að hvarf tölvunnar hafi orðið af völdum atviks er falli undir gildissvið vátryggingarinnar. Tjón M fæst því ekki bætt.

**Niðurstaða.**

Tjón M vegna vegna meints þjófnaðar á tölvu fæst ekki bætt úr fjölskyldutryggingu hjá X.

Reykjavík, 27. mars 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 48/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v. A og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v B**

**Árekstur bifreiða á hringtorgi við Smiðjuveg í Kópavogi þ. 9.1.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 20.2.2007
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 112/07
3. Tjónaskýrsla dags. 9.1.2007 ásamt ljósmyndum
4. Bréf V-1 dags. 12.3.2007
5. Bréf V-2 dags. 22.2.2007

**Málsatvik.**

A og B var ekið um hringtorg við Smiðjuveg í Kópavogi og var A á ytri hring og B á innri hring. A ók fram hjá útakstri við Smiðjuveg þar sem fyrirhuguð akstursstefna var upp í Breiðholt og ók B á afturstuðara A vinstra megin. Ökumaður B segist hafa ætlað að aka út á öðrum gatnamótum frá því að hann kom inn í hringtorgið og hafi gefið stefnuljós en A ekið í veg fyrir B.

**Álit.**

A ók í ytri hring yfir gatnamót þegar B ætlaði að beygja út úr hringnum. Ökumaður A tók áhættu með því að aka í ytri hring framhjá gatnamótum og ber alls sök á því að árekstur skuli hafa orðið með bifreiðunum miðað við fyrirliggjandi gögn.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök

Reykjavík 27.3. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 49/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. A og B**

**Árekstur bifreiða á Norðurlandsvegi við Kotárbrú í Akrahreppi þ. 11.12.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 22.2.2007
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 30/07
3. Lögregluskýrsla dags. 11.12.2006 ásamt athugasemd og ljósmyndum.
4. Bréf V dags.6.3.2007.

**Málsatvik.**

Árekstur varð með A og B á Kotárbrú á Þjóðvegi 1 í Skagafirði. Samkvæmt ummerkjum varð áreksturinn á miðri brú eða því sem næst skv lögregluskýrslu. Báðir ökumenn bera að þeir hafi ekið á um 70 km. hraða eða yfir og reynt að hemla þegar þeir urðu hins ökutækisins varir á brúnni en bifreið þeirra runnið og árekstur orðið.

**Álit.**

Hvorugur ökumaður þykir hafa sýnt nægjanlega aðgæslu í umrætt sinn. Þá eru ekki forsendur til að leggja sök á annan ökumann umfram hinn miðað við gögn málsins. Sök er því skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 27.3.2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 50/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/B og A**

**Árekstur við Strandgötu 35 á Akureyri 09.02. 2007**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 01.03. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.03. 2007 og 22.03. 2007.
3. Athugasemdir ökumanns A, dags. 08.03. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Bifreiðunum var ekið í sömu áttina og var A á undan B. A hugðist beygja inn í stæði hægra megin en í þann sama mund reyndi ökumaður B framúrakstur hægra megin. Bifreiðastæði eru beggja megin götunnar.

M telur að skilyrði til framúraksturs hafi verið fyrir hendi.

Ökumaður A telur að það hafi verið óvarlegt af ökumanni B að reyna framúrakstur. Þrengsli hafi verið það mikil að ekki hafi verið komist inn á stæðið án þess að taka sveig til vinstri að hluta til inn á næstu akrein og beygja svo. Ökumaðurinn kveðst hafa gefið stefnumerki.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður A hafi ekki gætt 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, bifreiðin hafi verið á vinstri vegarhelmingi sem sé í andstöðu við 14. gr. sömu laga. Ökumanni B hafi ekki verið rétt að taka hægra megin framúr sbr. 20. gr. umferðarlaga. Vegna rangrar staðsetningar á vegi og að hægri beygja hafi ekki verið rétt tekin telur félagið að ökumaður A skuli bera 2/3 hluta sakar en ökumaður B 1/3 hluta sakar.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum gætti ökumaður A ekki 1. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga er hann beygði til hægri. Skilyrði til framúraksturs hægra megin voru ekki fyrir hendi. Ökumaður B gætti ekki 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga. Með hliðsjón af framanrituðu er sök skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 27. mars 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 51/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v. A og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v B**

**Árekstur bifreiða á Hofsvallagötu við Vesturbæjarsundlaug í Reykjavík þ.3.2.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 1.3.2007 ásamt bréfi M og tveggja vitna.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 162/07
3. Lögregluskýrsla dags. 3.2.2007 og ljósmyndir
4. Bréf V-1 dags. 8.3.2007
5. Bréf V-2 dags. 10.1.2007

**Málsatvik.**

A var að koma frá Vesturbæjarsundlaug og ætlaði að aka út á Hofsvallagötu. Ökumaður A segir að A hafi verið kyrrstæð á gatnamótunum á meðan B var ekið inn í innkeyrsluna í of þröngri vinstri beygju með þeim afleiðingum að B hafi ekið á A. Ökumaður B segist hafa tekið beygjuna með eðlilegum hætti þegar A hafi komið á töluverðri ferð og rekist á afturhjól A og svo hafi virst sem ökumaður A hafi ekki gert sér grein fyrir biðskyldu auk þess hafi A verið komin fram yfir biðskyldumerkið. Tvö vitni staðfesta að A hafi verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð.

**Álit.**

Miðað við fyrirbyggjandi gögn telst nægjanlega sannað að B hafi tekið vinstri beygju með röngum hætti í umrætt sinn og ekið á A kyrrstæða á gatnamótunum. B ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík 27.3. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 52/2007**

(S)  
og  
Vátryggingafélagið X. vegna (A)  
og  
Vátryggingafélagið Y. vegna (B)

**Árekstur á bílastæði við Smiðjuveg 7. febrúar 2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 1. mars 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur frá Y dags. 6. mars 2007.
3. Bréf frá X. 8. mars 2007.

**Málsatvik.**

Samkvæmt tjónstilkynningu ók ökumaður A ók meðfram bílastæðum við verslunina Bónus við Smiðjuveg. Ökumaður B var að bakka bifreið sinni útúr bílastæði. Á tjónstilkynningu er krossað við að B hafi verið kyrrstæður þegar A ók á hann. Ökumaður A fullyrðir að hann hafi verið á hægri ferð og að B hafi bakkað í veg fyrir sig. Ber ökumaðurinn fyrir sig reynsluleysi við útfyllingu tjónaskýrslu.

**Álit.**

Eins og gögn málsins liggja fyrir verður að byggja á því með hvaða hætti ökumenn fylltu út tjónstilkynningu. Samkvæmt henni var B kyrrstæð er A ók á B. Öll sök á A.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík, 3. apríl 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 53/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/húftryggingar A  
og slysatryggingar ökumanns**

**Umferðaróhapp, útafakstur, Suðurlandsvegi (við Gaddstaðasíki)  
þann 20.09. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 01.03. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.03. 2007, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni útaf. Hann hafði verið við vinnu sína á hóteli á frá því kl. 18 til um kl 01.00. Þegar hann lauk vinnu sinni ætlaði hann að Hellu. Þegar hann hafi átt nokkra metra eftir að brú, sem þarna er, missti hann stjórn á bifreið sinni með þeim afleiðingum sem lýst er í gögnum málsins.

M kveðst ekki hafa neytt áfengis fyrir aksturinn. Hann hafi neytt lyfsins Tafil samkvæmt læknisráði. Hann hafi tekið lyfið daglega um nokkurn tíma, tvær pillur í senn.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Umrætt lyf er þríhyrningsmerkt. Hvergi sé því lýst yfir að bannað sé að stjórna ökutæki eftir notkun þess enda hafi M ekki verið bent á annað af heimilislækni sínum. Það liggja ekki fyrir að M hafi drukkið fyrir slysið. Ekkert í gögnum málsins styðji þá niðurstöðu að rekja megi óhapp máls þessa til stórkostlegt gáleysis M. Gögn málsins bendi til þess að M hafi misst stjórn á bifreið sinni og farið nokkrar veltur. Hann hafi fengið höfuðhögg og fundist blautur, skólaus og kaldur um átta tímum eftir slysið. ”Það að taka inn þríhyrningsmerkt lyf, ávísað af heimilislækni til notkunar í nokkurn tíma, getur ekki talist stórkostlegt gáleysi”.

Vátryggingafélagið telur bótaábyrgð ekki fyrir hendi. Umrætt lyf sé sljógandi og akstur því varasamur á meðan lyfið er notað. Lyfið sé þríhyrningsmerkt, sem þýðir að notkun þess slævir viðbragðsflýti og eftirtekt. Verkun lyfsins geti verið breytileg t.d. ef áfengis er neytt samhliða. Með hlíðsjón af fyrirliggjandi gögnum telur félagið sannað að M hafi ekið bifreið sinni undir áhrifum slóvgandi lyfja og áfengis. Sú háttsemi teljist stórkostlegt gáleysi og félaginu því heimilt að fella niður bætur með vísan til skilmála og laga um vátryggingarsamninga.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er bótaábyrgð fyrir hendi samkvæmt þeim vátryggingum sem hér um ræðir. Ósannað er að tjónsatburð máls þessa megi rekja til notkunar lyfja eða áfengis.

Takmörkuð gögn máls þessa gefa ekki tilefni til skerðingar eða brottfalls á bótarétti M samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt þeim vátryggingum sem hér um ræðir.

Reykjavík 20. mars 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 55/2007**

**Kristján Geir Jóhannesson (K)**  
**og**  
**Sjóvá Almennar tryggingar vegna RE 879 (A)**  
**og**  
**Trggingamiðstöðin hf. vegna UN 129 (B)**

**Árekstur á Höfðabakka 27. mars 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 8. mars 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur frá Tryggingamiðstöðinni hf. dags. 26. mars 2007.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður RE 870 (hér nefnd A) ók eftir Höfðabakka. Fyrir framan hann á akrein var bifreið sem ók mjög hægt. Ökumaður A leit því í hliðarspegil og skipti um akrein þar sem hann sá enga bifreið. Ökumaðurinn segist hafa verið að gíra sig upp þegar bifreiðin UN 129 (hér nefnd B) lenti aftan á honum. Ökumaður B segist hafa ekið Höfðabaka á hægri akrein. A hafi verið fyrir framan á vinstri akrein. A hafi síðan skyndilega sveigt yfir á hægri akrein fyrir fyrir framan B og B því lent aftan á A. Síðar framkomin vitni fullyrða um mikin hraða B. Af vitnisburði er þó ljóst að vitnin sáu ekki aðdraganda árekstursins, þ.e. þegar B skipti yfir á vinstri akrein.

**Álit.**

Eins og gögn málsins liggja fyrir verður að byggja á því að A hafi skyndilega beygt af vinstri akrein yfir á hægri akrein og í veg fyrir B. Framburður vitna þykir ekki nægilega traust sönnun um meintan hraðakstur B.

**Niðurstaða.**

A (RE 870) ber alla sök.

Reykjavík, 12. apríl 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 54/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/ferðatryggingar greiðslukorts

### Ágreiningur um réttarstöðu vegna hvarfs á munum á ferðalagi í Egyptalandi í janúar 2007

#### Gögn.

1. Málskot móttakið 05.03. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.03. 2007 og 16.03. 2007, ásamt fylgiskjölum.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M lætur þess getið í málskotinu m.a. að hann hafi verið um borð í báti ásamt öðru fólki. Meðan á ferð stóð hafi einhver tekið úr tösku konu hans farsíma, armbandsúr og gleraugu. Þau hafi ekki orðið vör við þetta fyrr en þau komu aftur á hótél. ”Einnig hafi horfið af hótélherbergi þeirra gullhringur” sbr. nánar fyrirliggjandi gögn. M telur sig hafa gert það sem ”best var hægt að gera miðað við aðstæður um borð. Við gengum frá dóti okkar undir fötum á bekk þar sem aðrir farþegar gerðu það sama töldum við það vera ok...”

Vátryggingafélagið vísar til skilmála greinar 5.1 þar sem segir svo um gildissvið: ”Vátryggt er gegn tjóni sem verður á einkamunum af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, ráns, skemmdarverka eða flutningsslyss. Skilyrt er að hinn vátryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins vátryggða”. Félagið vísar og til greinar 5.2.9 þar sem fram kemur að félagið bætir ekki ”tjón á hlutum sem einhver hinna vátryggðu týnir, missir, gleymir, misleggur eða skilur eftir á almannafæri eða í ólæstum hýbílum, geymslum, bifreiðum og bátum.” Félagið hafnar bótaskyldu vegna þeirra muna sem hurfu í bátsferðinni með vísan til greinar 5.2.9 og einnig greinar 5.2.12 varðandi þjófnað úr bátum. Varðandi hringinn sem týndist, hafnar félagið bótaskyldu með vísan til þess að ekki hafi verið upplýst með fullnægjandi hætti hvert tjónsatvikið hafi verið og jafnvel ”þó lagt yrði til grundvallar að hringurinn hefði tapast á hótélherbergi, eins og vátryggingartaki telur sennilegast, þá er ljóst að tjónsatvikið myndi hvort eð er ekki falla innan gildissviðs farangurstryggingarinnar eins og það er afmarkað í grein 5.1 í skilmálum”.

#### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur vátryggður ekki sýnt fram á bótaábyrgð félagsins. Varðandi þá muni sem týndust í bátsferðinni er um undanskilda áhættu að ræða sbr. grein 5.2.9 í skilmálum vátryggingarinnar. Óljóst er hvar umræddur hringur tapaðist. Hvarf hans fellur þar af leiðandi utan vátryggingaverndar félagsins.

#### Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 27. mars 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 57/2007

M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.

**Árekstur á bifreiðastæði í Kópavogi, þann 4.10.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 8.3.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 23.3.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið aftur á bak áleiðis úr stöðureit á bifreiðastæði við fjölbylishús í Kópavogi. Í sömu andrá var bifreiðinni B einnig ekið aftur á bak úr stöðureit andspænis þeim stöðureit sem A var ekið úr, en akleið um bifreiðastæðið liggur á milli stöðureitanna. Um það bil á miðri akleiðinni milli stöðureitanna rákust afturendar bifreiðanna saman.

Ökumaður A kvaðst hafa bakkað úr stöðureitnum. Þá hafi hann séð bakkljós á B kvikna og ökumaður hennar byrjað að bakka. Hann hafi þá stöðvað og flautað, en B hafi skolið á A.

Ökumaður B kvaðst telja að báðir ökumenn hafi verið að bakka á sama tíma.

**Álit.**

Engum vitnum er til að dreifa og eru ökumenn einir til frásagnar um áreksturinn og tildrög hans. Ökumaður A kvaðst hafa stöðvað og flautað er hann varð var við ferðir B. Ökumaður B virðist á hinn bóginn ekki hafa vitað neitt um ferðir A áður en árekstur, taldi einungis að báðar bifreiðirnar hefðu verið á ferð er árekstur varð. Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki önnur ályktun dregin en sú að ökumaður B hafi ekki gætt nægrar varúðar er hann ók úr stöðureitnum umrætt sinn. Ber hann því sök á árekstrinum. Ekki eru efni til að fella sök á ökumann A vegna árekstursins.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 3. apríl 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



Mál nr. 56/2007  
M og  
Vátryggingafélagið V h.f. v. kaskótryggingar A

Bifreið var ekið á ljósastaur. Ágreiningur um bótaskyldu úr kaskótryggingu þ. 21.2.2006.

**Gögn.**

1. Málskot móttekið þ. 8.3.2007
2. Lögregluskýrsla dags. 21.2., 22.2.2006
3. Bréf lögmans hdl. dags. 3.1.2007
4. Endurrit úr dómabók Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu S xxxx/2006

**Málsatvik.**

Lögreglunni barst tilkynning um mikið skemmda bifreið sem ekið hefði verið á ljósastaur. Bifreiðin(A) reyndist ólæst og kveikjuláslykill var í kveikjulásnum. Miðað við aðstæður á vettvangi virðist sem bifreiðinni hafi verið ekið yfir á rangan vegarhelming og á ljósastaurinn. Lögreglan leitaði ökumanns og handtók hann þegar til hans náðist. Aðspurður gat ökumaður ekki gert grein fyrir því hvenær nákvæmlega umferðaróhappið hafði átt sér stað en telur að það hafi verið milli kl. 3 og 5 um nóttina. Ökumaður gat ekki gefið skýringu á því af hverju hann hefði ekki tilkynnt um umferðaróhappið en segist hafa verið ódrukkinn en hafið áfengisdrykkju eftir að akstri lauk og verið búinn að drekka nokkuð þegar lögregla kom á heimili hans. Vitni sem var með ökumanni í bifreiðinni gaf ekki frekari skýringar á málinu. Ökumaður A var ákærður fyrir að hafa ekið undir áhrifum áfengis en vinnandamagn í blóði var við mælingu 2.03 prómill. Ökumaður var sýknaður þar sem ekkert væri komið fram í málinu sem beinlínis hnekkti þeirri staðhæfingu ökumanns A að hafa ekki verið undir áhrifum áfengis þegar hann ók á ljósastaurinn. Hins vegar var ökumaður A talinn hafa brotið gegn 4. gr umferðarlaga og dæmdur til greiðslu sektar. Eigandi A móðir ökumanns krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V. V. hafnar greiðslu bóta.

**Álit.**

Ökumaður A í umrætt sinn var undir verulegum áfengisáhrifum þegar hann var færður til yfirheyrslu hjá lögreglu, nokkru eftir að umferðaróhapp það sem hér ræðir um hafði átt sér stað. Aðstæður á vettvangi voru með þeim hætti að sannað þykir að ökumaður hafi ekki verið fær um að aka bifreið örugglega í umrætt sinn. Eigandi bifreiðarinnar því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni vegna A úr hendi V.

Reykjavík 12.4. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 58/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A og B**

**Árekstur á gatnamótum Guðrúnargötu og Rauðarárstígs þann 08.02. 2007**

**Gögn.**

Málskot móttakið 12.03. 2007, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Umferð um Rauðarárstíg hefur forgang gagnvart umferð um Guðrúnargötu m.ö.o. biðskylda er við gatnamótin.

A var ekið af Guðrúnargötu áleiðis inn á Rauðarárstíg, B var ekið suður Rauðarárstíg. Ökumaður B kveðst hafa verið á um 25-30 km hraða.

Ökumaður A sagðist ekki hafa séð til ferða B vegna bifreiða sem lagt var við gatnamótin og skyggnu á umferð suður Rauðarárstíg.

B lenti á vinstri hlið A. Bifreiðarnar voru töluvert skemmdar og voru líknarbelgir beggja sprungnir út. Bifreiðarnar voru fluttar af vettvangi með dráttarbifreið.

Samkvæmt skýrslu lögreglu var bifreiðin B á slitnum sumardekkjum en það var snjóþekja og ísing þegar áreksturinn varð.

M vísar til þess að áreksturinn hafi átt sér stað í íbúðarhverfi þar sem hámarksökuhraði er 30 km/klst. Snjóþekja hafi verið. Áreksturinn hafi verið talsvert harður. Það bendi til þess að ökuhraði B hafi verið meiri en 25-30 km/klst. M telur að það hljóti að vera krafa að ökumaður á sumardekkjum sýni aukna varúð og aki enn hægar þegar snjóþekja er. M telur tilefni til sakarskiptingar þ.e. að ökumaður B eigi að bera hluta sakar.

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A meginábyrgð á árekstrinum. Ökumanninum bar að gæta aukinnar aðgæslu við gatnamótin vegna takmarkaðst útsýnis. Honum bar að víkja fyrir umferð um Rauðarárstíg sbr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þessa gætti hann A ekki.

Samkvæmt skýrslu lögreglu var bifreiðin B á slitnum sumardekkjum. Með hliðsjón af framanrituðu var hún vanbúin til aksturs í hálku. Vegna þessa hefði ökumaður hennar þurft að sýna aukna aðgæslu. Líkur eru á því að árekstur þennan megi að hluta til rekja til vanbúnaðar bifreiðarinnar og aðgæsluleysis ökumanns hennar.

Með hliðsjón af framanrituðu ber ökumaður A  $\frac{3}{4}$  hluta sakar og ökumaður B  $\frac{1}{4}$  hluta sakar.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber  $\frac{3}{4}$  hluta sakar og ökumaður B  $\frac{1}{4}$  hluta sakar.

Reykjavík 12. apríl 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 59/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags**

**Meiðsl við fall á gangstétt við Laugaveg þann 3. maí 2003**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 12.03. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.03. 2007, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M var á gangi á gangstétt þegar hún steig í misfelli í gangstéttinni með þeim afleiðingum að hún féll við og slasaðist.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Það telur ósannað að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna vátryggingartaka eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Ekki sé komið fram sönnun um að starfsmönnum vátryggingartaka hafi verið kunnugt um missig á hellunum og vanrækt að bregðast við því.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaábyrgð félagsins. Ósannað sé að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna vátryggingartaka eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á.

**Niðurstaða.**

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 3. apríl 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 60/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A**

**og**

**Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur gatnamótum Dalvegar og Fífuhammsvegar 30.12. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 12.03. 2007, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 23.03. 2007.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 26.03. 2007 ásamt fylgiskjöllum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. B var ekið suður Dalveg en A var ekið Fífuhammsveg. Ökumaður B hugðist hreinsa gatnamótin en rautt ljós logaði fyrir akstursstefnu hans. A var ekið inn á gatnamótin af Fífuhammsvegi gegnt grænu ljósi og í hægri hlið B.

**Álit.**

Ökumaður B hugðist hreinsa gatnamótin. Honum bar að gæta aukinnar aðgæslu vegna umferðar um gatnamótin því rautt ljós var komið fyrir akstursstefnu hans.

Ökumaður A virðist hafa haft góða yfirsýn yfir aðstæður á gatnamótunum. Hann hefði þurft að gæta betur að annarri umferð áður en hann ók af stað. Með hliðsjón af framanrituðu og atvikum öllum og úrskurði nefndarinnar nr. 182/2002 er sök skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 12. apríl 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 61/2007  
M og  
Vátryggingafélagið V v. A og B

Árekstur bifreiða á hringtorgi á Hringbraut í Reykjavík þ.23.1.2007.

**Gögn.**

1. Málskot móttekið þ. 12.3.2007
2. Niðurstaða tjonanefndar nr.142/07
3. Tjónstilkynning dags. 23.1.2007
4. Bréf V dags. 23.3.2007.

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa ekið eftir umræddu hringtorgi í innri hring og verið að taka hægri beygju inn í Ánanaust þegar B hafi verið snarhemplað í veg fyrir A og hafi A lent á vinstri afturenda A. Ökumaður A segist hafa bremsað um leið og hún hafi séð að B var bremsað. Ökumaður B segist hafa ekið í ytri hring hringtorgsins og hafi bifreið sem á undan ók stöðvað til að hleypa bifreiðum úr innri hring austur Ánanaust en síðan hafi bifreiðin sem á undan ók og B haldið áfram en skyndilega hafi bifreiðin sem á undan ók stöðvað til að hleypa bifreið sem ók um Ánanaust inn í hringtorgið og hafi hann þá nauðhemlað og náð að stoppa rétt fyrir aftan umrædda bifreið og strax þar á eftir hafi A ekið aftan á B

**Álit.**

Með hliðsjón af ákomu á bifreiðunum verður ekki annað séð en að B hafi verið kominn það langt fram hjá útkeyrslunni við Ánanaust að sök verði ekki felld á hann í málinu. Þá styður afstöðumynd á tjónstilkynningu sem báðir ökumenn skrifa undir þá niðurstöðu. Öll sök er því felld á A.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík 12.4. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 62/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v A og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v B**

**Árekstur bifreiða á Hafnarfjarðarvegi þ.18.12.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 15.3.2007
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 38/07
3. Lögregluskýrsla dags. 18.12.2006
4. Bréf V-2 dags. 31.1.2007 og 23.3.2007
5. Bréf H dags. 9.3.2007

**Málsatvik.**

Árekstur varð með A og B á Hafnarfjarðarvegi á mótsi við Kópavogslæk. Í lögregluskýrslu segir að samkvæmt upplýsingum á vettvangi muni ökumaður A hafa misst A upp á vinstri vegkant við norðurenda vegriðs sem er á milli akbrauta Hafnarfjarðarveggar og A lent á vegriðinu og farið aftur inn á vinstri akrein og ökumaður við það misst stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðinum að hún snérist á akbrautinni og B sem kom á eftir lent á framenda A. Ökumaður A segist lítið muna og telur sig hafa verið á eðlilegum umferðarhraða áður en óhappið varð. Ökumaður B segist ekki hafa getað komið í veg fyrir árekstur en hann hafi ekið á um 70 km. hraða. Í umsögn sem höfð er eftir honum síðar segir að bifreið hafi ekið fram úr B á vinstri akrein og fært sig snögglega yfir á hægri akrein og hafi hann þá ekið B yfir á vinstri akrein en þá hafi A blasað við og snúið öfugt á veginum og árekstur orðið þrátt fyrir að hann reyndi að koma í veg fyrir hann. Vitni segist hafa séð þegar A byrjaði að snúast og árekstur orðið.

**Álit.**

Ástæða árekstursins var að ökumaður A missti stjórn á A. Ekki hefur verið sýnt fram á í málinu að ökumaður B hafi ekið með þeim hætti að sök verði felld á hann. A ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík 12.4. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 63/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðanna A og B.**

**Áræktur á Snæfellsnesvegi við bæinn Hömluholt þann 24.11.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 23.3.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 14.4.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið suður Snæfellsnesveg og bifreiðinni B var ekið eftir sama vegi til norðurs. Er bifreiðirnar mættust á móts við bæinn Hömluholt varð högg er leiddi til þess að ökumenn misstu stjórn á bifreiðunum og þær höfnuðu utan vegar og ultu. Er óhappið varð, var myrkur og þurr færi, en veglýsing engin. Við skoðun á vettvangi kom í ljós að hjólbarði á vinstra framhjól A hafði losnað frá felgunni og mikil rifa var á hlið hjólbarðans.

Í vettvangsskýrslu lögreglu er haft eftir ökumanni A að hann hafi ekið á 80-90 km hraða á klst. Er hann mætti B hafi hann heyrt högg, en hann hafi ekki gert sér fulla grein fyrir orsökum þess, en bifreiðirnar hafi ekki rekist saman. Hann taldi þó líklegt að hvelsprungið hafi á vinstra framhjól A. Strax eftir höggið hafi hann misst stjórn á bifreiðinni og hún farið út af veginum vinstra megin miðað við akstursstefnu og oltið eina veltu. Í framburðarskýrslu, sem tekin var af ökumanni A hjá lögreglu tveimur dögum eftir óhappið, kvaðst hann telja að vinstri framhjól bifreiðanna hafi lent saman þegar þær mættust með þeim afleiðingum að dekkinn skemmdust. Hann kvaðst ekki hafa verið meðvitaður á vettvangi um hvað gerðist og því sé framburður hans í lögregluskýrslu ekki réttur.

Í vettvangsskýrslu lögreglu kvaðst ökumaður B hafa ekið á 80-90 km hraða á klst. Er hann mætti A hafi mikið högg komið framan á bifreið hans svo hann missti stjórn á bifreiðinni og hún farið út af veginum. Í framburðarskýrslu, sem tekin var af ökumanni B, kvaðst hann aðspurður telja að högg hafi komið á B um það leyti sem afturhjól B hafi verið við miðju A. Ökumaðurinn kvað framhjól bifreiðanna ekki hafa rekist saman, þar sem brettakantar á B hafi staðið lengra út en hjólbarðarnir og þeir hafi verið alveg óskemmdir.

Vitnið C kvaðst hafa ekið norður Snæfellsnesveg næst á eftir B. Í vettvangsskýrslu er haft eftir vitninu að hvelsprungið hafi á vinstra framhjól A, þegar bifreiðirnar mættust, og hjólbarðinn hafi kastast fram á B. Í framburðarskýrslu, sem tekin var síðar af vitninu, kvað hann eitthvað hafa gerst er bifreiðirnar mættust sem hafi verið þess valdandi að þær köstuðust aðeins til og ökumenn misstu stjórn á þeim. Þá kvaðst vitnið ekki hafa séð hvað gerðist, en áttað sig á því eftir að hann hafði skoðað hjólbarðann á vinstra framhjól A að það hefði hvelsprungið á hjólbarðanum. Vitnið kvað vinstri framhjólbarða bifreiðanna ekki hafa rekist saman, þar sem eitthvað hafi gerst rétt áður en bifreiðirnar mættust.

Í bréfi frá verslunarstjóra D, er annast sölu á hjólbörðum eins og voru undir A, kemur fram að starfsmenn fyrirtækisins kannist ekki við að dekk affelgast í venjulegum akstri. Alltaf þurfi einhverja krafta til að ýta dekkinu af felgunni, t.d. ef ekið er á kantstein eða á loftlausu dekki í torfærum. Þetta geti einnig gerst ef hringvír er gallaður eða slitinn, en svo hafi ekki verið í umræddu tilviki.

#### **Álit.**

Í máli þessu greinir aðila á um það hvort óhappið verði rakið til þess að hjólbarði á vinstra framhjól A hafi hvellsprungið og við það losnað af felgu og rekist í B eða árekstur hafi orðið með bifreiðunum. Þótt ökumaður A hafi í vettvangsskýrslu lögreglu talið líklegt að hvellsprungið hafi á bifreið hans taldi hann sig þó ekki geta gert sér grein fyrir því hvað hafi orsakað óhappið. Vitnið C taldi eitthvað hafa gerst rétt áður en bifreiðirnar mættust. Er hann hafði skoðað hjólbarðann sem var á vinstra framhjól A, dró hann þá ályktun að sprungið hafi á hjólbarðanum. Engin sérfræðileg rannsókn liggur fyrir í málinu sem styður þá ályktun vitnisins að óhappið verði rakið til þess að hvellsprungið hafi á vinstra framhjól A rétt áður en bifreiðirnar mættust. Þá verður ekki fram hjá því litið að myrkur var og vitnið hefur verið í einhverri fjarlægð frá bifreiðunum þegar atvik gerðust. Ekki þykir fært að byggja á framburði vitnisins um sönnun þess hvað hafi orsakað óhappið.

Að öllu athuguðu verður af gögnum málsins ekki talið sannað hvað hafi valdið því að ökumenn misstu stjórn á bifreiðunum um það leyti sem þær mættust. Eftir meginreglu 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um að tjón skuli skiptast að tiltölu við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum, ef tjón hlýst af árekstri skráningarskyldra ökutækja, þykir rétt að skipta sök að jöfnu milli ökumanna.

#### **Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 8. maí 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 64/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar  
blikksmiðju**

**Vinnuslys þegar unnið var við loftræstistokk 16.01. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 23.03. 2007, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.04. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Óhappið varð þegar M var ásamt öðrum starfsmanni að vinna við kyndiklefa í húsi í Sandgerði við að koma upp loftræstistokk.

Í tilkynningu um slysið er þess getið að M hafi verið ”að setja upp loftræstikassa um 50 kg (vorum tveir að þessu) upp í loftið. Vorum því bograndi og kassinn datt og lenti á vinstri hendinni minni...”

Vátryggingfélagið hafnar bótaábyrgð. Það telur frásagnir aðila misvísandi og að verklag hafi verið hefðbundið. Hér hafi verið um óhappatilvik að ræða þegar M fékk stokkinn í sig. Félagið mótmælir ”sem röngu og ósönnuðu að M hafi neitað að vinna verkið með” þeim hætti sem gert var. Þessi frásögn M hafi ekki komið fram fyrr en bréfaskipti höfðu átt sér stað á milli félagsins og lögmanns M og eftir að bótaskyldu hafði verið hafnað úr ábyrgðartryggingunni. Félagið vísar til þess að M sé vélstjóri að mennt og að í málinu sé ekkert fram komið sem sannar að um saknæma og ólögmeða háttsemi hafi verið að ræða af hálfu vátryggingartaka eða starfsmanna hans.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. fyrirliggjandi málskot.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á skaðabótaskyldu samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Hér virðist hafa verið um óhappatilvik að ræða.

Staðhæfing M um að hann hafi neitað þeim vinnubrögðum sem hann hafi átt að viðhafa er ekki studd gögnum. Ekki hefur verið sýnt fram á að verkstjórn hafi verið áfátt. Ekki liggur fyrir fullnægjandi rökstuðningur fyrir meintri saknæmri og ólögmeðri háttsemi vinnuveitanda eða starfsmanna hans.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 8. maí 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 65/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur gatnamótum Breiðholsbrautar og Stekkjarbakka 01.03. 2007**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 26.03. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 03.04. sl.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 14.04. sl.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Bifreiðinni B var ekið aftan á A á nefndum gatnamótum. Ökumaður A ók af stað þegar hann ætlaði að stíga á kúplingsfetil mun hann hafa stigið á hemlafetil. Við það var bifreiðinni hemlað skyndilega og án beinna tengsla við umferðina og var B ekið aftan á bifreiðina.

Vátryggingafélag B telur að skipta skuli sök til helminga með vísan til 3. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga.

Vátryggingafélag A telur að um "einfalda aftanákeyrslu sé að ræða og að öll sök liggi hjá" B sem hafi ekki gætt þess að hafa nægjanlegt bil á milli bifreiðanna.

M gerir athugasemdir við vinnubrögð lögreglu í málskotinu sem óþarft er að geta. M kveðst m.a. hafa hægt á bifreiðinni vegna umferðar sem á undan fór.

**Álit.**

Frásögn lögreglu af því sem fram fór á vettvangi máls þessa er afdráttarlaus. Athygli vekur hve mikið ber í milli frásagnar lögreglu af vettvangi og síðari frásögn ökumanns bifreiðar A. Frumskýrsla lögreglu verður lögð til grundvallar þrátt fyrir að skýrslunni virðist nokkuð áfátt. Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa þykir rétt að skipta sök til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 8. maí 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

# ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

---

Mál nr. 66/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.

Ágreingur um bótaskyldu vegna afnotamissis leigubifreiðar.

## Gögn.

1. Málskot, móttakið 27.3.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 12.4.2007.

## Málsatvik.

Þann 6.2.2007 skemmdist leigubifreiðin A að framanverðu í bifreiðaárekstri. Bifreiðin er í eigu M. Mun grill og vélarhlíf hafa eyðilagst í árekstrinum. Varahlutir voru pantaðir í bifreiðina og af gögnum málsins má ráða að þeir hafi verið settir í bifreiðina þann 19.2., eða 13 dögum eftir áreksturinn. Var þá sett bráðabirgðagrill á A þar sem rétt grill hafði þá ekki borist.

M rekur bifreiðina hjá tiltekinni leigubifreiðastöð og á fyrrgreindu tímabili kvaðst hann ekki hafa getað notað bifreiðina til leiguaksturs. Er í því sambandi vísað til yfirlýsingar framkvæmdastjóra bifreiðastöðvarinnar, dags. 15.3.2007, en þar segir að stöðin samþykki ekki bifreiðir sem eru “klesstar og með tjón sem almenningur tekur eftir í afgreiðslu”. Af þessum ástæðum hafi bifreiðin ekki fengið afgreiðslu frá 7.2. til 19.2.2007, en þann dag hafi bifreiðin verið samþykkt.

Í yfirlýsingu innflytjanda varahluta í A kemur fram að markmiðið sé að eiga alltaf algengustu varahluti á lager í bifreiðir sem hann hafi umboð fyrir, en að öðrum kosti séu þeir sérpantaðir og ýmist fluttir með sjó- eða flugfrakt, en flutningsmáti fari eftir því hversu mikið liggja á og kostnaði við flutninginn. Sé vara ekki til hjá birgja fari hún á “backorder” sem þýði að hún sé afgreidd til innflytjandans jafnskjótt og hún berst birgjanum. Í gögnum málsins má ráða að þannig hafi háttað varðandi pöntun varahluta í A.

M hefur krafist bóta fyrir afnotamissi þá daga sem hann kveðst ekki hafa átt þess kost að nota bifreiðina til leiguaksturs. Vátryggingafélagið X er ábyrgðartryggjandi bifreiðar þeirrar sem olli tjóninu á A. Félagið hefur hafnað greiðslu afnotamissis fyrir lengri tíma en fjóra daga, sem það telur vera yfirdrífinn viðgerðartíma á A. Biðtími að öðru leyti stafi af bið eftir varahlutum sem tjónvaldur geti varla borið ábyrgð á.

## Álit.

Samkvæmt því sem ráða má af gögnum málsins liggur fyrir að A var skemmd að framanverðu eftir áreksturinn 6.2.2007 og ekki var unnt að nota hana að nýju til leiguaksturs fyrr en að lokinni viðgerð þann 19.2.2007. Ekki hefur verið sýnt fram á að M verði kennt um eða hann skuli af öðrum ástæðum bera ábyrgð á því hversu langan tíma tók að afla nýrra varahluta. Á hann því rétt á bótum fyrir afnotamissi frá 7.2.2007 til 19.2.2007, eða í 13 daga. Ekki er tekin afstaða til bótafjárhæða í málinu.

## Niðurstaða.

M, á rétt á bótum fyrir afnotamissi tímabilið 7.2-19.2.2007, eða í 13 daga.

Reykjavík, 2. maí 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 67/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/B  
og  
Vátryggingafélagið Y v/A**

**Umferðaróhapp við gatnamót Suðurfells og Yrsufell 11.01. 2007**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 27.03. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 11.04. 2007.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 15.04. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. B var ekið austur Suðurfell, A var ekið út frá Yrsufelli og í veg fyrir B að því er ökumaður B heldur fram með þeirri afleiðingu að B var hemlað og sveigt til hægri en ökutækið mun hafa runnið áfram í hálku og lent á ljósastaur sunnan megin við Suðurfell.

Fyrirliggjandi gögn geta frásagna aðila. Einnig er frásögn sjónarvotts sem styður frásögn ökumanns B. Ökumaður A kveðst ekki hafa orðið var við umferð er hann ók af Yrsufelli inn á Suðurfell. Ökumaður B heldur því fram að A hafi ekið í veg fyrir sig.

Vátryggingafélag A telur ósannað að rekja megi umferðaróhapp þetta til A. Það telur framburð ökumanna misvísandi og frásögn sjónarvotts ekki sönnun þess efnis að A hafi ekið í veg fyrir B. Viðkomandi geti einungis borið vitni um að ökutækin hafi verið staðsett á svipuðum stað á sama tíma.

Vátryggingafélag B telur að A beri ábyrgð á óhappi þessu, A hafi verið ekið í veg fyrir B. Biðskylda er þegar ekið er af Yrsufelli inn á Suðurfell. B hafi sveigt frá til að lenda ekki á A.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á umferðaróhappi þessu. Ökumaðurinn virðist ekki hafa hugað nægjanlega að annarri umferð er hann ók af Yrsufelli inn á Suðurfell. Fyrirliggjandi frásögn sjónarvotts styður frásögn ökumanns B.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á umferðaróhappi þessu.

Reykjavík 2. maí 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 68/2007

M og

Vátryggingafélagið V vegna sjúkdómatryggingar

Ágreiningur úr greiðsluskyldu úr sjúkdómatryggingu.

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 30.3.2007 ásamt fylgiskjöllum 1-12 og bréfi lögmanns dags. 27.3.2007.
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 35/07
3. Bréf V dags. 14.4.2007 ásamt fylgiskjali

**Málsatvik.**

M greindist með MS sjúkdóm í október 2005 en hún hafði skrifað undir beiðni um sjúkdómatryggingu hjá V þ.2.4.2002 og segir í bréfi lögmanns hennar að á þeim tíma hafi M verið heilsuhraust en lagst inn á sjúkrahús í lok apríl árið 2002. M gerir kröfu til að fá greitt úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V og bendir á að áður en hún óskaði eftir umræddri tryggingu hafi hún einungis leitað til læknis vegna sinaskeiðabólgu og flensu og greint frá stöðu sinni með fullkomlega réttum hætti. V hafnar bótaskyldu og bendir á að beiðni M um tryggingu hafi verið samþykkt þ. 19.6.2002. V bendir á að M hafi sagst vera fullkomlega heilsuhraust við töku tryggingarinnar en það hafi ekki verið rétt. V heldur því fram að félagið hefði ekki samþykkt vátryggingabeiðni ef M hefði upplýst um þá greiningu sem hún hafði fengið þ.10.2.2002. V telur að ákvæði 4-10 gr. Laga um vátryggingasamningar nr. 20/1954 eigi við í þessu tilviki og því sé bótaréttur ekki fyrir hendi úr umræddri vátryggingu

**Álit.**

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að M leitaði þrisvar sinnum á heilsugæslu skömmu áður en hún sótti um umrædda tryggingu. Þ. 10.2.2002 kvartar M yfir miklum slappleika, þ.18.3. 2002 kvartar M yfir dofa í hægri griplim, verk við olnboga og smá stirðleika í hálsliðum. Loks leitaði M til heilsugæslustöðvarinnar þ. 23.3.3002 vegna mikils verks í hægri hendi og hægri úlnlið. Í umsókn sinni um sjúkdómatryggingu með beiðni dags. 2.4.2002 segist M hafa verið fullkomlega heilsuhraust sbr. tl 5.5. í umsókninni. Með þessu gaf M rangar upplýsingar sem skipt hefðu félagið máli við ákvörðun um vátryggingatöku. Með vísan til 6.gr. laga nr. 20/1954 vátryggingasamningalaga telst samningurinn ekki skuldbindandi fyrir V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr tryggingu sinni hjá V

Reykjavík 2.5. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 69/2007**

**M) v. A**

**og**

**Vátryggingafélagið V h.f. v. frjálsrar ábyrgðartryggingar G**

**Ruslagámur fauk á bifreið í Borgarnesi þ. 9.12.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 30.3.2007
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 150/07
3. Lögregluskýrsla dags. 11.12.2006 ásamt ljósmyndum
4. Bréf V ásamt fylgiskjölum 1-4

**Málsatvik.**

Ruslagámur fauk á A sem var kyrrstæð og lagt nærri gámnum og skemmdist A nokkuð. Mikill vindur var þegar umrætt atvik átti sér stað og var kallað á björgunarsveit á staðnum til að festa gáminn. M krefst bóta og telur að eigandi ruslagámsins hafi átt að festa hann niður en spáð hafi verið miklu hvasaviðri. Af hálfu V er bótaskylda hafnað og bent er á að um sé að ræða gám sem sé 1 tonn að þyngd og hafi gámurinn staðið á bifreiðaplaninu í mörg ár án þess að vera festur niður og telur V að frágangur gámsins hafi verið fullnægjandi og því ekki um bótaskylda að ræða. V bendir á að mikill vindur hafi verið í umrætt sinn og hafi vindstyrkur farið yfir mörk sem sett eru varðandi foktryggingu fasteigna.

**Álit.**

Af hálfu M er ekki bent á eða gert sennilegt að um bótaskylda vanrækslu hafi verið að ræða af hálfu G sem hafði með umræddan ruslagám að gera. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á að tjon á V sé bótaskyld miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu.

**Niðurstaða.**

Tjon M er ekki bótaskyld.

Reykjavík 8.5. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 70/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar MJ-211.**

**Árekstur á Engjavöllun í Hafnarfirði á móts við hús nr. 5a þann 13.2.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 30.3.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 11.4.2007.
3. Bréf X, dags. 15.4.2007.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið eftir akleið meðfram bifreiðastæðum við Engjavelli 5b. Þá var bifreiðinni B beygt til vinstri af Engjavöllum inn á akleiðina sem A var ekið eftir. Er bifreiðirnar mættust rákust framanverðar vinstri hliðar þeirra saman.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á um 25 km hraða á klst. Hafi B verið beygt inn á akleiðina sem er fyrir umferð í báðar áttir, en ökumaður B hafi gleymt að gera ráð fyrir því og ekið á vinstri hlið A. Bifreiðirnar hafi þá verið að mætast og hvorug þeirra hafi verið kyrrstæð fyrr en eftir tjónsatburð.

Ökumaður B kvaðst hafa verið kyrrstæður á sínum vegarhelmingi og verið að bíða eftir því að A yrði ekið fram hjá. A hafi að hluta verið komin yfir á rangan vegarhelming og rekist í vinstri hlið B.

**Álit.**

Ökumenn greinir á um tildrög árekstursins. Engum vitnum er til að dreifa og eru ökumenn einir til frásagnar. Af afstöðumynd af vettvangi, sem teiknuð er á sameiginlega tjónstilkynningu ökumanna, kemur ekki fram hver hafi verið staða bifreiðanna þegar áreksturinn varð. Samkvæmt gögnum málsins er ósannað að A hafi fremur en B verið ekið á röngum vegarhelmingi. Sömuleiðis telst ósannað að B hafi verið stöðvuð það löngu áður en áreksturinn varð að sök verði af þeirri ástæðu lögð á ökumann A fremur en hinn. Að öllu virtu telst ósannað að annar ökumannanna eigi fremur sök á árekstrinum. Verður sök því skipt að jöfnu á milli þeirra, sbr. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 2. maí 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 72/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðanna A og B.**

**Árekstur á þjóðvegi 1, Norðurlandsvegi, í Þingeyjarsveit við Breiðamýri þann 21.11.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 16.4.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 20.4.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið norðvesturs þjóðveg nr. 1, Norðurlandsveg, í Þingeyjarsveit. Þá var bifreiðinni B ekið sama veg til suðausturs. Við bæinn Breiðumýri varð harður árekstur með bifreiðunum svo þær köstuðust út fyrir veg. Í lögregluskýrslu er aðstæðum á vettvangi lýst svo að vegurinn sé beinn og breidd hans milli vegaxla (stika) sé 6,5 m. Ekinn breidd vegarins við bestu aðstæður sé 6m. Þegar slysið varð, var vegurinn hulin snjóþekju, þjöppuðum að mestu á eignum hluta, en lausamjöll í vegköntum. Hin ekna breidd vegarins við þessar aðstæður hafi verið 5,1 m. Alhvít jörð hafi verið utan vegar og lofthiti  $-7$  til  $-10^{\circ}$  C. Myrkur var og engin lýsing. Þá mun hafa gengið á með eljum. Báðar bifreiðir voru búnar negldum snjóhjólbörðum.

Ekki reyndist unnt að staðsetja áreksturinn á veginum, en sökum traðks og umferðar höfðu för eftir bifreiðirnar máðst út eftir vinnu við að ná ökumanni A út úr bifreiðinni. Brak var þó á miðjum veginum á milli bifreiðanna.

Ökumaður A slasaðist verulega við áreksturinn. Ekkert er haft eftir honum í vettvangsskýrslu lögreglu um tildrög árekstursins. Í framburðarskýrslu sinni hjá lögreglu kvaðst ökumaður A hafa ekið á 70-80 km jöfnum hraða á klst. frá Egilsstöðum að Laugum í Þingeyjarsveit. Rétt fyrir slysið hafi hann ekið á 50-60 km hraða á klst., en hraðinn hafi ráðist af slæmu skyggni og hann hafi því ekki treyst sér til að aka hraðar. Hann hafi reynt að aka eins utarlega á veginum og hann gat í aðdraganda slyssins. Samt sem áður hafi hann reynt að fara utar og utar eftir því sem nær dró á milli bifreiðanna. Kvaðst hann hafa talið að hann hefði rétt verið að fara út af veginum þegar áreksturinn varð. Hann kvaðst vera þess fullviss að áreksturinn hafi átt sér stað sín megin á veginum.

Ökumaður B kvaðst hafa mætt nokkrum bifreiðum og séð að ein þeirra stefndi á framhorn B. Hann kvaðst ekki gera sér grein fyrir hvort B hafi verið rétt staðsett á veginum, hvort hún hafi verið of mikið á miðjum veginum. Þetta hafi gerst mjög snögg. Hann hafi sveigt B til hægri til að forðast árekstur, en árekstur hafi engu að síður orðið. Ökumaðurinn kvaðst ekki hafa séð á hraðamæli og ekki veitt hraða bifreiðarinnar eftirtekt. Honum hafi fundist A hafi verið ekið of mikið á öfugum vegarhelmingi og töluvert hratt.

Vitni sem ók jeppabifreið á undan A, en vitnið og ökumaður A höfðu ekið í samfloti frá Egilsstöðum, kvaðst hafa mætt þarna þremur bifreiðum. Tvær fyrstu hafi vikið vel, en sú síðasta hafi verið mjög innarlega á veginum. Hann hafi sjálfur ekið í kantinum og hafi honum fundist



sem bifreiðinni hafi verið ekið óþægilega nærri og hafi hann þurft að aka enn frekar út í kant sín megin, er bifreiðirnar mættust.

Unnusta ökumanns A kvað B hafa komið á móti þeim og hafi hún stefnt beint á þau. Hafi ökumaður A reynt að vikja fyrir henni, en ekki tekist.

#### **Álit.**

Engin för voru eftir bifreiðirnar á vettvangi né önnur verksummerki sem gátu gefið til kynna hvar bifreiðirnar voru staðsettar á veginum, er áreksturinn varð. Af skýrslum ökumanna eða annarra sem borið hafa um málsatvik verður ekki fullyrt að áreksturinn verði rakinn til þess að annar ökumaður hafi fremur en hinn ekið á röngum vegarhelmingi eða eigi af öðrum ástæðum sök á því að árekstur varð. Eftir atvikum, sbr. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þykir rétt að skipta sök að jöfnu milli ökumanna.

#### **Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 8. maí 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 73/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur á gatnamótum Laugavegar og Nóatúns 13.02. 2007**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 10.04. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 20.04. sl.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 02.05. sl., ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og frásagnir aðila.

Bifreiðinni B var ekið yfir gatnamótin eftir Nóatúni frá norðri í suðurátt og síðan til austurs á Laugaveg en A var ekið Laugaveg til austurs frá Hlemmi og stefndi bifreiðin yfir gatnamótin. B var ekið í vinstri hlið A.

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum. Það var óvarlegt af ökumanni B að aka inn á gatnamótin ef honum mátti vera ljóst að hann kæmist ekki yfir þau áður en grænt ljós kviknaði á umferð úr þverstæðri átt sbr. 7. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Úr því að ökumaðurinn reyndi að fara yfir gatnamótin, þ.e. hreinsa þau, eftir að grænt ljós hafði kviknað fyrir umferð úr þverstæðri átt, hefði hann þurft að gefa umferð um Laugavegi aukna athygli. Þessa gætti hann ekki og því ber hann ábyrgð á árekstrinum.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A miðað við gögn málsins.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 8. maí 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr.74 /2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1) v. A og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v B**

**Árekstur bifreiða á Kringlumýrarbraut í Reykjaví, þ.28.2.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 11.4.2007
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 249/07
3. Lögregluskýrsla dags. 2.3.2007 ásamt ljósmyndum.
4. Bréf V-2 dags. 30.3.2007 og 17.4. 2007.
5. Bréf V-1 dags. 25.4.2007

**Málsatvik.**

Áreksturinn átti sér stað á afrein af Nýbýlavegi inn á Kringlumýrarbraut til norðurs. Afreinin liggur að Kringlumýrarbraut og heldur síðan áfram sem sjálfstæði akrein Kringlumýrarbrautar til norðurs. Ökumaður A segist hafa ekið í röð bifreiða á afreininni og hafi B verið á undan og hafi B verið sveigt til vinstri yfir stýrilínurnar og að Kringlumýrarbraut og hafi hann því talið að B ætlaði að skipta um akrein en síðan hafi B verið sveigt snögg aftur til baka inn á afreinina vegna mikillar umferðar á Kringlumýrarbraut með þeim afleiðingum að hann ók aftan á B. Ökumaður B segist hafa ætlað að færa sig á næstu akrein til vinstri en hætt við vegna umferðar og beygt aftur til baka og hafi A verið ekið á B. Báðir ökumenn segja að umferðarhraði hafi verið um 30-40 km. á klst.

**Álit.**

Ökumaður B gætti ekki fullrar varúðar við akstur í umrætt sinn. Ökumaður A gætti þess ekki að hafa nægjanlegt bil á milli bifreiða við þær aðstæður sem um var að ræða. Báðir ökumenn bera því sök á árekstrinum og þykir rétt að skipta sök til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 8.5. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 75/2007**

**(M)**

**og**

**Vátryggingafélagið hf. vegna flutningstryggingar (B)**

**Tjón á farmsendingu.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 11. apríl 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur frá Vátryggingafélaginu hf. dags. 3. maí 2007.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að M fékk vörusendingu frá Danmörku, mest parket. Þegar kallað var eftir vörunni kom í ljós að hún hafði skemmt. Tryggingafélagið neitaði að greiða tjónið á sendingunni með vísan til skilmála flutningstryggingarinnar og taldi að ástæða tjónsins væri ónógar og óhæfar umbúðir og lélegur frágangur vörunnar. Parketið var flutt frá Danmörku til Íslands á opnum fletum og pakkað inn í þunnar plastumbúðir sem ekki séu til þess gerðar að flytja vöru milli landa, nema þá í lokuðum gámi, en þannig var varan ekki flutt.

**Álit.**

Samkvæmt grein 2.1.c í skilmálum flutningstryggingar þeirrar sem M hafði keypt bætir tryggingin aldrei tap, skemmdir eða kostnað, sem stafar af ónógum eða óhæfum umbúðum, eða af lélegum frágangi á hinu vátryggða. Tjónið sem varð á parketsendingunni má samkvæmt gögnum málsins rekja til ónógra eða óhæfra umbúða eða lélegs frágangs. Tjónið fellur því ekki undir skilmála vátryggingarinnar.

Það mál sem hér er til umræðu er óljóst og illa upplýst en það veldur þó ekki frávísun skv. e lið 4. gr. samþykta nefndarinnar.

**Niðurstaða.**

Tjón M bætist ekki úr flutningstryggingu M.

Reykjavík, 8. maí 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 76/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar

Þjófnaður á sjónvarpi 02.12. 2005

### Gögn.

1. Málskot móttakið 12.04. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.04. 2007.

### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Verðmætu Bang & Olufsen sjónvarpi var stolið úr bifreiðageymslu á heimili vátryggðs. Iðnaðarmenn höfðu verið að störfum á heimili vátryggðs á þeim tíma sem tækinu var stolið. Seinna hafðist upp á tækinu og í ljós kom að viðgerðarkostnaður var áætlaður ca. 500 þús. kr.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð úr innbústryggingu "einkum með vísan til þess að umrætt atvik fellur ekki undir það að vera innbrotþjófnaður skv. skilmálum" þar sem ekki var um innbrot að ræða í læsta íbúð og þar sem á vettvangi voru ekki óvtíræð merki um innbrot. Félagið telur tjónið ekki heldur bótaskyldt úr þjófnaðarlið innbústryggingar þar sem tjón vegna þjófnaðar úr mannlausum íbúðum eru undanskilin.

Félagið lætur þess og getið að verði talið að um innbrotþjófnað hafi verið að ræða þá sé tjón þetta allt að einu ekki bótaskyldt úr innbrotþjófnaðarlið vátryggingarinnar þar sem innbrotþjófnaður á sérgreindu innbúi eins og sjónvarpi sé ekki bótaskyldur ef hið stolna er í geymslum utan íbúðar eða í útihúsum eða bílskúrum. Umrætt sjónvarp var tekið úr bifreiðageymslu líkt og fram kemur í skýrslu lögreglu.

Vátryggingafélagið lætur getið dóms Héraðsdóms Reykjavíkur, frá 24. maí 2006, yfir þeim aðilum sem munu hafa tekið sjónvarpið ófrjálsri hendi.

M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Hús hans hafi verið læst og lykkill að því hafi verið geymdur á stað sem "útilokað var fyrir utanaðkomandi að vita um". Hann hafi geymt sjónvarpið í bifreiðageymslunni því verið var að vinna við húsnæðið. Hann telur að "hurðarkarmurinn á hurðinni að bifreiðageymslunni var sprunginn til beggja átta frá læsingarjárn".

### Álit.

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu vátryggingafélagsins. Ekki hefur verið sýnt fram á ótvíræð merki um innbrot sem er forsenda bótaskyldu.

Ekki liggja fyrir ítarlegar upplýsingar í gögnum málsins hvernig þeir aðilar báru sig að á vettvangi sem tóku sjónvarpstækið, svo virðist sem þeir hafi komist yfir lykil til að opna geymsluna.

### Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 8. maí 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 77/2007**  
**M v. bifreiðarinnar A og**  
**Vátryggingafélagið h.f. v. B**

**Árekstur bifreiða á Túngötu eða Vesturgötu í Reykjavík þ. 27.8.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 12.4.2007 ásamt fylgiskjölum nr. 1-12
2. Bréf Varðar Íslandstryggingar dags. 2.5.2007.

**Málsatvik.**

M kom á lögreglustöðina í Reykjavík þ.15.9.2006 og tilkynnti um ákeyrslu og afstungu frá ökutæki sínu á móts við Landakotsspítala þ. 27.8.2006. M sagðist hafa ekið Túngötu og allt í einu hafi köttur hlaupið þvert yfir götuna fyrir framan A og hafi hann þurft að hemla og þá hafi B ekið á A farþegi sem sagður er hafa verið í A staðfesti að köttur hefði hlaupið í veg fyrir A. Ökumaður B segist hafa ekið norður Garðastræti og beygt til vinstri niður Vesturgötu en þá hafi kærasta hans sagt að fyrrverandi sambýlismaður hennar M væri á eftir þeim og hafi ökumaður A allt í einu gefið inn farið fram úr B og síðan nauðhemlað. Ökumaður B segist hafa reynt að beygja frá og hemlað til að koma í veg fyrir árekstur en það hefði ekki tekist. M gerir kröfu um að tjón það sem varð á A verði bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V og bendir á að ekið hafi verið aftan á A og með vísan til 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 beri að fella sök á B vegna slyssins að fullu. V hafnar bótaskyldu og bendir á að engin efnisleg sönnunargögn liggi fyrir í málinu, þá hafi engin skoðun farið fram á meintu tjóni á A hvorki af hálfu lögreglu né tryggingarféлага. V bendir því á að engin leið sé að staðreyna umfang árekstursins og atvik sem aðila greinir á um. Þá telur skýringar M á skyndilegri stöðvun A ólíklegar og hafi M sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

**Álit.**

Ekki liggur fyrir hvort eða hvaða tjón varð á A og læknisvottorð rúmum mánuði eftir atburðinn gefur takmarkaðar vísbendingar um afleiðingar árekstursins. Þá ber til þess að líta að M gefur fyrst lögregluskýrslu 20 dögum eftir áreksturinn og aðila greinir algjörlega á um tildrög árekstursins. Enfremur greinir aðila á um hvar áreksturinn á að hafa orðið. Miðað við þær aðstæður sem fyrir liggja og að virtum öllum gögnum málsins telst ekki sannað að B hafi með akstri sínum í umrætt sinn bakað sér bótaskyldu gagnvart M. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 8.5. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 78/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélag ið Y v/ bifreiðarinnar B.**

**Árekstur í hringtorgi á mótum Ánanausta og Mýrargötu í Reykjavík þann 3.3.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 13.4.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 5.4.2007.
3. Bréf X, dags. 2.5.2007.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið um innri hring (vinstri akrein) hringtorgs á gatnamótum Ánanausta og Mýrargötu. Í þann mund sem ökumaður A hugðist beygja út úr hringtorginu suður Ánanaust rakst bifreiðin aftan á bifreiðina B, sem var kyrrstæð á innri hring hringtorgsins. Lítið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á báðum bifreiðum.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á litlum hraða. Hann hafi ætlað út úr hringtorginu suður Ánanaust og verið að fylgjast með bifreið í ytri hring (hægri akrein) við hlið A. Hann hafi því ekki tekið eftir B fyrr en árekstur varð.

Ökumaður B kvað bifreið sína hafa orðið eldsneytislaua í hringtorginu til móts við Ánanaust. Hann hafi gengið frá bifreiðinni til að kaupa eldsneyti á bensínstöðinni við Ánanaust. Er hann hafi komið til baka nokkrum mínútum síðar hafði óhappið átt sér stað.

**Álit.**

Ökumaður A vissi ekki af B kyrrstæðri fyrir framan sig fyrr en áreksturinn varð. Hann sýndi ekki þá varúð við aksturinn sem af honum mátti krefjast, sbr. 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og verður áreksturinn aðallega rakinn til þess. B hafði stöðvast vegna eldsneytisskorts á innri hring hringtorgsins við gatnamót Ánanausta. Við það skapaðist hætta og óþægindi fyrir umferðina. Samkvæmt gögnum málsins för ökumaðurinn frá bifreiðinni til að kaupa eldsneyti án þess að gera ráðstafanir til að vara aðra vegfarendur við. Með því braut hann gegn 1. mgr. 30. gr. ufl. og á einnig lítilsháttar sök á því hvernig fór. Eftir atvikum þykir rétt að ökumaður A beri 3/4 hluta sakar og ökumaður B 1/4 sakar.

**Niðurstaða.**

Leggja ber 3/4 hluta sakar á ökumann A og 1/4 hluta sakar á ökumann B.

Reykjavík, 8. maí 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 79/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs**

**Vinnuslys þegar fiskkar rann af karalyftara á tjónþola þann 11.04. 2006**

**Gögn.**

Málskot móttakið 13.04. 2007, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við viðgerð á lyftara sem var með fiskkar í hæstu stöðu. Ekki vildi betur til en svo að fiskkarið mun hafa runnið af stað og á mjóbak M þannig að meiðsl hlutust af. M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Hann telur að rekja með slysið til bilunar í lyftaranum sem vinnuveitandi hans ber ábyrgð á sbr. nánar umfjöllun í málskotinu.

Í tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins og til Tryggingastofnunar ríkisins kemur fram m.a. að "karalyfta fór af braut og körin setið föst. M ýtti við föstu kari sem þá rann til baka út úr lyftunni. M datt þá aftur á bak og lenti á færiband og fékk tómt fiskkarið ofan á sig."

Í málskotinu hafnar M því að hann hafi ýtt við karinu.

Afgreiðsla máls þessa hefur tafðist sökum þess að vátryggingafélagið óskaði eftir fresti til að skila athugasemdum vegna málskotsins. Með tölvupósti, dags. 08.05. sl., óskaði félagið eftir viðbótarfresti um viku til að skila athugasemdum. Sá frestur leið án þess að athugasemdir bárust.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á skaðabótaskyldu vinnuveitanda M.

**Niðurstaða.**

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 29. maí 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 80/2007**  
**(M)**  
**og**  
**Vátryggingafélagsins V.**  
**vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar X**

**Vinnuslys þegar M féll úr stiga og hlaut af líkamsmeiðsl**  
**þann 12.02. 2002.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 20.4.2007 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.05. 2007, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Lögmaður M segir að hann hafi farið upp á kælislamstæðu til að ná í pappakassa og fallið niður á bakaleiðinni vegna þess að stigi sem hann notaði rannaf stað og M fallið beint á gólfið á sitjandann. M starfaði í umrætt sinn sem aðstoðarmaður kjötiðnaðarmanns. Sama lýsing er í tjónstilkynningu M. Engin vitni voru að óhappinu. Af hálfu M er krafist bóta þar sem að aðstaða til að geyma pappakassa hafi verið vanbúin, þá hafi leiðin þangað verið ólögleg, einnig hafi stiginn sem notaður var ekki verið löglegur miðað við aðstæður.

**Álit.**

Engin vitni voru að slysi M og er hann því einn til frásagnar. Ekki hefur verið sýnt fram á sök sem leitt geti til bótaskyldu vinnuveitanda og á M þegar af þeim sökum ekki rétt á bótum úr umræddri vátryggingu.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 15.5. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 81/2007  
M og  
Vátryggingafélagið V-1 v A og  
Vátryggingafélagið V-2 B

Árekstur bifreiða á bifreiðaplani við Ofanleiti í Reykjavík þ.22.3.2007.

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 23.4.2007 ásamt upprætti
2. Niðurstaða tjonanefndar nr.
3. Lögregluskýrsla dags. 24.3.2007
4. Skýrsla ökumanns B ódags ásamt upprætti
5. Bréf V-1 dags. 30.3. og 4.5.2007.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu segir að þar sem árekstur varð sé bifreiðaplan skóla með miklum fjölda ökutækja, hringakstur sé um bifreiðastæðin og akstursleið þröng og hafi áreksturinn orðið við austurbrún beygju þegar ökutækin mættust. Ökumaður A segist hafa séð B allan tíman frá því að hann ók af stað og þangað til árekstur varð og hafi B ekið hiklaust áfram á lítilli ferð og þegar hann hefði séð hvað verða vildi hafi hann beygt eins mikið og hann gat til að koma í veg fyrir árekstur en án árangurs. Ökumaður B segir segir að í beygjunni hafi A komið á móti B á töluverðri ferð og hafi hún ekki haft tíma til að hemla. Kærasti ökumanns B gaf skýrslu en hann sá ekki þegar áreksturinn varð. Ákoma á bifreiðunum var á A vinstri hlið aftan við miðju og B vinstra framhorn og hjólabúnaður brotinn.

**Álit.**

Þar sem áreksturinn varð verða ökumenn að aka varlega og gæta fyllstu varúðar. Hvorugur ökumanna þykir hafa gætt þess og bera því báðir sök á árekstrinum. Ekki er forsenda miðað við gögn málsins til að leggja sök á annan ökumann umfram hinn og er sök því skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 5. júní 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 82/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ réttaraðstoðartryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr réttaraðstoðartryggingu.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 23.4.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 7.5.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M er karlmaður og starfandi grunnskólakennari. Hann eignaðist barn í júlí 2006. Hann hugðist af því tilefni taka sér fæðingarorlof 1. mars 2007 til 1. júní sama árs. Þann 4.2.2007 sótti M um greiðslu úr Fjölskyldu- og styrktarsjóði BHM, BSRB og KÍ. Þessum sjóði er m.a. ætlað það hlutverk að verja hluta af iðgjaldi launagreiðanda í sjóðinn til að greiða þann mismun sem er á greiðslum er taka mið af reglugerð nr. 410/1989 annars vegar og skv. 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof hins vegar, sbr. gr. 3.1.2 í sérstöku samkomulagi BHM, BSRB og KÍ við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborg og launanefnd sveitarfélaga um tiltekin réttindi er varða réttindi starfsmanna í samtökunum. Samkvæmt gögnum málsins munu vinnuveitendur sjóðsfélaga hafa greitt til sjóðsins 0,41% (nú 0,55%) af launum þeirra. Með bréfi sjóðsins þann 7.2.2007 var umsókn M hafnað á þeim grundvelli að ekki hafi verið í gildi samningur um fæðingarorlof karla milli stéttarfélags hans, KÍ, og vinnuveitanda fyrir gildistöku laga um fæðingarorlofssjóð, sbr. lög nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof.

M kveðst vilja leita réttar síns og bera synjunina undir dómstóla. Leitaði hann til vátryggingafélagsins X í því skyni að fá kostnað við málsóknina greiddan úr réttaraðstoðartryggingu sem hann hafði keypt hjá félaginu. Félagið hafnaði málaleitan M með vísan til b. liðar 2. gr. skilmála sem um vátrygginguna gilda, en skv. því ákvæði tekur vátryggingin ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem “er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs...”

**Álit.**

Ágreiningur sá er M hyggst leita með til dómstóla lýtur að rétti hans til greiðslna úr Fjölskyldu- og styrktarsjóði BHM, BSRB og KÍ, sem eiga að koma til meðan hann er í fæðingarorlofi. Starfsemi sjóðsins og hlutverk hans byggist á samkomulagi milli þessara þriggja tilgreindu launþegasamtaka og viðsemjenda þeirra, ríkis og sveitarfélaga. Þá byggðist synjun sjóðsins á því að ekki hafi verið í gildi samningur milli stéttarfélags hans og vinnuveitanda er veitti honum rétt til greiðslna úr sjóðnum. Verður í ljósi þessa að telja að slík tengsl séu milli ágreiningsefnisins og atvinnu M að réttaraðstoðartrygging sú sem M hefur hjá X taki ekki til þess tilviks sem hér um ræðir. Á M því ekki rétt til greiðslna úr réttaraðstoðartryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til greiðslna úr réttaraðstoðartryggingu hjá X.

Reykjavík, 21. maí 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 83/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs**

**Vinnuslys vegna áreksturs lyftara í vöruhúsi þann 02.02. 2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 13.04. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.05. 2007 ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M var á lyftara þegar hann lenti í árekstri við annan lyftara.

M ók lyftara sínum aftur á bak. Hann telur að rekja megi árekstur þennan til ógætilegs aksturs öikumans hins lyftarans, sá hafi ekið í veg fyrir M. Af lögregluskýrslu megi ráða að ekki voru speglar á lyftaranum sem M var á og því hafi hann verið vanbúinn og ekki uppfyllt eðlilegar öryggiskröfur. Vinnueftirlitinu hafi ekki verið tilkynnt um óhappið og ekki lögreglu sem hann telur vinnuveitanda til vanrækslu. Hann telur að reglur um umferð inni í vöruhúsinu hafi ekki verið nægilega skýrar ásamt því að eftirlit hafi ekki verið fullnægjandi.

Vátryggingafélagið telur bótaábyrgð ekki fyrir hendi. Það mótmælir því að samstarfsmaður M hafi ekki sýnt eðlilega varkárni. Gögn málsins bendi ekki til annars en að orsök slyssins sé sú að M hafi sjálfur sýnt af sér ónóga varkárni þegar hann ók lyftaranum aftur á bak. Félagið mótmælir þeirri fullyrðingu að lyftari M hafi verið vanbúinn og ekki uppfyllt öryggiskröfur, enda "er ekki bent á neinar reglur eða öryggiskröfur sem brotið á að hafa verið gegn." Félagið telur að vinnuveitandi M hafi ekki gerst sekur um vanrækslu og brotið gegn skyldum sínum. Umrætt atvik hafi verið minni háttar og M hafi starfað í 2 daga áður en hann leitaði til læknis. Vinnuveitandi hans hafi því ekki haft tilefni til að kalla til lögreglu eða Vinnueftirlit. Loks mótmælir félagið því að umferðarreglur í vöruhúsinu hafi verið óskýrar og eftirlit ófullnægjandi. Félagið telur að orsök slyssins sé sú að M hafi sjálfur ekki gætt að umferð fyrir aftan lyftara sinn áður en hann ók aftur á bak.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á skaðabótaskyldu vinnuveitanda M. Ósannað er að rekja megi slys M til saknæmrar háttsemi vinnuveitanda M, starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem leitt geti til skaðabótaskyldu úr þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

**Niðurstaða.**

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 15. maí 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 84/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v. I og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v eiganda húsnæðis E**

**Maður slasaðist þegar hann var að klofa yfir þröskuld þ. 31.7.2003 .**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 24.4.2007 ásamt fylgisköllum nr. 1-12
2. Bréf V-1 dags. 8.5.2007 ásamt tjónstilkynningu
3. Bréf V-2 dags. 4.5.2007.

**Málsatvik.**

Lögmaður M segir málsatvik vera þau að M hafi unnið við ræstingar og slasast, tognað á hálsi, við vinnu sína fyrir I á húsnæði E. Slysið hafi orðið með þeim hætti að M var að klofa yfir þröskuld þegar hann hafi fallið en fyrir innan þröskuldinn sé plastmotta sem hafi runnið undan fótum M. Lögmaður M telur að slysið megi rekja til ófullnægjandi aðbúnaðar á vinnustað þ.e. hæð þröskulds og plastmottu. Þessar aðstæður telur M hafa verið hættulegar og saknæmar. Einnig er vísað til 6 liðs reglna nr. 581/1995. M byggir bótakröfur sínar á sömu málsástæðum gagnvart I og E en auk þess byggir hann á sjálfstæðri ábyrgð vinnuveitanda á starfsfólki sínu gagnvart I. V-1 bendir á að ósannað sé að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi I eða starfsmanna þess eða öðru sem I beri ábyrgð á og hafnar bótakröfu. Þá er á það bent að I hafi ekki haft neinn umráðarétt yfir húsnæðinu og beri því ekki ábyrgð á hlutum sem það varðar. Af hálfu V-2 er því haldið fram að enginn lagagrundvöllur sé fyrir málskoti þar sem félagið hafi ekki tekið afstöðu til þess.

**Álit.**

Af hálfu M er ekki sýnt fram á að I hafi bakað sér bótaskyldu. Bótakröfu sem beint er gegn V-1 er því hafnað. V-2 hefur gert kröfu um að málinu verði hvað hann varðar vísað frá nefndinni sbr. 2. mgr. 51.gr. laga um vátryggingasamninga. Fallast ber á það með V-2 að ekki er forsenda til að fjalla um mál sem hafa ekki fengið afgreiðslu tryggingafélags innan eðlilegs tíma. Eins og háttar til um mál þetta þá heldur V-2 því fram að félaginu hafi fyrst verið tilkynnt um málið eftir að málinu var skotið til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Af þeim sökum með vísan til 2. mgr. 51.gr. laga um vátryggingarsamninga er málinu vísað frá hvað varðar V-2 og E.

**Niðurstaða.**

Ekki er um bótaskyldu að ræða gagnvart V-1 og I

Málinu gagnvart V-2 og E er vísað frá Úrskurðarnefndinni.

Reykjavík 29.5. 2007.

\_\_\_\_\_  
Rúnar Guðmundsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Dögg Pálsdóttir hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 85/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur við gatnamót Krókhálsar og Hálsabrautar þann 14.02. 2006**

**Gögn.þar**

- 1) Málskot móttakið 24.04. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 10.05. 2007.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 14.05. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. A var ekið af Krókhálsi inn á Hálsabraut í hægri beygju. B var ekið um Hálsabraut. Stöðvunarskylda er á Krókhálsi gagnvart umferð um Hálsabraut. Til álita er hvort ökumaður A hafi ekið í veg fyrir B eða hvort rekja megi áreksturinn til ógætilegs aksturs B.

Ökumaður A var í ökuþrófi þegar áreksturinn varð. Fyrirliggjandi eru frásagnir ökumanna og prófdómara sem var í A.

Vátryggingafélag A telur að ekki sé fyllilega ljóst hversu langt frá gatnamótunum áreksturinn hafi orðið. Sú almenna regla gildi í 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga að sé bíl ekið á eftir öðrum þá beri viðkomandi áhættuna af því að árekstur verði. Eðlilegt sé að sá sem haldi því fram að sérstakar aðstæður séu fyrir hendi, sem leiði til þess að önnur regla gildi, beri sönnunarbyrði fyrir því hvernig aðstæðum var háttáð. Félagið tekur undir kröfu M um að A hafi verið í rétti þegar B var ekið aftan á A.

Vátryggingafélag B telur að A beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi ekið af stað frá stöðvunarskyldu, þar sem honum bar að víkja fyrir umferð um Hálsabraut, í veg fyrir B. Áreksturinn hafi orðið við gatnamótin og að ósannað sé að ökumaður B hafi hagað akstri sínum með þeim hætti að á hann verði lögð sök.

Hemlaför eftir B mældust 15.65 metrar og færð var blaut.

**Álit.**

Ekki liggja fyrir upplýsingar um nákvæma staðsetningu bifreiðanna við áreksturinn. Ökukennarinn lætur þess m.a. getið að "er prófbifreiðin var komin um 3 – 4 bíllengdir inn á Hálsabraut glumdi við einhver hávaði og árekstur varð".

Að framanrituðu virtu og fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A halla af sönnunarskorti um nákvæma fjarlægð frá gatnamótunum að árekstursstað. Ökumaðurinn átti stöðvunarskyldu gagnvart umferð um Hálsabraut. Miðað við fyrirliggjandi gögn verður að telja að áreksturinn hafi orðið í beinu framhaldi af því að ökumaður A ók inn á gatnamótin.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B miðað við fyrirliggjandi gögn.

Það breytir ekki framanrituðu þó að próftaki, þ.e. ökumaður A, hafi náð ökuþrófinu þrátt fyrir að hann hafi lent í árekstri þessum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 29. maí 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 86/2007**

**A v/ maka síns, M,  
og  
vátryggingafélagið X v/ málskostnaðartryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 24.7.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 7.7.2007.

**Málsatvik.**

Með dómi Hæstaréttar var kveðinn upp dómur í máli sem dánarbú B hafði höfðað gegn nánar tilgreindum aðilum vegna tiltekinna ráðstafana B áður en hann lést. Með dómi Hæstaréttar var dánarbúinu gert að greiða tveimur gagnaðilum samtals 450.000 krónur í málskostnað. Vegna eignaleysis dánarbúsins inntu tveir erfingja B greiðslu af hendi til dánarbúsins, 240.000 krónur hvor, til að standa straum af málskostnaðinum. Annar þessara erfingja var M, maki málskotsaðila, og telst hann vera vátryggður í máli þessu. Byggðist greiðsla þeirra á ábyrgðaryfirlýsingu sem þau gáfu á skiptafundi í dánarbúinu, er ákvörðun var tekin um málshöfðunina. Samkvæmt yfirlýsingunni ábyrgðust þau gagnvart skiptastjóra greiðslu alls kostnaðar vegna málsóknarinnar sem kann að verða umfram eignir búsins.

M hefur krafist þess að fá sinn hluta greiðslunnar bættan úr málskostnaðartryggingu sem hann hefur hjá vátryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu með vísan til gr. 25.1 í skilmálum vátryggingarinnar, en þar segir að vátryggingin bæti málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar.

**Álit.**

Eins og mál þetta liggur fyrir reis upp ágreiningur milli erfingja B heitins vegna tiltekinna ráðstafana hans sem að álit M og systur hans leiddu til þess að eigur búsins voru minni en ella. Úr þeim ágreiningi var leyst í fyrrgreindu dómsmáli. Þótt dánarbúið hafi verið aðili dómsmálsins fer ekki á milli mála að í því var leyst úr ágreiningi M sem einstaklings og systur hans við aðra meðerfingja sína að eigum dánarbúsins. Verður að líta svo á að ágreiningsmál það, sem leitt var til lykta í dómsmálinu, hafi snert M (vátryggðan) sem einstakling í skilningi gr. 25.1. í skilmálunum. Engar frekari ástæður hafa verið færðar fram af hálfu X sem eigi að leiða til þess að bótaskylda þess sé ekki fyrir hendi. Verður því fallist á kröfu M um að hinn umdeildi málskostnaður skuli greiddur úr málskostnaðartryggingunni hjá X.

**Niðurstaða.**

Málskostnaður, sem deilt er um í málinu, bætist úr málskostnaðartryggingu M hjá X.

Reykjavík, 29. maí 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 87/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið (V-1) v. A og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v B**

**Árekstur bifreiða á gatnamótum Blómvangs og Prúðvangs í Hafnarfirði þ. 6.1.2007 .**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið þ. 27.4.2007
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 87/07
3. Tjónstilkynning dags. 6.1.2007.
4. Bréf V-1 dags. 3. og 14.5.2007
5. Bréf V-2 dags. 4.5.2007.

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa beygt inn á Blómvang og ekið löturhægt vegna aðstæðna og komið að þrengingu á veginum á undan B en þegar þar hafi verið komið hafi verið ljóst að ökumaður B hafði ekki fulla stjórn á B og því hafi hún ökumaður A hemlað en engu að síður hafi B runnið á A enda á töluverðri ferð og illa búinn til aksturs. Ökumaður B segir að A hafi stoppað fyrir aftan annan bíl og hafi B ekið á vinstri helmingi að þrengingunni og hafi mætt A þar.

**Álit.**

Miðað við gögn málsins m.a. afstöðuteikningu á tjónstilkynningu og framburði ökumanna verður ekki annað séð en að B hafi komið síðar að þrengingu þeirri sem um ræðir vegna kyrrstæðrar bifreiðar og ekið of hratt miðað við aðstæður. B ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík 29.5. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 88/2007**

**S**  
**og**  
**X hf. vegna A**  
**og**  
**Z hf. vegna B)**

**Árekstur á Sæbraut 29. mars 2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 27. apríl 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur frá Z hf. dags. 14. maí 2007.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður A ók norður Sæbraut með fyrirhugaða stefnu til hægri niður í Súðavog. Hann sagði ökumann B hafa komið aðrein frá Ártúnsbrekku og inn á Sæbraut. B hefði ekið utan í hægra framhorn A, snúist á akbrautinni og staðnæmst á graseyju milli akbrauta. Ökumaður B segist hafa ekið aðreinina inn á Sæbraut og ætlað áfram Sæbrautina til norðurs. Hann hafi gefið stefnuljós til vinstri. Þegar hann ætlaði að beygja inn á akrein Sæbrautar hafi ökumaður A flautað á hann. Hann hafði þá gefið í og þegar nægt pláss myndaðist beygt inn á Sæbrautina. A hafi þá skallið á bifreiðinni, snúið henni og hún ekki staðnæmst fyrr en á umferðareyju. Vitni gaf sig fram og sagðist hafa séð B koma eftir aðreininni, gefið stefnuljós til vinstri. A hafi þá aukið hraðann eins og til að koma í veg fyrir að B kæmist inn á Sæbrautina og hafi A síðan ekið aftan á B sem hafi snúist þvert, farið yfir báðar akreinarnar til norðurs og staðnæmst á umferðareyjunni.

**Álit.**

Af gögnum málsins virðist ljóst að báðir ökumenn hafa átt sök á árekstrinum, A með því að gefa B ekki svigrúm til að komast inn á Sæbrautina og B með því að gæta ekki nægilega að umferð á Sæbrautinni þegar ekið var inn á götuna. Styðst þessi niðurstaða m.a. við framburð vitnis. Sök skiptist til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 29. maí 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 89/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur við mætingu bifreiða á þjóðvegi 1 við Fremrikot Norðurlandsvegi 17.12. 2006**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 30.04. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 04.05. 2007.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 14.05. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Bifreiðunum var ekið á móti hvor annarri. Vátryggingafélag A telur að skipta skuli sök til helminga.

Vátryggingafélag B vísar til þess að ökumaður A viðurkenni í skýrslu lögreglu að hann hafi ekki áttað sig nákvæmlega á því hvar hann hafi verið á veginum þegar hann mætti B. Það telur að ökumaður A skuli því bera ábyrgð á árekstrinum.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að vera of innarlega á veginum og huga ekki nægjanlega að því sem framundan var. Athygli vekur að haft er eftir ökumanninum í skýrslu lögreglu að hann hafi "ekki áttað sig nákvæmlega á því hvar hann var á veginum þegar bifreiðarnar mættust." Ökumaður B kveðst hafa verið á sínum vegarhelmingi en sér hafi fundist hin bifreiðin "bæði fara full hratt og vera fullmikið á miðlínu vegarins". Frásögn aðila í skýrslu lögreglu verður lögð til grundvallar við afgreiðslu máls þessa.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 29. maí 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 90/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V h.f. v. A og B**

**Árekstur bifreiða á Hafnarbraut á Neskaupstað þ.14.11. 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 30.4.2007 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 997/06
3. Lögregluskýrsla dags. 29.11.2006 ásamt ljósmyndum.
4. Bréf V dags. 8.1.2007, 3.5. og 14.5.2007.

**Málsatvik.**

Akstursskilyrðum er m.a. þannig lýst í lögregluskýrslu að það hafi verið hálka, þæfingur og snjóþekja. A var ekið vestur Hafnarbraut á um 50 km. hraða og B var bakkað út á Hafnarbrautina til austurs og var lögð á stað áfram vestur götuna og beygt inn að biðfreiðastæði þegar árekstur varð milli A og B en A var að aka fram úr B hægra megin. Ökumaður A segist hafa séð B og ætlað að aka fram úr hægra megin en þá hafi hann séð að B var beygt til hægri í veg fyrir A og hafi honum ekki tekist að afstýra árekstri. Ökumaður B segist hafa ætlað að beygja inn á bifreiðastæði og gefið stefnuljós og ekki séð A fyrir en árekstur varð.

**Álit.**

Ökumaður A ók ekki miðað við aðstæður og ber sök á árekstrinum. Ökumaður B þykir ekki hafa gætt nægjanlegrar varkárni við aksturinn og ber því líka sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að hvor ökumaðu beri helming sakar.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 29.5. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 91/2007**

**A**  
**og**  
**X hf. vegna A**  
**og**  
**Z hf. vegna SE 588 B**

**Árekstur á Hvaleyrarvatnsvegi 26. september 2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 30. apríl 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur frá Z hf. dags. 14. maí 2007.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður A ók vestur Hvaleyrarvatnsveg. Rétt áður en hann byrjaði að aka upp brekku á veginum veitti hann athygli B sem ekið var suður sama veg. Fullyrðir ökumaður A að B hafi verið ekið á miklum hraða. Ökumaður B hafi reynt að hemla en runnið stjórnlaust á A. Ökumaður A fullyrðir að hann hafi ekið réttu megin á veginum. Farþegi í bílnum staðfesti frásögnina. Ökumaður B sagðist hafa veitt A athygli þar sem A hafi verið á miðjum veginum. Hann hafi reynt að hemla en ekki tekist og ekið á A. Farþegar í B báru einnig að A hefði ekið á miðjum vegi. Mælingar á staðnum staðfestu að A hefði verið vel inn á vegarhelmingi B.

**Álit.**

Af mælingum lögreglu á vettvangi er ljóst að A var á röngum vegarhelmingi og ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík, 29. maí 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 92/2007

M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B

### Árekstur á gatnamótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar 09.01. 2007

#### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 02.05. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 15.05. 2007.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

B var ekið eftir Reykjanesbraut til suðurs áleiðis að gatnamótum við Bústaðaveg. A var staðsett á Reykjanesbraut til norðurs með ætlaða akstursstefnu inn Bústaðaveg. Í sama mund og A var ekið af stað og beygt yfir vestari akrein Reykjanesbrautar var B ekið inn á gatnamótin með þeim afleiðingum að árekstur varð. Átaefni máls þessa er staða umferðarljósanna við áreksturinn.

M létur þess m.a. getið í málskotinu að ökumaður B hafi ekki séð umferðarljósina og að vátryggingafélag bifreiðarinnar hafi viðurkennt bótaskyldu og “hafa þeir þegar gert við bifreiðina.” Loks staðhæfir hann að “vitni að árekstrinum gáfu sig fram og lýstu sig tilbúin að vitna að ökumaður B hafi farið yfir á rauðu ljósi”. M nafngreindir vitni í framhaldi þessa en ekki er frásögn þess fyrirliggjandi.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B megi um kenna hvernig fór og að hann eigi að bera alla sök, hann hafi sjálfsagt blindast af sól þegar hann ók yfir gatnamótin “en hann var ekki með sólgleraugu”.

Vátryggingafélag B hefur ekki upplýst nefndina um afstöðu sína.

#### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ósannað hver staða umferðarljósanna var við áreksturinn. Ekki er unnt að láta halla á annan ökumanninn frekar en hinn og því verður sök skipt til helminga.

Athygli vekur að M staðhæfir í málskotinu að “vitni að árekstrinum gáfu sig fram og lýstu sig tilbúin að vitna að ökumaður B hafi farið yfir á rauðu ljósi”. Þá nafngreindir M vitni í framhaldi þessa. Frásögn vitnis hefur ekki verið lögð fram. Úrskurðarnefndin mun ekki hafa frumkvæði að því að óska frásagnar mögulegs vitnis.

#### Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 5. júní 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 93/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar D**

**Slys þegar starfsmaður missti kaffivél þ. 12.8.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið þ. 4.5.2003 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 23.5.2007 ásamt skýrslu starfsmanns X

**Málsatvik.**

M aðstoðaði við að bera kaffivél rúmlega 50-70 kg. að þyngd og hafði lélegt tak á vélinni sem M segir að hafi valdið slink á vinstra handlegg með þeim afleiðingum að M slasaðist. Samkvæmt læknisvottorði sleit M vöðva í upphandlegg í átaki við vinnu sína eins og þar segir. Lögmaður M segir að í umrætt sinn hafi hann ásamt vinnufélaga sínum tekið upp kaffivél en haft lélegt tak á vélinni og misst takið fljótlega eftir að burðurinn hófst með þeim afleiðingum sem að ofan greinir. Lögmaður M byggir á að ekki hefði átt að bera kaffivélina heldur nota ákveðið tæki til þess flutnings og beri vinnuveitandi M, sem er D alla ábyrgð á því að það var ekki gert. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu D hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir m.a. á skýrslu X þar sem segir að umrædd vél hafi verið um 90 kg. á þyngd og hafi M átt leið framhjá og hafi X beðið M að aðstoða. X segir að venjulega hafi 2 viðgerðarmenn unnið verkið en í þetta sinn hafi hann verið einn og þurft aðstoð. X segir að þegar þeir hafi haldið á vélinni hafi eitthvað skeð í hendinni á M en þeir hafi ekki misst vélina niður fyrr en M hafi meitt sig.

**Álit.**

Í gögnum málsins er ekki sýnt fram á sök D. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Reykjavík 5.6. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 94/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v. A og**  
**Vátryggingarfélagið V-2 v B**

**Árekstur bifreiða í Vínlandsleið í Reykjavík þ. 3.4.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 4.5.2007.
2. Niðurstaða tónanefndar nr. 307/07
3. Lögregluskýrsla dags. 5.4.2007.
4. Bréf V-1 dags. 25.4. og 16.5. ásamt ljósmyndum o.fl.
5. Bréf V-2 dags. 28.5.2007.

**Málsatvik.**

A og B var ekið suðvestur Vínlandsleið og var B á undan A. Ökumaður A ætlaði að aka fram úr bifreið sem var á milli A og B og hugðist síðan aka fram úr B en B beygði til vinstri í átt að innkeyrslu og árekstur varð með bifreiðunum. Ökumaður A segist hafa ákveðið að fara fram úr bifreiðunum sem á undan voru en þá hefði B skyndilega beygt í veg fyrir A og hafi B ekki gefið stefnuljós. Ökumaður B segist hafa beygt og ekki vitað fyrir en árekstur varð og ekki séð A fyrir. Vitni segir að A hafi verið ekið á miklum hraða en B hafi hægt á ferð og síðan beygt. Vitnið veit ekki hvort B gaf stefnuljós eða ekki.

**Álit.**

Ljóst er að það var varhugavert að reyna framúrakstur með þeim hætti sem A gerði í umrætt sinn og ber hann sök á árekstrinum. Ökumaður B beygði til vinstri án þess að athuga aðstæður og ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu telst eðlilegt að hvor ökumaður beri helming sakar.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 12.6. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 95/2007**

**M  
og**

**Vátryggingafélagið X v/rúðutryggingar bifreiðarinnar A**

**Skemmdir á topplúgu bifreiðar 12.03. 2007, ágreiningur um gildissvið skilmála**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 08.05. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 15.05. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Topplúgugler bifreiðarinnar skemmdist, ágreiningur er um hvort rúðutrygging taki til hennar.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi, Hann telur að allar rúður ökutækis falli undir vátryggingu bifreiðarinnar brotni þær af völdum skyndilegs óhapps eða skemmdarverka. Í því tilviki sem hér er til umræðu fékk M stein í gler á topplúgu bifreiðar sinnar frá annarri bifreið. Hann telur að þar sem topplúga sé ekki sérstaklega undanskilin í skilmálum eigi bótaábyrgð að vera fyrir hendi.

Vátryggingafélagið telur bótaábyrgð ekki fyrir hendi. Við skýringu skilmála verði að líta til 3. gr. við túlkun á gildissviði 2. gr. sömu skilmála. Í 3. gr. segir að vátryggingin taki til venjulegrar rúðu ökutækis. Ennfremur segir að sé um óvenjulega framrúðu að ræða þá eru einungis greiddar bætur sem svara til andvirði venjulegrar framrúðu. Félagið telur því að svo um bótaskyld rúðubrot geti verið að ræða þá þurfi rúðan að teljast venjuleg. Sóllúgur teljist ekki til staðalbúnaðar í bifeiðum. Félagið telur því að brot á sóllúgum sé ekki bótaskyld í skilningi skilmála. Það vísar og til þess að ekkert sé fjallað um sóllúgur í skilmálum en þar sem slíkar lúgur geti verið mjög mismunandi dýrar megi telja að fjallað hefði verið um hvernig sóllúgur væru bættar hefði það verið ætlunin að bæta slíkar lúgur við gerð skilmála. Félagið telur tjónið utan gildissviðs rúðutryggingar eins og það er afmarkað í 2. gr. 3. gr. skilmála.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum fellur brot á gleri í topplúgu ekki undir gildissvið rúðutryggingar eins og það er afmarkað í 2. og 3. gr. skilmála. Ekki er unnt að fallast á að gler í topplúgu falli undir venjulegar rúður bifreiðar. Hér er ekki um staðalbúnað að ræða heldur rúðu sem taka þarf sérstaka afstöðu til við töku þeirrar vátryggingar sem hér er til umræðu m.ö.o. óska þarf sértryggingu gegn viðbótariðgjaldi til að umrædd rúða sér vátryggð.

Bréf vátryggingafélagsins til viðskiptavina í tengslum við skilmála breytir ekki framanrituðu en í því var þess getið að við skilmála framrúðutryggingar bætist við ákvæði þess efnis að nú séu allar rúður ökutækisins bættar brotni þær af völdum skyndilegs óhapps eða skemmdarverka. Hér var fyrst og fremst átt við venjulegar rúður að því er telja verður en ekki þær sem vátryggja þarf sérstaklega.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 5. júní 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 96/2007**

**Endurupptaka**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar A.**

**Árekstur á bifreiðastæði við hús nr. 32 við Eyrarveg á Selfossi þann 29.3.2007.**

**Gögn.**

1. Gögn sem lágu fyrir við úrskurð málsins þann 12.6.2007.
2. Bréf Y, dags. 22.6.2007, ásamt fylgigögnum, með beiðni um endurupptöku.
3. Bréf X, dags. 28.5.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið frá Eyrarvegi áleiðis að bifreiðastæðum bak við hús nr. 32. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið frá bifreiðastæðinu í átt að Eyrarvegi. Við aftara húshornið rákust framandar bifreiðanna saman. Var þá A beygt til vinstri og B til hægri.

Úrskurðað var í máli þessu þann 12. júní 2007 og sök skipt að jöfnu þar sem ósannað þótti að annar ökumaður eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Ný gögn hafa borist nefndinni, þ.e. bakhlið tjónstilkynningar með viðbótarupplýsingum ökumanns A og greinargerð sama ökumanns. Málið er nú endurupptekið.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið af Eyrarvegi inn á bifreiðastæðið á 20-30 km hraða á klst. Er hann hafi átt um 2 m ófarna að húshorninu hafi B komið fyrir hornið og ökumaður hennar hafi ekki náð að stöðva. Ökumaður A kvaðst hins vegar hafa stöðvað bifreið sína og hún verið kyrrstæð er árekstur varð.

**Álit.**

Þrátt fyrir hin nýju gögn verður ekki annað ráðið en ökutækin hafi getað mæst, ef ökumenn hefðu sýnt þá varkárni sem af þeim mátti krefjast. Verður ekkert fullyrt hvort áreksturinn verði rakinn til þess að ökumaður A hafi haldið bifreið sinni of langt til vinstri eða ökumaður B hafi ekki vikið fyrir A sem ökumaðurinn hafði sér á hægri hönd. Fyrri niðurstaða er því óbreytt að skipta beri sök að jöfnu.

**Niðurstaða.**

Fyrri niðurstaða er óbreytt um að hvor ökumanna beri helming sakar.

Reykjavík, 7. ágúst 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 97/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur við framúrakstur á Gaulverjabæjarvegi Flóahreppi 06.03. 2007**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.05. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 28.05. 2007.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 29.05. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var beygt til vinstri inn að heimkeyrslu/afleggjara í þann sama mund sem B var ekið framúr.

Vátryggingafélag A telur að A skuli bera 2/3 hluta sakar þar sem hann tekur vinstri beygju að heimkeyrslu í veg fyrir B sem ekið var framúr. Ökumaður B skuli bera 1/3 sakar þar sem hann varar ekki ökumann A við framúrakstrinum.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A hafi ekki gætt nægjanlega að umferð fyrir aftan sig er hann beygði til vinstri inn að afleggjara við akstur utan þéttbýlis sbr. 15. gr. og 17. gr. umferðarlaga. Því eigi hann að bera ábyrgð á því tjóni sem varð við áreksturinn.

M, ökumaður A, telur sig hafa brugðist hárrétt við aðstæðum sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum gætti ökumaður A ekki nægjanlega að umferð fyrir aftan er hann beygði til vinstri inn að afleggjara sbr. 15. gr. 17. gr. umferðarlaga. Ökumaður B hefði átt að gera vart við sig með fullnægjandi hætti við framúraksturinn sbr. 31. gr. umferðarlaga, sérstaklega með það í huga að ökumaður hennar kvaðst hafa tekið eftir því að A hægði á sér, hann hafi séð bremsuljós bifreiðarinnar en ekki stefnummerki. Með hliðsjón af framanrituðu ber ökumaður A 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 5. júní 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 98/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v A ehf.**

**Maður datt um borð í skipi og slasaðist þ. 29.11.2006 .**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 15.5.2007 ásamt umboði lögmanns.
2. Yfirlit yfir lögskrárningar
3. Tilkynning til rannsóknarnefndar sjóslysa
4. Lögregluskýrsla dags. 13.12.2006.
5. Bréf Bjarna TH. Jónssonar dags. 17.1.2006
6. Læknisvottorð dags. 20.12.2006
7. Bréf V dags. 25.1. og 31.5. 2007 ásamt fylgigögnum

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu segir að M hafi verið við vinnu um borð í togara og fallið á dekkinu og borið fyrir sig höndina og farið úr axlarlið við fallið. Í tilkynningu til rannsóknarnefndar sjóslysa segir að M hafi verið á leið út í bát til að fara með línu í land ásamt öðrum manni en þá hafi M dottið um bjargvesti. Lögmaður M gerir kröfu til bóta úr höndum tryggingarfélags útgerðar þeirra sem M var á en því hafnar V á þeim grundvelli að M hafi ekki verið lögskráður á skipið og því nái tryggingin ekki til hans. Fram kemur að M var á eigin vegum í umrætt sinn um borð í skipinu.

**Álit.**

Ljóst er að M var ekki lögskráður á Skafta HF-48 í umrætt sinn og tekur trygging V því ekki til þess slyss sem M lenti í. Þegar af þeim ástæðum er bótaskylda ekki fyrir hendi.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr tryggingu A hjá V

Reykjavík 12.6. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 99/2007**

**M og V**

**og**

**X hf. vegnastarfsábyrgðartryggingar bílasala**

**Ábyrgð vegna rangra upplýsinga um seldan bíl.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 15. maí 2007 ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að M og V keyptu bifreið hjá bílasölu. Í sölulýsingu kom fram að um væri að ræða BMW bifreið af ákveðinni tegund og með tilgreinda stærð slagrymis. V og M festu kaup á bifreiðinni og höfðu ekki ástæðu til að vefengja upplýsingar um bílinn. Eftir kaupin kom í ljós að bifreiðin var hvorki þeirrar tegundar af BMW sem auglýst var né var slagrymi hennar af uppgefinni stærð. V og M krefjast þess að starfsábyrgðartrygging bílasölnunnar greiði þeim tjón þeirra sem felst í því að gangverð bifreiðarinnar sem þau keyptu er nokkru lægra en bifreiðarinnar sem þau töldu sig vera að kaupa.

**Álit.**

Af gögnum málsins er ljóst að bílasalan hafði engin tók á að vita að uppgefnar upplýsingar seljanda um bifreiðina væru rangar. Hvergi í opinberum skráningargögnum kemur fram tegundarnúmer eða stærð slagrymis bifreiðarinnar. Í því efni varð bílasalinn því að treysta á réttmæti upplýsinga seljandans, sem reyndust rangar. Ekki verður séð að um saknæma háttsemi bílasalans sé að ræða heldur um blekkingar af hálfu seljandans. Á henni getur bílasalan ekki borið ábyrgð.

**Niðurstaða.**

Tjón V og M er ekki bótaskyld úr starfsábyrgðartryggingu bílasalans.

Reykjavík, 12. júní 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 100/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X og v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs**

**Vinnuslys þegar starfsmaður hrasaði þann 25.02. 2005, ágreiningur um bótaskyldu**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 15.05. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 29.05. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M varð fyrir slysi er hann steig ofan í ræsi í gólfi þar sem rist hafði verið tekin úr gólfi án þess að gera starfsmönnum viðvart.

Í málskotinu er gerð grein fyrir samskiptum M og vátryggingafélagsins þ.á m. vegna bótauppgjörs sem gert var þann 13. maí 2005, "þar sem tekjutjón var gert upp að beiðni tjónþola vegna þeirrar tekjuskerðingar sem hann hafði þá orðið fyrir" líkt og segir í málskotinu.

M telur bótaskyldu fyrir hendi, nefnt bótauppgjör hafi ekki fullnægt skilyrðum laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (9. gr.). M telur sig ekki vera að óska endurupptöku, hann byggir á því að félagið beri ábyrgð vegna þess tjóns sem hann hefur orðið fyrir. Ágreiningur málsins "snýst aðallega um gildi bótauppgjörs og hvort félagið hafi með því losnað úr frekari ábyrgð." Hann vekur athygli á því að bótauppgjörið hafi verið án viðurkenningar á bótaskyldu, nú liggur fyrir að taka afstöðu til bótaskyldu og þá telur M að félagið geti ekki borið fyrir sig nefnt bótauppgjör.

Vátryggingafélagið lætur þess getið í bréfi til nefndarinnar vegna málskotsins að það telur að tjónið megi rekja til eigin sakar M sjálfs. Af gögnum málsins megi ráða að hann hafi stigið ofan í ræsi við vinnu sína. Eðli máls verði starfsmenn sem starfa í því starfsumhverfi sem um ræðir að gæta þess hvar stigið er einkum í ljósi þess að gólf getur verið hált. Félagið telur því að ekki sé ástæða til að rekja tjónið til sakar vinnuveitanda.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa má ráða að meiðsl M (tjónþola) verði rakið til saknæmrar háttsemi aðila. Það var óvarlegt að taka umrædda rist úr gólfi án þess að láta starfsmenn vita. Starfsmenn virðast ekki hafa verið varaðir við þeirri hættu sem fyrir hendi var.

Miðað við viðbrögð félagsins vegna málskotsins verður að telja að ágreiningur máls þessa fjalli fyrst og fremst um hvort skaðabótaskylda hafi stofnast, ágreiningur virðist ekki vera um bótauppgjör frá árinu 2005, þrátt fyrir þá umfjöllun sem fram kemur í málskotinu.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 12. júní 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 101/2007**  
**M) og**  
**Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar T**

**Maður slasaðist við vinnu þegar sófi féll á hann þ. 28.2.2006 .**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 16.5.2007 ásamt umboði til lögmanns.
2. Læknisvottorð dags. 7.7.2006.
3. Bréf V dags. 29.3.2006 og 30.5.2007.

**Málsatvik.**

Í málskoti segir að M hafi verið við vinnu þegar samstarfsmenn hans hafi verið að vinna með lyftara við að ná sófa úr hillu og hann hefði fallið á M með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Lögmaður M telur aðstæður við vinnuna og mistök starfsmanna T hafi valdið slysinu og ekki hafi verið gætt fyllsta öryggis við vinnuna. V hafnar bótaskyldu að öðru leyti en sem varðar slysatryggingu launþega sem er ekki viðfangsefnið hér. V heldur því fram að þeir starfsmenn T sem unnu við flutning á sófanum hafi ekki sýnt af sér sagnæma háttsemi eða gáleysi og telur V að um hreint óhappatilvik hafi verið að ræða.

**Álit.**

Gögn málsins eru mjög takmörkuð og miðað við fyrirliggjandi gögn er ekki sýnt fram á sök starfsmanna T í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu T hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu T hjá V.

Reykjavík 12.6. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 102/2007

### M og Vátryggingafélagið V

#### Ágreiningur vegna málskostnaðarliðar fjölskyldutryggingar

##### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 23.05. 2007 ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélaginss V, dags. 24.01.2007.
- 3) Bréf fyrrverandi vátryggingafélags X.
- 4) Bréf vátryggingafélagsins V, dags. 31.05.2007 ásamt fylgiskjölum.

##### Málsatvik.

Málskotsaðilar voru með fjölskyldutryggingu hjá X, þeir tóku þá ákvörðun að skipta um vátryggingafélag og tóku fjölskyldutryggingu hjá V, og tók sú vátrygging gildi 01.01.2003 og síðar tóku þau fasteignatryggingu hjá sama félagi með gildistíma frá 01.09.2003. Málið varðar ágreining varðandi greiðslu málskostnaður vegna deilu við verktaka varðandi fasteignina A, Samningur við verktakann var gerður í árslok 2002 að því er ráðið verður af gögnum málsins.

##### Álit.

Ljós er að fjölskyldutrygging sú sem málskotsaðilar tóku hjá V, bætir ekki ágreining vegna fasteignar og jafnframt er óumdeilt að ágreiningur var komin til þegar fasteignatrygging málskotsaðila tók gildi hjá V. Fjölskyldutrygging málskotsaðila hjá X, bætir ekki kostnað vegna ágreinings varðandi fasteign nema jafnframt sé tekin huseigendatrygging. Málskotsaðilar höfðu ekki huseigendatryggingu þegar ágreiningur kom til. Ljóst er því að V, ber ekki að greiða málskostnað vegna deilu við verktaka varðandi fasteignina A.

##### Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. 06.2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 103/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar**

**Ágreiningur um hvort rekja megi skemmdir á bifreið til áaksturs á  
ballest á bílaplani þann 25.06. 2006**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 23.05. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 31.05. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og þann ágreining sem fyrir hendi er. Vátryggingafélagið hafnar því að tjón á bifreið M megi rekja til atburðar sem bótaskyldur er samkvæmt skilmálum kaskótryggingar.

Bifreiðinni var að sögn M ekið um bílastæði og á ballest sem skilin hafði verið eftir. Undirvagn bifreiðarinnar mun hafa skemmt við óhappið.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu. Hann telur að um áakstur hafi verið að ræða sem bótaskyldur sé samkvæmt skilmálum.

Vátryggingafélagið telur bótaábyrgð ekki fyrir hendi. Fyrirliggjandi séu tvær tjónstilkynningar sem báðar séu dagsettar 27. júlí 2006. Önnur vísi til tjóns sem varð 18. júlí 2006 hin til tjóns sem varð 25. júní sama ár sbr. nánar umfjöllun félagsins, sem óþarft er að geta. Félagið telur mikinn vafa leika á því að atvik máls þess sem fjallað er um í málskotinu hafi viljað til með þeim hætti sem vátryggingartaki heldur fram. Það telur atvikið ósannað. Ómögulegt sé að sjá hvernig bifreiðin, sem liggur tiltölulega lágt, á að hafa komist upp á ballestina án þess að valda tjóni nema á undirvagni og felgu. Ekki sé að sjá ákomu á framhlið bifreiðarinnar. Félagið telur að leggja beri til grundvallar að tjónið hafi allt orðið við akstur á ósléttum vegi þegar ökutækið tók niðri þann 18. júní sl.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. röksemdafærslu vátryggingafélagsins er ósannað að tjón á bifreiðinni sé bótaskyldt samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Miðað við takmörkuð gögn máls þessa er ekki unnt að leggja til grundvallar að tjón það sem krafist er bóta fyrir megi rekja til áaksturs á þá ballest sem um ræðir.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. júní 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 104/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Yv/ bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á Hofsvallagötu í Reykjavík við verslunina Melabúðina þann 3.5.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 24.5.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 13.6.2007.
3. Bréf X, dags. 26.6.2007.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A hafði verið lagt í bifreiðastæði að vestanverðu við Hofsvallagötu við Melabúðina að sunnanverðu við gatnamót Hagamels. Þarna eru fjögur samliggjandi stæði og er ekið inn í þau á ská frá Hofsvallagötu úr norðri. A mun hafa verið lagt í stæðið sem er syðst. Andspænis þremur nyrstu stæðunum er umferðareyja með steinsteyptum kanti sem liggur frá gangbraut að sunnanverðu við gatnamót Hagamels og skilur að umferð á Hofsvallagötu í gagnstæðar áttir. Til suðurs frá umferðareyjuni er svo óbrotin miðlína (L11) og er hún andspænis syðsta bifreiðastæðinu.

Ökumaður A bakkaði úr stæðinu og hugðist aka áfram suður Hofsvallagötu. Bar þá að bifreiðina B sem var ekið norður Hofsvallagötu og beygt til vinstri og hugðist ökumaður hennar leggja í stæði norðan við A. Rákust þá saman vinstra afturhorn A og framanverð vinstri hlið B.

**Álit.**

Samkvæmt gögnum málsins ók ökumaður B yfir óbrotna miðlínu og vinstra megin við umferðareyju til að leggja í bifreiðastæði norðan við það stæði sem A var lagt í. Þessi óvenjulegi og afbrigðilegi akstursmáti braut þvert gegn ákvæðum 4. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og a. lið 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra með síðari breytingum. Ökumaður A gat ekki átt von á ökutæki úr þeirri átt sem B kom. Það verður því ekki virt honum til lasts þótt hann hafi ekki getað varast B áður en árekstur varð. Að þessu athuguðu verður öll sök lögð á ökumann B, en ekki eru efni til að leggja sök á ökumann A.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 17. júlí 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 105/2007**

**M og**

**Vátryggingafélagið V vegna fjölskyldu – og/eða fasteignatryggingar J**

**Bifreið skemmdist þegar ruslatunna f auk á hana þ.23.5.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 24.5.2007 ásamt bréfi lögmanns M
2. Bréf V dags24.11.2006
3. Lögregluskýrsla dags. 24.5.2006.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu er haft eftir M að hann hafi litið út um glugga á sama tíma hafi mikil vindhviða gengið yfir hverfið og hafi hann séð að plasttunna hafi fokið frá húsi nr. 27 yfir götun aog aftan á bifreið M með þeim afleiðingum að hún hafi rispað og beyglað hægra afturhorn bifreiðarr M. J sagðist vita af þessu en ruslatunnur hennar hafi verið skorðaðar við húsið en vindurinn náð að losa aðra tunnuna alveg og fella hina. Mjög hvasst var á þessum tíma og miklar vindhviður gengu yfir hverfið segir í lögregluskýrslu. Lögmaður M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu og eða fasteignatryggingu J hjá V á þeim grundvelli að ruslatunnur hennar hafi ekki verið skorðaðar nægjanlega vel og hafi hún með því bakað sér bótaábyrgð vegna skemmda á bifreið M. V hafnar bótaábyrgð og bender á að bótaábyrgð úr fasteignatryggingu komi ekki til þar sem ruslatunnur skoðist ekki sem hluti fasteignar. Þá telur V að ekki sé um ábyrgð vátryggingartaka að ræða þar sem tunnurnar hafi verið skorðaðar en mjög hvasst hafi verið í veðri.

**Álit.**

Miðað við fyrirbyggjandi gögn eru forsendur til að leggja bótaskyldu á J vegna þess tjóns sem varð á bifreið M. M á því rétt á bótum vegna þess tjóns sem varð á bifreiðinni. Umrædd plasttunna var ekki nægjanlega skorðuð miðað við gögn málsins.

**Niðurstaða.**

M á rétt á greiðslu bóta vegna þeirra skemmda sem urðu á bifreið hans.

Reykjavík 15.6. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 106/2007**

**R**

**og**

**X hf. vegna ábyrgðartryggingar húseiganda**

**Ábyrgð á heilsutjóni vegna ástands íbúðar.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 31. maí 2007 ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að R tók á leigu íbúð í eigu M. Í byrjun árs 2006 fór hann að veikjast og fékk flensulík einkenni. Hann fór á lyfjakúr en ástandið batnaði lítið. R fer að gruna að heilsufar hans tengist teppum í íbúðinni. Hann fékk aðstoð við að rífa þau upp og kom þá í ljós mikil mygla meðfram útveggjum og baðvegg. Einnig fannst mygla í svefnherbergisskáp. Læknir tjáir R að svona tilfelli geti verið alvarleg og flutti R þá út úr íbúðinni. Vegna veikindanna missti R úr vinnu og þurfti að farga sumum eignum sínum. R krafði tryggingarfélag húseiganda um bætur vegna tjónsins. Tryggingafélagið hafnaði bótaskyldu þar sem húseigandi hefði ekki sýnt af sér saknæma háttsemi.

**Álit.**

Ekkert í gögnum málsins styður þá kröfu R að húseigandi hafi sýnt af sér saknæma háttsemi vegna tjóns R. Hvergi kemur fram að húseigandinn hafi vitað af myglunni í íbúðinni. Tjón R greiðist ekki úr ábyrgðartryggingu húseiganda.

**Niðurstaða.**

Tjón R greiðist ekki úr ábyrgðartryggingu húseiganda.

Reykjavík, 15. júní 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 107/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur bifreiða á Reykjanesbraut við Vífilsstaðaveg þann 06.03. 2007**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 31.05. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 13.06. 2007 og 19.06. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 11.06. 2007 og 14.06. 2007, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og þann ágreining sem fyrir hendi er. Bifreiðunum var ekið norður Reykjanesbraut og var A á undan B. Ökumaður hugðist taka U-beygju og þá varð árekstur bifreiðanna. Fram kemur m.a. í skýrslu lögreglu að á Reykjanesbraut hafi staðið yfir vegaframkvæmdir og að steinblokkir hafi skilið að aðgreinar. U-beygja sé bönnuð skv. merki sem staðsett var á steinablokk á móts við gatnamót Reykjanesbrautar og Vífilsstaðavegar.

Vátryggingafélögin telja að A beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa ekið í veg fyrir B.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum, hann telur m.a. að ökuhraði bifreiðarinnar hafi verið of mikill og að ökumaðurinn hafi ekki sýnt "fulla aðgæslu".

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B sem á eftir kom.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B miðað við gögn málsins.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 10. júlí 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 108/2007**

**M og**

**Vátryggingafélagið V v A og B**

**Árekstur bifreiða á Austurvegi á Selfossi þ.28.4.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 31.5.2007 ásamt bréfi dags. 14.5.2007
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 376/07
3. Tjónstilkynning dags. 28.4.2007
4. Yfirlýsing Ingu Rut Jónsdóttur ódagsett.
5. Yfirlýsing Gríms Rúnarssonar ódagsett.
6. Bréf V dags. 16.5. og 4.6. 2007.

**Málsatvik.**

A og B var ekið eftir Austurvegi á Selfossi og var A á undan B, B var ekið framúr A en þá beygði A til vinstri og árekstur varð með bifreiðunum. Ökumaður A segist hafa ætlað að beygja inn í stæði og gefið stefnuljós til hægri en þá hafi B ætlað að taka framúr og ekið í hliðina á A. Ökumaður B segir að A hafi vikið greinilega til vinstri og hafi hann talið að A hafi ætlað að beygja inn í Fagurgerði og hafi hann því ákveðið að aka framúr A en þá hafi A verið beygt til hægri og árekstur orðið. Ökumaður B bendir á að merkin vegarins sé ófullnægjandi. Þau Inga Rút Jónsdóttir sem var farþegi í A og Grímur Rúnarsson sem sat út við glugga í húsi við Austurveg segja að A hafi verið að beygja þegar B kom á fullri eða mikilli ferð og ætlað framúr A.

**Álit.**

Skv. 3. mgr. 15. gr umferðarlaga nr. 50/1988 bar ökumanni A að aka sem næst hægri brún akbrautar og taka eins krappa beygju og unnt var. Þessa gætti ökumaður A ekki miðað við teikningu á tjónstilkynningu en sú staðsetning er hvergi véfengd í gögnum málsins. Ökumaður B gætti ekki nægjanlegrar varúðar við framúrakstur sinn. Hafa ber hugfast að Austurvegur hefur eina akrein í hvora átt.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum verður sök skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 15.6. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 109/2007

M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A (bifhjól)  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B (bifreið)

### Eignaspjöll af völdum bifhjóls sem spólað var þann 19.04. 2007

#### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 06.06. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 13.06. 2007.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og þann ágreining sem fyrir hendi er. Bifhjólinu A var spólað fyrir framan húseign í Hveragerði m.a. munu gúmmítæjur og grjót hafa farið á bifreiðina B sem þar stóð.

M hafnar því að hafa valdið tjóni á bifreiðinni. Hann gagnrýnir m.a. skýrslu lögreglu. Vátryggingafélag B telur sannað að A hafi valdið þeim eignaspjöllum sem hér um ræðir. Vátryggingafélag A hefur ekki upplýst nefndina um afstöðu sína.

#### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber B (M) ábyrgð á því tjóni sem varð er hann spólaði bifhjólinu í umrætt sinn. Tjónið má rekja til notkunar bifhjólsins. Skýrslu lögreglu hefur ekki verið hnekkt, hún er því lögð til grundvallar við afgreiðslu máls þessa.

Framanrituð umfjöllun tekur enga afstöðu til umfangs þess tjóns sem varð í umrætt sinn.

#### Niðurstaða.

A ber ábyrgð á því að hafa valdið tjóni á B.

Reykjavík 10. júlí 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 110/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v. A) og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v B**

**Árekstur bifreiða á Stekkjarbakka í Reykjavík þ. 12.5.2007**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 6.6.2007
2. Lögregluskýrsla dags. 12.5.2007
3. Bréf viðkomandi vátryggingafélaga dags. 10. og 12. júlí 2007.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu segir að svo hafi virst sem A hafi verið ekið utan í B við söluturn Aktu Taktu á Stekkjarbakka. Ökumaður og farþegi í B segjast hafa verið að stíga út úr B þegar A var ekið á utan í aftur og framhurð hægra megin. Ökumaður A segist ekki hafa tekið eftir að ökumaður og farþegi B hafi verið búnir að opna hurðarnar vinstra megin og verið að stíga út en síðan hafi hún heyrt mikla skruðninga og séð svo eftir á hvað hafi gerst og telur hún að hurðarnar hafi verið opnaðar þegar hún var búin að aka A hálvegis inn í stæðið. Ökumaður B segist hafa verið búin að leggja í stæðið og drepa á vélinni og opna hurðina þegar óhappið varð og farþegi í B hafi einnig verið búin að opna þegar A var ekið inn á bifreiðastæðið og á B. Tveir farþegar í B staðfestu framburð ökumanns.

**Álit.**

Að virtum framburði ökumanna og öðrum gögnum í málinu verður ekki annað séð en að A hafi í umrætt sinn ekið á B og ber A því alla sök.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík 17.7. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 111/2007**

**Þ ehf.  
og  
X hf. vegna húftryggingar A**

**Tjón á bifreið 30. mars 2007**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 6. júní 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 12.07. 2007 ásamt bréfi þess, dags. 29.05. 2007.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að vegfarandi fann skráningarnúmerið A á hringtorgi þar sem verksummerki voru með þeim hætti að bifreið hafði greinilega ekið þvert yfir hringtorgið, skemmt gróður og ekið á lofttúður. Lögreglan fann bifreiðina skammt frá heimili skráðs eiganda. Bifreiðin var nokkuð skemmd og vél heit viðkomu. Lögreglan knúði dyra að heimili skráðs eiganda. Eiginkonan kom til dyra og sagðist hún kannast við bifreiðina og að eiginmaður hennar hefði verið á henni þá um kvöldið. Hún vissi ekki hvort hann væri heima, athugaði það og kom hann til dyra skömmu seinna, áberandi ölvaður. Hann neitaði því að hafa ekið bifreiðinni þetta kvöld, sagði marga hafa lykla af henni, neitaði að segja hver hefði ekið bifreiðinni um kvöldið og var ósáttur við afskipti lögreglu. Næsta dag kom eiginkonan til lögreglu að eigin frumkvæði og sagðist nú hafa ekið bifreiðinni kvöldið áður. Hún væri óvön að aka bifreiðinni og þegar hún kom að hringtorginu hefði henni fatast aksturinn þannig að hún hefði stigið á bensíngjöfina í staðinn fyrir bremsuna, hún því misst stjórn á bifreiðinni og ekið þvert yfir hringtorgið. Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Það telur að það sé hafið yfir allan skynsamlegan vafa að skráður eigandi (eiginmaðurinn) hafi setið við stýri bifreiðarinnar þegar tjónsatburður máls þessa átti sér stað.

**Álit.**

Í frumskýrslu lögreglu fullyrðir eiginkonan að eiginmaður hennar hafi verið á bifreiðinni umrætt kvöld. Lögreglan er til vitnis um að eiginmaðurinn var áberandi ölvaður þegar knúið var dyra skömmu eftir að bifreiðinni var ekið þvert yfir hringtorgið. Breyting eiginkonunnar á framburði sínum um það hver ók bifreiðinni umrætt kvöld er ekki trúverðug. Allar líkur eru á því að eiginmaðurinn hafi ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis. Tjónið á ME-531 er ekki bótaskylt.

**Niðurstaða.**

Tjónið á A bætist ekki úr húftryggingu bifreiðarinnar.

Reykjavík, 17. júl 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 112/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A og v/B**

**Árekstur á bifreiðastæði (plani) við Heklu þann 27.04. 2007**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 06.06. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 22.06. 2007, ásamt framburði ökumanns B og vettvangsupprætti.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og þann ágreining sem fyrir hendi er. Bifreiðarnar mættust á bifreiðastæði við bifreiðaumboðið Heklu við Laugaveg. A ók inn á stæðið úr norðri en B ók eftir stæðinu til austurs. Ágreiningur er um aðdraganda árekstursins.

M (ökumaður A) kveðst hafa verið kyrrstæður við áreksturinn vegna vörubifreiðar sem hafi komið á móti honum. Þá hafi B verið ekið af stað og á A.

Ökumaður B telur að A hafi verið á ferð og ekki virt varúð frá hægri.

Vátryggingafélagið telur að skipta skuli sök til helminga þar sem ósannað sé hvor beri ábyrgð á árekstrinum.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ekki unnt að leggja meiri sök á annan ökumann en hinn. Verður sök því skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 10. júlí 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 113/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar K**

**Starfsmaður féll úr stiga þ.10.9.2000.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 6.6.2007. ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 352/2007
3. Bréf V dags. 26.6.2007

**Málsatvik.**

M fór upp í stiga vegna vinnu sinnar en neðsta tappa stigans var brotin og vissi M af því. M segist hafa gleymt því að neðsta trappan var brotin þegar hann var að fara niður stigann og misst jafnvægið og gólfið verið sleipt vegna fitu og hafi hann dottið og orðið fyrir slysi því sem um ræðir. Engin vitni voru að þessu slysi M. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu K hjá V. Vísað er til þess af hálfu lögmanns M sem fram kemur í tilkynningu til Vinnueftirlitsins undirritað af öryggisráðgjafarmanni vinnustaðarins og er því haldið fram að umræddur stigi hafi verið vanbúinn og um saknæman vanbúnað K að ræða. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að saknæmri háttsemi K sé um að ræða og verði tjónið rakið til óhappatilviljunar. Þá bendir V á að M hafi verið verkstjóri í sinni deild.

**Álit.**

Ekki er sýnt fram á að um saknæman vanbúnað hafi verið að ræða á vinnustað M sem leiði til bótaskyldu K. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 17.7. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 114/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á Fífuhvamsvegi í Kópavogi við gatnamót Reykjanesbrautar þann 20.4.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 7.6.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 22.6.2007.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið eftir vinstri akrein beygjureinar til vinstri áleiðis að Reykjanesbraut. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið eftir hægri akrein beygjureinarinnar við hlið A. Rákust þá saman hægra framhorn A og aftanverð vinstri hlið B. Engar vegmerkingar voru á gatnamótunum þegar áreksturinn varð.

Ökumaður A kvaðst vera viss um að hann hafi verið á sinni akrein þegar áreksturinn varð. Hafi hann farið utan í vinstri afturhurð B sökum þess að B hafi verið ekið yfir á akrein A.

Ökumaður B kvaðst hafa verið í beygjunni er hann hafi heyrt bremsuhljóð. Þá hafi A verið ekið í hlið bifreiðar hans.

**Álit.**

Ökumenn greinir verulega á um tildrög árekstursins. Í gögnum málsins er ekki getið um nein verksummerki á vettvangi sem sýndu staðsetningu ökutækjanna á akbrautinni. Engum vitnum er heldur til að dreifa sem borið geta um málsatvik. Af málgögnum verður því ekkert ráðið hvort áreksturinn verði rakinn til þess að ökumaður A hafi tekið of víða beygju eða ökumaður B of þrönga. Verður því ekki fullyrt að annar ökumaðurinn eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Samkvæmt þessu, sbr. og 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, skiptist sökin því að jöfnu milli ökumanna.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 17. júlí 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 115/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X vegna A og vegna B**

**Ágreiningur um tjónvald vegna tjóns á bifreiðinni A þann 29.12. 2006.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 11.06. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.07. 2007, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur að bifreiðinni B hafi verið ekið utan í A þar sem bifreiðin stóð mannlau. Engin vitni urðu að atviki þessu.

Ökumaður B hafnar því að hafa ekið á bifreiðina.

Óþarft er að geta þeirra frásagna sem fyrir liggja í máli þessu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að B hafi valdið tjóni á A.

**Niðurstaða.**

Ósannað er að tjón á A megi rekja til notkunar B.

Reykjavík 17. júlí 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 117/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.**

**Áræktur á bifreiðastæði við verslunarmiðstöðina Kringluna þann 2.4.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 12.6.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 25.6.2007.

**Málsatvik.**

Áræktur varð með bifreiðunum A og B á efra bifreiðastæði við verslunarmiðstöðina Kringluna. Rákust saman aftanverð hægri hlið A fyrir framan afturhjól og afturendi eða dráttarkrókur B.

Ökumaður A kveður atvik hafa verið með þeim hætti að báðar bifreiðir hafi verið í stöðureitum í sömu stæðaröð og hafi tveir stöðureitir verið á milli þeirra. Hafi hann ekið aftur á bak út úr stöðureitnum og beygt til vinstri og bakkað áfram eftir akleið þeirri sem liggur fyrir framan stöðureitina. Er A hafi verið fyrir aftan B hafi hann fundið fyrir höggi.

Ökumaður B kvaðst hafa setið í bifreið sinni ásamt bróður sínum sem hafi verið farþegi. B hafi verið lagt í bifreiðastæði og verið þar kyrrstæð. Hann hafi aldrei tekið eftir A heldur einungis fundið fyrir högginu.

Í lögregluskýrslu kemur fram að B hafi verið í stöðureit. Einnig kemur þar fram að sjá hafi mátt 50 sm löng för í malbiki eftir nagla í hjölbörðum B og að hún hafi færst til hliðar við höggið.

**Álit.**

Gögn máls þessa eru takmörkuð um árækturinn og hvernig hann bar að höndum. Af ljósmynd í lögregluskýrslu, sem tekin var á vettvangi, má sjá að afturendi B stóð út úr þeim stöðureit sem hann var í og skagaði því að nokkru út í akbrautina sem A var ekið eftir. Í ljósi þessarar óvenjulegu staðsetningar B hefur ökumaður hennar sönnunarbyrði um það að bifreið hans hafi verið verið kyrrstæð þegar árækturinn varð. Sú sönnun hefur ekki tekist samkvæmt gögnum málsins. A var ekið aftur á bak úr stöðureit og aftur fyrir B. Af þessu má ráða að báðir ökumenn hafi ekið aftur á bak um það leyti sem áræktur varð. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann ekur aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Eins og mál þetta horfir við hafa báðir ökumenn ekki gætt nægrar varúðar í umrætt sinn og eiga því báðir sök. Eftir atvikum öllum, sbr. og 89. gr. ufl., þykir rétt að hvor beri helming sakar.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 17. júlí 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 118/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/réttaraðstoðartryggingar**

**Ágreiningur um bótaskyldu í tengslum við kaup á fasteign í júní 2005**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 12.06. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.06. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og þann ágreining sem fyrir hendi er. Vátryggingafélagið vísar til 7. gr. skilmála þess efnis að vátryggingin þurfi að hafa verið í gildi þegar ágreiningur aðila kom upp. M virðist líta svo á að ágreiningur hafi fyrst komið upp þegar mál hans var þingfest fyrir héraðsdómi en þá hafði vátryggingin verið í gildi í 11 daga. Félagið telur einsýnt að ágreiningur vegna galla á þeirri fasteign sem um ræðir hafi komið upp fyrr og það sé í andstöðu við skilmála að hægt sé að tryggja sig eftir á. Félagið telur að skýra skuli skilmála á þann veg að ágreiningur stofnist þegar vátryggðum eru ljósar ástæður ágreiningsins, í þessu tilviki þegar honum varð ljós meinstur galli á fasteigninni. Ágreiningur hafi verið kominn upp rúmum fimm mánuðum áður en vátryggingin tók gildi. Félagið vísar og til þess að skilyrði er að vátryggður njóti aðstoðar lögmanns við málarekturinn sbr. 4. gr. skilmála. Þessa skilyrðis hafi ekki verið gætt. Ennfremur vísar félagið til greinar 3.9 skilmála þess efnis að vátryggingin taki ekki til innheimtumáls gegn vátryggðum þar sem krafa er óumdeild.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu sem óþarft er að geta ítarlega. Hann telur m.a. að ágreiningur sá sem er grundvöllur málshöfðunar hafi ekki orðið fyrr en þegar honum hafi verið stefnt til greiðslu eftirstöðva kaupverðs viðkomandi fasteignar sem hann hafði haldið eftir vegna galla. M telur að miða skuli við þingfestingu þann 12. apríl 2006 en þá hafði vátryggingin tekið gildi.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Samkvæmt 7. gr. skilmála þarf vátryggingin að hafa verið í gildi í að minnsta kosti tvö ár samliggjandi þegar ágreiningur aðila kom upp. Sá ágreiningur sem hér um ræðir kom upp áður en vátryggingin tók gildi. Í því tilviki sem hér er til umræðu verður að skýra skilmála á þann veg að ágreiningur hafi stofnast þegar vátryggðum voru ljósar ástæður ágreiningsins, í þessu tilviki þegar honum varð ljós meinstur galli á fasteigninni og hann hélt eftir greiðslu.

Vátrygging sem vátryggður mun hafa haft hjá öðru vátryggingafélagi vegna annarrar fasteignar breytir ekki framanrituðu.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 17. júlí 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 119/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V h.f.**

**Ágreiningur um umfang tjóns og bótafjárhæð.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 15.6.2007 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 2.7. ásamt fylgiskjölum 1-2

**Málsatvik.**

Leki var í íbúð og þurfti að skipta um parket og voru rifnir veggir. V féllst á greiðslur bóta en ágreiningur varð um hvað ætti að bæta. M telur að hann hafi orðið að grípa til þeirra aðgerða sem hann gerði en V telur að þær hafi verið umfangsmeiri en efni stóðu til og vísar til 9.gr. vátryggingaskilmála en M hafi ekki gefið V kost á því að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hófst. V hefur boðið M greiðslu kr. 233.000 að frádreginni eigin áhættu kr. 54.000.-

**Álit.**

M hefur ekki sýnt fram á það í framlögðum gögnum að nauðsyn hafi borið til að grípa til þeirra aðgerða sem hann gerði áður en starfsmönnum V gafst kostur á að skoða og meta hvað gera þyrfti. Miðað við fyrirbyggjandi gögn verður ekki séð að M eigi rétt á frekari bótum en V hefur þegar boðið sbr. hér að ofan.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á frekari bótum en V hefur þegar boðið.

Reykjavík 17.7. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 120/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar B.**

**Umferðaróhapp á Eyjafjarðarbraut-vestri við Jólahúsið í Eyjafjarðarsveit þann 25.1.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 25.6.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Sjóvá-Almennra trygginga hf., dags. 6.7.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Um kl. 8.45 að morgni 25. janúar 2007 ók M bifreið sinni A suður Eyjafjarðarbraut-vestri á mótis við Jólahúsið í Eyjafjarðarsveit. Rakst þá A á laust auglýsingaskilti frá veitingastofu sem rekin er þar í grenndinni af fyrirtækinu B. Skemmdir urðu framan á A.

M kvað skiltið hafa legið á veginum á hvolfi með fætuna upp í loft. Hún kvaðst vita af ferðum samstarfsfólks upp úr kl. 8 þarna um veginn umræddan morgun og þá hafi skiltið ekki legið á veginum.

Af hálfu B var ekki vitað fyrr en síðar um atvikið og að skiltið hefði fokið út á veginn.

Skilti það, sem A rakst á, hafði staðið um alllangt skeið skammt frá vegarbrún við Jólahúsið. Það var svokallað gormaskilti þannig að skiltið sjálf var á gormum og gaf undan vindálagi. Aðfaranótt 25. janúar og að morgni þess dags hafði geysað hvöss sunnan- og suðvestanátt í Eyjafirði. Á veðurathugunarstöð á Torfum í Eyjafjarðarsveit hafði vindhraði kl. 8 mælst 18,9 m/sek. og 26,5 m/sek. í mestu vindhviðum. Fyrr um morguninn hafði vindhraði í mestu kviðum farið yfir 30 m/sek.

**Álit.**

Telja verður fullvíst að umrætt skilti hafi fokið út á veginn í því hvas sviðri sem geysaði í Eyjafirði morguninn sem atvikið átti sér stað. Ekkert liggur fyrir í málinu að skiltið, gerð þess, umbúnaður eða staðsetning hafi farið í bága við lög eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli. Að öðru leyti hefur heldur ekki verið sýnt fram á að tjónsatvikið verði rakið til saknæmrar háttsemi fyrirsvarsmanna B eða annarra sem hann getur borið ábyrgð á. Getur B því ekki borið ábyrgð á tjóni því sem M varð fyrir á bifreið sinni.

**Niðurstaða.**

Tjón M á bifreið hennar bætist ekki úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

Reykjavík, 17. júlí 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 121/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A og v/B**

**Umferðaróhapp, ekið á opna hurð bifreiðar, á bílastæði við Smáralind þann 08.03. 2007**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 26.06. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 09.07. 2007 og framburður ökumanns B.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og þann ágreining sem fyrir hendi er. Samkvæmt takmörkuðum gögnum máls þessa er ágreinungur aðila um hvort hurð A hafi verið opnuð í veg fyrir B eða hvort ökumaður B hafi ekki gætt nægjanlegrar varúðar og ekið á opna hurð A.

M telur að B hafi verið ekið á opna hurð bifreiðarinnar. Fósturdóttir hans hafi verið að taka barn úr aftursæti A þegar B hafi ekið af stað úr bifreiðastæði þannig að tjón varð.

Aðili sem sagður er vitni að óhappinu ritar nafn sitt á yfirlýsingu M, dags. 18.06. 2007.

M telur að A beri ábyrgð á óhappi þessu.

Vátryggingafélagið telur að skipta skuli sök til helminga. Ökumanni B hafi borið að sýna aukna varúð þegar hann ók af stað því honum hafi ekki getað dulist að ökumaður A hafði stigið út úr bifreið sinni og var á ferð um hana. Ökumanni A hafi borið að opna dyr bifreiðar sinnar þannig að ekki hlytist af óþægindi eða hætta sbr. 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á því tjóni sem varð á A er bifreið hans var ekið á opna hurð A. Ökumaður bifreiðarinnar virðist ekki hafa sýnt þá aðgæslu sem nauðsynleg var er hann ók bifreið sinni af stað. Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A miðað við fyrirliggjandi gögn.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á umferðaróhappi þessu.

Reykjavík 10. júlí 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 122/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið V v. bifreiðanna A og B**

**Árekstur bifreiða á Hringbraut í Reykjavík þ. 21.5.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 2.7.2007.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 420/07
3. Lögregluskýrsla dags. 22.5.2007. ásamt ljósmyndum
4. Bréf V dags. 11.5., 6.6. og 16.7.2007.

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa ekið eftir Hringbraut á leið til austurs og þegar hún hafi verið við Birkimel hafi B verið ekið af Birkimel og inn á Hringbraut og í hægri hlið A. Ökumaður A heldur því fram að áreksturinn hafi orðið við gatnamótin þó að brak úr bifreiðunum hafi verið um 30 metra frá gatnamótunum. Ökumaður A segist hafa reynt að koma í veg fyrir árekstur með að sveigja yfir á vinstri akrein en það hafi ekki dugað til að koma í veg fyrir árekstur. Ökumaður B segir að hún hafi ekið inn á Hringbraut með fyrirhugaða akstursleið til austurs og þegar hún hafi verið komin um 30 metra inn á Hringbrautina hafi hún fundið högg þegar A hafi verið ekið á B. Farþegi í B ber eins og ökumaður.

**Álit.**

Umferð um Hringbraut hefur forgang fyrir umferð af Birkimel. Í umrætt sinn var B ekið inná á Hringbraut í veg fyrir A og ber B því alla sök.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík 7.8. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 123/2007**

**H ehf.**  
**og**  
**X hf. vegna A**  
**og**  
**Y hf. vegna B**

**Árekstur á gatnamótum Hálsabrautar og Krókháls 6. júní 2007**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 3. júlí 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur Y dags. 23. júlí 2007.

**Málsatvik.**

Skv. lögregluskýrslu ók ökumaður A austur Krókháls og ætlaði yfir gatnamót Hálsabrautar og Krókháls. Hann sá B sem var að aka framhjá gatnamótunum. Þá tók B skyndilega U beygju á gatnamótunum, með þeim afleiðingum að A ók í hlið B á vegarhelmingi A. Ökumaður A sagðist ekki hafa virt stöðvunarskyldu en fullyrðir þó í málskoti að hann hafi hægt verulega á sér. Ökumaður B segir í lögregluskýrslu að hann hafi ekið norður Hálsabraut og ákvað í skyndi að taka U beygju því hann var kominn of langt til að geta beygt austur Krókháls. Þá ók A inn í vinstri hlið bifreiðar hans. Ökumaður B fullyrkti að A hefði ekki stöðvað á stöðvunarskyldu.

**Álit.**

Af gögnum málsins, m.a. ljósmyndum af vettvangi, verður ekki annað ráðið en að aksturslag B hafi verið sérlega óvarkárt og að við áreksturinn var B staðsett þvert á aksturstefnu A. A gat með engu móti séð fyrir að B myndi taka U beygju með þeim hætti sem raun ber vitni. Fyrir liggur að ökumaður A virti ekki stöðvunarskyldu, jafnvel þótt hann kunni að hafa hægt á sér við gatnamótin. Verður af þeirri ástæðu ekki hjá því komist að skipta sök, en þó þannig að meginsökin liggja á ökumanni B.

**Niðurstaða.**

B ber 2/3 hluta sakar og A 1/3 hluta.

Reykjavík, 7. ágúst 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 124/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur á Suðurlandsvegi við Sandskeið þann 20.03. 2007**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 06.07. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 30.07. 2007.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 20.07. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og þann ágreining sem fyrir hendi er. Árekstur varð þegar ökumaður A var að draga B sem sat föst í vegkanti. Ökumenn greinir á um aðdraganda. Báðir segjast hafa verið kyrrstæðir þegar árekstur varð.

Vátryggingfélag A telur í ljósi framburðar aðila og vitna að framburður ökumanns B sé afar ótrúverðugur. Telja verði að atvik málsins hafi verið með þeim hætti að þegar bifreiðin B hafi losnað hafi henni verið bakkað á A. Á grundvelli 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eigi ökumaður B að bera alla sök.

Vátryggingafélag B telur að skipta skuli sök til helminga vegna þeirrar óvissu sem fyrir hendi sé.

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Verður að telja að ökumaðurinn hafi bakkað bifreið sinni á A. Frásögn ökumanns B er ótrúverðug í ljósi fyrirliggjandi gagna, hann ber því halla af sönnunarskorti í máli þessu.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 7. ágúst 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 125/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. tryggingar Þ**

**Maður á snjóbretti lenti á konu í skíðabrekku þ.21.1.2007 .**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 6.7.2007 ásamt fylgiskjöllum 1-4.
2. Bréf V dags. 25.6.2007 og 23. 7.2007

**Málsatvik.**

M var í skíðabrekku í Grafarholti í Reykjavík með 2 barnabörnum sínum fjögurra ára að aldri og ætlaði M að leyfa börnunum að renna sér á sleða. Lögmaður M segir M hafa farið nokkra metra upp í brekkuna en taldi óráðlegt að fara hærra með svo ung börn. M segist hafa verið að hjálpa börnunum við að setjast upp í sleðann þegar hún fékk á sig þungt högg og kom í ljós að Þ var að renna sér niður brekkuna á snjóbretti og hafði lent á M. M var flutt á sjúkrahús og í ljós kom að hún hafði orðið fyrir talsverðum áverka m.a. beinbrotum. M krefst bóta úr F+ tryggingu Þ. hjá V og bendir á að umrædd skíðabrekka sé í íbúðarhverfi þar sem mikið sé af ungum börnum og því nauðsynlegt að þeir sem renna sér niður brekkuna geri það með mikilli gát og hafi fulla stjórn ferða sinna en það hafi Þ ekki gert í umrætt sinn. V hafnar bótaábyrgð og segir að Þ haldi því fram að hann hafi ekki séð M fyrir en of seint og því sé ekki um vanrækslu eða aðgæsluleysi Þ. að ræða. V telur að hér sé um óhappatilvik að ræða auk þess sem fólk sem fer í skíðabrekku taki ákveðna áhættu og tjón sitt verði þeir að bera sjálfir nema sýnt sé fram á gáleysi tjónvalds en um það sé ekki að ræða í því tilviki sem hér um ræðir.

**Álit.**

Miðað við fyrirbyggjandi gögn þá verður ekki annað séð en Þ hafi í umrætt sinn ekki sýnt þá aðgæslu sem honum bar að sýna við aðstæður eins og þær sem um ræðir. M var neðst í skíðabrekku og fyrir liggur frá Þ að hann hafi ekki séð M fyrir en of seint. Við aðstæður eins og þær sem eru í umræddri skíðabrekku bar Þ að sýna aðgát sem hann gerði ekki í umrætt sinn og ber hann því ábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir. M á því rétt á bótum úr F+ tryggingu Þ.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr F+ tryggingu Þ.

Reykjavík 7.8.2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 126/2007**

**M**  
**og**  
**X hf. vegna A**  
**og**  
**Y hf. vegna B**

**Árekstur á gatnamótum Grensásvegar og Miklubrautar 5. júní 2007**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 4. júlí 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur X dags. 27. júlí 2007.
3. Bréf Y dags. 23. júlí 2007.

**Málsatvik.**

Skv. lögregluskýrslu ók ökumaður A inn á aðrein að Miklubraut til vesturs að Grensásvegi er hún stöðvaði bifreiðina til að hleypa yfir gangandi vegfarendum. Ökumaður A fullyrðir að ekið hafi verið aftan á bifreiðina. Ökumaður B ók sömu aðrein. A, sem var á undan henni hafi stöðvað skyndilega. Ökumaðurinn snarhemaði og beygði aðeins til vinstri. Ökumaðurinn taldi sig ekki hafa ekið aftan á A, en segist hafa fundið fyrir höggi þegar hún hemaði, en þó ekki höggi eins og við árekstur.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður að telja nægilega sannað að B hafi lent aftan á A.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík, 7. ágúst 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 127/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ferðatryggingar greiðslukorts**

**Ágreiningur um bótaskyldu**

**vegna framlengingar á ferð á Kanaríeyjum í febrúar 2007**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 09.07. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.07. 2007, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og þann ágreining sem fyrir hendi er. M mun hafa fengið aðsvif í frí á Kanaríeyjum og fallið á andlitið með þeim afleiðingum að gervitönn brotnaði og hann marðist í andliti. Miðað við gögn málsins var honum ráðlagt að hvíla sig í nokkra daga. M framlengdi dvöl sína um viku sbr. gögn málsins. Hann krefur félagið um endurgreiðslu á kostnaði við framlenguna.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu með vísan til vátryggingaskilmála. Í gr. 4.6.1 segir: "Félagið endurgreiðir hlutfallslega allt að 400.000 kr. af óafturkræfum ferðakostnaði vátryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem vátryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS International að rjúfa ferð og fara heim eða hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu tjóni."

Félagið telur að hér sé um hlutlæga ábyrgðartakmörkun á bótaskyldu að ræða. Skilyrði fyrir bótaskyldu séu ekki uppfyllt.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu sem óþarft er að geta. Hann telur að umrætt ákvæði beri að skýra sem varúðarreglu en ekki hlutlæga takmörkun á ábyrgð.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Skilyrði ákvæðis skilmála í 4.6.1 fyrir greiðsluskyldu félagsins eru ekki uppfylli.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 17. júlí 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 128/2007**  
**M) og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v. A og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v. B**

**Árekstur í Álandi í Reykjavík þ. 29.6.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 11.7.2007 ásamt greinargerð og bréfi.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 496/07
3. Tjónstilkynning dags. 29.7.2007
4. Ljósmyndir og uppráttur

**Málsatvik.**

Ökumaður A ætlaði að taka vinstri beygju frá Álandi að bifreiðastæði við leikskólann Birkiborg þegar B ætlaði að aka vinstra megin fram úr og árekstur varð með bifreiðunum. Ökumaður A segist hafa litið í baksýnispegil og séð B í töluverðri fjarlægð og gefið stefnuljós og ekið hægar og þar sem bifreið kom úr gagnstæðri átt hafi hann beðið færiss að beygja og síðan beygt en þá hafi B ekið á framhurð A og vinstra bretti. Ökumaður B segir að A hafi verið stopp og hafi hann ekið fram úr vinstra megin en þá hafi A tekið vinstri beygju í veg fyrir B. Ökumaður B heldur því fram að stefnuljós hafi ekki logað á A.

**Álit.**

Að teknu tilliti til allra gagna málsins þá verður meginsök lögð á A fyrir að taka vinstri beygju í veg fyrir B án þess að gæta nægjanlegrar varúðar. B ber einnig sök á árekstrinum og bar að huga vel að aðstæðum áður en hann hóf framúrakstur en á það þykir hafa skort. Rétt þykir því að B beri nokkra sök í málinu. Við mat á sök og sakarskiptingu þykir rétt að A beri 2/3 sakar en B 1/3 sakar.

**Niðurstaða.**

A ber 2/3 sakar en B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 7.8. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 130/2007**

**R og S  
og  
X hf. vegna málskostnaðartryggingar**

**Málskostnaðartrygging**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 11. júlí 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X 25. júlí 2007.

**Málsatvik.**

Málshefjendur krefjast bóta úr málskostnaðartryggingu heimatryggingar X vegna málareksturs þeirra gegn Kópavogsbæ o.fl. vegna ágreinings um byggingarleyfi. X hafnar bótaskyldu með vísan til skilmála heimatryggingarinnar.

**Álit.**

Skv. skilmálum heimatryggingar X bætir vátryggingin ekki málskostnað er varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar, nema hann hafi jafnframt fasteignatryggingu í gildi hjá félaginu á þeirri eign sem ágreingurinn varðar. Slíka tryggingu hafa málshefjendur ekki. Þegar af þeirri ástæðu er skilyrðum málskostnaðartryggingar heimatryggingar X ekki fullnægt.

**Niðurstaða.**

Málskostnaður málshefjanda er ekki bótaskyldur úr heimatryggingu X.

Reykjavík, 7. ágúst 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 131/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/B  
og  
Vátryggingafélagið Y v/A**

**Ekið á opna hurð bifreiðar 14.05. 2007**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 12.07. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 23.07. 2007.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 30.07. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og þann ágreining sem fyrir hendi er. B var lagt í stæði við Nýbýlaveg í Kópavogi. Ætlaði ökumaður A að leggja í stæði við hlið B. Vildi ekki betur til en svo að A var ekið á hurð B. Greinir ökumenn á um hvort hurð bifreiðarinnar hafi verið opnuð í veg fyrir A.

Vátryggingafélag B telur að það megi ráða af framburði ökumanns B að hann hafi verið nýbúinn að opna hurð bifreiðarinnar þegar A var ekið á hurðina. Félagið telur að hann hafi ekki gætt nægjanlegrar varúðar er hann opnaði hurðina sbr. 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Félagið telur fullyrðingu um ógætilegan akstur A sé ósönnuð.

Vátryggingafélag A telur að leggja skuli alla sök á B sem hafi opnað hurð í veg fyrir A.

M telur að A hafi verið ekið á opna hurð bifreiðar sinnar, A eigi því að bera ábyrgð á því tjóni sem varð.

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og 5. mgr. 27. gr. ber ökumaður B ábyrgð á umferðaróhappi þessu. Hann virðist hafa opnað hurð bifreiðar sinnar ógætilega í veg fyrir ökumann A, sem var að leggja bifreið sinni í stæði.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á umferðaróhappi þessu.

Reykjavík 7. ágúst 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 132/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V**

**Ágreiningur um hverjum skuli greiða bætur vegna járngrindahúss þ. 4.5.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið þ. 13.7.2007 ásamt greinargerð og fylgiskjöllum 1-10
2. Bréf V dags. 25.7.2007.

**Málsatvik.**

M gera kröfu til að fá greiddar tryggingabætur úr hendi V vegna tjóns á járngrindarhúsi á Vallarsvæði við Krísuvíkurveg. Málavexti segir lögmaður M vera þá að M hafi átt járngrindahús það sem um ræðir og haft þar aðstöðu. Rakið er í greinargerð lögmannsins að húsið hefði átt að flytja í burtu en M hafi fengið leyfi til að hafa það þar sem það var þangað til annað væri ákveðið. Sprengingar í námunda við húsið vorið 2006 hafi eyðilagt gafl hússins og hafi það verið fjarlægt í framhaldi af því. Þá er rakið að nafngreindir aðilar hafi gefið sig fram sem eigendur umrædds húss og fengið tjónabætur greiddar en með því hafi V greitt röngum aðilum tjónabætur því að eignarréttur M sé ótvíræður. Lögmaður M leggur að öðru leyti fram gögn máli sínu til stuðnings þ.á.m. kaupsamning/afsal fyrir ofangreint stálgrindarhús og meðferð þess. V hafnar því að M eigi rétt til tjónabóta en viðurkennir bótaskyldu. V telur aðra aðila þá B og Á vera réttmæta eigendur hússins og hafi uppgjör farið fram við þá. V vísar til lögregluskýrslu þar sem fram komi að þeir hafi fengið húsið að gjöf frá M og byggir V á þessari yfirlýsingu hvað varðar hverjir fengu greiddar tjónabætur.

**Álit.**

Í máli þessu er ágreiningur um hvort þeir Bjarnfreð og Ásgeir hafi átt umrætt stálgrindarhús og borið að fá tjónabætur greiddar eða V hafi borið að greiða M bæturnar. Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki séð að þeir Bjarnfreð og Ásgeir hafi sýnt fram á eignarráð sín yfir umræddu stálgrindarhúsi með ótvíræðum hætti. Af hálfu M hafa verið lögð fram gögn sem ekki hafa verið hrakin sem eru þess efnis að M séu réttir eigendur umrædds stálgrindarhúss. Að virtum öllum gögnum málsins verður ekki annað séð en V beri að greiða M bætur vegna þess stálgrindarhúss sem hér ræðir um.

**Niðurstaða.**

M eiga rétt á bótum úr hendi V vegna tjóns á járngrindarhúsi því sem hér um ræðir.

Reykjavík 7.8. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 133/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.**

**Áræktur á Kaldárselsvegi í Hafnarfirði þann 27.6.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 13.7.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 23.7.2007.
3. Bréf X, dags. 30.7.2007.

**Málsatvik.**

Áræktur varð með bifreiðunum A og B, er þær mættust á Kaldárselsvegi. Rákust þá saman aftanverð vinstri hlið A og vinstri hlið B. Eftirvagni (flatvagni/vélarvagni) hafði verið lagt á veginum á þeim vegarhelmingi, sem A var ekið eftir, rétt framan við hraðahindrun neðan við nýtt byggingarland í Áslandshverfi. Bjart var af degi og þurrt færi þegar árækturinn varð. Bundið slitlag er á veginum.

Ökumaður A kvaðst hafa komið fyrst að eftirvagninum og farið yfir á vinstri vegarhelming til að komast fram hjá honum. Hafi A verið komin fram að miðjum vagninum þegar B kemur og gerir sig ekki líklegan til að stöðva. Ökumaður A kvaðst hafa stöðvað, en þegar ökumaður B hafi þrengt sér fram hjá og farið utan í A hafi hann fært sig nær vagninum.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið að vagninum með auðan akveg fyrir framan sig. A hafi verið ekið inn á vinstri vegarhelming til móts við B. Kvaðst ökumaðurinn þá hafa beygt til hægri eins og hægt var. Vinstra afturbretti A hafi þá stökist við vinstri hlið B.

**Álit.**

Fyrir liggur í málinu að eftirvagn var á þeim vegarhelmingi sem A var ekið eftir. Af þeim sökum þurfti ökumaður A að færa bifreið sína yfir á vinstri vegarhelming miðað við akstursstefnu sína til að komast fram hjá vagninum. Í sömu andrá bar B að úr gagnstæðri átt. Ef hindrun er á hluta vegar skal sá ökumaður nema staðar, sem er þeim megin á akbrautinni, sem hindrunin er, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt þessu bar ökumanni A að nema staðar uns B væri komin fram hjá vagninum, en ekki hefur verið sýnt fram á í gögnum málsins að B hafi borið svo brátt að ökumaður A hafi ekki mátt varast hana. Ber ökumaður A því sök á áræktstrinum, en ekki þykir nægilega sýnt fram á að ökumaður B eigi sök.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 7. ágúst 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 134/2007**

**M vegna bifreiðarinnar A  
og  
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags (B)**

**Skemmdir á bifreið þegar steinn rakst upp undir bifreiðina á vegslóða  
við Vog í Grafarvogi þann 03.01. 2007**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 13.07. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.07. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og þann ágreining sem fyrir hendi er. Bifreiðinni B var ekið um malarslóða þegar steinn rakst upp undir bifreiðina og gat kom á olíupönnu. M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Óvarlegt hafi verið að láta umræddan stein vera á umræddri akstursleið sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu sem óþarft er að geta. Vátryggingafélagið telur að bótaábyrgð sé ekki fyrir hendi. Umræddur vegslóði sé ekki hluti af vegakerfi borgarinnar. Um sé að ræða aflagðan veg sem hafi verið hluti af gamla Gufunesveginum en hann þjóni í dag hlutverki göngustígs. Hann leiði ekki annað en inn á malbikaðan göngustíg sem liggur í landi Keldna. Ökumanninum hafi ekki borið að aka umræddan slóða. Þá beri slóðinn augljós merki um viðhaldsleysi, hann sé grófgerður og vatnssorfinn. Félagið telur að rekja megi óhapp þetta til eigin sakar tjónþola.

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á skaðabótaskyldu samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér liggur fyrir. Umræddur vegslóði virðist ekki hluti af vegakerfi borgarinnar. Vegslóðinn virðist bera augljós merki um viðhaldsleysi. Ökumaður A ók umrædda leið á eigin ábyrgð.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 7. ágúst 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 135/2007**

**M og**

**Vátryggingafélagið V F+ tryggingar og S vegna tjóns.**

**Tjón á sjónvarpi þ.24.11.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 16.7.2007. ásamt fylgiskjölum 1-3.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 413/07
3. Bréf V. dags. 8.5.2007
4. Bréf X dags. 22.3.2007

**Málsatvik.**

Málsatvik segir M vera þau að þ.23. júní 2006 hafi munir úr búslóð M skemmst en þeir hafi verið geymdir í gámi á svæði Atlantsskipa þ.á.m. sjónvarpstæki af gerðinni Philips og þ. 24.11.s.á. hafi tæki af svipaðri gerð skemmst. M segir tækin ekki hafa verið nákvæmlega sömu gerðar þó þau hafi bæði verið Philips tæki. M segir V hafa bætt fyrra tækið en hafni að bæta það síðara en telur sig eiga rétt á bótum þar sem ekki hafi verið um sama tækið að ræða. V hafnar bótaskyldu og segist hafa bætt tæki sem hafi skemmst þ. .2. júní 2005 og tæki það sem hér ræði um sé vegna viðskipta við X frá því í lok árs 2005 en um tæki sömu gerðar sé að ræða. V hafnar bótaskyldu á þeirri forsendu að um sé að ræða eitt og sama sjónvarpstækið. Þá bendir V á að M hafi einungis getað sýnt fram á að hann hafi eignast eitt tæki

**Álit.**

Ekki hafa verið lögð fram gögn af hálfu M sem sýna að um annað tæki sé að ræða en V hefur þegar bætt honum. Þá hefur M heldur ekki sýnt fram á að um annað sjónvarpstæki sé að ræða en það tæki sem V hefur þegar bætt honum. Þegar af þessum ástæðum er bótaskylda V ekki fyrir hendi.

**Niðurstaða.**

Bótaskylda V er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 14.8. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 136/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á Sundlaugavegi í Reykjavík við gatnamót Reykjavegs þann 10.4.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 2.8.2007.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A og B var ekið austur Sundlaugaveg og var A ekið á undan B. Við gatnamót Reykjavegs hugðist ökumaður A snúa bifreiðinni við og aka áleiðis vestur Sundlaugaveg. Rákust þá saman aftanverð vinstri hlið A og hægra framhorn B.

Ökumaður B kvaðst hafa stöðvað við gatnamót Reykjavegs gegnt rauðu ljósi. Er grænt ljós kviknaði hafi hann ekið af stað til að snúa við og verið kominn í u.þ.b. 45° beygju til vinstri er B hafi verið ekið í aftanverða vinstri hlið A. Við höggið hafi A kastast um 1 m til austurs. Í skýrslu ökumanns A kemur einnig fram að hann hafi ekið eins nálægt umferðareyju vinstra megin við A eins og unnt var til að ná beygjinni án þess að þurfa að bakka eða fara út fyrir akbrautina þegar beygjan var tekin.

Ökumaður B kvað A hafa verið ekið út í vegkant hægra megin eins og ökumaðurinn hafi ætlað að beygja upp Reykjaveg, en svo hafi A verið beygt til vinstri í veg fyrir B án þess að stefnumerki hafi verið gefin.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Ökumaður A hefur ekki gefið bifreiðum fyrir aftan sig nægilegan gaum er hann hugðist snúa við. Af stöðu bifreiða samkvæmt ljósmyndum af vettvangi má ætla að A hafi að einhverju leyti verið beygt til hægri áður en henni var beygt til vinstri. Þá verður að telja ósannað að ökumaður A hafi gefið stefnuljós til vinstri áður en hann beygði í þá átt. Að þessu virtu verður að telja að áreksturinn verði rakinn til þess að ökumaður A hafi ekki virt fyrrgreint lagaákvæði og verður honum því gefin sök á árekstrinum. Ekki eru næg efni til að leggja sök á ökumann B.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 14. ágúst 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



## Mál nr. 137/2007

### M og

### Vátrggingafélagið V h.f. v. ábyrgðartryggingar A

Slys á faþega þegar bifreið féll fram af snjóhengju við Hrafninnusker þ. 5.3.2006.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 19.7.2007. ásamt fylgiskjölum 1-3

#### Málsatvik.

Lögreglan á Hvolsvelli var kölluð út vegna umferðarslyss við Hrafninnusker þar sem tveir menn slösudust þegar A fell ofan af snjóhengju. A var á ferð á svæðinu ásamt ferðafélögum sínum sem vissu ekki um slysið fyrr en mennirnir skiluðu sér í Hrafninnuskála slasaðir og illa áttaðir skv. lögregluskýrslu. Í lögregluskýrslunni segir einnig að A hefði fallið lóðrétt fram af hengju allt að 20 metra niður og oltið einar 6 veltur þar til hann stöðvaðist. M var farþegi í A í umrætt sinn og slasaðist. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A. V telur að M eigi að bera 2/3 hluta tjóns síns sjálfur þar sem hann hafi farið upp í bifreið hjá ölvuðum ökumanni. Því hafnar M og heldur því fram að honum hafi verið ókunnugt um áfengisneyslu ökumanns og telur rangt að álykta að áfengismagn í blóði hans hafi verið um 1.2 til 1.4 prómill við aksturinn. V telur að M eigi að bera 2/3 hluta tjónsins sjálfur vegna stórfellds gáleysis með því að taka sér far með ökumanni undir áhrifum áfengis við varhugaverðar aðstæður en áfengisneysla ökumanns hafi ekki getað dulist M. Fram kemur hjá V að skv. blóðtökuvottorði hafi ökumaður mælt með 0.85 prómill etanóls í blóði um 4 klukkustundum eftir slysið og megi því ætla að alkahólmagn í blóði hafi verið 1.2-1.4 prómill þegar slysið varð og því ófær um að stjórna ökutæki.

#### Álit.

Fallist er á það mat V að um stórfellt gáleysi M hafi verið að ræða þegar hann tók sér far með ölvuðum ökumanni við þær aðstæður sem um var að ræða. M var ljóst að nauðsyn bar til að gæta fullrar aðgátar við akstur í umrætt sinn og mikilvægt að ökumaður væri með fullu ráði og rænu. Miðað við ætlað áfengismagn í blóði ökumanns við akstur B og við mælingu fjórum tímum eftir að akstri lauk verður að telja útilokað að M hafi ekki vitað af því að ökumaður B var undir áfhrifum áfengis við aksturinn. Fallist er á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V en að M beri tjón sitt að 2/3 hlutum vegna stórfellds gáleysis.

#### Niðurstaða.

Umrætt tjón er bótaskyld M ber tjón sitt sjálfur að 2/3 hlutum vegna stórfellds gáleysis en fær það bætt að 1/3.

Reykjavík 14.8. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 138/2007**

**Frávísun**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/vatnstjóns**

**Skemmdir vegna vatns að Túngötu Seyðisfirði 19.01. 2007,  
ágreiningur um bótaskyldu.**

**Gögn.**

1) Málskot móttakið 19.07. 2007, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn gefa takmarkaðar upplýsar um aðdraganda máls þessa. Ágreiningur er um bótaskyldu.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi vegna skemmda sem urðu út frá blöndunartækjum sem gáfu sig við baðkar á neðri hæð og leka frá sturtubotni á efri hæð.

Vátryggingafélagið hefur ekki upplýst nefndina um afstöðu sína til málskotsins.

**Álit.**

Fyrirliggjandi gögn veita mjög takmarkaðar upplýsingar um aðstæður. Röksemdafærslan er og takmörkuð.

Samkvæmt e lið 4. gr. samþykktá nefndarinnar nr. 1090/2005 fjallar nefndin ekki um mál sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að ekki sé tækt til úrskurðar. Nefndin telur að það mál sem hér er til umræðu sé svo illa uppýst að það sé ekki tækt til úrskurðar. Ekki hefur verið sýnt fram á bótaskyldu með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum.

Í nefndu ákvæði samþykktá er þess og getið að mál sem vísað er frá skuli, gegn greiðslu málskotsgjalds á ný, tekið aftur til meðferðar hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.

**Niðurstaða.**

Með vísan til e lið 4. gr. samþykktá nefndarinnar er máli þessu vísað frá.

Reykjavík 7. ágúst 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 139/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v. A og**  
**Vátryggingarfélagið V-2 v. B**

**Árekstur bifreiða á bifreiðastæði Nettó í Grindavík þ.7.5.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 19.7.2007
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 464/07
3. Tjónstilkynning dags. 7.5.2007
4. Bréf V-2 dags. 17.7. og 2.8.2005
5. Bréf V-1 dags. 3.8.2007
6. Yfirlýsing C dags. 22.6.2007.

**Málsatvik.**

Ökumaður A segir að báðar bifreiðarnar hafa verið að bakka út úr stöðureit þegar árekstur varð. Ökumaður B segist hafa verið að bakka en verið stopp og að fara að taka af stað þegar hún hafi séð B bakkað og flautað og ekki náð að keyra áfram áður en A hafi ekið í vinstri afturhurð B. Í yfirlýsingu C, að B hafi bakkað út úr stæði og verið stopp þegar árekstur varð.

**Álit.**

Báðir ökumenn merkja við það að þær séu að bakka á framhlið tjónstilkynningar. Ekki hefur verið sýnt fram á að B hafi verið kyrrstæð eða stöðvað það löngu áður en árekstur varð að það skipti máli. Sök skiptist því til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 14.8. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 140/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.**

**Árekstur í hringtorgi á gatnamótum Hringbrautar og Ánanausta þann 23.4.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 24.7.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 2.8.2007.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A og B var ekið vestur Hringbraut og um hringtorg á gatnamótum Hringbrautar og Ánanausta. Var A ekið í ytri hring og B í innri hring. Við Ánanaust, sem eru fyrstu gatnamót sem bifreiðirnar komu að eftir að þeim var ekið inn í hringtorgið, var B beygt til hægri áleiðis út úr hringtorginu inn á Ánanaust. Rákust þá saman vinstra framhorn A og framanverð hægri hlið B.

Í gögnum málsins er ekkert haft eftir ökumanni A.

Ökumaður B kvað langa röð bifreiða hafa verið á hægri akrein og ekki hægt að komast inn í hana. Hann hafi hins vegar verið nánast einn á vinstri akreininni. Hafi hann því ekið inn á innri hring torgsins og gefið strax stefnumerki til hægri til það þeir sem eru á ytri hring sjái klárlega að hann ætli að beygja strax út úr hringtorginu. Við það varð árekstur með A og B.

**Álit.**

Eftir að ökumaður B ók inn í innri hring torgsins hugðist hann beygja til hægri út úr því strax við fyrstu gatnamót. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 bar honum að velja hægri akreinina og ytri hring torgsins, jafnframt að halda bifreiðinni sem næst hægri brún akbrautar, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Á þessu varð misbrestur og á ökumaður B megin sök á árekstrinum. Fram hjá því verður ekki litið að A var ekið yfir akreinalínu og ekki er vitað hvort ökumaður A hafi séð stefnumerki á B sem ökumaður þeirrar bifreiðar kveðst hafa gefið. Í ljósi þessa verður að telja að ökumaður A hafi ekki gætt þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast og verður honum því einnig gefin nokkur sök á því hvernig fór.

**Niðurstaða.**

Leggja ber 1/3 hluta sakar á ökumann A og 2/3 hluta sakar á ökumann B.

Reykjavík, 14. ágúst 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 141/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A og B**

**Árekstur Glaðheimum þann 28.04. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttækið 24.07. 2007, ásamt fylgiskjölum þ.á m. skýrslu lögreglu.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.08. 2007, ásamt athugasemd frá ökumanni B, dags. 31.07. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A var bakkað út frá bifreiðastæði og inn á Glaðheima. B var ekið vestur Glaðheima. Samkvæmt skýrslu lögreglu var ágreiningur milli ökumanna um hvort A hafi verið kyrrstæð og B ekið á hana eða hvort A hafi verið bakkað á B.

Óþarft er að geta umfjöllunar M sem fram kemur í málskotinu, hann telur að B skuli bera ábyrgð á árekstrinum. Hann telur m.a. að ökuhraði B hafi verið of mikill.

Vátryggingafélagið telur að leggja skuli alla sök á ökumann A, ökumanninum hafi borið að veita umferð um Glaðheima forgang.

Ökumaður B telur að ökumaður A skuli bera ábyrgð á árekstrinum.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa ekið í veg fyrir B. Ökumanninum bar að veita umferð um Glaðheima forgang. Þessa virðist hann ekki hafa gætt.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á B.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 14. ágúst 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

# ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

---

**Mál nr. 142/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v. A og**  
**Vátryggingarfélagið V-2 v. B**

**Árekstur bifreiða á Digranesvegi í Kópavogi þ.12.6.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið þ. 24.7.2007
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 515/07
3. Lögregluskýrsla dags. 12.6.2007
4. Bréf V-1 dags. 11.7. og 3.8.2007
5. Bréf eiganda B dags. 6.7.2007

**Málsatvik.**

Ökumaður B kallaði til lögreglu og sagðis hafa verið að bakka þegar A hafi verið ekið á B en A var ekki á vettvangi. Ökumaður A sagðist hafa verið á Digranesvegi þar sem árekstur átti sér stað skömmu áður og hafi hún verið að fara út af bifreiðastæði við Sparisjóðinn og verið að fylgjast með umferð um götuna áður en hún æki inn á hana og þegar hún ók af stað hafi hún fundið högg og talið sig hafa farið utan í kantstein.

**Álit.**

Í umrætt sinn er B að bakka út á akveg og ber því alla sök þar sem ekki er sýnt fram á sök A í málinu.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík 14.8. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 143/2007**

**M  
og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar fyrirtækis.**

**Umferðaróhapp á Tryggvabraut á Akureyri þann 19.3.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 25.7.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 3.8.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið vestur Tryggvabraut og hugðist ökumaður hennar beygja inn á athafnasvæði Brimbrorgar um innkeyrslu að vestanverðu. Er ökumaður A nálgast innkeyrsluna kvaðst hann hafa séð að starfsmenn fyrirtækisins V hafi verið að leggja hitaveiturör í gangstéttina og hafi rörin legið á gangstéttinni. Til að aka ekki yfir rörin hafi hann bakkað A og ætlað inn um innkeyrslu að austanverðu. Þrátt fyrir að hafa litið í spegla hafi hann ekki tekið eftir standi með kefli undan hitaveiturörunum sem hafi staðið við gangstéttarbrúnina. Hafi hann bakkað á standinn með þeim afleiðingum að A hafi skemmst á hægri hlið.

Ökumaður A kveður sól hafa verið lágt á lofti í vestri og snjór á jörðu. Vegna mikillar birtu hafi akstursskilyrði verið mjög slæm. Engin viðvörunarmerki eða aðrar merkingar hafi verið við standinn. Hægra megin skammt frá gangstéttarbrún hafi verið þrjár rauðir staurar með nokkurra metra millibili sem virtust eiga að marka vinnusvæðið frá götunni. Taldi hann óhætt að bakka, enda hafi standurinn staðið töluvert inni á götunni utan við fyrnefnda staura.

Í bréfi V vegna atviksins segir að starfsmenn V hafi verið að koma sér fyrir á staðnum vegna verkefnis sem þarna hafi verið að fara í gang. Verið var að ganga frá efni til verksins og koma fyrir tækjum og öryggisbúnaði. Bifreiðir og starfsmenn V hafi verið á staðnum og hafi ökumanni A mátt vera ljóst að framkvæmdir stóðu þarna yfir.

**Álit.**

Áður en ökumaður A bakkaði bar honum að ganga úr skugga um að það hafi verið unnt án hættu eða óþginda fyrir aðra, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumanninum mátti vera ljóst að þarna stóðu framkvæmdir yfir við götuna. Bar honum að sýna sérstaka aðgát við þær aðstæður og einnig vegna hinna slæmu birtuskilyrða sem þarna voru að hans sögn. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanninum og á hann því sök á óhappinu. Ekki hefur verið sýnt fram í gögnum málsins að óhappið verði að einhverju leyti rakið til þess að að merkingum hafi verið áfátt af hálfu V. eru því ekki efni til að leggja ábyrgð á V.

**Niðurstaða.**

V ber ekki ábyrgð á tjóni sem varð á A.

Reykjavík, 14. ágúst 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 144/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur Flatahrauni Hafnarfirði þann 28.04. 2005.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 25.07. 2007, ásamt fylgiskjölum þ.á m. skýrslu lögreglu.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 03.08. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið austur Flatahraun. Greinir ökumenn á um aðdraganda árekstursins. Lenti vinstra framhorn A í hægri hlið B.

Vátryggingafélag telur að A hafi verið á hægri vegarhelmingi og skipt yfir á þann vinstri þar sem árekstur varð. Það telur að ökumaður A hafi ekki gætt að umferð sem kom á eftir þegar tekin var vinstri beygja sbr. 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Það telur að A skuli bera alla sök.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum. Hann gerir athugasemdir við skýrslu lögreglu sbr. umfjöllun í málskotinu. M kveðst hafa ekið á "einnar akreinar götu þegar ekið var framúr mér vinstra megin og þegar sá sem það gerði sá að hann stefndi beint á umferðareyju þá ók hann utan í mig – en ekki ég í veg fyrir hann – þetta sýna myndir í lögregluskýrslu vel að mínu mati – þ.e.a.s. bíllinn minn er beinn á götunni því ég var ekki að beygja þegar árekstur varð."

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. skýrslu lögreglu, ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa ekið á A. Ökumaður A virðist ekki hafa verið að skipta um akrein og skilyði fyrir B til framúraksturs virðast ekki hafa verið fyrir hendi.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á A miðað við fyrirliggjandi gögn.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 14. ágúst 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 145/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á gatnamótum Arnarnesvegur og Nónhæðar í Garðabæ þann 24.5.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 25.7.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 3.8.2007.
3. Bréf X, dags. 13.8.2007.

**Málsatvik.**

Hópbifreiðinni A var ekið efir Arnarnesvegi að hringtorgi á gatnamótum Arnarnesvegur, Nónhæðar og Smárahvammsvegur. Mun vagninn hafa verið stöðvaður við hringtorgið. Var þá bifreiðinni B ekið fram með hægri hlið A. Er A var ekið af stað á ný, rákust saman hægri hlið A og vinstra framhorn B. Á Arnarnesvegi, þar sem áreksturinn varð, er ein akrein fyrir umferð í hvora átt. Engar vegmerkingar voru á akbraut að undanskildum miðlínunum til að skilja að akstursstefnur.

Ökumaður A kvaðst hafa beðið eftir að aka inn í hringtorgið. Er hann lagði af stað hafi hann heyrt mikinn skarkala og tekið eftir B skemmdri, er henni var ekið út úr hringtorginu.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á eftir A að hringtorginu og séð að ökumaður A gaf stefnuljós til vinstri. Hafi hann þá staðsett B við hægri hlið A og hafi B verið kyrrstæð við biðskyldu áður en ekið er inn í hringtorgið. Þegar A var ekið inn í hringtorgið og byrjaði að beygja til vinstri hafi A verið ekið á B.

**Álit.**

Einungis ein akrein er á akbraut þeirri sem bifreiðunum var ekið eftir. Miðað við akstursleiðir bifreiðanna, hringtorg framundan og ákomustaði á bifreiðunum fæst enginn botn í þá staðhæfingu ökumanns B að stefnumerki hafi logað til vinstri á A eða að þeirri bifreið hafi verið beygt til vinstri þegar áreksturinn varð. Ökumanni B var óheimilt að aka hægri megin fram með A og verður áreksturinn rakinn til þess. Ber ökumaður B því sök á árekstrinum. Ökumaður A þurfti ekki að eiga von á ökutækjum fram með hægri hlið bifreiðarinnar. Eins og hér stóð á þykja því ekki næg efni til að leggja á hann sök.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 14. ágúst 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 146/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/málskostnaðartryggingar fjölskylduþryggingar**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna kostnaðar við málarekstur.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 26.07. 2007, ásamt fylgiskjölum þ.á m. skýrslum lögreglu og afriti héraðsdómsd mál E-7293/2006.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.08. 2007.

**Málsatvik.**

M gerir kröfu til viðurkenningar á skyldu félagsins til greiðslu á málskostnaði sem felldur var á hann í héraðsdómsmáli. Um var að ræða einkamál þar sem hann var krafinn um bætur fyrir að hafa valdið starfsmanni veitingastaðar líkamstjóni. Til átaka hafði komið milli M og starfsmanns staðarins þann 28.11. 1999 þegar verið var að vísa M og félag hans út af staðnum. M var sýknaður af kröfum starfsmannsins sbr. fyrirbyggjandi gögn.

Félagið telur ljóst að M (vátryggingartaki) hafi verið grunaður um refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum nr. 19/1994. Félagið telur að maður geti verið grunaður um refsiverðan verknað skv. skilmálum þrátt fyrir að kæra hafi ekki verið lögð fram. Höfðað hafi verið einkamál gegn M þar sem því var haldið fram að hann hafi veitt stefnanda í málinu áverka með líkamsárás. Hann hafi því verið grunaður um að hafa viðhaft refsiverðan verknað. Í vátryggingaskilmálum sé ekki krafist að vátryggður þurfi að hafa verið sakfelldur fyrir refsiverðan verknað til þess að fyrirgera rétti sínum til bóta. Félagið vísar og til þess að í skilmálum komi fram að vátryggður hafi fyrirgert rétti sínum til bóta ef tjón verður rakið til ölvunar en vátryggingartaki (M) sagði skv. gögnum málsins muna lítið eftir kvöldinu sökum ölvunar. Félagi hans og önnur vitni bera einnig á sama veg. Félagið telur að M hafi verið ölvaður og því fyrirgert rétti sínum til bóta úr vátryggingu þeirri sem hér er til umræðu enda telur félagið ljóst að orsakasamband sé á milli ölvunar hans og þess tjóns sem varð í kjölfarið.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Hann hafi verið sýknaður af bótakröfu, hann hafi ekki verðið kærður til lögreglu sbr. nánar röksemdafærslu hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirbyggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu félagsins. M var sakaður um líkamsárás þrátt fyrir að hann hafi ekki verið kærður til lögreglu. Höfðað var einkamál gegn M þar sem því var haldið fram að hann hafi veitt stefnanda í málinu áverka með líkamsárás. Hér er um undanskilda áhættu að ræða samkvæmt vátryggingaskilmálum. Skilmálar gera ekki kröfu til þess að viðkomandi sé kærður til lögreglu eða verði sakfelldur fyrir refsiverðan verknað til þess að fyrirgera rétti sínum til bóta. Í skilmálanum segir að "vátryggingin bætir ekki málskostnað sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur vátryggðum vegna brots sem er saknæmt". Í því tilviki sem hér um ræðir var um slíkan grun að ræða.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda vátryggingafélagsins er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 14. ágúst 2007

\_\_\_\_\_  
Rúnar Guðmundsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Dögg Pálsdóttir hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 147/2007**  
**(M)**  
**og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v. A og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v. B**

**Árekstur bifreiða á Reykjanesbraut þ. 13.6.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 30.7. 2007 ásamt fylgiskjöllum
2. Niðurstaða tónanefndar nr. 536/07
3. Tjónstilkynning dags. 13.6.2007
4. Bréf Vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 9.8.2007
5. Bréf Vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 10.8.2007.

**Málsatvik.**

Á framhlið tjónstilkynningar sem báður ökumenn skrifa undir segir að A og B hafi ekið í sömu átt og B hafi skipt um akrein. Ökumaður A segist hafa ekið á vinstri akrein og verið að koma að rauðu ljósi og því ekki á miklum hraða og hafi B verið fyrir framan með stefnuljós til vinstri og á litlum hraða og segist ökumaður A á hafa hægt á ferðinni til að heimila B að skipta um akrein en svo hafi ekkert gerst og hafi hún þá haldið að eitthvað væri að bílnum og haldið áfram en þá hafi B byrjað að beygja og hún hafi þá flautað og beygt frá en það ekki dugað til að koma í veg fyrir árekstur. Ökumaður B segist hafa ákveðið að snúa til baka til suðurs og gefið stefnuljós til vinstri og beygt en ekki vitað fyrir en A hefði komið á mikilli ferð á auðu svæði vinstra megin v B og ekið á B.

**Álit.**

Ökumaður B sýndi ekki nægjanlega aðgæslu við akreinaskipti og ber alla sök þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður A beri sök eða hluta sakar vegna árekstursins.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík 14.8. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 148/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X og Vátryggingafélagið Y.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum tveggja umferðarslysa.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 31.7.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 16.8.2007, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf Y, dags. 17.8.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M hlaut líkamstjón í tveimur umferðarslysum, annars vegar 6.12.1998 og hins vegar 2.3.1999. Vegna fyrra slyssins átti M rétt til bóta úr ökutækjetryggingu hjá X og vegna síðara slyssins átti hún rétt til bóta úr ökutækjetryggingu hjá Y.

Eftir fyrra slysið kveðst M hafa verið með verki í höfði, hálsi og baki, þurft að taka verkjalyf og vera í sjúkrahjálfun. Við síðara slysið hafi hún hlotið hún slynk á háls og axlir og frekari verki í háls, herðar og bak. Í fyrirliggjandi læknisvottorði L, læknis á heilsugæslustöð, dags. 31.3.2006, kemur fram að M hafi leitað til læknis tveimur dögum eftir fyrra slysið vegna vaxandi verkja í hnakka og öxlum auk þess sem hún var aum við allar hreyfingar í háls hrygg. Hún leitaði svo aftur læknis u.þ.b. þremur vikum síðar og var þá vísað í sjúkrahjálfun. Einnig leitaði hún læknis tveimur dögum eftir síðara slysið vegna verkja einkum í hnakka og vegna eymsla í vöðvafestum niður undir axlargrind. Fékk hún þá lyf og var ráðlagt að halda áfram í sjúkrahjálfun. Eftir þessa meðferð var hún tiltölulega einkennalítill, en tók bólgueyðandi lyf og verkjalyf um tíma. Í lok árs 2004, er M var orðin barnshafandi, fór að bera á verulegum verkjum og óþægindum í baki. Staðsetti hún verkina nú einkum í brjósthrygg og á milli herðablaða, stundum með leiðni niður í lendhrygginn. Versnaði henni við allt álag svo sem að bogra og sitja lengi við tölvuvinnslu.

Telur M að stoðkerfiseinkenni þau sem hún fékk í kjölfar þungunarinnar árið 2004 verði rakin til slyssanna 1998 og 1999 og krefst viðurkenningar á bótaskyldu X og Y, en félögin hafa neitað bótaskyldu.

**Álit.**

Engum læknisfræðilegum gögnum er til að dreifa í máli þessu öðrum en framangreindu læknisvottorði L. Engin matsgerð liggur fyrir um varanleg sjúkdómseinkenni sem M kann að búa við af völdum slyssanna 1998 og 1999. Ekki er alveg hægt að fullyrða, eins og málið liggur fyrir, að kröfur M á hendur X og Y séu fyrndar. Af umræddu læknisvottorði telst á hinn bóginn ekki sannað að einkenni þau sem M kvartaði undan í lok árs 2004 í kjölfar þungunarinnar, eða nærri sex árum eftir slysin, verði rakin til þeirra. Er því ósannað að M eigi rétt til bóta úr viðkomandi ökutækjetryggingum hjá X og Y.

**Niðurstaða.**

Bótaskylda X og Y gagnvart M er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 4. september 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 149/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss 16. janúar 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 01.08. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.08. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Tildrög slyssins voru þau að M var ásamt öðrum starfsmanni vátryggingartaka við störf á vinnusvæði nýbyggingar við Grundarfjarðarhöfn þegar hann klemmdi sig og við það hlaut hann meiðsl á fingri. M ætlaði að taka á móti svokölluðu strekkingarhjóli sem híft var af starfsmanni vátryggingartaka. Þegar hjólið mun hafa snert jörðina mun það hafa lokast.

M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Það telur ósannað að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi vátryggingartaka eða starfsmanna hans. M hafi starfað við sambærilegt verk áður og því hafi hann þekkt til eiginleika hjólsins. Verklag hafi verið með eðlilegum hætti sem og aðstæður. Ekkert hafi komið fram um að búnaði hafi verið áfátt eða ástand hans annað en gott. Félagið telur að hér hafi verið um óhappatilviljun að ræða og eigin gáleysi M. Honum hafi borið að sýna varúð þegar hann hélt utan um hjólið og sleppa því þegar það kom til jarðar enda hafi honum mátt vera ljóst að hjólið myndi lokast þegar það togaði ekki lengur á móti vírnum.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu félagsins. Hér virðist hafa verið um óhappatilvik að ræða. Af gögnum málsins verður ekki séð að meiðsl M megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna vátryggingartaka eða annarra atvika sem leitt geta til skaðabótaábyrgðar hans.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda vátryggingafélagsins er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 11. september 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 150/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V. v. ábyrgðartryggingar R**

**Umferðaróhapp þegar bifreið ók á kant í í bílastæðahúsi þ. 2.3.2007 .**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 1.8.2007.
2. Bréf V dags. 18.5. og 9.8.2007.
3. Tjónstilkynningar dags. 3.3. og 10.4.2007
4. Bréf R dags. 14.5.2007.
5. Ljósmyndir

**Málsatvik.**

M segist hafa verið að aka út úr bílastæðahúsi og ekki séð kant sem annar bill hafi skyggt á. M segir að vegna lögunar á kantinum sé ómögulegt að sjá hann ef bíl sé lagt í stæði við hann og oft hafi verið keyrt utan í kantinn. Framkvæmdastjóri R mótmælir því að umræddur vegkantur sé illsjáanlegur en hins vegar hafi verið kvartað yfir þrengslum vegna eyju sem þarna og ekki hafi verið óskað úrbóta hvað kantinn varðar. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu R hjá V. V hafnar bótaskyldu og telur M ekki hafa sýnt nægjanlega aðgát og kanturinn sem hann ók á hafi ekki verið óvenjulegur að neinu leyti auk þess sem ekki hafi verið sýnt fram á að gerð kantsins, staðsetning eða aðstæður að öðru leyti hafi verið með sagnæmum hætti.

**Álit.**

Ökumönnum sem aka í bílastæðahúsum má vera ljóst að þrengsli eru þar veruleg og aka verður með mikilli aðgát. M þykir ekki hafa sýnt nægjanlega aðgát í umrætt sinn. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að aðstæður í umræddu bílastæðahúsi hafi verið með þeim hætti að baki R skaðabótaskyldu. Þegar af ofangreindum ástæðum á M ekki rétt á bótum úr vátryggingu R hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr vátryggingu R hjá V.

Reykjavík 11.9. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 151/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á Breiðholtsbraut við gatnamót Nýbýlavegs þann 26.6.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 1.8.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.8.2007.

**Málsatvik.**

Bifreiðin A var kyrrstæð við umferðarljós á gatnamótum Breiðholtsbrautar og Nýbýlavegs. Fyrir aftan A var bifreiðin B einnig kyrrstæð. Skömmu eftir að bifreiðunum var ekið af stað rakst B aftan á A.

Er ökumaður A var nýbúinn að aka af stað, eða um tvær til þrjár bíllengdir, kvaðst hann hafa gefið stefnuljós til hægri og stövað bifreiðina þar sem hann hafi ætlað að tala í farsíma. Þá hafi B verið ekið aftan á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið af stað á eftir A. Allt í einu hafi A verið stöðvuð og kvaðst ökumaður B ekki hafa getað stöðvað nógu fljótt og því ekið aftan á A.

**Álit.**

Ökumaður A stöðvaði bifreið sína skyndilega á fjölfarinni akbraut til að tala í farsíma. Það voru því ekki umferðarlegar ástæður sem lágu að baki stöðvun bifreiðarinnar. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 má eigi stöðva ökutæki þannig að valdið geti hættu eða óparfa óþægindum fyrir umferðina. Gegn þessu ákvæði umferðarlaga braut ökumaður A með því að stöðva bifreið sína á þann hátt sem hann gerði. Á hann því sök á árekstrinum. Ökumenn voru nýlagðir af stað andspænis grænu umferðarljósi. Ökumaður B þurfti ekki að eiga von á að A yrði stöðvuð þarna skyndilega og án gildrar ástæðu svo sem raun bar vitni. Að öllu athuguðu þykja ekki næg efni til að fella sök á ökumann B.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 11. september 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 152/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksters**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 5. janúar 2004.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 13.08. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.08. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Tildrög slyssins voru þau að M rann á bleytu sem var á gólfi mótuneytis þar sem hún vann. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum varð samstarfskona M vör við sósublett á gólfinu. Er hún var að sækja skúringamoppu féll M við og slasaðist sbr. nánar gögn málsins.

M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Það telur ósannað að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna vátryggingartaka, vanrækslu á hreinsun eða vanbúnaðar. Hér hafi verið um óhappatilvik að ræða og aðgæsluleysi M sjálfs. Óhjákvæmilegt verði að telja að bleyta geti verið á gólfinu. M hafi því þurft að gæta að sér. Samstarfskona hennar hafi þegar gert ráðstafanir til að þurrka upp blettinn og því sé ekki um vanrækslu samstarfsmanna að ræða.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu félagsins. Hér virðist hafa verið um óhappatilvik að ræða. Af gögnum málsins verður ekki séð að meiðsl M megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna vátryggingartaka eða annarra atvika sem leitt geta til skaðabótaábyrgðar hans. Það breytir ekki framanrituðu þó samstarfskona M hafi ekki varað M við sósublettinum er þær mættust er hún var að sækja moppu til að þurrka upp bleytuna.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda vátryggingafélagsins er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 11. september 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 153/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið V h.f. v. A, B og C**

**Árekstur bifreiða þegar ökumaður stöðvaði bifreið sína án tilefnis þ. 12.6.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 13.8.2007 ásamt athugasemdum og afstöðumynd.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 527/07
3. Lögregluskýrsla dags. 12.6.2007 ásamt ljósmyndum.

**Málsatvik.**

A, B og C óku eftir Bústaðavegi í sömu átt og var A fremst þá B og loks C. Ökumaður A segist hafa verið að koma að umferðarljósum þegar hann hafi allt í einu ákveðið að bremsa án þess að gera sér grein fyrir hvers vegna en hann hafi ekki verið búinn að stöðva A alveg þegar B ók á A. Ökumaður B segist hafa verið að fylgjast með umferðarljósum þegar hann sá allt í einu að A var búin að stöðva og hann ekið B á A. Ökumaður C segir að bifreið sín hafi ekki orðið fyrir skemmdum en A og B urðu fyrir skemmdum. Ökumaður C segist hafa verið að fylgjast með umferðarljósum þegar hún fann allt í einu högg þegar hún ók á B. Ökumönnum A og B ber saman um að þeir hafi áður en umræddur árekstur varð ekið á um 40-50 km. hraða

**Álit.**

Ökumaður A stöðvaði á fjölfarinni götu án nokkurs tilefnis í umrætt sinn og ber því sök á því að B ók aftan á A. Miðað við aðstæður er ekki ástæða til að skipta sök eða leggja hluta sakar á B. Ökumaður C ber í lögregluskýrslu að hún hafi ekki vitað fyrir en árekstur varð þegar hún óka aftan á B þykir ökumaður C því bera sök á afturtjóni B.

**Niðurstaða.**

A ber afturtjón sitt sjálfur og framtjón B. C ber sök á afturtjóni B.

Reykjavík 11.9. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 154/2007**

**K  
og  
X hf. vegna E.**

**Slys á vörulager.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 15. ágúst 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur X dags. 23. ágúst 2007.

**Málsatvik.**

Málshefjandi, sem er ökumaður vöruflutningabifreiðar, var við störf á vörulager E. Hann var að sækja vörur með lítilli, rafknúinni vörulyftu. Þegar hann var í þann mund að færa varninginn inn í bifreiðina ók annar vörulyftari á hann. Við það fékk málshefjandi mikið högg á síðuna, rifbeinsbrotnaði og fékk hnykk á bak og háls. Tryggingafélag vörulagersins hafnaði bótaskyldu með þeim rökum að málshefjandi hefði verið fyrir innan rauðmálað strik og skv. verklagsreglum væri utanaðkomandi aðilum bannaður aðgangur fyrir innan strikið. Málshefjandi fullyrðir að hann hafi ekki þekkt til verklagsreglnanna og að starfsmenn lagersins hafi margsinnis skilið vörubretti eftir við línuna þannig að trilla málshefjanda var á línunni, eins og hún var þegar slysið varð.

**Álit.**

Í tölvupósti öryggisstjóra E frá 18. júlí kemur fram að óvíst sé hvort öllum sé ljóst að ekki megi fara inn fyrir rauðu línurnar nema með leyfi. Við lestur öryggisreglna kemur hvergi skýrt fram að óheimilt sé að fara innfyrir rauðar línur. Þvert á móti liggur fyrir að starfsmenn Eimskips settu vörurnar sem málshefjandi var að sækja á rauða strikið þannig að honum var ómögulegt að nálgast vöruna öðruvísi en með því að vinna innan þess svæðis sem afmarkað var með rauðum strikum. Slysið þykir því mega rekja til atvika og aðstæðna sem valda skaðabótaskyldu E.

**Niðurstaða.**

Tjón málshefjanda er bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu E.

Reykjavík, 11. september 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 155/2007

M og

Vátryggingafélagið V h.f. v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar R

Möl var hent í bifreið af lóð leikskóla þ. 23.4.1007.

### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.8.2007 ásamt greinargerð dags.17.8. og bréfum dags. 9.7.og 30.7.2007
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 539/07
3. Tjónatilkynning dags. 23.4.2007.
4. Bréf V dags. 27.6. og 28.8.2007.
5. Ljósmyndir.

### Málsatvik.

M greinir svo frá að bifreið hennar hafi verið lagt í bifreiðastæði við leikskóla og hafi 2 leikskólabörn hent möl sem var undir rólum yfir girðingu við leikskólann yfir girðinguna og hafi mölin lent á bifreið M með þeim afleiðingum að hún varð fyrir tjóni. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu R vegna þessa þar sem R hafi vanrækt að hafa umhverfi leikskólans með þeim hætti sem víðast tíðkast en boðið sé upp á sérstaka hættu með frágangi sem þessum. M upplýsir að gúmmimottur hafi verið settar undir rólur nokkru síðar í staðinn fyrir möl. V hafnar bótaábyrgð og heldur því fram að hvorki sé um vanbúnað né vangæslu að ræða hjá R eða starfsmönnum R. Þá heldur V því fram að aðstæður við umræddan leikskóla hafi verið eðlilegar.

### Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að vanbúnað hafi verið að ræða á umræddri leikskólalóð þannig að leiði til skaðabótaábyrgðar eða um saknæma háttsemi starfsmanna leiksólans hafi verið um að ræða. Tjón M er því ekki bótaskyldt úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

### Niðurstaða.

Tjón R er ekki bótaskyldt úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 26.9 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 156/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingarfélagið X v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar verktakafyrirtækis.**

**Ágreiningur um greiðslu bóta undir eigin áhættu vátryggingartaka.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 22.8.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 31.8.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 25.1.2007 varð M fyrir tjóni á bifreið sinni, er henni var ekið á malarbing á Hólmaslóð á Akranesi, þar sem viðgerð á götunni stóð yfir á vegum verktakafyrirtækisins V. M fékk tjónið bætt úr húftryggingu bifreiðarinnar að frádreginni eigin áhættu að fjárhæð 48.000 krónur. Hefur M krafist þess að sú fjárhæð verði bætt henni úr frjálsri ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X.

X hefur hafnað greiðslu bóta úr vátryggingunni þar sem eigin áhætta (sjálfsábyrgð) V í hverju tjóni nemi 1.100.000 krónum og tjón M sé langt undir þeirri fjárhæð.

**Álit.**

Ábyrgðartrygging sú, sem V hefur keypt hjá X og hér er til umfjöllunar, er svokölluð frjáls ábyrgðartrygging. Í því felst að V er frjálst að kaupa vátrygginguna og um hana gilda þeir samningar sem aðilar hafa orðið ásáttir um að því marki sem lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 binda ekki hendur aðila við slíka samningsgerð. Lög takmarka ekki heimild aðila til að semja um eigin áhættu vátryggingartaka, V í þessu tilviki, að tiltekinni fínhæð í hverju tjóni sem kann að falla undir ábyrgðartrygginguna. Skv. 4. mgr. 44. gr. laganna um vátryggingarsamninga getur félagið haft uppi sömu mótbáur gegn kröfu tjónþola og hinn vátryggði. Félagið getur einnig haft uppi aðrar mótbáur gegn tjónþola, svo fremi þær eigi ekki rót sína að rekja til háttsemi vátryggðs eftir að vátryggingaratburður varð. Í þessu felst að X getur borið fyrir sig gagnvart M að frá greiðslu bóta megi draga þá eigin áhættu sem X og V höfðu fyrir fram samið um áður en tjónsatburðurinn varð. Fyrir liggur að umsaminn eigin áhætta V í hverju tjóni er verulega hærri en nemur óbættu tjóni M. Er X af þeim sökum rétt að synja M um greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu V hjá X vegna tjóns á bifreið hennar.

Reykjavík, 26. september 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 157/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar sjómanna**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna meiðsla sem urðu um borð í skipi þann 26.07. 2006.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 22.08. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.08. 2007, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var við vinnu sína um borð í skipi. Hann var á dekki úti á sjó við að henda fiski yfir öxl og aftur fyrir sig þegar hann mun hafa fengið skyndilegan verk í hægri upphandlegg sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

Ágreiningur er um hvort rekja megi meiðsl M til skyndilegs utanaðkomandi atburðar skv. grein 1.4 í skilmálum vátryggingarinnar.

M telur bótabábyrgð vera fyrir hendi. Hér hafi verið um slys að ræða sbr. fyrirliggjandi læknisvottorð, dags. 16.10. 2006.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Það telur að líkamstjón M verði ekki rakið til skyndilegs utanaðkomandi atburðar í skilningi 1.4 gr. skilmála slysatryggingar sjómanna.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins. Meiðsl M verða ekki rakin til slyss í merkingu vátryggingaskilmála þ.e. skyndilegs utanaðkomandi atburðar. Hér virðist hafa verið um meiðsl að ræða sem rekja megi til áreynslu við vinnu en ekki skyndilegan utanaðkomandi tjónsatburð í skilningi slysatryggingar sjómanna.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda vátryggingafélagsins er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 18. september 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 158/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur á afrein Víkurvegur að Vesturlandsvegi 26.03. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 23.08. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 10.09. 2007, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Fram kemur í skýrslu lögreglu að ökumaður A hafi verið áttaviltur og dregið úr ökuhraða og nánast stöðvað. Í framhaldi þessa lenti B aftan á A. Haft er eftir ökumanni B að ökumaður A hafi stöðvað skyndilega á afreininni, hann hafi verið óviðbúinn þessu með þeirri afleiðingu að árekstur varð.

Ökumaður A (þ.e. M) gerir athugasemdir við skýrslu lögreglu í málskotinu.

Vátryggingafélag B telur að skipta skuli sök til helminga því ökumaður A hafi hemlað án beinna tengsla við umferðina og því hafi B verið ekið aftan á bifreiðina.

Vátryggingafélag A hefur ekki upplýst nefndina um afstöðu sína.

**Álit.**

Skýrslu lögreglu hefur ekki verið hnekk.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður sök skipt til helminga. Ökumaður A virðist hafa dregið snögglega úr ökuhraða án beinna tengsla við umferðina og þannig valdið hættu fyrir þá umferð sem á eftir kom. Ökumaður B gætti ekki nægjanlega að umferð sem á undan fór.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 18. september 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 159/2007

M) og

Vátryggingafélagið h.f. V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar H.

Tjón af völdum vatnsleka þ.9.2.2007.

## Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.8.2007 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 11.9.2007 ásamt fylgiskjöllum 1-3

## Málsatvik.

Heitt vatn var tekið af því svæði þar sem sumarhús M er en þá segir M að þá hafi verið 12 gráðu frost sem síðan hafi farið í 17.gráður. Auglýst hafi verið að vatn hefði verið tekið af en það hafi ekki verið fyrr en um eða eftir kl. 16 þann dag sem um ræðir en M telur að heitt vatn hafi verið tekið af um hádegisdag og ekki verið hleypt á aftur fyrr en um kl. 22 þennan sama dag.. M segir að þegar heitu vatni hafi verið hleypt á aftur hafi lagnir víða gefið sig og þannig hafi verið hjá sér og hafi hann orðið fyrir umtalsverðu tjóni sem hann lýsir og leggur fram ljósmyndir til frekari staðfestingar. Í skýrslu Ólafs H. Stefánssonar segir í niðurstöðu að gegnumrennsli hitakerfisins hafi stöðvast vegna óhreininda/stíflu á ofni í bílskúr. Þessi mótmælir M og bendir á rök máli sínu til stuðnings. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins H hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að hitaveitan beri ekki ábyrgð á tjóni sem leiðir af rekstrartruflunum er verða vegna frosta eða rafmagnsbilana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildi ef rennslu um æð er stöðvað tímabundið vegna viðgerðar eða annars slíks. Þá telur V að starfsmenn H hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi í umrætt sinn við framkvæmd þess verks sem hafi þurft að vinna. Upplýst era ð stórt gat eða rifa var ofan á hitaröri í tengibrunni og var ráðist í viðgerð þ. 9.2. 2007 þar sem ekki þótti ráðlegt að bíða með viðgerð þar sem brunnurinn hafi verið hálf fullur af 90 gráða heitu vatni með þeim afleiðingum sem nánar eru raktar. Lokað hafi verið fyrir vatnið kl. 13 og þegar ljóst var hversu alvarleg bilunin var hafi verið auglýst í Ríkisútvarpinu og auglýsing lesin kl. 16, 17 og 18 en viðgerð hafi lokið milli kl. 20 og 21.

## Álit.

Ekki liggur annað fyrir en brýna nauðsyn hafi borið til þeirrar viðgerðar sem starfsmenn H framkvæmdu í umrætt sinn. Ekki er sýnt fram á að starfsmenn H hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við framkvæmd verksins þannig að leiði til skaðabótaskyldu. Þegar af þeirri ástæðu er bótakröfu M hafnað.

## Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 26.9. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 160/2007**

**M og**

**Vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar strætisvagnsins A**

**Farþegi slasast þegar strætisvagni var snögghemlað þ. 3.7.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 27.8.2007
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 504/07
3. Lögregluskýrsla dags. 25.9., 2.11., 22.11., 23.11., 2006.
4. Bréf lögmanns dags. 4.4.2007
5. Heilsufarsupplýsingar M.
6. Bréf V dags. 16.4. og 6.9.2007.

**Málsatvik.**

M segist hafa orðið fyrir slysi í strætisvagni þ.3. júlí við Dalveg í Kópavogi en vagninn hafi snögghemlað rétt áður en hann kom að hringtorgi við Digranesveg en á þeim tíma segist M hafa verið búin að ýta á stöðvunarrofa og hafi ætlað að fara úr vagninum á næstu stoppustöð. M segist hafa haldið með hendinni í höldu en misst takið á henni og hafi lent á slá og meitt sig. M segist síðan hafa farið á slysadeild. M taldi sig þekkja ökumann strætisvagnsins af myndum sem henni voru sýndar en sá ökumaður sem M benti á kannast ekki við málsatvik eins og M lýsir þeim og segir að engin hafi snúið sér til sín vegna meiðsla. Krafist er bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og því haldið fram að útilokað sé að M hafi búið til þá sögu sem um ræðir og lagt er fram læknisvottorð sem sýnir að M hafði orðið fyrir meiðslum skv. vottorði dags. 5.7.2006. V hafnar bótaskyldu og telur atvik að tjóni ósönnuð.

**Álit.**

Með vísan til allra gagna málsins hefur M ekki tekist lögfull sönnun um að hafa orðið fyrir tjóni um borð í A. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 26.9. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 161/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar A.**

**Áræktur á bifreiðastæði við verslunina Fjarðarkaup í Hafnarfirði þann 19.7.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttækið 27.8.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið aftur á bak úr stöðureit á bifreiðastæði við verslunina Fjarðarkaup. Þá var bifreiðinni B einnig ekið aftur á bak úr stöðureit andspænis þeim stöðureit sem A var ekið úr. Varð þá áræktur með bifreiðunum þannig að ákoma var vinstra megin á afturstuðara A og dæld á hægri afturhurð B.

Í gögnum málsins er ekkert haft eftir ökumanni A um árækturinn eða tildrög hans.

Ökumaður B kvaðst hafa bakkað úr stöðureitnum. Hafi B verið kyrrstæð og hann verið við það að setja bifreiðina í 1. gír, þegar hann hafi orðið var við að A var bakkað úr stöðureitnum og lent á B. Hann hafi ekki náð að flauta áður en áræktur varð.

**Álit.**

Þar sem ökumaður A hefur ekki tjáð sig um málsatvik verður ekki hjá því komist að leggja frásögn ökumanns B um málsatvik til grundvallar við mat á sök. Samkvæmt því var B kyrrstæð þegar áræktur varð og ökumaðurinn um það bil að setja bifreiðina í 1. gír til að aka áfram. Af því verður ráðið að ökumaður A hafi ekki vitað af B fyrir aftan sig áður en árækturinn varð. Ef ökumaður A hefði gætt þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast, sbr. m.a 17. gr. umfeðarlaga nr. 50/1987, hefði hann átt að verða var við B í tæka tíð. Verður árækturinn rakinn til þessa aðgæsluleysis ökumanns A. Eins og málið liggur fyrir eru ekki efni til að leggja sök á ökumann B.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 26. september 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 162/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á bifreiðastæði við verslunina Bónus á Smáratorgi í Kópavogi þann 19.6.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 27.8.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var bakkað út úr stöðureit á bifreiðastæði við verslunina Bónus á Smáratorgi í Kópavogi. Um leið var bifreiðinni B einnig ekið aftur á bak úr stöðureit skáhallt á mótí A. Rákust þá saman aftanverð hægri hlið A og afturendi B.

Ökumaður A kvaðst hafa bakkað úr stöðureitnum og A verið kyrrstæð þegar B hafi verið bakkað á hægri hlið A. Ökumaðurinn kvaðst hafa séð í hvað stefndi og flautað góða stund að honum fannst áður en árekstur varð.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið hægt aftur á bak vegna þess að næst honum hafi stórrí bifreið verið ekið aftur á bak sem var nærri því að aka á B. Þá hafi hann heyrt að B hafi rekist á eitthvað. Þegar áreksturinn varð hafi ökumaður A þeytt bílflautuna.

**Álit.**

Eins og ökumenn hafa lýst tildrögum árekstursins var A kyrrstæð og ökumaður hennar þeytti bílflautu til að vara ökumann B við yfirvofandi hættu. Ökumaður B vissi á hinn bóginn ekki af A fyrir aftan sig fyrr en hann heyrði að árekstur varð með ökutækjunum. Ökumaður B gætti ekki nægilega að umferð fyrir aftan sig eins og honum bar, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þegar hann ók aftur á bak úr stöðureitnum. Verður áreksturinn rakinn til þessa aðgæsluleysis ökumanns B. Þessu breytir ekki þótt ökumaðurinn hafi á sama tíma einnig orðið að hafa gætur á annarri bifreið, sem ekið var aftur á bak næst honum. Samkvæmt gögnum málsins hefur ekki verið sýnt fram á að ökumaður A hafi sýnt aðgæsluleysi eða á annan hátt hagað akstri sínum þannig að á hann verði lögð sök.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 26. september 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 163/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur á gatnamótum Snorrabrautar og Bergþórugötu  
þann 29.07. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 27.08. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 30.08. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 06.09. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. A var ekið austur Bergþórugötu og áleiðis til vinstri norður Snorrabraut, B var ekið norður Snorrabraut. Ágreiningur er um stöðu umferðarljósanna við áreksturinn. Hvor ökumanna sakar hinn um að hafa ekið á móti rauðu umferðarljósi.

Vátryggingafélag A telur að framburður ökumanns A um stöðu umferðarljósanna hljóti að veða þyngra en framburður ökumanns B því ökumaður B hafi verið "mjög ölvaður er áreksturinn varð". Vátryggingafélag B vísar til þess að ekki sé ágreiningur um að ökumaður B hafi verið ölvaður og ekki fær um að aka ökutæki. Hins vegar sé ekki hægt að horfa framhjá framburði hans um stöðu umferðarljósanna. Félagið telur að skipta skuli sök til helminga þar sem ósannað sé hver hafi verið staða ljósanna þegar áreksturinn varð.

**Álit.**

Miðað við fyrirliggjandi gögn var ökumaður B ófær um að aka ökutæki sökum ölvunar. Lögreglan lætur þess getið í skýrslu sinni af vettvangi að ökumaðurinn hafi verið sjáanlega ölvaður og að áfengisþef hafi lagt frá vitum hans, sjáöldur hans voru útvíkkuð, málfar ruglingslegt og jafnvægi óstöðugt.

Þegar tekið er mið af framanituðu og fyrirliggjandi gögnum verður frásögn ökumanns A lögð til grundvallar við afgreiðslu máls þessa. Ökumaður B ber halla af sönnunarskorti í máli þessu. Hann ber því ábyrgð á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 18. september 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 164/2007

M og

Vátryggingafélagið V h.f. vegna ábyrgðartryggingar A

Tjón á parketi, ágreiningur um umfang tjóns þ.8.12.2006 .

## Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.8.2007 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 748/07
3. Bréf V dags. 2.5.,30.8.2007

## Málsatvik.

Ágreiningslaust er að þegar M tók við íbúð sinni að galli var í parketi í stofu vegna vatnsleka. V hefur fallist á að bæta parket í stofu en hafnar því að bæta frekara tjón. M krefst þess að hann fái bætur sem nemi nýu parketi á íbúðina þar sem litamunur verði milli þess parkets sem lagt verði á stofuna og hol íbúðarinnar eins og V býður og þess sem fyrir er annarsstaðar í íbúðinni þ.e. eldhúsi og svefnherbergi. V hefur boðist til að bæta skemmdir á parketi á stofu og holi en hafnar því að greiða fyrir að skipt sé um parket annarsstaðar í íbúðinni þó viðurkennt að einhver litamunur verði á nýja parketinu og þess sem fyrir er. V bendir á að engar skemmdir hafi orðið á parketi í eldhúsi og svefnherbergjum.

## Álit.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og krefst þess að greiddur verði kostnaður við að skipta um parket á allri íbúð sinni þar sem að litamunur verði á nýlögðu parketi þar sem skemmdir komu fram og nýlögðu parketi. Ekki verður séð að ágreiningur sé um þá staðhæfingu að blæbrigða- eða litamunur verði á nýju parketi og þess sem fyrir eru. Um er að ræða ábyrgðartryggingu og M á rétt á því að vera jafnsettur eftir tjón þ.e. fá eignina í sama ástandi og hún var áður en tjónið varð. Þar sem ekki er ágreiningur um að munur verði á nýlögðu parketi og þess sem fyrir er í íbúðinni á M því rétt á að fá nýtt parket lagt á alla íbúð sína.

## Niðurstaða.

M á rétt á að fá greiddan kostnað úr hendi V vegna ábyrgðartryggingar A hjá V sem nemur nýu parketi á alla íbúð M en ekki bara að hluta svo sem V hefur boðið.

Reykjavík 26.9. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 165/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Umferðaróhapp á bifreiðastæði við Kaupvangsstræti þann 17.07. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 31.08. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 06.09. 2007.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 17.09. 2007, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og frásagnir aðila. Ágreiningur er um hvort hurð bifreiðar A hafi verið opnuð í veg fyrir B eða hvort ökumaður B, sen var með kerru í eftirdragi, hafi ekið óvarlega af stað og á opna hurð A.

Vátryggingafélag A telur að hurð A hafi staðið opin í nokkurn tíma og óhappið stafi af ógætni ökumanns B.

Vátryggingafélag B telur að A beri ábyrgð á óhappi þessu. Ökumaður A hafi opnað hurð bifreiðar sinnar í veg fyrir B.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber B ábyrgð á óhappi þessu. Virðist ökumaðurinn hafa ekið á opna hurð A. Fyrirliggjandi gögn styðja sjónarmið ökumanns A um aðdraganda óhappsins. B ber halla af sönnunarskorti um að hann hafi ekið nægjanlega varlega er hann ók af stað úr stæðinu við hliðina á A.

Ekki er tilefni til að skerða réttarstöðu A miðað við gögn máls þessa.

**Niðurstaða.**

B ber ábyrgð á umferðaróhappi þessu.

Reykjavík 2. október 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 166/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v.A og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v B**

**Bifreið fékk stein í framrúðu þ.23.7. 2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 31.8.2007 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.548/07
3. Lögregluskýrsla dags. 24.7.2007

**Málsatvik.**

Ökumaður B segir að grjót haf komið frá A sem er flutningabíll og skemmt framrúðu í B. Ökumaður B telur það hafið yfir nokkurn vafa að stein hafi skotist undan A með fyrrgreindum afleiðingum. Í umrætt sinn segir ökumaður B að hann hafi verið að aka Suðurrhóla í Reykjavík á eftir A þegar hann sá stein koma á fleygiferð og hafi steinninn lent í framrúðu B og hafi hann ekið á eftir A og rætt við ökumann sem hafi sýnt honum að enginn farmur var í bifreiðinni og segir ökumaður B að hann hafi ekki séð neitt grjót á eða við flutningabifreiðina. Ökumaður A segist ekki hafa verið með neinn farm í umrætt sinn og ekki fundið fyrir neinu grjóti milli hjóla bifreiðarinnar.

**Álit.**

Að virtum öllum gögnum hefur M ekki tekist að sanna að tjón á B sé af völdum A. M á því ekki rétt á bótum.

**Niðurstaða.**

Tjón M er ekki bótaskyld úr ábygrðartryggingu A.

Reykjavík 26.9. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 167/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X vegna kaskótryggingar bifreiðar og slysatryggingar ökumanns**

**Umferðaróhapp þegar ökumaður missti stjórn á bifhjóli sínu  
á Reykjavíkurvegi þann 6. júní 2006.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 05.09. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.09. 2007, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Hann gagnrýnir það sem haft var eftir lækni sem meðhöndlaði hann á slysaveild en haft er eftir læknum í skýrslu lögreglu að M hafi sagt að ökuhraði bifhjólans hafi verið 100 km/klst. M telur að ekki sé unnt að taka mark á þessari frásögn. M kveðst hafa verið á 60 km/klst þegar hann lenti á misfelli og féll í götuna þannig að bifhjólið skemmdist og hann handleggsbrotnaði. Þá mótmælir M fyrirliggjandi greinargerð verkfræðings um mögulegan ökuhraða bifhjólans.

Vátryggingafélagið telur að M hafi viðhaft stórkostlegt gáleysi við akstur bifhjólans. Í bréfi félagsins, dags. 2. apríl sl., vísar félagið til 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga og skilmála kaskótryggingar og slysatryggingar ökumanns. Fram kemur að félagið hafni bótaábyrgð. M lætur þess getið í málskotinu að vátryggingafélagið "neitar að bæta tjón tjónþola nema að ½".

**Álit.**

Ökumaðurinn kveðst hafa ætlað að taka fram úr nokkrum bifreiðum með því að notast við aðrein. "Fann hann skyndilega hvar hjólið rann undan honum á vinstri hlið". M fékk hjólið þann sama dag og óhappið varð.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum virðist ökumaður bifhjólans hafa ekið ógætlega þ.á m. of hratt. Hann viðhafði stórkostlegt gáleysi. Með hliðsjón af ákvæðum laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og vátryggingarskilmála er rétt að lækka bætur sem nemur ½ hluta.

**Niðurstaða.**

Skilyrði bótaskyldu eru fyrir hendi en rétt er að skerða bætur um helming vegna stórkostlegs gáleysis ökumanns bifhjólans.

Reykjavík 9. október 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Döggr Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 168/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1) v. A og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v B**

**Árekstur bifreiða á Suðurlandsbraut í Reykjavík þ. 1.8.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 5.9.2007
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.760/07
3. Tjónaskýrsla dags. 1.8.2007
4. Bréf V-1 dags. 24.9.2007
5. Ljósmyndir

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa bakkað út úr stæði eftir að hafa skoðað hvort það væri ekki óhætt en þá hafi B komið og keyrt á A. Ökumaður B segir að báðar bifreiðarnar hafi verið að bakka út úr stæðum samtímis þegar árekstur varð

**Álit.**

Í umrætt sinn voru báðar bifreiðar að bakka og engar upplýsingar liggja fyrir í málinu sem réttlæta að sök sé felld á annan ökumann umfram hinn. Sök skiptist því til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 9.10 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 169/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifhjólsins B  
og  
Vátryggingafélagið X v/ hóp bifreiðarinnar A.**

**Umferðaróhapp á gatnamótum Háaleitisbrautar og Skipholts í Reykjavík þann 19.6.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 5.9.2007, ásamt fylgigögnum.
2. X, dags. 24.9.2007.

**Málsatvik.**

Hóp bifreiðinni A var ekið suður Skipholt á vinstri vegarhelmingi m.v. akstursstefnu í átt að Háaleitisbraut. Þá var bifhjólinu B ekið vestur Háaleitisbraut að gatnamótum Skipholts. Fípaðist þá stjórnandi B aksturinn þannig að hann missti stjórn á hjólinu og féll í götuna. Stjórnandi A slasaðist og skemmdir urðu á hjólinu.

Unnið var við að fræsa malbik á vestari vegarhelmingi Skipholts milli Bolholts og Háaleitisbrautar og var sá hluti götunnar því lokaður. Nokkuð er á reiki hvernig umferðarmerkingum var háttað. Af gögnum málsins virðist sem akbrautarmerki, C09.12, með ör sem vísar skáhallt til vinstri hafa verið við gatnamót Bolholts jafnframt sem akstursstefnumerkið C01.11, með ör sem vísar til hægri, hefur verið sett upp andspænis umferð frá Bolholti eftir óhappið. Akstursstefnumerki C01.22, með ör sem gefur til kynnar að beygja skuli til vinstri, mun ekki hafa verið sett upp andspænis umferð á Skipholti á leið til suðurs.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 30-40 km hraða á klst. og fylgt umferðinni á öfugum vegarhelmingi. Þegar hann hafi ekið fram hjá Háaleitisbraut hafi B komið þar upp. Taldi hann að árekstur hafi ekki orðið með ökutækjunum.

Stjórnandi B kvaðst hafa ekið í átt að Skipholti á mjög litlum hraða. Hann hafi hægt á sér og litið til vinstri. Er hann hafi verið að beygja til hægri inn á Skipholt hafi hann mætt A. Honum hafi brugðið við þetta, þar sem hann bjóst ekki við að mæta rútbifreið á öfugum vegarhelmingi. Því hafi hann hemlað og dottið. Hafi hann gætt fyllstu varúðar, en ekki búist við A á móti sér.

**Álit.**

Á stjórnanda B hvíldi biðskylda gagnvart umferð á Háaleitisbraut og bar honum að veita umferð á þeirri götu úr báðum áttum forgang, sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á þessu varð misbrestur hjá stjórnanda B. Eins og umferðarmerkingum var háttað á Skipholti verður ekki talið að ökumanni A hafi verið óheimilt að aka á vinstri helmingi götunnar eins og hann gerði. Þá er ósannað að hann hafi að öðru leyti hagað akstri sínum þannig að á hann verði lögð sök.

**Niðurstaða.**

Ökumanni A verður ekki gefin sök á tjóni sem stjórnandi B varð fyrir.

Reykjavík, 9. október 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 170/2007**

**M vegna bifreiðarinnar A  
og  
Vátryggingafélagið X vegna ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar**

**Umferðaróhapp, ekið í veg fyrir reiðhjóladreng í Hamarsgerði 07.07. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 05.09. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.09. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og frásagnir aðila. Bifreiðinni A var ekið um Hamarsgerði í áttina að Réttarholtsvegi. Tæplega 15 ára gamall drengur á reiðhjóli hjólaði niður gangstétt við Réttarholtsveg og á bifreiðina. Mjög takmarkað útsýni er við Hamarsgerði á þessum stað.

Vátryggingafélagið hafnar því að um bótaskyld tjón sé að ræða úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar. Samkvæmt frásögm vitnis á vettvangi sem getið er í skýrslu lögreglu var bifreiðinni ekið greitt í aðdraganda óhappsins. Félagið telur að ökumanni bifreiðarinnar hafi borið að sýna sérstaka aðgæslu gagnvart gangandi og hjólandi vegfarendum þar sem hann ók í miðju íbúðarhverfi. Ekki hafi verið sýnt fram á að reiðhjóladrengurinn hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem felli á hann bótaábyrgð. Félagið hafnar ábyrgð á því tjóni sem varð á bifreiðinni.

M telur að óhappið megi rekja til óvarkárni drengsins á reiðhjólinu. Ökumaðurinn hafnar því að hafa ekið óvarlega.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á saknæma háttsemi drengsins á reiðhjólinu. Umferðaróhappið má fyrst og fremst rekja til aðgæsluleysis ökumanns bifreiðarinnar sem virðist hafa ekið of greitt í umrætt sinn samkvæmt frásögm vitnis sem getið er í skýrslu lögreglu.

**Niðurstaða.**

Skaðabótaábyrgð ábyrgðarliðs fjölskyldutryggingar er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 9. október 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 171/2007

M og

Vátryggingarfélagið V vegna fasteignatryggingar E.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna lekaskemmda í íbúð þ. 23.5.2006.

## Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.9.2007 ásamt bréfi dags. 21.3.2007
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 271/07
3. Bréf V dags. 18.9. ásamt fylgiskjölum 1-6

## Málsatvik.

M segir að íbúi á efri hæð húss hans hafi endurbætt baðherbergi sitt. Illa haf verið gengið frá lögnum og þær farið að leka. M telur sig ekki eiga að bera lekatjón sem stafi af því að F hafi ekki látið ganga frá lögnum með eðlilegum hætti og krefst bóta úr fasteignatryggingu F hjá V. Tryggingartaki E segir að lögn hafi tekið að leka eftir að búíð var að ganga frá vegna þess að hún hafi annað hvort skemmst eða verið gölluð og lekið hafi í íbúðina fyrir neðan. M krefst bóta úr fasteignatryggingu E hjá V og bendir auk þess sem á framan segir á að lagnirnar hafi ekki verið þrýstiprófaðar og ekkert samráð hafi verið haft við M um málið. V hafnar bótaskyldu og segir að um sameiginlegar lagnir hússins sé að ræða og vísar til 8.gr. laga um fjöleignahús í því sambandi nr. 26/1994. Þá telur V að ekki sé sýnt fram á saknæma háttsemi E í málinu sem fellir á hann bótaskyldu.

## Álit.

Samkvæmt ákvæðum lag aum fjöleignahús þá er um sameiginlegar lagnir að ræða. Samkvæmt 52. gr. laga um fjöleignahús er húsfélagið ábyrgt gagnvart einstökum eigendum og afnotahöfum vegna mistaka við meðferð sameignar og viðhald svo og bilun í búnaði sameignar og sameiginlegum lögnum jafnvel þótt engum sem húsfélagið ber ábyrgð á verði um það kennt. Lagnir þær sem um ræðir voru sameiginlegar og ákvæði 52. gr. laga um fjöleignahús á því við um þær. Eins og málið liggur fyrir gæti því verið um ábyrgð húsfélagsins að ræða en M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu F hjá V miðað við vátryggingaskilmála.

## Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu E hjá V.

Reykjavík 9.10 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 172/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verslunar.**

**Slys af völdum jártjalds til að loka verslunardyrum þann 10.12.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 6.9.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 14.9.2007.

**Málsatvik.**

M var stödd í versluninni V í tiltekinni verslunarmiðstöð ásamt dóttur sinni um það leyti sem henni var lokað. Er hún gekk út úr versluninni rak hún höfuðið í jártjald, eins konar rennihurð, sem dregið er niður þegar versluninni er lokað. Féll M aftur fyrir sig og lenti með hnakkann í gólfinu og hlaut meiðsl af.

M kvað tjaldið hafa verið dregið niður í ennishæð sína og hafi hún ekki orðið vör við það og lenti því með höfuðið á því. Kvað M tjaldið hafa verið að fullu uppdregið þegar hún gekk inn í verslunina skömmu áður, en verið dregið niður að því er virðist þegar versluninni var lokað.

Verslunarstjóri V kvaðst hafa kallað til þeirra tveggja sem voru inni í versluninni og síðan ýtt á takka sem setti framangreint tjald niður til að loka dyrum verslunarinnar. Taldi hann hæpið að fólk tæki ekki eftir því er tjaldið færi af stað þar sem heyrðist töluvert hátt í því þegar það væri á hreyfingu, auk þess sem hann hefði kallað til viðskiptavinanna áður en hann hóf lokunina.

**Álit.**

Samkvæmt gögnum málsins mun verslunarstjóri V hafa kallað til viðskiptavina í versluninni áður en hann hóf að draga tjaldið niður til að loka verslunardyrunum. Þá mun heyrast vel í tjaldinu þegar það er dregið niður. Ætla verður að tjaldið hafi verið sýnilegt, jafnvel þótt neðri brún þess hafi verið u.þ.b. í ennishæð M er hún rakst á það. Ekki þykir hafa verið sýnt fram á að verslunarstjórinn eða aðrir starfsmenn, sem V ber ábyrgð á, hafi með saknæmri háttsemi verið valdir að því að M rak höfuðið í tjaldið. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á að slysið verði rakið til vanbúnaðar tjaldsins. Að þessu athuguðu telst V ekki bera ábyrgð á líkamstjóni M sem hún hlaut í umrætt sinn.

**Niðurstaða.**

V ber ekki bótaábyrgð á líkamstjóni M.

Reykjavík, 9. október 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 173/2007

M

og

### Vátryggingafélagið X vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar

#### Umferðaróhapp þegar ökumaður missti bifreið sína út af vegi 17.07. 2007.

#### Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 06.09. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.09. 2007.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni var ekið frá Holti til Stokkseyrar þegar ökumaður missti bifreiðina út af veginum þannig að skemmdir urðu á bifreiðinni sbr. fyrirliggjandi gögn. Ökumaðurinn hélt ferð sinni áfram eftir óhappið en eftir um 20 km akstur fann hann hitalykt og eftir það tók hann eftir viðvörunarljósi í mælaborði og upplýsingum í aksturstölvu. Hann stöðvaði bifreiðina, kom í ljós að við útafkeyrsluna hafði vatnskassi bifreiðarinnar skemmst og farið að leka. Afleiðingin varð sú að vélin ofhitnaði og talin ónýt.

Vátryggingafélagið vill ekki bæta tjón á hreyfli bifreiðarinnar því ökumaðurinn hafi sýnt stórkostlegt gáleysi er hann ók bifreiðinni þar til hún missti vélarafli. Félagið vísar og til skilmála um að "félagið bætir ekki skemmdir vegna þess að hreyfill bráðnar saman". Vátryggingafélagið telur að tjónsorsök máls þessa falli ekki undir bótasvið skilmála sbr. 4. gr. Það telur að gera verði kröfu til sérstakrar aðgæslu hjá ökumanni gagnvart mælaborði bifreiðarinnar þegar hann hefur lent í óhappi. Félagið telur ljóst að hitamælir hafi sýnt óeðlilega háan hita, hann hafi hækkað jafnt og þétt. Ef ökumaður hefði sýnt eðlilega aðgæslu og fylgst með mælum hafði hann "öll tækifæri til að stöðva" og slökkva á hreyflinum áður en tjónið varð.

M er ósammála afstöðu félagsins hann telur bótaábyrgð fyrir hendi.

#### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Ökumaður bifreiðarinnar sýndi stórkostlegt gáleysi með því að aka bifreið sinni áfram eftir útafakstur án þess að huga betur að ástandi hennar.

#### Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð vegna þess tjóns sem varð eftir að bifreiðinni var ekið áfram eftir útafakstur.

Reykjavík 9. október 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 174/2007

M og

Vátryggingarfélagið V vegna ábyrgðartryggingar vinnuveitanda (G)

Slys þegar maður féll niður af vinnupalli þ. 6.4. 2005.

## Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.9.2007 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 24.9.2007
3. Lögregluskýrsla dags.

## Málsatvik.

M var við vinnu sína og féll niður af vinnupalli og slasaðist. M var uppi í mannkörfu sem var lyft upp af lyftara í um 3. metra hæð og á rýminu fyrir hjólbarða/vörur hafi verið lög spónaplata sem M steig út á og hún brotnað með þeim afleiðingum að M féll niður og slasaðist. M segir að sér hafi verið sagt fyrr um daginn að hreinsa allan snjó af spónaplötuna sem gaf sig og hafi hann talið að hún væri ætluð til að stíga út á og hafi hann stigið í umrætt sinn tvö til þrjú skref út á spónaplötuna þegar hún hafi gefið sig og hann fallið niður. M segir að lyftarastjórinn hafi sagt við sig að gæta sín á hálfu á umræddri spónaplötu. Framkvæmdastjóri G segir að starfsmenn hafi ekki fengið fræðslu og kennslu varðandi öryggisatriði við vinnu tengda því að nota lyftara við störf. Þá segist framkvæmdastjórinn hafa vitað af umræddri spónaplötu en ekki velt því fyrir sér til hvers hún væri notuð. Verkstjóri ber hjá lögreglu að hann rámi í að hafa sagt að óþarfi væri að verka snjó af spónaplötunni þar sem ekki væri þörf fyrir hana og hann hafi ekki séð hana í notkun en þorir ekki að fullyrða að hann hafi gefið M fyrirmæli um að fara ekki úr körfu lyftarans. Stjórnandi lyftarans í umrætt sinn segir að þeir hann og M hafi ekki fengið nein sérstök fyrirmæli um það hvernig ætti að standa að verkinu en sjálfur kannast hann við að hafa farið út á umrædda plötu og kannast ekki við að hafa fengið fyrirmæli um að fara ekki úr mannbúrinu á lyftaranum. Í skýrslu Vinnueftirlitsins segir að vinnuveitandi skuli gera starfsmanni grein fyrir slyshættu ig auk þess sjá um að starfsfólk fái nauðsynlega kennslu og þjálfun í framkvæma störf sín sbr. 14.gr. l. 46/1980. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu G hjá V. fellst á bótaskyldu að hluta en telur að M eigi að bera 1/3 tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar en M hafi fengið vitneskju um að spónaplatan væri blaut og hann hefði átt að gera sér grein fyrir þeirri hættu sem því fylgdi að yfirgefa mannbúrið.

## Álit.

Ekki verður séð að forsendur séu til að skerða bætur til M. Fyrir liggur vitnisburður samstarfsmanns M að þetta var ekki í fyrsta skipti sem þetta vinnulag var viðhaft. Jafnframt liggur fyrir vitnisburður framkvæmdastjóra G þar sem kemur fram að starfsmenn höfðu hvorki fengið fræðslu um framkvæmd verksins eða þeir varaðir við að fara út úr mannbúrinu.

## Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 9.10. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 175/2007

M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A

Vátryggingafélagið v/ bifreiðarinnar B.

**Árekstur Norðurlandsvegi í Hrútafirði, V-Hún., bann 20.6.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 11.9.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 20.9.2007.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A og B, hópbifreið, var ekið norður Norðurlandsveg og var A á undan B. Er ökumaður A hugðist aka fram úr annarri bifreið, sem ekið var fyrir framan hann, rakst A utan í vinstra framhorn B með þeim afleiðingum að ökumaður A missti stjórn á bifreiðinni svo hún valt og hafnaði utan vegar.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 90 km hraða og nálgast hægfara bifreið sem hann hugðist aka fram úr. Hafi hann litið í baksýnispeglu áður en hann beygði til vinstri til að aka fram úr bifreiðinni sem á undan fór. Hafi hann ekki áttað sig á að B hafi þá þegar verið komin upp að vinstri hlið A. Hafi A þá rekist utan í hægri framhorn B með fyrrgreindum afleiðingum.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið norður Norðurlandsveg á eftir A. Á undan A hafi annarri bifreið verið ekið, en mun hægur. Hugðist hann aka fram úr þessum bifreiðum. Er hann var kominn yfir á vinstri vegarhelming og var að aka fram með vinstri hlið A, hafi ökumaður hennar sveigt til vinstri eins og hann hafi einnig ætlað að aka fram úr bifreiðinni á undan. Hafi A stökist utan í hægri framhorn B.

**Álit.**

Samkvæmt c. lið 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga skal ökumaður sem ætlar fram úr ökutæki ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og athuga sérstaklega að enginn, sem á eftir ekur, hafi byrjað akstur fram úr honum. Ökumaður A áttaði sig ekki á B, sem var á leið fram úr honum, fyrr en í óefni var komið. Ökumaður A gætti ekki þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast. Hann á því sök á óhappinu. Ekki verður ráðið af málgögnum að ökumaður B hafi í umrætt sinn hagað akstri sínum þannig að á hann verði lögð sök.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 9. október 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 176/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v. A og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v B**

**Árekstur bifreiða á gatnamótum Bæjarháls og Bitruháls í Reykjavík þ. 18.4.2007 .**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 14.9.2007
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 380/07
3. Lögregluskýrsla dags. 18.4.2007.
4. Bréf V-1 dags. 9.5.2007 og 27.9.2007
5. Bréf V-2 dags. 1.10.2007

**Málsatvik.**

Árekstur varð með A og B á gatnamótum Bæjarháls og Bitruháls. Ökumaður A segist hafa ekið Bæjarhálsinn í austur og stöðvað á rauðu ljósi við gatnamótin en síðan ekið inn á gatnamótin og ætlað að beygja til vinstri en verið á miðakrein sem ekki sé ætluð til aksturs til vinstri og hafi hann því verið kyrrstæður á gatnamótunum og beðið eftir því að geta beygt til vinstri og hafi síðan fundið að ekið var á A. Ökumaður B segist hafa ekið á miðakrein austur Bæjarháls og komið að gatnamótunum þegar A sem hafi verið á hægri akrein hafi beygt í veg fyrir sig á miðjum gatnamótunum og hafi hann þá reynt að hemla en ekki getað stöðvað B og árekstur orðið. Vitni segist hafa verið stopp á umferðarljósum austur Bæjarháls og hafa séð A stopp á rauðu ljósi á ystu akrein hægra megin en A hafi síðan verið ekið af stað og beygt til vinstri á miðjum gatnamótunum í veg fyrir B sem hafi ekið á miðakrein.

**Álit.**

Ökumanni B og vitni í málinu ber saman um að bifreið A hafi verið ekið af hægri akrein yfir á miðakrein í veg fyrir B. Ökumaður B heldur því fram að hann hafi verið kyrrstæður þegar árekstur varð en hann hefur sönnunarbyrði fyrir því að það hafi skipt máli í þessu tilviki en sú sönnun liggur ekki fyrir í málinu. Af öllum gögnum og aðstæðum virtum þykir rétt að leggja alla sök á A

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík 23.10.2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 177/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A og B**

**Árekstur á gatnamótum Hafnargötu og Skólavegar í Reykjanesbæ 25.07. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.09. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.09. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni A var ekið norður Hafnargötu, B var ekið eftir Skólavegi með akstursstefnu yfir Hafnargötu. Umferð um Hafnargötu hefur forgang. Ökumaður A telur að B hafi ekið í veg fyrir A, en ökumaður B telur að ökumaður A hafi ekið of hratt og undir áhrifum efna sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli líkamslegs eða andlegs ástands ökumanns A og þess áreksturs sem varð. Fullyrðingar um hraðakstur séu ekki studdar haldbærum gögnum, vitnum ber ekki saman um hraða A. Verði að líta svo á að ökumaður B hafi ekki gætt nógu vel að sér þegar hann ók yfir gatnamótin og verði hann að bera hallann af því sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður B eigi að bera sök á árekstrinum.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir A sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Ekki er tilefni til að fella ábyrgð á ökumanns A miðað við gögn málsins.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 9. október 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 178/2007**

**S**  
**og**  
**X hf. vegna A og B**

**Árekstur við framúrakstur 26. júní 2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 17. september 2007 ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Ökumaður A lýsir málavöxtum svo að hann hafi ekið nokkra stund eftir bifreiðinni B, sem var ekið á miðri akbraut. Hann vildi komast framúr B og hafði flautað nokkra stund. B vék síðan til hægri til að mæta bifreið sem kom úr gagnstæðri átt. Ökumaður B hafi síðan verið á réttum vegarhelmingi í nokkra stund og ákvað ökumaður A því að aka framúr B. Hann gaf stefnumerki og hóf framúrakstur. Þegar A var nánast kominn framúr B var B skyndilega beygt til vinstri og lenti þar með í hægri hlið og afturhorni A. Ökumaður B lýsir málavöxtum svo að ökumaður A hafi byrjað framúrakstur í aflíðandi beygju og hæð hafi verið framundan. A hafi ekið með hlið B og skyndilega hafi ökumaður A ekið til hægri miðað við akstursstefnu og lent á vinstra framhorni B. Farþegar í A skýra frá málavöxtum með sama hætti og ökumaður A.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ráðið að A hafi ekki valið heppilegan stað til framúraksturs og B, sem á undan var hafði ekki gefið merki um að framúrakstur væri öruggur. Framburður ökumanns A og farþega í A ber saman um að B hafi ekið til vinstri og lent á hægri hlið og afturhorni A. Vissi B þó af því að A væri að aka framúr. Þykir því sem báðir aðilar hafi sýnt nokkra óvarkární við aksturinn þannig að báðum verði kennt um áreksturinn. Sök skiptist til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 13. nóvember 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 179/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/A vegna slysátryggingar ökumanns og eigenda

### Árekstur á Kringlumýrarbraut þann 0710. 2006

#### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 18.09. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 01.10. 2007, og bréf vátryggingafélaga bifreiðanna B og C.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Ökumaður A lenti í árekstri við bifreiðina B og C. Ekki er ágreiningur um sakarskiptinu, ökumaður A er talinn bera ábyrgð á þeim árekstri. Fram kemur í málskotinu að vátryggingafélag A hafi ákveðið að skerða bætur úr slysátryggingu ökumanns og eigenda um 50% á grundvelli þess að ökumaðurinn hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sbr. fyrirliggjandi gögn.

M er ósáttur við þá skerðingu. Hann telur að hann hafi ekki ekið of hratt. Hann kveðst hafa fylgt annarri umferð og verið á um 80-90 km/klst hraða. Hann telur að félagið hafi ekki heimild til að skerða bætur til hans úr slysátryggingu ökumanns og eigenda.

Vátryggingafélagið telur að jafna megi aksturslagi tjónþola til stórkostlegs gáleysisins. Samkvæmt 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 megi lækka eða fella niður bætur ef tjónþoli var meðvaldur að tjóninu vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis. Félagið vísar og til ákvæðis vátryggingarskilmála og 2. mgr. 27. gr. vátryggingarsamningalaga nr. 30/2004.

#### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er rétt að skerða bótarétt ökumanns A um 50% vegna stórkostlegs gáleysis. Ökumaðurinn skipti um akrein án þess að gæta nægjanlegrar aðgæslu og ökuhraði hans virðist hafa verið alltof mikill með tilliti til frásagnar vitna og ummerkja á vettvangi.

#### Niðurstaða.

Skerða ber bótarétt ökumanns A úr slysátryggingu ökumanns og eigenda sem nemur 50%.

Reykjavík 23. október 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 180/2007**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á þjóðvegi nr. 1, Suðurlandsvegi, í Rangárvallasýslu þann 22.7.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 18.9.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 27.9.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið til norðurs afleggjara frá bænum D og beygt til vinstri inn á Suðurlandsveg til vesturs. Þar þá að bifreiðina B eftir Suðurlandsvegi úr austri. B hafði tjaldvagn í eftirdragi. Rákust þá saman aftanverð hægri hlið tjaldvagnsins og vinstra afturhorn A. Í lögregluskýrslu segir að fyrstu merki um áreksturinn séu á hægri hellingi Suðurlandsvegar rétt vestan við afleggjarann að D.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið inn á Suðurlandsveg til vesturs og verið á lítilli ferð. Allt í einu mundi hann eftir einhverju sem hann hafði gleymt heima og hemlaði snögglega. Hann hafi vitað af B fyrir aftan sig og verið á lítilli ferð þegar hún lenti í hlið A á leið fram úr. Kveður ökumaður A að áreksturinn hafi orðið um 140 m vestan við afleggjarann að D.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á um 90 km hraða á klst. Önnur bifreið hafi verið fyrir framan hann og hafi 2-3 vegstikur verið á milli þeirra. Þá hafi A verið ekið inn á veginn á milli þeirra og hafi henni verið hemlað fyrir framan hann. Hafi hann þá snarhemlað og sveigt til vinstri til að forðast aftanákeyrslu.

**Álit.**

Fyrir liggur að ökumaður A ók inn á Suðurlandsveg og ók stuttan spöl eftir veginum er hann hemlaði snögglega að eigin sögn vegna þess að hann gleymdi einhverju heima fyrir. Á ökumanni A hvíldi biðskylda gagnvart umferð á Suðurlandsvegi og hann vissi af ferðum B sem kom aðvífandi úr austri. Suðurlandsvegur er fjölfarinn þjóðvegur á umræddum stað, þar sem leyfður hámarks hraði er 90 km á klst. Með því að aka inn á veginn og snögghemla án brýnnar nauðsynjar vegna umferðar sýndi ökumaður A ekki þá tillitssemi og varúð sem af honum mátti krefjast, sbr. 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og olli hættu fyrir umferðina, sbr. 1. mgr. 27. gr. ufl. Á hann sök á árekstrinum. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður B hafi ekið of hratt eða á annan hátt hagað akstri sínum þannig að á hann verði lögð sök.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A, MY-330.

Reykjavík, 23. október 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 181/2007**

**M og**

**Vátryggingafélagið V h.f. v. Bifreiðanna A og B**

**Árekstur bifreiða á bifreiðastæði í Skeifunni í Reykjavík þ. 25.8.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 24.9.2007 ásamt bréfi
2. Niðurstaða tjonanefndar nr.
3. Tjónstilkynning dags. 25.8.2007
4. Bréf V dags. 4.10.2007.

**Málsatvik.**

Skv. tjónstilkynningu sem báðir ökumenn undirrita er merkt við tl. 4 og 13 fyrir A þ.e. ók út frá bílastæði og beygði til vinstri og tl. 5 og 14 fyrir B þ.e. ók inn á bílastæði og ók aftur á bak. Ökumaður A segist hafa verið að fara úr bifreiðastæði en stöðvað vegna annarrar bifreiðar sem hafi verið bakkað út úr stæði en þá hafi B bakkað á A kyrrstæða en ökumaður A segist hafa flautað til að vekja athygli B á að A væri fyrir akstursleið hans en án árangurs. Ökumaður B segist hafa verið að bakka í stæði þegar A hafi ekið út úr stæði á móti og árekstur orðið.

**Álit.**

Óumdeilt er í málinu að B ók aftur á bak í umrætt sinn og bar að gæta sérstakrar varúðar þegar hann gerði það sbr. 1.mgr. 17.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. á það þykir hafa skort og að virtum öllum gögnum málsins þykir rétt að fella alla sök á B.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík 23.10. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 182/2007**

**Rósenberg Gíslason**

**og**

**Tryggingamiðstöðin hf. vegna DH 700 og VZ 961**

**Árekstur á bílastæði 11. júlí 2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 24. september 2007 ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni DH 700 (hér nefnd A) hafði verið lagt á bílastæði. Ökumaður A hugðist bakka útúr stæðinu. Hann leit aftur fyrir sig og sá enga umferð. Hann bakkaði því útúr stæðinu. A bakkaði þannig á VZ 961 (hér nefnd B) sem hafði stöðvað fyrir aftan A vegna annarrar umferðar. Samkvæmt útfylltri tjónaskýrslu undirritar A að B hafi verið kyrrstæður og að A hafi bakkað.

**Álit.**

Af gögnum málsins er ljóst að B var kyrrstæður þegar A bakkaði á B. Öll sök á A.

**Niðurstaða.**

Öll sök á DH 700 (A).

Reykjavík, 23. október 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 183/2007**

**M**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs**

**Vinnuslys við þrif á gólfi þann 10.06. 2003**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 25.09. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 29.10. 2007 ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M vann við þrif á gólfi á vinnustað sínum. Við verkið skreið hún undir færiband. Er hún hugðist standa á fætur skrikaði henni fótur og hún féll við og slasaðist.

Vátryggingafélagið hefur fallist á bótaábyrgð sem nemur 50%, það telur að M hafi sýnt eigin sök þar sem hún "gjörþekkti aðstæður" enda unnið á þessum stað frá árinu 1989. Hún hafi sjálf staðið að þrifum og því hlotið að vita af þeirri bleytu sem var.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi.

Vinnueftirlit ríkisins lætur þess m.a. getið að orsök slyssins megi rekja til þess að M hafi þurft að skríða undir færibaldið til að komast á bak við vélina. Gólfið hafi verið blautt og því hált. Fram kemur að eftir slysið hafi stigi yfir færibaldið sem liggur frá vélinni verið settur til að auðvelda vinnu við vélina og þrif á henni.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum virðast aðstæður til þrifa hafa verið ábótavant. Vegna þessa er bótaábyrgð fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. M var kunnugt um aðstæður og því þykir rétt að skerða bótarétt hennar sem nemur 50% vegna eigin sakar.

**Niðurstaða.**

Tjón M er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu þeirri sem hér er til umræðu er rétt þykir að M beri helming tjóns síns vegna eigin sakar.

Reykjavík 13. nóvember 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 184/2007**  
**(M) og**  
**Vátryggingafélagið V-1) vA og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v. B**

**Árekstur bifreiða á Eyrarvegi á Selfossi þ. 31.8.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 26.9.2007.
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 704/07
3. Tjónaskýrsla dags. 31.8.2007 ásamt skýringum ökumanna.
4. Bréf hlutaðeigandi vátryggingafélaga dags. 31.8. og 15.11.2007.

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa ætlað að beygja inn á lóð húss við Eyrarveg á Selfossi í syðri innkeyrsluna og ekið af stað þegar færi gafst vegna umferðar en þegar framendi A hafi verið að komast inn í innkeyrsluna hafi B verið ekið framan á A. Ökumaður A segist ekki hafa séð B fyrr en árekstur varð. Ökumaður B segist hafa verið að aka frá bifreiðastæði en áður en hann hafi komist af stað hafi A ekið framan á B. Á merkingum á framhlið tjonstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita er merkt við ók inn á bílastæði fyrir A og beygði til vinstri en ók inn á bílastæði fyrir B.

**Álit.**

Miðað við fyrirbyggjandi gögn og framburði ökumann verður ekki lögð sök á annan ökumann umfram hinn. Sök skiptist því til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík, 13.10. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 185/2007**

**F**  
**og**  
**X hf. vegna A**

**Líkamstjón af völdum bifreiðar 15. október 2005.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 27. september 2007 ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Slagsmál urðu fyrir utan bar við Hverfisgötu sem enduðu með því að F féll í götuna og bifreiðin A sem kom akandi hafnaði á F sem lá á götunni. Ökumaður A segir í lögregluskýrslu að hann hafi ekið rólega austur Hverfisgötu og séð skyndilega að maður féll frá hægri vegkanti á götuna fyrir framan ökutækið. Hann hafi hemlað samstundis en A lent á liggjandi manningum.

**Álit.**

Af gögnum málsins liggur fyrir, m.a. með vísan til vitnisburðar ökumanns A, að A ók á F. Ekkert bendir til að slysið verði rakið til stórkostlegs gáleysis F. Tjónið bætist úr ábyrgðartryggingu A.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón F bætist úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík, 13. nóvember 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 186/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/bifhjólsins B**

**Árekstur á Breiðholtsbraut þann 13.08. 2007**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 27.09. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 11.10. 2007.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 17.11. 2007 ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni A var ekið austur Breiðholtsbraut. Þegar ökumaður hennar skipti um akrein vildi ekki betur til en svo að bifhjólið B, sem ekið var í sömu átt, lenti aftan á A. Ágreiningur er milli ökumanna um hvort B hafi verið ekið á A vegna of mikils ökuhraða eða hvort A hafi ekið í veg fyrir B.

Vátryggingafélagið A telur að A hafi skipt um akrein í veg fyrir B sbr. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga.

Vátryggingafélagið B telur að A hafi skipt um akrein í veg fyrir B.

Ökumaður A gerir athugasemdir við skýrslu lögreglu í málskotinu sem óþarft er að geta.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að skipta um akrein í veg fyrir B.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 13. nóvember 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 187/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v A og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v B**

**Árekstur bifreiða á Ofanleiti í Reykjavík þ. 5.9.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 27.9.2007.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.696/07
3. Lögregluskýrsla dags. 5.9.2007 ásamt vettvangsupprætti.
4. Bréf V-1 dags. 19.9. og 11.10.2007.
5. Bréf V-2 dags. 15.11.2007.

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa ekið vestur Ofanleiti á hægri ferð og skyndilega hafi B verið ekið fyrir hann úr aðkeyrslu og árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa ekið suður af aðkeyrslu og ætlað inn á Ofanleiti til austurs og ekki hafa orðið var við A fyrir en of seint og ekki náð að hemla. Ökumaður B segist hafa ekið mjög hægt í umrætt sinn.

**Álit.**

Aðstæður eru þannig þar sem áreksturinn var að ökumenn verða að aka með fullri aðgát og gæta ítrustu varúðar. Á það þykir hafa skort hjá ökumanni B í umrætt sinn og ber hann því alla sök.

**Niðurstaða.**

B ber alla ök.

Reykjavík 13.11.2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 188/2007**

**M og**

**Vátryggingafélagið V vegna byggingastjóraábyrgðar B**

**Ágreiningur um hvað telst einstakt tjónstilvik og bótaskyldu vegna afleidds tjóns vegna byggingarstjóraábyrgðar. Þ. 2.5.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 28.9.2007 ásamt fylgiskjölum 1-14
2. Bréf V dags .2.11.2007 ásamt fylgiskjölum 1-5

**Málsatvik:**

Lögmaður M heldur því fram með vísan til 3. mgr. 51. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1977 sé byggingarstjóri bótaskyldur þegar byggingar eru ekki byggðar í samræmi við ákvæði laganna. Í samræmi við það beri byggingarstjóra að bæta allt það tjón sem verði vegna þess skv almennum reglum skaðabótaréttarins. Þá bendir lögmaður M á að á tjónsdegi hafi verið 5 eigendur þeirra eigna sem um ræðir og beri byggingarstjóri sjálfstæða ábyrgð gagnvart þeim hverjum fyrir sig. Af hálfu V er því haldið fram að ábyrgð B taki ekki til galla sem múrarameistari hússins veldur en hann hafi sjálfstæða ábyrgð. Hvað sem því líði þá byggi V á því að ábyrgð á göllum á múrverki raðhússins skuli miðast við að um eitt tjónstilvik sé að ræða. Varðandi tjón á parketi þá telur V að það tjón sé ekki bótaskyldt úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra. Um sé að ræða munatjón sem sé ekki bótaskyldt skv orðalagi greinar 1.1. í skilmálum ábyrgðartryggingarinnar. V heldur því fram að skv því taki ábyrgð byggingarstjóra einungis til fjártjóns á öðru en mönnum eða munum.

**Álit.**

Útveggir, þak og gluggar fjöleignarhúsa eru sameiginlegir og tjón á ytra byrði raðhúsallengjunnar skoðast því sem eitt tjón þegar eins háttar til og í máli þessu. Ekki er fallist á það með V að ábyrgð byggingarstjóra taki ekki til mistaka meistara á húsinu jafnvel þó þeir iðnmeistarar séu með sérstaka og sjálfstæða ábyrgðartryggingu. Hvað varðar kröfu M um bætur vegna tjóns á parketi þá fellur það tjón eins og hér háttar til ekki undir ábyrgð byggingarstjóra.

**Niðurstaða.**

Tjón á ytra byrði húss telst eitt tjón. Ábyrgð byggingarmeistara tekur almennt til tjóns sem verður vegna iðnmeistara hússins. Tjón á parketi bætist ekki.

Reykjavík 23.11. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 189/2007**

**B  
og  
X hf. vegna slysatryggingar**

**Slysatrygging**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 1. október 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 11. október 2007þ

**Málsatvik.**

B krefst þess að vátryggingafélagið greiði sér bætur vegna slyss sem hann sagði vera frítíma sinn. Vátryggingafélagið hafnaði því að slysið hafi orðið í frítíma. Þvert á móti hafi B verið í verktakavinnu og bendir í því sambandi á að slysið hafi orðið á virkum degi og við aðstæður þar sem allt benti til að um venjulega verktakavinnu væri að ræða.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekkert ráðið um það að B hafi verið að vinna í frítíma sínum eins og hann heldur fram. Bótaskyldu er hafnað.

**Niðurstaða.**

Tjón B bætist ekki.

Reykjavík, 13. nóvember 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 190/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingfélagið Y v/B**

**Ágreiningur um tjónvald  
þ.e. mögulega ákeyslu við BYKO í Breiddinni 12.06. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 01.10. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 15.10. 2007
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 18.10. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Ágreiningur er um hvort bifreiðinni B hafi verið bakkað á bifreiðina A.

Vátryggingfélag A telur nægjanlega sannað að ökumaður B hafi bakkað á A kyrrstæða.

Vátryggingafélag B telur að ekki sé unnt að fullyrða að ákoma á A sé af völdum B. Vitni hafi talið að dráttarkrókur hafi lent á bifreiðinni en skýrsla lögreglu staðfesti að svo hafi ekki verið. Enga ákomu hafi verið að finna á B. Félagið telur ósannað að B hafi verið bakkað á A.

M þ.e. ökumaður B kveðst aldrei hafa viðurkennt að hafa ekið á A. Hann hafi ekki fundið fyrir árekstri. Ekkert tjón sé á B og samkvæmt skýrslu lögreglu sé útilokað að dráttarkrókur B hafi valdið tjóni á A.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að B hafi ekið á A. Ökumaður B hefur sýnt fram á að hann hafi ekki ekið á A. Það breytir ekki framanrituðu þó ákoma sé ekki sjáanleg á B.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á því að hafa ekið á A.

Reykjavík 13. nóvember 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 191/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið h.f. v. A og B**

**Árekstur bifreiða á bifreiðastæði við Borgarholtsskóla í Kópavogi þ. 28.8..2007**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 2.10.2007.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 763/2007
3. Tjónaskýrsla dags. 28.8.2007. ásamt ljósmyndum og skýringum ökumanna.
4. Bréf V dags. 5.9. og 9.10.2007.

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa verið að beygja til vinstri fyrir framan innganginn þegar B hafi ekið inn í vinstri hlið A. Ökumaður A segist ekki hafa verið á vitlausri akrein í umrætt sinn. Ökumaður B segir að A hafi komið á móti umferð og ætlað að beygja til vinstri og ekið í veg fyrir B. Ökumaður B segir að A hafi ekki haft leyfi til að aka á móti umferð með þeim hætti sem hann gerði í umrætt sinn.

**Álit.**

B bar að veita A forgang í umrætt sinn miðað við almennar umferðarreglur. Það gerði ökumaður B ekki og ber alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík 13.11. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 192/2007**

**S  
og  
X hf. vegna A**

**Bílfelta**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 3. október 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 18. október 2007.

**Málsatvik.**

A var ekið til austurs á Suðurlandsvegi, lenti út í vegkanti og valt heila veltu. Vegurinn var ísaður og flugháll. Ökumaður varð ekki ar við hálfu fyrir en bifreiðin fór að snúast á veginum. Í ljós kom að ökumaðurinn var ekki með réttindi til að aka ökutæki af þeirri stærð sem A er. Vátryggingafélag A taldi orsakatengsl milli óhappsins og reynsluleysis ökumanns en bauð helmingsbætur úr kaskótryggingu A. Eigandi A krefst fullra bóta úr kaskótryggingu bifreiðarinnar.

**Álit.**

Fyrir liggur að ökumaður A var ekki með réttindi til að aka ökutæki á borð við A. Skv. skilmálum kaskótryggingar er tryggingafélaginu heimilt að skerða bætur ef varúðarregla er brotin um að vátryggður skuli hafa hæfni til að stjórna ökutæki og hafa til þess tilskilin réttindi, sbr. 19.1 og 19.5 í skilmálum. Skerðing bóta um helming vegna eigin sakar telst hæfileg eins og mál þetta er vaxið.

**Niðurstaða.**

Tjón A bætist að hálfu úr kaskótryggingu.

Reykjavík, 13. nóvember 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



## Mál nr. 193/2007

M

og

### Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags

#### Slys við fall í hálfu sem myndast hafði í tröppum þann 12.02. 2005.

#### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 04.10. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.10. 2007

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var á leið niður útitröppur á frístundaheimilinu Gufunesbæ þegar hún féll og slasaðist.

M telur að sveitarfélagið sem hún starfar hjá beri ábyrgð vegna þessa. Hún telur að aðbúnaði hafi verið ábótavant. Það hafi verið óábyrgt að eyða ekki hálfu úr tröppunum sem séu þar að auki háar og brattar.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Steypt handrið sé meðfram tröppunum og þær hvorki hærri né brattari en gengur og gerist og í samræmi við það sem týðkaðist á byggingartíma hússins. Gera verði kröfu til aðila að þeir gæti að sér einkum á þeim árstíma þegar von er á hálfu og frosti. M hafi og mátt vera kunnugt um ástand trappanna þennan morgun sbr. nánar röksemdafærslu félagsins.

#### Álit.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi. Ekki hefur verið sýnt fram á að óhapp þetta megi rekja til vanrækslu eða vanbúnaðar sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á.

Tjónsátburð máls þessa virðist mega rekja til aðgæsluleysis M.

#### Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 13. nóvember 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 194/2007  
M og  
Vátryggingafélagið V v. A

Ágreiningur um bótarétt úr kaskótryggingu vegna tjóns á ökutæki þ. 12.11.2006.

**Gögn.**

1. Málskot móttaki þ. 4.10.2007.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 530/2007
3. Lögregluskýrsla dags. 15.11.2006 og 7.3.2007 og bréf dags. 7.5.2007
4. Bréf lögmans M dags. 1.10.2007.
5. Bréf V dags. 23.8. og 15.11.2007.

**Málsatvik.**

M lánaði dóttur sinni G bifreiðina A og var bifreiðinnin ekið út af vegi í gegn um girðingu og yfir um eins meters djúpan skurð og hafnaði bifreiðin loks á trékefli. G og farþegi í A voru flutt á slysadeild LSH í Fossvogi en farþeginn S kvaðst ómeidd og sagði á vettvangi að G hefði ekið bifreiðinni í umrætt sinn. Í skýrslu hjá lögreglu 7.3. 2007 ber S að G hafi ekki ekið bifreiðinni í umrætt sinn heldur maður frá Lettlandi sem þær G og S hefðu hitt á bar. Ekki var af hálfu lögreglu talin ástæða til að höfða sakamál vegna þessa umferðaróhapps. M gerir kröfu til að fá greiddar bætur úr kaskótryggingu A hjá V en V hafnar bótaskyldu. Lögmaður M segir að í umrætt sinn þegar óhappið varð hafi maður ekið bifreiðinni sem að M hafi ekki samþykkt að æki bílnum og því bótaskylda fyrir hendi. V segir að áfengismagn í blóði G hafi í umrætt sinn verið 2.16 prómill sem geri að verkum að bótaréttur M falli niður þar sem hún hafi afhent G bifreiðina til afnota. V telur nægjanlega sannað að G hafi ekið bifreiðinni í umrætt sinn.

**Álit.**

M lánaði dóttur sinni G bifreiðina í umrætt sinn og fyrir liggja gögn sem sýna að hún var mjög ölvuð þegar óhappið varð. Af hálfu lögmans M er byggt á því að G hafi ekki ekið bifreiðinni heldur ónefndur útlendinur. Að virtum þeim gögnum sem lögð eru fyrir Úrskurðarnefndina hefur ekki verið sýnt fram á með trúverðugum hætti að G hafi ekki ekið bifreiðinni í umrætt sinn en með akstri bifreiðarinnar svo ölvuð að hún var ófær um að stjórna vélknúnu ökutæki var um stórkostlegt gáleysi af hálfu G að ræða sem girðir fyrir bótaskyldu V í málinu úr kaskótryggingu þeirri sem M er með hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 13.11. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 195/2007**

**H og S  
og**

**X hf. vegna réttaraðstoðartryggingar fjölskyldutryggingar**

**Réttaraðstoðartrygging**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 4. október 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 17. október 2007.

**Málsatvik.**

H og S krefjast þess að X viðurkenni bótaábyrgð á greiðslu úr réttaraðstoðartryggingu fjölskyldutryggingar vegna dómsmáls sem þeir hyggjast höfða á hendur íslenska ríkinu og eftir atvikum nafngreindum einstaklingi í kjölfar dóms sem kveðinn var upp 15. mars 2004. H og S telja sig hafa verið með málskostnaðartrygginu hjá öðru tryggingafélagi á þeim tíma. Þeir hafi flutt tryggingar sínar frá því félagi að áeggjan sölumanns X sem sannfærði þau um að hag þeirra yrði betur borgið hjá X. X segir fjölskyldutryggingu H og S hafa gilt frá 17. ágúst 2006. Skv. skilmálum taki málskostnaðartryggingin aðeins til ágreinings sem kemur upp á váttryggingartímabilinu. Upphaf málareksturs þess sem H og S vilja standa að sé að rekja til áður nefnds dóms. Á þeim tíma hafi H og S ekki verið með gilda fjölskyldutryggingu hjá félaginu.

**Álit.**

Samkvæmt skilmálum fjölskyldutryggingar X nær málskostnaðartrygging hennar eingöngu til mála vegna ágreinings sem kemur upp á váttryggingartímabilinu. Upphaf váttryggingarinnar er 17. ágúst 2006 en nauðsyn málareksturs sýnist hafa verið ljós frá 15. mars 2004. Þegar af þeirri ástæðu er ljóst að á þeim tíma höfðu H og S ekki gilda fjölskyldutryggingu með málskostnaðartryggingu hjá X.

**Niðurstaða.**

Málskostnaður vegna bótamáls sem H og S hyggjast höfða fellur ekki undir málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar X.

Reykjavík, 13. nóvember 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 196/2007

M  
og  
Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar  
lögmannsstofu

### Ágreiningur um stofnun bótaábyrgðar vegna lögmannsaðstoðar 2004 - 2005.

#### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 05.10. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 22.10. 2007.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M leitaði til umræddrar lögmannsstofu í október 2004 til fá liðsinni vegna innheimtu á víxilkrafa. Hann var ekki sáttur við þá aðstoð sem hann fékk, hann telur að lögmaðurinn hafi gert mistök að fylgja ekki eftir dómsátt með fjárnámi í tæka tíð.

Vátryggingafélagið telur að sá tími sem leið frá því að réttarstátt féll í galddaga þar til fjárnámsbeiðni var send sýslumanninum í Kópavogi hafi ekki verið óeðlilegur við afgreiðslu mála af þessum toga. Sá meinti afgreiðslumáti að þessu leyti varði ekki bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins. Hið sama megi segja um framhald málsins. Vátryggingafélagið lætur þess m.a. getið efnislega í bréfi til M, dags. 04.10. 2006, að það telji bótaábyrgð ekki vera fyrir hendi samkvæmt skilmálum. Krafa M á hendur skuldara máls þessa hafi þá ekki verið fallin niður. Af þeim sökum verði ekki séð að háttsemi vátryggingartaka hafi leitt til fjártjóns.

#### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaábyrgð samkvæmt starfsábyrgðartryggingu lögmannsins. Lögmaðurinn virðist ekki hafa vanrækt starfsskyldur sínar á þann veg að það hafi skaðabótaábyrgð í för með sér.

#### Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 13. nóvember 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 226/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**

**Árekstur á gatnótum Bústaðavegar, Sogavegar og Stjörnugrófar þann 23.10.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 30.11.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið suður Sogaveg inn á gatnamót Bústaðavegar áleiðis í beygju til vinstri austur Bústaðaveg. Þá hafði vörubifreiðinni B verið ekið inn á gatnamótin eftir Bústaðavegi úr austri áleiðis í beygju til vinstri suður Stjörnugróf. Umferð um gatnamótin er stjórnað með umferðarljósum.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á móti grænu ljósi inn á gatnamótin til að beygja austur Bústaðaveg. Hann hafi stöðvað fyrir framan B vegna bifreiðar sem kom upp (norður) Stjörnugróf og beygði niður (austur) Bústaðaveg. Hann hafi svo ekið af stað, en í sama mund var B einnig ekið af stað og í hlið A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið inn á mið gatnamótin gegnt grænu ljósi og beðið eftir að umferð úr vestri færi hjá. Er rautt ljós kviknaði hafi A verið ekið af stað og og þá rakst B á A.

Vitni að árekstrinum kvaðst hafa ekið Sogaveg og komið að gatnamótunum andspænis rauðu ljósi. Fimm bifreiðir hafi verið fyrir framan hana og A hafi verið önnur bifreið í röðinni. B hafi komið upp (vestur) Bústaðaveg og ætlað inn á Stjörnugróf, en vegna framkvæmda hafi aðeins ein akrein verið fyrir umferð í báðar áttir. Ökumaður B hafi því þurft að bíða meðan bifreiðir færu. Þegar grænt ljós hafi svo kviknað fyrir umferð á Sogavegi hafi fremstu bifreiðinni verið ekið fram hjá B, en ökumaður A hafi hins vegar orðið að stöðva fyrir framan B meðan bifreiðir úr gagnstæðri átt tækju beygjuna austur Bústaðaveg. Þegar þær voru farnar ætlaði ökumaður A að aka af stað, en á sama tíma var B einnig ekið af stað og skall um leið í hlið A.

**Álit.**

Auk skýrslna ökumanna liggur fyrir í málinu greinargóð skýrsla vitnis. Af gögnum málsins þykir ljóst að B hafi verið ekið inn á gatnamótin andspænis grænu ljósi en ekki komist leiðar sinnar suður Stjörnugróf vegna umferðar á móti. Er grænt ljós kviknaði fyrir umferð á Sogavegi og Stjörnugróf varð ökumaðurinn að bíða meðan bifreiðum var ekið af Stjörnugróf. A var ekið inn á gatnamótin og stöðvuð fyrir framan B vegna bifreiðanna sem komu upp Stjörnugróf. Þegar bifreiðir á Stjörnugróf hindruðu ekki lengur för tóku báðir ökumenn (A og B) af stað og árekstur varð. Ökumaður B ók inn á gatnamótin án þess að gæta þess sem skyldi að geta komist yfir gatnamótin áður en grænt ljós kviknaði fyrir umferð úr þverstæðri átt, sbr. 7. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þá ók hann af stað án þess að gefa umferð frá Sogavegi nægilegan gaum. Á hann megin sök á árekstrinum. Ökumaður A átti að gera sér gein fyrir að B var kyrrstæð inni á gatnamótunum og ökumaður hennar beið þess að geta komist leiðar sinnar áleiðis niður Stjörnugróf. Hann sýndi því ekki þá varúð sem af honum mátti krefjast er hann ók inn á gatnamótin og stöðvaði fyrir framan B og á því einnig nokkra sök.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 15. janúar 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 197/2007**

**M og**

**Vátryggingafélagið V vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar Í**

**Tjón á innbúi sem geymt var í gámi þ. 26.8.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 8.10.2007 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.710/2007
3. Bréf frá V dags. 22.10.2007 ásamt fylgiskjölum 1-4

**Málsatvik.**

M leigði sér gám undir búslóð sína þ. 25.5.2007. Af hálfu M er því haldið fram að hún hafi kannað ástand gámsins vel til að tryggja að allt væri í lagi og m.a. sprautað vatni yfir gamin til að fullvissa sig að hann væri vatnsheldur. M segir að á hennar vegum hafi verið farið með reglulegu millibili 2. vikna fresti til að opna gáminn og lofta um hann og kanna ástandið. Þ. 26.8. 2007 segir M að hún hafi komist að því að ekki var allt í lagi en þá hafi verið komin mikil bleyta í búslóðina og sjá hefði mátt gat á þaki gámsins. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu gámaleigunnar Í vegna þessa tjóns. V heldur því fram að ekki hafi verið sýnt fram á sök Í og Í hafi engin afskipti haft af gámnum í þá 3 mánuði sem M leigði hann. Í telur sig hafa lagt til gám sem var í fullkomnu lagi sem hafi verið sérstaklega skoðaður af M og beri Í því enga sök í málinu.

**Álit.**

Fyrir liggur að M skoðaði gáminn vandlega þegar leiga hófst og síðan með reglulegu millibili og varð ekki vör við að neitt væri að fyrir en þ.26.8.2007 þegar hún hafði haft gáminn á leigu og í sinni vörslu í 3 mánuðu. Ekki er sýnt fram á bótaskyldu vegna leigunnar eða að gámurinn sem M leigði hafi ekki verið í viðunandi ástandi þegar M tók hana á leigu. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 23.11. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 198/2007**

**M  
og  
Líftryggingafélagið X v/ sjúkdómatryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr sjúklingatryggingu eftir hjartaáfall.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 10.10.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 24.10.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 6.7.2006 fékk M hjartaáfall, er hann ók bifreið sinni. Hann var fluttur á Landspítala þar sem fram kom að hann var með lítinn “pneumothorax vi. megin”, en tölvusneiðmynd sýndi enga aðra áverka. Að svo búnu var M tekinn í kransæðaaðgerð og kom þá í ljós lokun á hægri kransæð á óþekktum aldri, en sennilega ekki ný.

M hafði keypt sjúkdómatryggingu hjá líftryggingafélaginu X. Í tengslum við kröfu M um bætur úr váttryggingunni óskaði X eftir skriflegum upplýsingum frá hjartasérfræðingi þeim sem einkum hafði annast M, m.a. varðandi niðurstöður þeirra rannsókna sem framkvæmdar voru. Í svari sérfræðingsins segir svo, orðrétt:

“Sjúklingur haft vinstra greinrof, gengið í sinus takti en það hefur farið batnandi hversu breitt það hefur verið. Hjartaenzyme hafa verið neikvæð. Kransæðaþræðing sýnir lokun á hægri kransæð, arteriosclerosu en engar alvarlegar stenosur. (ekki meira en 50% stenosu. Vinstri slegill var mjög lélegur í byrjun upp á circa 25% og víkkaður upp í 62 mm en við útskrift héðan af deildinni hafði vi. slegill batnað verulega og var kominn í circa 40% í EF.

Sjúklingur sem hefur ekki þekktan kransæðasjúkdóm hefur verið meðhöndlaður við háþrýstingi, fær skyndilega hjartastopp við keyrslu bifreiðar og slasast með pneumothorax, fær hjartastopp og endurlífgun gengur vel. Sjúklingur á í vissum erfiðleikum með minnið til þess að byrja með en það lagast mjög fljóttlega. Sjúklingur starfar við erfiðisvinnu og er því erfitt að hann fari aftur til vinnu of fljótt, hann þjálfar sig talsvert og finnst það pösítt. Ég tel að það muni taka nokkra mánuði að hann geti aftur snúið til vinnu vegna þessa stóra áfalls.”

X hafnaði bótaskyldu þar sem það taldi sjúkdóminn ekki uppfylla skilmerki þess að um bótaskyldan sjúkdóm hafi verið að ræða. M hefur ekki viljað una þeirra niðurstöðu X.

**Álit.**

Samkvæmt 7. gr. þeirra skilmála, sem gilda um sjúkdómatryggingu þá sem M hefur hjá X, telst váttryggingaratburður einungis verða, ef váttryggður greinist með m.a. sjúkdóm eða gengst undir aðgerð sem talin eru upp í skilmálunum og eru nánar skilgreind þar. Er þar fyrst talið upp hjartaáfall eða kransæðastífla. Er þá átt við drep í hluta hjartavöðvans sem afleiðing ónógs blóðflæðis og verður greiningin að byggja á því að þrjú eftirtalin einkenni séu öll til staðar: a) dæmigerðir hjartakveisuverkir (brjóstverkir), b) nýjar breytingar á hjartalínuriti og c) hækkun á hjartaensímum. Í öðru lagi er hjartaskurðaðgerð tilgreind í skilmálunum, en þá er átt við að váttryggður gangist undir hjartaskurðaðgerð til að laga lokugalla eða aðra byggingargalla. Í þriðja lagi er svo tilgreindur kransæðauppskurður. Skal þá vera um hjartaskurðaðgerð að ræða vegna þrængsla eða stíflu í einni eða fleiri kransæðum með hjáveituaðgerð í einstaklingum með slæma hjartakveisu, en tekur ekki til aðgerða eins og blástursaðgerða eða leysigeislameðferða.



Svo bætur fáiast greiddar úr sjúklingatryggingu þarf að liggja fyrir með skýrum hætti að vátryggður hafi greinst með bótaskyldan sjúkdóm eða gengist undir bótaskylda aðgerð jafnframt að öll skilmerki séu fyrir hendi þannig að sjúkdómur eða aðgerð falli undir viðkomandi skilgreiningu í skilmálunum. Af gögnum máls þessa verður ekki séð að sjúkdómur sá er M fékk í umrætt sinn teljist vera hjartaáfall eða kransæðastífla eins og sá sjúkdómur er skilgreindur í skilmálunum. Ekki verður heldur séð að aðgerð sú sem hann gekkst undir hafi verið hjartaskurðaðgerð eða kransæðauppskurður samkvæmt þeim skilgreiningum sem getur í skilmálunum. Að þessu athuguðu telst M ekki eiga rétt til bóta úr sjúklingatryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá X.

Reykjavík, 23. nóvember 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 199/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélag ið Y v/ bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á Snorrabraut í Reykjavík þann 19.7.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 16.10.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Vátryggingafélags Íslands hf., dags. 30.10.2007, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf Sjóvá-Almennra trygginga hf., dags. 3.11.2007.

**Málsatvik.**

A var ekið austur Njálsgötu og beygt til hægri áleiðis suður Snorrabraut á vinstri akrein. Til móts við Bergþórugötu var bifreiðinni B, ekið aftan á A. Lítið tjón er sagt hafa orðið á báðum bifreiðum. Hemlaför eftir B mældust 27,37 m. Bjart var af degi og þurrt færi þegar áreksturinn varð. Hámarkshraði á Snorrabraut er 50 km á klst. Á Njálsgötu hvílir biðskylda gagnvart umferð á Snorrabraut.

Ökumaður A kvaðst hafa hægt á ferð við gatnamótin og enga bifreið séð koma að gatnamótunum. Hann hafi því ekið inn á Snorrabraut og farið beint inn á vinstri akrein þar sem hann hafi ætlað að snúa við á gatnamótum Snorrabrautar og Bergþórugötu. Hraði A hafi verið 30 km á klst.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið suður Snorrabraut á 70-80 km hraða á klst. A hafi verið ekið inn á götuna af Njálsgötu og beint inn á vinstri akrein í veg fyrir akstursstefnu hans. Hann hafi reynt að hemla en ekki náð að afstýra árekstri.

**Álit.**

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 70-80 km hraða á klst. Hemlaför eftir B mældust 27,37 m löng. Af gögnum málsins, þ. á m. ljósmyndum, má ráða að áreksturinn hafi orðið nokkurn spöl frá gatnamótum Njálsgötu. Ökumaður B ók langt yfir leyfilegum hámarkshraða og mun hraðar en aðstæður leyfðu. Verður áreksturinn rakinn til þessa ógætilega aksturslags ökumanns B. Eins og málið liggur fyrir verður að telja ósannað að áreksturinn verði að einhverju leyti rakinn til þess að ökumaður A hafi ekki virt biðskyldu gagnvart B. Að öllu athuguðu eru ekki talin efni til að leggja sök á ökumann A. Verður ökumanni B því einum gefin sök á því hvernig fór.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 23. nóvember 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 200/2007

Frávísun

M

og

Vátryggingafélagið X v/bifhjóla

## Ágreiningur um réttarstöðu vegna bótauppgjörs og innheimtu iðgjalda.

### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 16.10. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.10. 2007, ásamt fylgiskjölum.

### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn gefa takmarkaðar upplýsar um aðdraganda máls þessa.

M gerir athugasemdir við iðgjaldaskuld sem mun vera í innheimtu, hann kveðst og ennþá "að borga af öðru hjólinu".

Vátryggingafélagið hefur upplýst nefndina um afstöðu sína til málskotsins. Það lætur þess m.a. getið að "ekki virðist sérlega skýrt hverju verið er að kvarta yfir". Í fyrsta lagi hafi verið búið að gera "bæði tjónin upp" og að búið er að ganga frá niðurfellingu iðgjalda. Ástæða þess að iðgjöld M séu í innheimtu byggist á því að hann hafi ekki staðið skil á "sínnum reikningum".

### Álit.

Fyrirliggjandi gögn veita mjög takmarkaðar upplýsingar. Röksemdafærsla M er og takmörkuð.

Samkvæmt e lið 4. gr. samþykktar nefndarinnar nr. 1090/2005 fjallar nefndin ekki um mál sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að ekki sé tækt til úrskurðar. Nefndin telur að það mál sem hér er til umræðu sé svo illa uppýst að það sé ekki tækt til úrskurðar.

Í nefndu ákvæði samþykktar er þess getið að mál sem vísað er frá skuli, gegn greiðslu málskotsgjalds á ný, tekið aftur til meðferðar hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.

### Niðurstaða.

Með vísan til e lið 4. gr. samþykktar nefndarinnar er máli þessu vísað frá.

Reykjavík 13. nóvember 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 201/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur á bifreiðastæði við Faxafen 14.09. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttækið 17.10. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 30.10. 2007.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 03.11. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn gefa upplýsingar um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðarnar voru á bifreiðastæði við Faxafen 5. Bifreiðunum var ekið aftur á bak.

Vátryggingafélögin telja að skipta skuli sök til helminga. Ökumenn bifreiðanna hafi ekki gætt nægjanlegrar varúðar sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum því B hafa verið bakkað úr stæði en A hafi verið á akbraut.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður sök skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 23. nóvember 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 202/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v. A og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v B**

**Árekstur bifreiða á Karlabraut við Vífilsstaðaveg þ. 4.9.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 18.10.2007 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.742/2007.
3. Lögregluskýrsla dags. 5.9.2007
4. Bréf V-2 dags. 12.10.2007
5. Bréf V-1 dags. 3.11.2007.

**Málsatvik.**

B var ekið norður Karlabraut og A var ekið suður Karlabraut. Árekstur varð með bifreiðunum á akrein ætlaðri umferð norðurs. Vegna vegavinnu var akrein til suðurs lokuð á nokkuð löngum kafla. Ökumönnum ber saman um að bifreiðarnar hafi mæst á gangbraut og árekstur hafi orðið þar. Ökumaður A segist hafa ekið yfir á rangan vegarhelming á eftir öðrum bifreiðum vegna þrengingar á veginum. Ökumaður A segist hafa séð B koma á móti sér og talið plássið of lítið fyrir bifreiðarnar að mætast og því stöðvað A og A verið kyrrstæð þegar árekstur varð. Ökumaður B segist hafa vikið til hægri og B að hluta utan vegar þegar árekstur varð. Ökumaður B segist ekki hafa orðið vör við að bifreiðarnar rækjust saman. Á vettvangi gaf sig fram maður sem sagðist halda að A hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð en gat þó ekki fullyrt það.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af öllum gögnum málsins og atvikum öllum og þeim aðstæðum sem voru fyrir hendi þegar árekstur varð verður ekki séð að sök verði lögð á annan ökumann umfram hinn. Hvor aðili ber því helming tjónsins.

**Niðurstaða.**

Hvor aðili ber helming tjónsins

Reykjavík 23.11. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 20/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar sjómanna.**

**Ágreiningur um hvort tiltekin meiðsl falli undir hugtakið “slys”.**

**Gögn:**

Málskot, móttakið 23.1.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 8.2.2002 var málskotsaðili M að störfum um borð í togaranum A. Verið var að hífa trollið í brælu. Varð M að gefa merki upp í brú með því að rétta upp hægri handlegg. Í málskoti segir að spilmaður hafi híft of fljótt í og pokinn, sem verið var að hífa, hafi ekki mátt fara lengra. Hafi M því orðið að gefa merki með því að rétta upp hægri hendina eins fljótt og mögulegt var til að forða tjóni. Það hafi hann gert, en með þeim afleiðingum að liðpoki í öxlinni hafi rifnað.

Þar sem spilmaðurinn hafi híft of fljótt og nauðsynlegt hafi verið að gefa merki þegar í stað, hafi tjónið orðið af völdum utanaðkomandi áhrifa. Einnig hafi verið kalt í veðri og skipið oltið sem hafi haft áhrif á líkamsbeitinguna. Tjónið hafi því orðið vegna utanaðkomandi samverkandi áhrifa sem varð allt í einu. Þá hafi hann verið klæddur í þung utanyfirföt sem hafi þrengt að öxlinni og einnig leitt til slyssins. Loks er nefnt að M hafi sjálfur þurft að vera á varðbergi til að renna ekki í slorinu og halda sér í með hinni hendinni. Allt þetta hafi orsakað slysið.

**Álit.**

Samkvæmt skilmálum þeim, sem um slysatrygginguna gilda, greiðir félagið bætur af völdum slyss sem vátryggður verður fyrir eins og nánar greinir í skilmálunum, en með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. M teygði út höndina, snögg að eigin sögn, með þeim afleiðingum að liðpoki í öxl rifnaði. Einungis hreyfing handarinnar olli því að M varð fyrir meiðslunum. Jafnvel þótt M telji sig hafa orðið að rétta snögglega úr hendinni er ekki unnt að líta svo á að utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslunum. Ekki verður annað séð en að þau hafi orðið af völdum innri veiklunar í öxlinni eða liðpokanum. Önnur tilvik, sem M nefnir til sögunnar sem utanaðkomandi áhrifavalda þess að liðpokinn rifnaði, verða heldur ekki talin til utanaðkomandi atburða þannig að fullnægt sé hugtaksskilyrðum slyss í skilningi skilmálanna. Axlarmein M verður því ekki rakið slyss. Af því leiðir að hann á ekki rétt til bóta úr slysatryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna vegna meiðsla á öxl sem hann varð fyrir um borð í A þann 8.2.2002

Reykjavík, 27. mars 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 203/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélag ið X v/ bifreiðarinnar D  
og  
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðanna A, B og C.**

**Árekstur á þjóðvegi nr. 1, Vesturlandsvegi, við Fiskilæk þann 18.4.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 18.10.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 31.10.2007.
3. Bréf Y, dags. 3.11.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Öllum bifreiðunum var ekið suður Vesturlandsveg. Bjart var af degi, snjóþekja og hálka á akbraut, auk þess sem slydda var og sólskin. Bifreiðin A hafði hafnað utan vegar eftir að ökumaður missti stjórn á henni í blautum snjó á veginum. Bifreiðin B var þá stöðvuð í vegkantinum og hugðist ökumaður hennar huga að ökumanni A. Skömmu síðar var bifreiðin C stöðvuð fyrir aftan B, en andartaki síðar mun bifreiðin D hafa rekist aftan á C sem við það skall aftan á B.

Í framskýrslu lögreglu kvaðst ökumaður D hafa ekið á 80 km hraða á klst. og séð framundan sér að umferðaróhapp hafi orðið. Hafi hann ætlað að hægja á ferð, en þegar hann hafi byrjað að hemla hafi D byrjað að “skauta” til á veginum. Við það hafi ökumaðurinn misst stjórn á D með þeim afleiðingum að hún skall aftan á C. Í framburðarskýrslu hjá lögreglu kvað ökumaður D að C hafi verið kyrrstæð á miðri akbraut til suðurs og hann hafi ekki séð nein ljós aftan á C, hvorki ökuljós né viðvörunarljós. Því hafi hann ekki séð hvort C var kyrrstæð eða á ferð. Hann hafi hægt á ferð þegar hann áttaði sig á því að C var kyrrstæð, en rekist aftan á C eins og áður er lýst. Farþegi í D hefur í lögregluskýrslu borið um málsatvik á svipaðan veg og ökumaðurinn.

Ökumaður C kvaðst hafa ekið út í vegkant og lagt fyrir aftan B. Andartaki eftir að hann stöðvaði hafi mikið högg komið aftan á C með þeim afleiðingum að hún kastaðist aftan á B.

**Álit.**

Ökumaður D ók á 80 km hraða á klst. þrátt fyrir hálku og snjóþekju á veginum. Hann hafði tekið eftir C fyrir framan sig. Þó kveðst hann ekki hafa dregið úr hraða og hemlað fyrr en hann áttaði sig á að C var kyrrstæð fyrir framan hann. Ökumaður D ók of hratt miðað við aðstæður og gætti ekki þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast. Staðhæfing ökumanns D og farþega um að C hafi verið kyrrstæð á miðri akbrautinni fær ekki næga stoð í gögnum málsins. Jafnvel þótt C hafi að einhverju leyti verið stöðvuð á akbrautinni varð áreksturinn andartaki síðar. Ekki eru efni til að virða það ökumanni C til sakar hvar hann stöðvaði bifreiðina. Þá telst enn fremur ósannað samkvæmt gögnum málsins að C hafi verið ljóslaus að aftan þegar D skall á henni.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann D.

Reykjavík, 23. nóvember 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 204/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur á Austurbrún þann 17.09. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 18.10. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 02.11. 2007.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 31.10. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A var ekið út frá bifreiðastæði við Austurbrún 6. Bifreiðinni B var ekið suður Austurbrún. Álitaefnið er hver beri ábyrgð á árekstrinum.

Vátryggingafélag A telur að sök ökumanns B hafi verið vanmetin þar sem hann hafi ekið of hratt og á vanbúinni bifreið með skert útsýni.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A skuli bera alla sök. Hann hafi ekið bifreið sinni af bílastæði við hús inn á akbraut. Hann hafi átt að víkja fyrir B sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þó ökumaður B hafi verið lítillega yfir leyfðum hámarkshraða þá sé sök hans léttvæg og því sé ekki rétt að fella á hann sök.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu. Hann telur að B hafi verið ekið á ofsahraða og að bifreiðin hafi ekki verið lögleg til aksturs þar sem límt hafi verið yfir hliðarrúðu ökumannsmegin.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A meginábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B. Þegar tekið er mið af ökuhraða og ástandi bifeiðar B þykir rétt að hann beri nokkra ábyrgð á árekstrinum. Rétt þykir að skipta sök þannig að A ber  $\frac{3}{4}$  hluta sakar en ökumaður B  $\frac{1}{4}$  hluta sakar.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber  $\frac{3}{4}$  hluta sakar og ökumaður B  $\frac{1}{4}$  hluta sakar.

Reykjavík 23. nóvember 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 205/2007**

**M og**

**Vátryggingafélagið V vegna launþegatryggingar B**

**Starfsmaður fékk tak í bakið vegna skyndilegrar hreyfingar þ. 10.4.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 19.10.2007. ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 1004/06
3. Lögregluskýrsla dags.

**Málsatvik.**

M var að lyfta þungum kössum á lager þegar maður kom inn og skellti hurðinni en við það segir M að sér hafi brugðið snúið sér snögg við og sparkað í vörubretti og fengið við það tak í bakið. M krefst bóta vegna þessa tjóns úr launþegatryggingu B hjá V. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið um slys að ræða í þeim skilningi að um skyndilegan utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða.

**Álit.**

Ekki hefur verið sýnt fram á sök B eða aðilum tengdum vátryggingartaka. Þá verður ekki á það fallist að um slys hafi verið að ræða skv skilmálum slysatryggingar launþega þar sem vísað er til að með orðunum slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama þess sem tryggður er.

**Niðurstaða.**

Tjónið er ekki bótaskyldt úr launþegatryggingu B hjá V.

Reykjavík 23.11. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 206/2007**

**M**

**og**

**Sjóvá-Almennar tryggingar hf. v/ bifreiðarinnar A.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr húftryggingu bifreiðar eftir umferðaróhapp þann 7.7.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 19.10.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Vátryggingafélagsins X., dags. 3.11.2007.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A í eigu M var ekið eftir Dalvegi í Kópavogi uns hún hafnaði á ljósastaur á móts við Vínbúð ÁTVR að Dalvegi 2. A snérist 90° og lokaði veginum. Bifreiðin skemmdist mikið að framan við óhappið. Þá var rökkur og malbikað yfirborð götunnar var þurr. Lögregla mældi hemlaför á vettvangi og reyndust þau vera 22 m löng. Hámarkshraði á götunni er 50 km á klst.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á um 50-55 km hraða á klst. og farið inn á ytri hring hringtorgs á Dalvegi. Þegar hann hafi litið til hægri við fyrsta útakstur hafi honum sýnst bifreið vera að koma þaðan inn á hringtorgið. Við það hafi hann misst stjórn á bifreiðinni og farið út úr hringtorginu á annarri útakstursleið inn á Dalveg. Bifreiðin hafi þá runnið til og lent á ljósastaurnum.

Tvö vitni voru að óhappinu. Annað kvaðst hafa séð A koma á ofsahraða eða um 100 km hraða á klst. í hringtorgið. Hafi ökumaðurinn misst stjórn á afturendanum í hringtorginu þar sem hann ók út. Hafi A næstum oltið, en farið á gras og svo á staurinn. Taldi vitnið að A hafi snúist áður en hún skall á staurnum. Annað vitni kvað ökumann A hafa ekið á um 100 km hraða á klst., „svínað” á jeppa í hringtorginu og farið framúr jeppanum. Mikið vélarhljóð hafi komið frá A. Hún hafi farið á kant í hringtorginu, runnið til og ökumaður misst stjórn á henni. Hann hafi náð að rétta hana af að hluta, en skolið þá á staurinn og snúist í 90°.

M hefur krafist bóta úr húftryggingu A hjá Vátryggingafélaginu X. Félagið hefur fallist á 50% bótaskyldu með því að ökumaður A hafi valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi.

**Álit.**

Samkvæmt gögnum málsins virðist ekki ágreiningur vera með aðilum um að ökumaður A hafi verið ábyrgur fyrir bifreiðinni, sbr. a. lið 2. mgr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Af verksummerkjum á vettvangi og framburðum tveggja vitna þykir mega slá föstu að A hafi verið ekið verulega yfir leyfðum hámarkshraða og miklum mun hraðar en aðstæður leyfðu. Hefur því verið um ofsakstur að ræða sem verður virtur ökumanninum til stórkostlegt gáleysis. Samkvæmt heimild í skilmálum, sem um vátrygginguna gilda, verða bætur skertar um helming.

**Niðurstaða.**

Bætur til M skerðast um helming vegna tjóns á A.

Reykjavík, 23. nóvember 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 207/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur á bifreiðastæði við sundlaugina í Grafarvogi þann 27.08. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 19.10. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 31.10. 2007.
- 3) Tölvupóstur vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 20.11. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn gefa upplýsar um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið aftur á bak úr stæðum þegar árekstur varð.

Ökumaður B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum.

Fyrirliggjandi er yfirlýsing frá ökumanni A, dags. 15.09. 2007, þar sem fram kemur að þegar hann hafi bakkað úr stæði sínu hafi hann rekist á B "sem var komin út af stæði sínu...." Hann telur að ökumaður B hafi ekki getað komið í veg fyrir að A "æki á hana. Hún var komin úr sínu stæði en ég hafði í mesta lagi ekið metra út úr mínu svæði...."

Vátryggingafélag A vísar til þess að á framhlið tjónstilkynningar hafi báðum ökutækjunum verið ekið aftur á bak úr bifreiðastæði er árekstur varð. Báðum öikumönnum hafi borið að sýna aðgæslu og því telur félagið að hvor aðili skuli bera helming sakar. Félagið telur að ekki skipti máli þó önnur bifreiðin hafi verið komin lengra út úr stæði sínu.

Vátryggingafélag B upplýsti nefndina að félagið myndi ekki skila nefndinni athugasemdum vegna málskotsins.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. nefndri skriflegri yfirlýsingu ökumanns A, ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að bakka á B.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B miðað við gögn máls þessa.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 27. nóvember 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 208/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingfélagið Y v/B**

**Árekstur Hringbraut við Birkimel 14.10. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 22.10. 2007, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 31.10. 2007.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 03.11. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A var ekið norður Birkimel með ætlaða akstursstefnu til hægri inn á Hringbraut. B var ekið austur Hringbraut á hægri akrein. Við akstur A ók inn á Hringbrautina lenti B aftan á B. Álitafni er hvort A hafi gætt nægjanlegrar aðgæslu þar sem hann átti að víkja fyrir umferð um Hringbraut.

Vátryggingafélögin telja að ökumaður A beri ábyrgð á árekstri bifreiðanna. skv. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Óþarft er að geta umfjöllunar og athugasemda M sem fylgdu málskotinu. M gerir m.a. athugasemd við ljósabúnað B og ökuhraða.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð árekstrinum. A bar að veita umferð um Hringbraut forgang sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Fyrirliggjandi gögn gefa ekki tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 23. nóvember 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 209/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. A og B**

**Árekstur bifreiða á Þverárfjallsvegi þ.22.8.2007 .**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 22.10.2007.ásamt bréfum
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.680/07
3. Lögregluskýrsla dags. 22.8.2007.
4. Bréf V dags. 12.9. og 31.10.2007

**Málsatvik.**

A ætlaði að aka framúr B sem er vinnuvél og þegar A var kominn fram með B þá sveigði B til vinstri með þeim afleiðingum að A lenti utan vegar. Ökumaður A segir að B hafi ekki gefið stefnuljós til vinstri en blikkandi vinnuljós hafi verið á toppinum. Ökumaður B segist hafa ætlað að snúa við á afleggjaranum að Breiðastað og hafa vitað af A á eftir sér en ekki reiknað með að ökumaður A mundi hefja framúrakstur.

**Álit.**

Í máli þessu er viðurkennt af ökumanni B að hann hafi vitað af A fyrir aftan sig. Ökumaður B ákvað samt að beygja til vinstri án þess að gæta nánar að aðstæðum og ber því sök í málinu.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík 23.11. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 210/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ sjúkdómatryggingar**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr sjúkdómatryggingu, upplýsingagjöf við töku vátryggingar.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 23.10.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Á grundvelli vátryggingarbeiðni, dags. 28. maí 2004, tók M sjúkdómatryggingu hjá breska vátryggingafélaginu X. Tiltekinn vátryggingamiðlari hafði milligöngu um að koma vátryggingarsamningi á milli aðila. Í vátryggingarbeiðni svaraði M neitandi spurningu um hvort hún hafi eða hafi haft krabbamein, annars konar æxli, hnút eða fyrirferðaraukningu í vef. Í beiðninni lýsti M jafnframt yfir skilningi sínum á því að X væri m.a. bundið af breskri löggjöf en ekki löggjöf heimaríkis hennar.

Í byrjun árs 2007 mun M hafa greinst með sjúkdóm og krafðist í kjölfarið bóta úr sjúkdómatryggingunni. Við athugun X á sjúkragögnum í tengslum við bótakröfu M kom í ljós að á árinu 1981 hafi hún gengist undir meðferð vegna Hodgkinssjúkdóm og verið undir eftirliti krabbameinssérfræðings af þeim sökum. Í bréfi X til M, dags. í september 2007, kemur fram að skilmálar vátryggingarinnar hefðu verið takmarkaðir verulega, ef þeir hefðu þá getað veitt vernd, ef upplýsingar um sjúkdóminn hefðu komið fram á beiðninni. Þar sem X hafi ekki verið veittar allar viðeigandi upplýsingar við mat á umsókninni þá sé ekki um annan kost að ræða en að lýsa vátrygginguna ógilda og verði hún “gerð ógild eftir fjórtán daga.” Kvaðst félagið mundu sjá til þess að öll iðgjöld verði endurgreidd. M mótmælir sem röngum þeim ástæðum sem X byggir höfnun sína á.

**Álit.**

Mál þetta er sprottið af kröfu M um bætur úr sjúkdómatryggingu sem hún hafði keypt hjá X. Þótt X hafi borið fyrir sig ógildi samningsins er það hafnaði kröfu M verður málið því aðeins leitt til lykta fyrir úrskurðarnefnd að úrskurðað verði um þann ágreining hvort M eigi rétt til bóta úr vátryggingunni. M hefur ekki gert grein fyrir þeim sjúkdómi sem hún fékk í byrjun árs 2007 né á hvaða grundvelli bótaskylda X byggist á, m.a. með vísan til skilmála sem um vátrygginguna gilda. Er málið svo illa upplýst og krafa M svo óskýr að það telst ekki tækt til úrskurðar. Er málinu því vísað frá nefndinni, sbr. e. lið 4. gr. samþykktá fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005.

**Niðurstaða.**

Málinu er vísað frá. úrskurðarnefnd.

Reykjavík, 11. desember 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 211/2007  
M og  
Vátryggingafélagið V h.f. v. A og B

**Árekstur bifreiða á gatnamótum Baldursgötu og Freyjugötu í Reykjavík þ.17.9.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttekið þ. 23.10.2007. ásamt fylgisjölum 1-4.
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 715/2007
3. Tjónaskýrsla dags. 17.9.2007
4. Bréf V dags. 12.11.2007 ásamt upplýsingar um feril tjónauppjör.
5. Bréf F. O. K. dags. 17.9.2007.
6. Bréf ökumanns A dags. 18. og 19.9.2007 ásamt ljósmyndum.

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa ekið upp Baldursgötu og komið að gatnamótum Freyjugötu og Baldursgötu og enga bifreið séð og ekið áfram út á gatnamótin en þá hafi B komið á mikilli ferð og ekið á B. Ökumaður A segir að B hafi verið ekið töluvert yfir hámarkshraða en hámarkshraði þar sem árekstur varð eru 30 km á klst. Framburður ökumanns A um of mikinn hraða bifreiðar B fær stuðning í bréfi F. O. K. Ökumaður B segist hafa ekið Freyjugötuna þegar A hafi ekið inn í hlið B frá Freyjugötu. Kvörtun eiganda B lítur líka að tjónauppjóri en þess er krafist að hærri greiðslur séu greiddar fyrir afnotamissi þar sem annar bíll sem var eiganda B til umráða hafi stöðugt verið í viðgerð. V hafnar þessari kröfu eiganda B og segir tjon B að fullu bætt úr kaskótryggingu bifreiðarinnar.

**Álit.**

Í umrætt sinn ók ökumaður A í veg fyrir B en A hafði bifreið B sér á hægri hönd og almennur umferðarréttur gildir þar sem áreksturinn varð og ber hann því sök á árekstrinum. Að öllum gögnum málsins virtum verður ekki annað séð en B hafi verið ekið töluvert yfir löglegan hámarkshraða þar sem áreksturinn varð og ber ökumaður B því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að A beri  $\frac{3}{4}$  sakar og B  $\frac{1}{4}$  sakar. Af hálfu eiganda B eru ekki lögð fram viðhlítandi gögn til stuðnings kröfu um frekari greiðslur úr hendi V vegna tjónauppjör. Þegar af þeirri ástæðu er kröfu eiganda B hvað það varðar hafnað.

**Niðurstaða.**

A ber  $\frac{3}{4}$  sakar og B ber  $\frac{1}{4}$  sakar.

Reykjavík 27.11.2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 212/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á þjóðvegi nr. 1, Norðurlandsvegi við N1 á Blönduósi, þann 1.7.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 31.10.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 12.11.2007.
3. Bréf Y, dags. 14.11.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Vinstri hliðar bifreiðanna A og B rákust saman er bifreiðirnar mættust. Þá var þoka, jafnframt sem fjárhópur var á veginum á vegarhelmingi þeim sem B var ekið eftir.

Ökumaður A kvað B hafa sveigt frá fjárhópnum og þá hafi bifreiðirnar rekist saman. Ökumaður A kvaðst alltaf hafa verið á sínum vegarhelmingi.

Eftir ökumanni B er haft að hann farið fram hjá 7-8 kinda hóp og þess vegna hafi hann verið svona mikið inni á veginum. Þó hafi honum ekki fundist að hann hafi farið yfir á öfugan vegarhelming. Annars hefði hann verið mikið nær vegarbrúninni.

Við rannsókn málsins kom í ljós að í þvagi ökumanns A fannst efnið tetrahýdrókannabínólsýra. Tetrahýdrókannabínól mun vera hið virka efni í kannabis, en tetrahýdrókannabínólsýra er óvirkt efni þess í þvagi. Samkvæmt þessu taldist ökumaður A vera óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega þegar þvagsýnið var tekið, sbr. 45. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987.

**Álit.**

Ökumaður B ók innarlega á veginum þótt honum hafi ekki fundist hann hafa ekið yfir á rangan vegarhelming er hann sveigði undan fjárhópi á veginum. Hefur hann sönnunarbyrði um það að hann hafi ekki ekið yfir á rangan vegarhelming. Sú sönnun hefur ekki tekist og verður honum gefin sök á árekstrinum. Ekki verður nægilega ráðið af gögnum málsins að áreksturinn megi rekja til fíkniefnaneyslu ökumanns A. Verður honum því ekki gefin sök á því hvernig fór.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 27. nóvember 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 213/2007**

**M**

**vegna bifreiðarinnar A**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags (B)**

**Umferðaróhapp þegar bifreið var ekið á festingu (pinna) fyrir staur við Skólastræti þann 18.07. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 31.10. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 12.11. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn gefa upplýsingar um aðdraganda máls þessa. Hægri afturhjólarbarði A skemmdist þegar bifreiðinni var ekið á festingu fyrir stálrör sem fjarlægt hafði verið. Vátryggingafélagið telur að rörið hafi verið fjarlægt án vitundar starfsmanna sveitarfélagsins og því telur félagið bótaábyrgð ekki vera fyrir hendi.

M telur að tjónsatburð máls þessa megi rekja til viðhaldsleysis sveitarfélagsins.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á skaðabótaábyrgð sveitarfélagsins. Virðist sem starfsmenn þess hafi ekki haft vitneskju um hinn óvarða "pinna" þ.e. festingu fyrr en við tjónsburð máls þessa. Vegna þessa er bótaábyrgð ekki fyrir hendi. Ósannað er að rekja megi tjónsatburð máls þessa til viðhaldsleysis sveitarfélagsins. Virðist sem "óprútnir aðilar" hafi fjarlægt rörið líkt og vátryggingafélagið heldur fram án vitneskju starfsmanna B.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 27. nóvember 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 214/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.**

**Árekstur á gatnamótum Laufbrekku og Hjallabrekku í Kópavogi þann 14.10.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 1.11.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.11.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið niður Laufbrekku að gatnamótum Hjallabrekku í beygju áleiðis til hægri. Bar þá að bifreiðina B upp Hjallabrekku í beygju til vinstri upp Laufbrekku. Rákust þá saman vinstra framhorn A og aftanverð vinstri hlið B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 30 km hraða á klst. niður að blindbeygju og tekið beygjuna til hægri. B hafi þá komið á móti frá hægri og beygt til vinstri. Þá hafi árekstur orðið.

Ökumaður B kvaðst hafa verið á 10-20 km hraða á klst. í beygju inn á Laufbrekku, þegar A hafi verið ekið frekar hratt á móti og ökumaður hennar hafi ekki náð að hægja á sér í tæka tíð og ekið í hlið B. Hafi A verið ekið inn á miðju götunnar vegna kyrrstæðrar bifreiðar við götubrún ofan við gatnamótin.

Vitni að óhappinu kvaðst hafa verið að koma frá verslun 10-11 og séð B koma eftir Hjallabrekku og beygja upp Laufbrekku og hafi ökumaður tekið mjög krappa beygju og kvaðst vitnið hafa hugsað að þetta gæti endað með árekstri.

**Álit.**

Utanaðkomandi vitni, sem ekki er tilefni til að vefengja, kvað ökumann B hafa tekið mjög krappa beygju til vinstri áleiðis upp Laufbrekku. Eins og mál þetta liggur þykir mega leggja framburð vitnisins til grundvallar, þegar sök er skipt. Verður ökumaður B því talinn eiga sök á árekstrinum fyrir að hafa tekið of krappa beygju til vinstri. Ekki verður lögð sök á ökumann A.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 27. nóvember 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 215/2007

M

og

## Vátryggingafélagið V v slysátryggingar ökumanns

### Ágreiningur um bótaskyldu vegna slysátryggingar ökumanns skv 92.gr. umferðarlaga v umferðarslyss þ. 31.7.2006.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 2.11.2007
2. Bréf lögmans M ásamt fylgiskjölum 1-8
3. Bréf V ódagsett.

#### Málsatvik.

M varð fyrir alvarlegum líkamsáverkum í umferðarslysi þ. 31.7.2006 þegar hann sem ökumaður bifreiðarinnar A missti stjórn á bifreiðinni. Skv lögregluskýrslum skýra vitni svo frá. Vitni 1 segist hafa ekið eftir Sandgerðisvegi þegar A hafi verið ekið fram úr sér en hann hafi þá ekið á um 90 km. hraða og síðan hafi þessari bifreið verið ekið fram úr tveim öðrum bifreiðum. Vitni 1 segist telja að A hafi verið á um 200 km. hraða en hún hafi horfið sér sjónum á örskammri stund og 2-3 mínútum síðar hafi hann ekið fram á umferðarslys þar sem A var utan vegar. Vitni 2 segist hafa ekið áleiðis til Sangerðis og fundið sterka vindhviðu þegar A var ekið fram úr á miklum hraða en sjálfur hafi hann ekið á 90-100 km. hraða og hafi hann sagt við eiginkonu sína sem sat við hlið hans að A hafi verið ekið hátt í 200 km hraða en hafnn hafi mist sjónir á bifreiðinni skamma stund vegna mishæða en næst segir vitni 2 að hann hafi séð A fara í loftköstum Vitni 3 segist hafa verið farþegi í bifreið sem ók út úr Sandgerði þegar hann hafi séð A sem hafi virkað alveg stjórnlaus þegar slysið varð. M bar hjá lögreglu aðspurður um hvort hann telji að hraðakstur geta verið orsök slyssins þá svarar M því til að það geti örugglega verið.

M krefst bóta úr slysátryggingu ökumanns sbr. 92.gr. umferðarlaga frá V. Í rökstuðningi lögmans M kemur fram að ekkert liggi fyrir um ökuhraða M. Engin hraðamæling hafi farið fram og V byggir höfnun sína á örökstuddum fullyrðingum sem komi fram í lögregluskýrslum. Þá bendir lögmaður M á að vangaveltur M á sjúkrabeði um hraðakstur skipti ekki máli. Slíkar vangaveltur teljist ekki sönnun um að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem hafi orsakað umferðarslysið 31.7.2006. Þá vísar lögmaður M að meintum vanbúnaði á A og bendir á að ekkert komi þar fram sem bendi til stórkostlegs gáleysis M. Þá er á það bent að sönnunarbyrðin fyrir því að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi hvíli á M. Loks bendir lögmaður M á 3. mgr. 27.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004.

V hafnar bótaskyldu og bendir á að öllum vitnum í málinu beri saman um að A hafi verið á ofsahraða í umrætt sinn auk þess sem bifreiðin hafi verið vanbúin sökum ástands hjólbarða og hemla. Þá bendir V á að stöðugleiki A á vegi hafi verið stórlega skert vegna ástands hjólbarða og hemla. Þá bendir V á að framleiðandi ökutækisins hafi afturkallað ábyrgð sína á ökutækinu þar sem það skemmdist í sjóflutningi vegna bruna. V telur ljóst að A hafi verið ekið langt umfram leyfilegan hámarkshraða í umrætt sinn og hafi ökumaður sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með aksturslagi sínu.

**Álit.**

Af öllum gögnum virtum telst nægjanlega sannað að M hafi ekið langt yfir löglegum hámarkshraða í umrætt sinn og með því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Af þeim ástæðum er bótaréttur M felldur niður

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík 19.12. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 216/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v ferðatryggingar.**

**Krafa um bætur úr ferðatryggingu vegna forfalla M þ.25þ9.2007**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 6.11.2007
2. Tjónstilkynning dags. 2.10.2007
3. Læknisvottorð dags. 21.9.2007 ásamt fylgiskjali
4. Bréf V dags. 10.12.2007 ásamt fylgiskjölum 1-6

**Málsatvik.**

M ætlaði í ferð til Alicante 25.9.2007 og heim aftur mánuði síðar en hætti við ferðina sökum veikinda og gerir kröfu til bóta úr ferðatryggingu sinni hjá V. Skv. læknisvottorði dags. 21.9.2007 segir að M hafi ekki verið ferðafær þ. 20.9.2007 en hún hafi átt við þraláta verki í hægri mjöðm og fengið sterasprautur síðast þ.19.9.2007 en versnað og óvíst hafi verið hvort endurteknar sterasprautur mundu ráða bót á vanda M. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki beri að greiða bætur vegna tjóns vegna veikinda eða sjúkdóma sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt. V vísar síðan til skúkdómssögu M og telur umrætt tjón M ekki bótaskyld.

**Álit.**

Fyrir liggur að M kenndi sér þess meins og var til meðferðar vegna þess sjúkdóms sem olli því að hún var ekki ferðafær þegar M greiddi staðfestingargjald vegna ferðarinnar. M á því ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu hjá V.

Reykjavík 19.12. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 217/2007  
M og  
Vátryggingafélagið V-1 v. A) og  
Vátryggingafélagið V-2) v B

**Árekstur bifreiða í hringtorgi á Dalvegi í Kópavogi þ.8.10.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttekið þ. 8.11.2007. ásamt bréfi dags. 6.11.2007.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.812/2007
3. Lögregluskýrsla dags. 9.10.2007
4. Bréf V-2 dags. 14.11.2007

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu segir að þegar lögregla kom á vettvang hafi A verið staðsett á miðju hringtorginu á innri akrein en B út í kanti. Báðar bifreiðaranar voru í akstursstefnu í norður. Engar yfirborðsmerkingar eru á hringtorginu og framkvæmdir í gangi og keilur staðsettar með vissu millibili innan við innri akreinina sem virðist þrengja aðeins innri akreinina. Ökumaður A segist hafa verið á lítilli ferð og ekki orðið árekstursins var að öðru leyti en því að hann hafi heyrt hljóðin þegar B hafi rekist utan í A. Ökumaður A segist hafa ekið hægt og getað stöðvað A á punktinum og því stæði hún enn þar sem áreksturinn varð. Ökumaður B segir að sér hafi fundist að A ætlaði að beygja inn á Smáratorg og því hafi hún gefið í til að koma í veg fyrir árekstur en ekki hafi tekist að koma í veg fyrir árekstur.

**Álit.**

Ekki er unnt miðað við gögn málsins að sjá nákvæma staðsetningu bifreiðanna þegar árekstur varð á milli þeirra. Ekki eru því forsendur til að leggja sök á annan ökumann umfram hinn og er sök skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 27.11. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 218/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags**

**Meiðsl við fall um misfellu á gangstétt 26.07. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 09.11. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var á gangi þegar hún féll um misfellu á gangstétt. M telur að rekja megi tjónsatburð máls þessa til vanrækslu starfsmanna vátryggingartaka. Óþarft er að geta umfjöllunar M sem fylgdu málskotinu.

Vátryggingafélagið telur að aðstæður á vettvangi hafi ekki verið til þess fallnar að valda sérstakri slyshættu fyrir gangandi vegfarendur. Starfsmenn vátryggingartaka telja að aðstæður hafi ekki verið líklegri til að valda hættu en aðrar sambærilegar gangstéttir. Ekki sé "alltaf hægt að tryggja að allar gangstéttir í borginni séu jafnar og sléttar".

Vátryggingafélagið telur bótaábyrgð ekki vera fyrir hendi. Ekki hafi verið sýnt fram á að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna vátryggingartaka eða annarra atvika sem hann beri skaðabótaábyrgð á.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að rekja megi tjónsatburð máls þessa til vanrækslu starfsmanna vátryggingartaka. Gangandi vegfarendur verða að gera ráð fyrir því að misfellur geti verið á hellulögðum gangstéttum. Sú misfella sem var á vettvangi virðist ekki hafa verið meiri en gera verður ráð fyrir. Hér var um óhappatilvik að ræða sem vátryggingartaki ber ekki skaðabótaábyrgð á.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á skaðabótaskyldu samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 4. desember 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 219/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verktaka.**

**Ágreiningur um bótaskyldu verktaka vegna umferðaróhapps þann 18.6.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 13.11.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 30.11.2007, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M ók bifreið sinni A norður Reykjanesbraut. Á móts við Hótel Smára í Kópavogi hrökk brunnlok ásamt umgjörð þess upp úr götunni og skall framan á A. Sjáanlegar skemmdir á A voru á pönnuhlíf og klafa sem heldur uppi vél bifreiðarinnar. Þarna var unnið að tvöföldun Reykjanesbrautar og framkvæmdir annaðist verktakafyrirtækið V.

M kvað stóra vörubifreið hafa ekið á undan sér og hafi henni verið ekið yfir brunninn með þeim afleiðingum að brunnlokið og umgjörðin þeyttist upp og lenti á A.

Í gögnum málsins er ekkert haft eftir fyrirsvarsmönnum V um atvikið.

M kveður lélegum frágangi af hálfu V verði alfarið kennt um að brunnlokið og umgjörð þess hafi losnað úr sæti sínu og skotist upp úr götunni og valdið umræddu tjóni á A. X, ábyrgðartryggjandi V, hefur hafnað bótaskyldu fyrir sitt leyti.

**Álit.**

Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins hvernig gengið var frá brunni þeim sem olli tjóni á bifreið M. Ekki er skýrt til neinnar hlítar hvernig það gat gerst að hlutir úr brunninum þeyttust upp og skullu á A við það að vörubifreið var ekið yfir brunninn. Ekki eru nein gögn til staðar, matsgerð eða annars konar gögn, sem leiða í ljós að tjónið hafi hlotist af völdum ófullnægjandi frágangs af hálfu V. Samkvæmt þessu verður að telja ósannað að V beri ábyrgð á tjóni M. Þegar af þeirri ástæðu telst tjónið ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

Tjón M á bifreið hans telst ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 19. desember 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 220/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar fjölskylduþryggingar**

**Skemmdir á munum í galleríi (verslun) þann 26.04. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 15.11. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.12. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn gefa upplýsar um aðdraganda máls þessa.

4 ára dóttir vátryggingartaka settist á lágt sýningarborð í versluninni (galleríi) með þeim afleiðingum að borðið sporðreistist og listmunir sem á því voru fóru í gólfíð.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Vátryggingartaki hafi vanrækt eftirlitsskyldu sína með barninu sbr. fyrirliggjandi gögn. Hann telur að foreldrar verði að bera ábyrgð á börnum sínum við aðstæður sem þessar.

Vátryggingafélagið telur að greiða skuli helming tjónsins úr fjölskylduþryggingunni en að M skuli bera helming tjóns síns sjálfur vegna meðsakar. Félagið telur varhugavert að hafa dýra listmuni á lágu og völtu sýningarborði.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum á M rétt á greiðslu bóta vegna þess tjóns sem varð í umrætt sinn. Það var óvarlegt af móður barnsins að huga ekki betur að barninu í versluninni. Full ástæða var til aukinnar aðgæslu með barninu.

Ekki er tilefni til að leggja sök á M. Sýningaraðstaðan virðist ekki hafa verið ófullnægjandi.

**Niðurstaða.**

M á rétt á greiðslu bóta úr þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 19. desember 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 221/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar (fritíma slysatrygging)**

**Líkamstjón, ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss þann 27.12. 2006.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 19.11. 2007, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 22.11. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn gefa upplýsar um aðdraganda máls þessa.

M varð fyrir slysi á heimili sínu þegar hún féll fram úr rúmi sínu. Ágreiningur aðila er um hvort M eigi rétt á bótum vegna tímabundins starfsorkumissis en samkvæmt vátryggingarskilmálum bætis ekki tímabundinn starfsorkumissir sem er minni en 50% af eðlilegri starfsorku. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur M þegið örorkulífeyri vegna 75% örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Vátryggingfélagið telur að vinnugeta M hafi verið minni en 50% fyrir umrætt slys. Réttur til bóta vegna tímabundins starfsorkumissis sé því ekki fyrir hendi.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. röksemdafærslu í málskotinu sem óþarft er að geta.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að M eigi rétt á greiðslu bóta úr þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Í vátryggingaskilmálum gr. 34.4 er þess getið að "félagið bætir ekki tímabundinn starfsorkumissi sem er minni en 50% af eðlilegri starfsorku". Samkvæmt læknisvottorði, dags. 30.08. 2007, var vinnufærni M fyrir slysið að hámarki 25%. Fyrirliggjandi læknaþréf, dags. 12.09. 2007, breytir ekki framanrituðu.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á greiðslu bóta úr þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 19. desember 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 223/2007**

**M**  
**og**  
**X hf. vegna A**  
**og**  
**Z hf. vegna B**

**Áræktur á gatnamótum Suðrhóla og Nauthaga.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 28. nóvember 2007 ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur Z hf. dags. 7. desember 2007.

**Málsatvik.**

Ökumaður A ók eftir Suðrhólum. Ökumaður B ók Nauthaga til vesturs að Suðrhólum. Áræktur varð á gatnamótunum. Ökumaður A taldi biðskyldu vera á Nauthagann, en nýbúið var að opna götuna fyrir umferð og ekkert biðskyldumerki var á gatnamótum Suðrhóla og Nauthaga.

**Álit.**

Þar sem ekkert biðskyldumerki var á gatnamótum Suðrhóla og Nauthaga bar ökumanni A að veita umferð frá hægri forgang. Það gerði hann ekki. A ber alla sök.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A er alla sök.

Reykjavík, 19. desember 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 224/2007

M og

Vátryggingafélagið V h.f. v ábyrgðartryggingar F

**Mótorhjóli ekið á band sem strengt var yfir vegarslóða þ. 2.9.2007.**

## Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.11.2007.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.836/07
3. Lögregluskýrsla dags. 21.9., 24., og 27.10.2007
4. Bréf Lex lögmannsstofu dags. 5.6. og 18.10.2007.
5. Bréf V dags.28.9.,7.11. og 17.12.2007

## Málsatvik.

M gisti í skála F í Landmannalaugum en þegar hann var að aka á mótorhjóli sínu í burt eftir vegarslóða sem liggur frá skálanum þá ók hann á sem var strengt þvert yfir veginn. M segir að engine viðvörðun hafi verið á bandinu og hafi það verið grátt á lit og samlitt umhverfinu. M segist ekki hafa tekið eftir bandinu þar sem hann hafi verið að horfa til hliðar. M segir að þegar hann kom kvöldið áður þá hafi ekkert band verið þarna. Skálavörður í Landmannalaugum segir að bandið hafi verið strength strax um morguninn og sé það gert til að hindra umferð um svæðið engine veifa sé á bandinu en nokkru áður en komið sé að því sé skilti sem banni allan akstur um svæðið. Skálavörðurinn segir að þegar M og sá sem með honum var hefðu komið hefðu þeir tilkynnt henni um að bandið væri niðri og spurt hvort þeir mættu ekki vera með hjólin við skálann og þeir hefðu sagt að það væri árlegur viðburður hjá þeim að koma í Landmannalaugar.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu F hjá V og bendir á að engin viðvörðun hafi verið á bandinu og lögmaður hans heldur því fram að hann hafi horft beint fram fyrir sig í umrætt sinn en M hafi séð bandið liggja niðri þegar hann kom kvöldið áður. Hins vegar hafi það verið vítavert gáleysi að setja bandið upp að morgni samlitt umhverfinu. Þá er á það bent að M hafi verið þarna á ferð mörg undanfarin ár og í engu tilviki hafi umrætt band verið strekt. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi ekki tekið eftir bandinu þar sem hann hafi verið að horfa til hliðar. V vísar til þess að tjón M verði ekki rakið til saknæmra aðstæðna eða háttsemi starfsmanna vátryggingartaka.

## Álit.

Ekki verður fram hjá því litið að M vissi af því að umrætt band var á þeim stað sem um ræðir og vissi þegar hann kom að það lá niðri. Þá segir M í lögregluskýrslu að hann hafi horft til hliðar í umrætt sinn og ekki séð bandið. Þegar af þeirri ástæðu er ekki hægt að fallast á að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá V.

## Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá V.

Reykjavík 15.1. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 225/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar B

Umferðaróhapp, bifreið ekið út af Suðurlandsvegi við Kögunarhól  
5. maí 2007, meint ölvun við akstur

## Gögn.

- 1) Málskot móttakið 30.11. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.12. 2007, ásamt fylgiskjölum.

## Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðin B fannst á hvolfi skammt vestan við Kögunarhól aðfararnótt 5. maí 2007. Í stað þess að fara upp á Þjóðveginn og gera viðvart mun ökumaður bifreiðarinnar (M) hafa gengið um móa á leið sinni til Selfoss. Samskiptum aðila þ.á m. ökumannsins og lögreglu er lýst í gögnum málsins. Vátryggingafélagið vísar til þess að að M hafi yfirgefið vettvang alvarlegs bílslyss án þess að gera vart við sig. Vitni bar hjá lögreglu að M hafi verið mjög ölvaður skömmu fyrir óhappið, M hafi ekki viljað gefa sig fram við lögreglu þegar hann kom í leitirnar og nafnlaus tilkynning barst lögreglu um að M hafi verið ölvaður undir stýri. Gegn þessu stendur afturköllun vitnis, sem er vinur M, á óhagstæðum framburði. Fullyrðing M sjálfs um að framburður móður hans sé ósannindi, einnig ótrúverðug frásögn M um ástæður þess að hann yfirgaf vettvang. Félagið telur að það sé "hafið yfir allan skynsamlegan vafa" að M hafi ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis og af þeim sökum sé réttur til bóta ekki fyrir hendi úr kaskótryggingu bifreiðarinnar sbr. 11. gr. skilmála vátryggingarinnar og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. M mótmælir því að hann hafi ekið bifreiðinni ölvaður. Með "öllu sé ósannað" að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn.

## Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað ráðið en að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið ölvaður við akstur hennar er hún valt. Atvik öll, þ.á m. einkennilegar skýringar ökumannsins, gefa til kynna að hann hafi verið ölvaður við akstur bifreiðarinnar. Líkur eru á því að þess vegna hafi hann ekki gert viðvart um óhappið fyrir en nokkru síðar og forðast samskipti við lögreglu í beinu framhaldi af óhappinu. Með hliðsjón af framanrituðu og 11. gr. skilmála vátryggingarinnar og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 á M ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar.

## Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. janúar 2008

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 227/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur á gatnamótum Bæjarháls og Höfðabakka 14.11. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 30.11. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 18.12. 2007.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 12.12. 2007, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið í sömu átt inn á gatnamótin í vinstri beygju austur Bæjarháls þegar árekstur varð.

Vátryggingafélag A telur að B skuli bera ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi ekið af vinstri akrein inn á hægri akrein þar sem fyrir var bifreiðin A.

Vátryggingafélag B hefur ekki upplýst nefndina um afstöðu sína.

M telur að ökumaður B hafi valdið árekstrinum, hann hafi verið talsvert inn á hægri akrein sbr. fyrirliggjandi ljósmyndir af vettvangi.

Ökumaður B vísar til þess að ljósmyndir af vettvangi hafi verið teknar eftir að ökutækin hafi verið færð til. Staðsetning ökutækjanna sé ekki eins og þau voru við áreksturinn. Hann telur að ökumaður A hafi beygt of snemma. Hann vekur og athygli á því tjóni sem varð á ökutækjunum, hann telur ákomuna styðja sína réttarstöðu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið um nákvæma staðsetningu bifreiðanna við áreksturinn ellegar hvor ökumanna ók óvarlega. Sök skipist því til helminga, því ekki þykir rétt að láta halla á annan ökumann umfram hinn.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 15. janúar 2008

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 228/2007**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v. A og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v B**

**Árekstur bifreiða á Miklubraut í Reykjavík þ. 29.10.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 30.11.2007
2. Niðurstaða tjonanefndar nr.892/07
3. Lögregluskýrsla dags. 29.10.2007. ásamt ljósmyndum
4. Bréf V-1 dags. 5.12.2007

**Málsatvik.**

B var ekið aftan á A við gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Ökumaður A segist hafa ekið austur Miklubraut og inn á beygjuakrein norður Kringlumýrarbraut en tekið eftir því að A var að verða bensínlaus og því ákveðið að fara yfir á akrein Miklubrautar sem liggur beint í austur og hafi hún gert það og stöðvað á rauðu ljósi og þá fundið mikið högg er B var ekið á A. Ökumaður B segist hafa ekið austur Miklubraut og hafi A verið ekið skyndilega í veg fyrir B og hafi hann ekki getað komið í veg fyrir árekstur. Ökumaður B segist hafa ekið á um 70 km. hraða í umrætt sinn.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ráðið að A hafi skipt um akrein í veg fyrir B og ber ökumaður A því meginsök á árekstrinum. B ók of hratt í umrætt sinn og ber hann því nokkra sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að leggja  $\frac{3}{4}$  sakar á A og  $\frac{1}{4}$  sakar á B.

**Niðurstaða.**

A ber  $\frac{3}{4}$  sakar og B ber  $\frac{1}{4}$  sakar.

Reykjavík 15.1. 2008.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 230/2007

M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B og C

### Árekstur á Þjóðavegi 1 við afleggjarann að Kálfafelli 29.10. 2006.

#### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 12.12. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 11.01. 2008 og 14.01. 2008, ásamt fylgiskjölum.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vörubifreiðin A var kyrrstæð á þjóðveginum með tengivagn með akstursstefnu í austur. Vestan megin við A var dráttarvélin C kyrrstæð og staðsett með tengivagn og akstursstefnu í vestur. Ökutækin voru staðsett með þessum hætti þar sem ökumenn þeirra hugðust flyta fé af vagni C yfir á tengivagn A. Kveikt var á aðalljósum C og vinnuljósum á þaki vélarinnar. B var ekið austur þjóðveg 1 og lenti bifreiðin á tengivagni C. Ökumaður B taldi að þau ljós sem hann sá hafi verið á flutningabifreið sem hann taldi af hafi verið að koma á móti. Vék hann því til hægri en áttaði sig ekki á því að ljósin stöfuðu af kyrrstæðu ökutæki fyrr en um það bil þegar áreksturinn varð.

Það var myrkur og ekki önnur lýsing en frá ökutækjunum. Áreksturinn var harður sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur að ökumaður A eigi ekki að bera hluta ábyrgðar óhapps þessa.

Vátryggingafélag A telur að ábyrgð áreksturs þessa megi fyrst og fremst rekja til B. Með eðlilegri varkárni hefði B mátt gera sér grein fyrir aðstæðum og átt að draga úr ferð. Hann gætti þessa ekki.

#### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að ökumenn máls þessa hafi ekki gætt þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var.

Það var óvarlegt að staðsetja vörubifreiðina og dráttarvélin líkt og gert var án þess að gera fyllri ráðstafanir til að vara við þeirri hættu sem framundan var. Engin viðvörunarmerki voru sett upp né voru viðvörunarljós ökutækja tendruð. Virða verður ökumönnum A og C til sakar hvernig þeir stóðu að verki. Telja verður að umrætt verklag hafi verið til þess fallið að stofna þeim sjálfum og annarri umferð í verulega hættu. Ökumaður B ber einnig nokkra sök á óhappinu fyrir ógætilegan akstur.

Með hliðsjón af framanrituðu og atvikum öllum ber A 1/3 huta sakar, B 1/3 hluta sakar og C 1/3 hluta sakar.

#### Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 huta sakar, ökumaður B 1/3 hluta sakar og ökumaður C 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 29. janúar 2008

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



## Mál nr. 231/2007

M v/A

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bæjarfélags

### Bifreið ekið á ljósastaur þann 30.09. 2007.

#### Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 13.12. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.01. 2008, ásamt fylgiskjölum.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A var ekið á brotinn ljósastaur sem þar var á hlaðinni lítilli eyju. Stubburinn (ljósastaurinn) mældist 90 cm. frá jörðu. Sólin mun hafa verið lágt á lofti og skein hún beint í augun ökumanna sem óku í vestrútt líkt og ökumaður A. Samkvæmt skýrslu lögreglu var sólin mjög blindandi.

Ökumaður A kveðst hafa ekið mjög rólega og ekki vitað fyrr en hún ók á staurinn. M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Mistök hafi verið gerð við skipulagningu á svæðinu, sem sé til þess fallin að valda hættu fyrir umferðina. Fullyrt er í málskotinu að framkvæmdstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs bæjarins hafi óskað eftir því að straurinn yrði fjarlægður, þar sem hann væri "hálfbrotinn og hættulegur" sbr. tölvupóst viðkomandi, dags. 14.09. 2007, sem fylgdi málskotinu í afriti.

Vátryggingafélagið telur bótaábyrgð ekki vera fyrir hendi þar sem sökina vanti.

#### Álit.

Ekki er upplýst hversu lengi umræddur ljósastaur hefur verið brotin. Ljóst er að framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs bæjarins gerði athugasemdir við aðstæður nokkuð áður en tjónsatburður máls þessa varð sbr. fyrirliggjandi tölvupóst frá honum, dags. 14.09. 2007.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum virðist umræddur staur hafa verið hættulegur fyrir umferðina. Virðist sem einkum megi rekja umferðaróhapp þetta til vanrækslu starfsmanna bæjarins við að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi vegfarenda. Aðilum mátti vera ljóst hve hættulegt það gat verið að láta ljósastaurinn þ.e. stabbinn vera með þessum hætti t.d. þegar sól er lágt á lofti.

Skemmdir á bifreiðinni urðu allnokkrar. Virðist sem ökuhraði bifreiðarinnar hafi verið of mikill miðað við aðstæður. Ökumaðurinn ber því nokkra ábyrgð á óhappinu, þar sem hann hafði ekki fullnægjandi yfirsýn yfir það sem framundan var.

Sök er skipt þannig að ökumaður A ber 1/3 hluta sakar en bæjarfélagið 2/3 hluta sakar.

#### Niðurstaða.

Bæjarfélagið ber 2/3 hluta sakar og ökumaður A 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 29. janúar 2008

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 232/2007**

**M og**

**Vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar K**

**Maður slasaðist þegar hann datt á gólfi í anddyri verslunar þ.6.12.2003.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 14.12.2007. ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 11.6. og 24.8.2007 ásamt ljósmyndum.
3. Bréf K dags. 3.8.2007

**Málsatvik.**

M segist hafa ætlað að fara inn í verslun K í Smáralind en þegar hann hafi gengið inn í anddyri verslunarinnar hafi hann runnið á blautu gólfinu, misst jafnvægið og dottið og fengið af því áverka. M segir að hann hafi mætt fólki í anddyrinu og hálfpartinn hröklast til hliðar og dottið og lent á stálgrind undir innkaupakörfur. Starfsmaður í versluninni sem hlúði að M segir að það hafi verið mikill erill í versluninni og blautt úti og gólfið flughált er stigið var af mottu í anddyrinu. Talsmaður K segir slys hafi ekki orðið á þessum stað hvorki fyrir né síðar. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu K hjá V. Lögmaður hans bendir á að M sé með 10% varanlega örorku vegna slyssins. Lögmaður M bendir á að gólfið hafi verið mjög hált í umrætt sinn og engar viðvaranir og hafi umbúnaður gólfsins verið óforsvaranlegur við þessar aðstæður. Lögmaðurinn telur að slysið verði vegna vanrækslu eigenda og/eða starfsmanna verslunarinnar og beri þeir fulla bótaábyrgð á því. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki sé sannað að slys M hafi verið valdið með saknæmum ólögætum hætti af starfsmönnum K, um sé að ræða algjört óhappatilvik

**Álit.**

Ekki hefur tekist að sýna fram á að slys M verði vegna vanrækslu starfsmanna K eða einhverra sem K ber ábyrgð á. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að umbúnaður á þeim stað sem M varð fyrir umræddu slysi hafi verið með þeim hætti að leiði til sakar K. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 29.1. 2008.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 233/2007  
M og  
Vátryggingafélagið V vegna heimatryggingar S

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns þ.8.10.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttekið þ. 17.12.2007 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 884/2007
3. Bréf V dags. 16.1.2008.

**Málsatvik.**

M býr í fjölbýlishúsi og á hæðinni fyrir ofan varð það óhapp að það flæddi út úr eldhúsvaski með þeim afleiðngum að M varð fyrir tjóni á innbúi. Vátryggingafélag Íslands bætti M tjón hans að undanskildri sjálfsábyrgð kr. 14.600 og hækkun á iðgjaldi um kr. 10.000.- og krefst M þess að V og annað vátryggingafélag sem var með vatnstjónstryggingu í eigninni bæti honum það tjón þar sem hann eigi ekki að bera skaða af því tjóni sem um ræðir. Vátryggingafélagið sem hefur með vatnstjónstrygginguna að gera viðurkennir bótaskyldu sína en bendir á að innbú M sé ekki tryggt skv þeirri tryggingu sem um ræðir. Sá aðili sem býr í eigninni þar sem flæddi út úr eldhúsvaskinum í umrætt sinn er með heimatryggingu hjá V og krefst M að V bæti sér ofangreint tjón. V hafnar bótaskyldu og segir tjónið ekki bótaskyldt úr ábyrgðarlið heimatryggingar þar sem ekki sé um sök að ræða heldur óhappatilvik hjá notenda íbúðarinnar á hæðinni fyrir ofan M.

**Álit.**

Ekki verður á það fallist með V að tjón það sem um ræðir sé ekki bótaskyldt úr tryggingu S hjá félaginu. S ber sök á því tjóni sem M varð fyrir og á M því rétt á þeim bótum sem hann krefur úr heimatryggingu S hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á að fá greiddar umkrafðar bætur úr heimatryggingu S hjá V.

Reykjavík 29.1. 2008.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 234/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B  
og  
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar A.**

**Árekstur á gatnamótum Grensásveg og Miklubrautar í Reykjavík þann 14.11.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 17.12.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 2.1.2008, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf X, dags. 11.1.2008.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A og B var ekið suður Grensásveg og beygt til vinstri áleiðis austur Miklubraut. A var ekið á undan B. Á gatnamótunum var A stöðvuð og rakst þá B aftan á A.

Ökumaður A kvaðst hafa séð bifreið koma niður (norður) Grensásveg og hafi hann því stöðvað bifreiðina. Nokkrum sekúndum síðar hafi B verið ekið aftan á A.

Ökumaður B kvaðst hafa verið á ytri beygjuakrein sunnan gatnamótanna (við hús verslunarinnar Pfaff-Borgarljós). A hafi verið á vinstri akrein fyrir umferð áfram suður Grensásveg beint yfir gatnamótin. Skyndilega hafi A verið beygt í veg fyrir B og ökumaður A hafi ekki gefið stefnuljós fyrr en eftir að hann byrjaði að beygja. Nokkrum sekúndum síðar hafi ökumaður A snarhemað en ökumaður B kvaðst ekki hafa náð að hemla til að afstýra árkestri. Engar bifreiðir hafi komið á móti sem gátu skýrt ástæðu þess að ökumaður A snarhemaði.

Tvö vitni, sem voru farþegar í B, hafa gefið skýrslu í málinu. Annað vitnið kveður A hafa skyndilega verið ekið inn á sömu akrein og B var ekið eftir um 10 m frá stöðvunarlínu. Þegar A hafi verið komin út á gatnamótin hafi ökumaður hennar snarhemað með þeim afleiðingum að B var ekið aftan á A. Hitt vitnið kvað A hafa verið ekið mjög skyndilega í veg fyrir B. Ökumaður B hafi náð að hemla, en nokkrum metrum lengra hafi A verið snarhemað og ökumaður A ekki náð að hemla í tæka tíð. Bæði vitnin kváðust ekki hafa séð bifreið kom á móti eftir Grensásvegi.

**Álit.**

B var ekið aftan á A. Samkvæmt gögnum málsins verður áreksturinn ekki rakinn til þess að A hafði skömmu áður verið ekið í veg fyrir B norðan við gatnamótin. Heldur hafði ökumaður A að eigin sögn stöðvað inni á gatnamótunum vegna umferðar á móti. Þrátt fyrir framburð vitna, sem voru farþegar í B, verður að telja ósannað að ökumaður A hafi stöðvað bifreiðina inni á gatnamótunum að tilefnislausu. Við svo búið verður ökumanni B gefin öll sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 29. janúar 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 235/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B.**

**Áræktur á Bergstaðastræti við gatnamót Skólavörðustígs í Reykjavík þann 9.10.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 17.12.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 11.1.2008, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið norður Bergstaðastræti að gatnamótum Skólavörðustígs. Bifreiðin B var þá í stöðureit samsíða götubrún að austanverðu við Bergstaðastræti næst Skólavörðustíg. Af ljósmyndum af vettvangi má ráða að vinstra framhorn B hafi að nokkru skagað út í akbrautina. Er A var ekið fram með B rákust saman hægri hlið A og vinstra framhorn B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið norður Bergstaðastræti og verið að búa sig undir að beygja til hægri inn á Skólavörðustíg. Hafi hann þá heyrt skruðninga og stöðvað bifreiðina. Farþegi í A kvaðst sömuleiðis skyndilega hafa heyrt skruðninga.

Ökumaður B kvað bifreið sína hafa verið kyrrstæða. Hann hafi ætlað að starta bifreiðinni, er hann hafi heyrt að einhver hafi komið við hana. Farþegi í B kvað ökumann B, maka sinn, hafa verið nýsestan í bifreiðina, þegar ekið var á hana. Ökumaðurinn hafi ekki verið búinn að setja bifreiðina í gang.

**Álit.**

A var ekið norður Bergstaðastræti og ökumaður hennar að búa sig undir að beygja til hægri er árækturinn varð. Ökumaður B neitar því eindregið að bifreið sín hafi færst úr stað þegar áræktur varð. Eins og málið liggur fyrir telst því ósannað að ökumaður B hafi ekið af stað um það leyti sem A var ekið fram hjá. Ökumanni B verður ekki gefin sök á óhappinu. Ökumaður A ber því einn alla sök.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 29. janúar 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 236/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/frjálsrar ábyrðartryggingar atvinnureksturs**

**Vinnuslys við löndun þann 15.01. 2007,  
ágreiningur um hvort M skuli bera 1/3 vegna eigin sakar**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 18.12. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.01. 2008, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi.

Vátryggingafélagið telur að slysið megi rekja til mistaka samstarfsmanna M og ábyrgð sé fyrir hendi úr fjálsri ábyrðartryggingu. Það telur mjög varhugavert af M að hefja störf í lúguopinun áður en búið var að festa þann hlera sem um ræðir og féll á M. Það telur forsendur til að skerða bætur til M um 1/3 vegna eigin sakar.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi vinnuslys þetta fyrst og fremst til aðgæsluleysis samstarfsmanna M. Fyrirliggjandi skrifleg yfirlýsing verkstjóra styður þá niðurstöðu. Hann fjallar um þá verkferla sem viðhafðir eru við opnun og lokun á lúgu. Hann telur m.a. að þeir starfmenn sem fóru undir lúguna hafi staðið í góðri trú um að lúgan væri föst (þ.á m. M). Mistökkin megi rekja til þess að samstarfsmenn M hafi ekki verið nógu ánægðir með frágang splittis og ekki látið vita um að vinna væri hafin aftur við að festa lúguna. Verkstjórinn telur "óumdeilanlegt að M hafi fylgt réttum verkferli og þau mistök sem áttu sér stað megi rekja til samstarfsmanna".

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr þeirri ábyrðartryggingu sem hér um ræðir. Ekki eru forsendur til að skerða bætur til M vegna eigin sakar.

Reykjavík 22. janúar 2008

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Ingvar Sveinsbjörnsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 237/2007  
M og  
Vátryggingafélagið V-1 v. A og  
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á Arnarnesvegi þ.11.11.2007.

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 18.12.2007 ásamt ljósmyndum.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.776/2007
3. Lögregluskýrsla dags. 22.11.2007 ásamt ljósmyndum.
4. Bréf V dags. 11.1. og 14.1.2008.

**Málsatvik.**

A og B var ekið vestur Arnarnesveg. Ökumaður A segist hafa ekið á eftir B sem hafi verið beygt skyndilega til vinstri og hafi hún reynt að fara vinstra megin við bifreiðina til að koma í veg fyrir árekstur en A lent á vinstra framhorni B. Ökumaður B segist hafa ætlað að taka U beygju á gatnamótum Arnarnesvegar og Hegraness og hafi hann gefið stefnumerki til vinstri og beygt aðeins til hægri en síðan verið við að taka vinstri beygju þegar A hafi verið ekið á vinstra framhorn B.

**Álit.**

Í umrætt sinn óku bifreiðarnar eftir þröngri götu og af framburði ökumanns A verður ekki annað ráðið en hann hafi ekið of nálægt B og ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var. Ökumaður A ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík 29.1. 2008.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 238/2007

M og

Vátryggingarfélagið (V) vegna ábyrgðartryggingar A

Maður datt af vinnupalli þ.12.1.2007 .

## Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.12.2007 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 4.1.2008.

## Málsatvik.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins segir að M hafi verið að draga vatnstunnu út af svölum húss yfir á vinnupall við enda svalanna. M gekk aftur fyrir sig og virðist ekki hafa varast að tengibrú á milli svala og pallgólfs var mun mjórri en pallgólfið en þetta varð til þess að M steig út af svölunum til hliðar við tengibrúna og fell til jarðar rúma 3 metra. Vakinn er athygli á því að engar fallvarnir voru við svalir eða tengibrú og segir í skýrslu Vinnueftirlitsins að orsök slyssins megi rekja til ófullnægjandi fallvarna. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V samþykkir að greiða 2/3 tjóns M en telur að M eigi að bera 1/3 tjónsins vegna eigin sakar og vísar í því sambandi til að M sé lærður múarameistari með langan starfsaldur að baki og mikla starfsreynslu við aðstæður sem þær sem um ræðir í þessu tilviki. M krefst þess að honum verið greiddar fullar bætur og hafnar því að um eigin sök sína sé að ræða. Í því sambandi er á það bent af hálfu lögmanns M að óumdeilt sé að vinnupallur sá sem um ræðir hafi verið vanbúinn og það sé alfarið á ábyrgði A að hafa tekið handrið niður af vinnupallinum. Af hálfu M er því haldið fram að hann hafi matt treysta því að umbúnaður á vinnupallinum væri annar en hann var og sá sami og áður hafði verið. V bendir á að M hafi unnið við frágang innanhúss og M hafi borið að kynna sér umræddan vinnupall áður en hann notaði hann og beri hann því þá eigin sök sem að áður greinir.

## Álit.

M vann við nýbyggingu og hefur mikla reynslu af slíku sem múarameistari. M bar að gæta fyllstu varkárni þegar hann gekk út á vinnupallinn sem um ræðir og gat ekki gefið sér það fyrirfram að vinnupallurinn væri í ákveðnu ástandi eða sama og hann hafði verið löngu áður. M sýndi ekki nægjanlega varkárni í umrætt sinn og ber hann því nokkra sök á slysinu. Ljóst er að vinnupallinum sem um ræðir var ábótavant og er það meginorsök slyssins. Miðað við aðstæður þykir rétt að M beri tjón sitt að 1/3 en V bæti honum tjónið að 2/3 hlutum.

## Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V en ber 1/3 hluta tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar.

Reykjavík 29.1. 2008.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 239/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/B  
og  
Vátryggingafélagið Y v/A**

**Árekstur á gatnamótum Kaplahrauns og Flatahrauns 24.10. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttækið 19.12. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 11.01. 2008.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. A var ekið um Kaplahraun og beygt til vinstri á gatnamótunum við Flatahraun. B var ekið um Kaplakrika inn á gatnamótin. A tók vinstri beygju inn á Flatahraun í veg fyrir akstursstefnu B, sem á móti kom.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B sbr. 6. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Ökumanninum bar að veita umferð sem á móti kom forgang.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B miðað við gögn málsins.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 29. janúar 2008

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 240/2007**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins R.**

**Ágreiningur um bótaskyldu sveitarfélags vegna umferðaróhapps þann 5.11.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 19.12.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 4.1.2008.

**Málsatvik.**

M ók bifreið sinni A suður Grensásveg að gatnamótum Suðurlandsbrautar, þar sem hann stöðvaði andspænis rauðu ljósi. Er grænt ljós kviknaði ók hann af stað suður yfir gatnamóin og áleiðis suður Engjaveg. Er komið var yfir gatnamótin og inn á Engjaveg kveður M misfella hafa verið í götunni og er A var ekið yfir misfelluna hafi skemmdir orðið á pönnu undir vél bifreiðarinnar.

M krefst þess að tjón hans vegna skemmda á A verði bætt úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins R hjá X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Fast við Engjaveg að austanverðu, þar sem óhappið varð, hafa um nokkurt skeið staðið yfir umfangsmiklar byggingarframkvæmdir. Í tengslum við þær framkvæmdir sýnist ljóst að yfirborð götunnar hefur gengið til og einhverjar misfellar myndast. Á hinn bóginn hefur ekki verið sýnt fram á það með gögnum málsins að misfellurnar hafi verið það miklar eða hættulegar að borgaryfirvöldum hafi borið að bregðast við með einhverju móti. Verður R ekki gerð ábyrg fyrir því tjóni sem M varð fyrir í umrætt sinn. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu borgarinnar hjá X.

**Niðurstaða.**

Tjón M á bifreið hans, A, telst ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu R hjá X.

Reykjavík, 29. janúar 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 241/2007**

**Þ  
og**

**X hf. vegna A  
og  
Y hf. vegna B**

**Árekstur í Hamraborg 30. nóvember 2007.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 20. desember 2007 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf Y hf. dags. 10. janúar 2008.
3. Tölvupóstur X hf. dags. 11. janúar 2008.

**Málsatvik.**

Ökumaður A ók út frá bifreiðastæði við verslanir við Hamraborg, inn á götuna. Ökumaður B bakkaði út úr bílastæði við Hamraborg inn á sömu götu. Ökumaður A segist ekki hafa séð B. Ökumaður B segist hafa bakkað inn á Hamraborg og A lent aftan á sér.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að báðir ökumenn hafi ekki gætt nægilegrar varúðar þegar þeir annars vegar bökkuðu út af bílastæði inn á Hamraborg og hins vegar óku af bílastæði inn á sömu götu. Ekki verður fallist á að annar ökumanna beri sök umfram hinn við þessar kringumstæður. Sök skiptist til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 29. janúar 2008.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 242/2007**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/B**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/A**

**Árekstur á bifreiðaplani við Ríkisútværpið þann 06.11. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 21.12. 2007, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Bifreiðunum var báðum ekið aftur á bak. B var ekið um akstursleið við bifreiðastæði en A var ekið út bifreiðastæði og á afturbretti B. Ökumaður A lætur þess getið í sinni tjónstilkynningu að hann "bakkaði á bílinn sem kom akandi aftur á bak og lenti á honum".

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka aftur á bak á B. Ökumaður A lætur þess getið í tjónstilkynningu sinni að hann "bakkaði á bílinn sem kom akandi aftur á bak og lenti á honum". Frásögn ökumannsins styður frásögn ökumanns B um aðdraganda árekstursins. Virðist sem ökumaður A hafi ekki hugað nægjanlega að annarri umferð er hann ók bifreið sinni aftur á bak. Ökumaðurinn gætti ekki 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B miðað við gögn málsins.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 29. janúar 2008

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.